Skýrsla forseta

Störf Alþýðusambands Íslands 2026

47. þing ASÍ



Framtíð vinnu og verkalýðsbaráttu

14.–16. október 2026



Skýrsla forseta ASÍ 2026

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð sviðsstjóra. Starfsfólk Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Bjargs-íbúðafélags, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs, Vörðu-Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins og Listasafns ASÍ vann samnefnda kafla skýrslunnar.

Ábyrgðarmaður: Finnbjörn A. Hermannsson
Myndir: Starfsfólk ASÍ
Reykjavík, október 2026

Efnisyfirlit

Inngangur 5

Fundargerð formannafundar ASÍ haustið 2025 15
Ávarp forseta 16
Miðlægt vinnustaðaeftirlit 18
Miðlæg lögfræðiþjónusta 19
Skipulagsmál og félagsaðild 20
Horfur í efnahagsmálum – kynning á nýrri hagspá ASÍ 29
Kynning á vinnumarkaðsskýrslu ASÍ 2025 29
Umræður um efnahags- og kjaramál 30
Ályktun formannafundar 34
Önnur mál 35

Af vettvangi miðstjórnar ASÍ 36
Ályktanir miðstjórnar ASÍ 42

Efnahagsmál 48
Kólnun í hagkerfinu og þrálát verðbólga 48
Opinber fjármál 52
Verðlagseftirlit ASÍ 54

Kjaramál 56
Kjaratölfræðinefnd 56
Kjaraviðræður flugstétta 57
Launatöfluauki 58
Þríhliða samtal ríkisins, ASÍ og SA um verðlagsþróun 59

Húsnæðismál 60
Kallað eftir aukinni uppbyggingu húsnæðis á viðráðanlegu verði 61

Lífeyrismál 64
Staða og ávöxtun lífeyrissjóða 64
Breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða 66
Jöfnun örorkubyrði og nýtt fyrirkomulag örorkutrygginga 69

Atvinnu-, auðlinda og umhverfismál 73
Ný heildarumgjörð orkumála 74
Einföldun og samræming leyfisferla í umhverfis- og orkumálum 75
Heildstæð stefna um nýtingu vindorku ekki fyrir hendi 76
Heimili óvarin gagnvart verðhækkunum á raforku 77
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 77
Kílómetragjald skapar ranga hvata 78
Innviðafélag og einkaframkvæmdir 78
Ný heildarlög um lagareldi 79
„Vaxtarplan“ ríkisstjórnarinnar gagnrýnt 82

Félags- og vinnumarkaðsmál 83
Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna 85
Miðlægt vinnustaðaeftirlit 91
Verkfallsrétturinn varinn 92
Málefnanefndir 92
Erlent samstarf 97
Áhrif hraðrar tækniþróunar á störf og verkalýðshreyfinguna 98

Heilbrigðismál 101

Jafnréttismál 102
Innflytjendur – stefnumótun stjórnvalda og aðgerðaáætlun ASÍ 104
Leikskólamál og jafnrétti á vinnumarkaði 105

Fræðslu- og menntamál 107
Alþjóðlegt og norrænt samstarf 108
Félagsmálaskóli alþýðu 109
Hæfnigreiningar 111

Raunfærnimat 111
Fagbréf atvinnulífsins 112
Nám innan framhaldsfræðslunnar 113
Ráðgjöf um nám og störf 113
EQM/EQM+ gæðavottun 114
Verkefni á vegum FA 115
Viðburðir 117

Mímir 118

Lagabreytingar og skipulagsmál 126

Erlend samskipti 129
Norrænt samstarf 129
ITUC (Alþjóðasamband verkalýðsfélaga) 130
Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO 131

ASÍ-UNG 134
Fundargerð 11. þings ASÍ-UNG 137
Ályktun ASÍ-UNG – 11. þing 141

Listasafn ASÍ 146

Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ 152

Bjarg íbúðafélag 158

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins 159

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður 160

Umsagnir um þingmál 164

Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna 242

Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum 244

Starfsnefndir miðstjórnar ASÍ 254

Fjöldi félagsmanna ASÍ eftir landssamtökum, félögum og deildum 260

Kynjabókhald ASÍ 2026 268

Stjórnir aðildarfélaga og landssambanda ASÍ 279

Reikningar ASÍ og stofnana 305



Inngangur

Síðastliðið ár hefur um margt verið ákaflega viðburðaríkt ár í starfi Alþýðusambandsins og ekki síður á sviði þjóðmála. Einn markverðasti viðburður ársins er í mínum huga þjóðaratkvæðagreiðslan um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB). Sú kosning verður lengi í minnum höfð og ástæða er til að ætla að niðurstaða hennar muni reynast mótandi í efnahags- og stjórnmálum landsmanna um fyrirsjáanlega framtíð. Skýr niðurstaða var fagnaðarefni í þeim skilningi að naumur sigur á annan hvorn veginn hefði gefið þrætugjörnum Íslendingum óendanleg færi á að deila um niðurstöðuna, inntak hennar og merkingu.

Alþýðusamband Íslands mótaði ekki afstöðu til spurningarinnar. Hefði niðurstaðan orðið jákvæð hefði mikið starf beðið ASÍ við að skilgreina hagsmuni og móta afstöðu launafólks í samningaviðræðum við Evrópusambandið. Til þessa kemur augljóslega ekki.

Þá vaknar sú spurning hvaða ályktanir launafólk á Íslandi eigi að draga af þeirri niðurstöðu sem fyrir liggur og í Evrópuumræðunni má kalla val um „óbreytt ástand“. Með því hefur verið hafnað einni hugsanlegri leið til breytinga og ábyrgðin því færst enn skýrar yfir á þá sem héldu því fram að vandann sem felst í sveiflum í efnahagslífinu, mikilli verðbólgu og þá hærri vaxta o.fl. mætti leysa innan núverandi umgjarðar.

Áberandi í málflutningi þeirra, sem lögðust gegn samningaviðræðum við ESB, var sú staðhæfing að helstu ástæður fyrir áhuga fólks á viðræðunum væru af efnahagslegum toga. Landsmenn hefðu eðlilega áhyggjur af framtíð ungs fólks þar eð mörgum reyndist ókleift að komast inn á húsnæðismarkað, meðal annars vegna mikillar verðbólgu, hárra vaxta og verðtryggingar sem um áratugaskeið hafa verið sérstakt einkenni íslensks efnahagslífs.

Andstæðingar aðildar voru greinilega meðvitaðir um áhyggjur landsmanna en héldu því fram að þetta „gætum við lagað sjálf“ þ.e.a.s. að óþarfi væri að skoða fleiri möguleika á að laga ástandið því Íslendingar væru fullfærir um að leysa vandann án þess að leita lausnar með nánari evrópskri samþættingu.

Óneitanlega er merkilegt að stór hluti þjóðarinnar hafi komist að þessari niðurstöðu í ljósi reynslu Íslendinga af innlendri hagstjórn síðustu áratugina. Ekki er það síður undrunarefni að þessi skoðun hafi orðið ofan á í rökræðu sem fram fór við 5,6% verðbólgu, langt umfram það sem þekkist í helstu samanburðarlöndum og 8% stýrivexti sem eru mun hærri en í nágrannaríkjum og sliga jafnt almenning sem atvinnulíf.

Er viljinn allt sem þarf?

En vissulega er það ánægjulegt að Íslendingar séu upp til hópa sannfærðir um að þeir séu fullfærir um að leysa hvern þann vanda sem upp kemur. „Vilji er allt sem þarf“, orti Einar Benediktsson á sinni tíð og nokkrir helstu stjórnmálaleiðtogar þjóðarinnar hafa vísað í þessa hvatningu skáldsins þegar mikið hefur legið við.

Þrátt fyrir að hafa ekki fundið taktinn sl. 100 ár þurfum við að skoða hvar vandinn liggur. Það væri t.d. gagnlegt að fá skýrari svör við því hvers vegna sum stærstu og alþjóðlegustu fyrirtæki landsins kjósa að haga fjármálum sínum og uppgjöri að verulegu leyti í erlendum gjaldmiðlum á sama tíma og almenningi er sagt að íslenska krónan sé ómissandi forsenda efnahagslegs sjálfstæðis.

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar mun einnig setja mark sitt á samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Fullveldis- og sjálfstæðissjónarmið voru áberandi í málflutningi gegn aðildarviðræðum og þau rök hljóta að beina athyglinni í auknum mæli að EES-samningnum sjálfum og því valdaframsali sem honum fylgir. Því má gera ráð fyrir að krafa um endurskoðun hans, eða jafnvel uppsögn, fái aukið vægi í stjórnmálaumræðunni.

Gagnsæi við þjóðaratkvæðagreiðslur

Þjóðaratkvæðagreiðslan leiddi jafnframt í ljós veikleika í íslensku lagaumhverfi um kosningabaráttu utan hefðbundinna alþingiskosninga. Fyrir atkvæðagreiðsluna hafði Lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE bent á glufur í reglum um fjármögnun baráttu, starfsemi á samfélagsmiðlum og fjölmiðlaumhverfi.

Strangar reglur gilda um fjárhag stjórnmálaflokka og frambjóðenda en mun minna gagnsæi getur ríkt þegar samtök og hagsmunaaðilar reka umfangsmikla baráttu fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það misræmi er erfitt að réttlæta þegar kjósendur eru kallaðir til að taka afstöðu til stórra og umdeildra þjóðmála.

Lagaumhverfið er afrakstur pólitískra ákvarðana um hvaða reglur skuli gilda og hvaða upplýsingar almenningur eigi rétt á að fá. Ábyrgðin á að bæta úr þeim veikleikum sem komu í ljós, liggur hjá stjórnvöldum og Alþingi. Verði aftur efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu þarf að liggja skýrt fyrir hvaða reglur gilda um fjármögnun, upplýsingaskyldu og gagnsæi þeirra sem reka skipulagða baráttu fyrir tiltekinni niðurstöðu.

Kjósendur eiga rétt á að vita hverjir standa að baki áróðrinum og hverjir greiða fyrir hann.

Brostnar forsendur kjarasamninga

Kjarasamningarnir 2024 voru gerðir með það að markmiði að skapa festu á vinnumarkaði og stuðla að hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta. Launafólk á almennum

vinnumarkaði gekk til hóflegra langtímasamninga, lægri laun fengu hlutfallslega meiri hækkun og hreyfingin tók þannig meðvitaða ábyrgð á þeirri leið sem farin var. Hún byggðist á því að atvinnurekendur og stjórnvöld legðu sitt af mörkum og að árangurinn birtist í lægra verðlagi og vöxtum.

Verðbólga mældist 5,6% í ágúst þegar forsenda samninganna gerði ráð fyrir 4,7%. Verðbólga síðustu sex mánaða, reiknuð á ársgrundvelli, var 6% og þar með yfir 4,4% viðmiði samninganna. Verðlagsforsendan brast og viðbrögðin hljóta að taka mið af þeirri staðreynd að launafólk á almennum vinnumarkaði hefur þegar sýnt þá hófsemi sem samningarnir kröfðust.

Verðhækkanir fyrirtækja voru ekki bundnar með sama hætti og launahækkanir og stjórnvöld hafa haft svigrúm til að hækka gjöld og taka aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á verðlag og afkomu heimila. Með forsendubrestinum reyndi á eitt af grundvallaratriðum kjarasamninganna. Þegar þetta er ritað er ekki vitað hvernig endanlegu uppgjöri vegna forsendubrestsins verður háttað í viðræðum okkar, SA og stjórnvalda en fyrir liggur að reynslan af samningunum 2024 mun hafa áhrif á næstu samningsgerð.

Þegar við bætist nánast ótrúlegt fjárlagafrumvarp sem lagt var fram í september og gengur beinlínis gegn flestu ef ekki öllu sem rætt hefur verið í fyrrnefndum þríhliða viðræðum vegna forsendubrestsins og margir hafa, með réttu, líkt við blauta tusku í andlit launafólks sýnist mér augljóst að sambærilegir samningar verði ekki aftur gerðir í bráð. Ábyrgð atvinnurekenda og stjórnvalda verður að vera jafn skýr og sú ábyrgð sem lögð er á launafólk. Þegar ríkisstjórnin stendur í beinu framhaldi fyrir aðför að kjörum launafólks með niðurskurði og skatta- og gjaldahækkunum verður ekki séð að minnsti vilji sé fyrir hendi hjá þeim sem nú standa í stafni þjóðarskútunnar að gefa rökstuddum athugasemdum og gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar gaum.

Meðaltalið borgar ekki húsaleiguna

Laun hafa hækkað og margar tölur um kaupmátt líta ágætlega út. Lægri laun á almennum vinnumarkaði hafa hækkað hlutfallslega meira en mörg önnur laun og kaupmáttur grunnlauna hefur aukist. Sá árangur skiptir máli, en meðaltölin segja takmarkað um hvernig kjarabæturnar dreifast og hvaða svigrúm fólk hefur þegar reikningarnir hafa verið greiddir.

Laun hafa þróast með mjög ólíkum hætti frá gerð kjarasamninganna. Stórir hópar hafa í meginatriðum búið við þær hækkanir sem samið var um á meðan launaskrið hefur orðið annars staðar. Fólk með sterka einstaklingsbundna samningsstöðu hefur getað sótt meiri hækkanir og ýmsar stéttir hafa fengið sérstakar kjarabætur. Læknar hafa náð verulegum breytingum á sínum kjörum og kennarar sömuleiðis. Ég hef ekkert við það að athuga. Launafólk á að sækja fram þegar færi gefst og stéttarfélög eiga að bæta kjör félagsmanna sinna.

Þessi þróun hefur hins vegar áhrif á það hvernig lesa verður meðaltöl um launaþróun og kaupmátt. Hækkun á launum læknis hækkar meðaltalið. Hún hækkar ekki laun verkamannsins. Launaskrið hjá sérfræðingi birtist í tölunum án þess að skila sér til fólksins sem er á taxta. Meðaltal getur því verið tölfræðilega rétt og samt falið mikinn mun á stöðu einstakra hópa.

Afkoma heimila ræðst síðan af því hvað stendur eftir þegar húsaleiga eða afborganir, matur, vextir, samgöngur, rafmagn og aðrar nauðsynjar hafa verið greiddar. Kannanir sýna að tæpur þriðjungur félagsfólks ASÍ og BSRB nær ekki endum saman og staðan er sérstaklega erfið hjá innflytjendum og einstæðum foreldrum. Þeir sem minnst svigrúm hafa eru oftar á leigumarkaði og húsnæði, matur og samgöngur taka stærri hluta tekna þeirra.

Þess vegna á ég erfitt með þá sjálfsánægju sem stundum einkennir umræðuna um lífskjör á Íslandi. Stór hluti þjóðarinnar býr vissulega við góð kjör. Ríkt samfélag verður engu að síður að horfast í augu við stöðu fólks sem vinnur fullan vinnudag og á samt erfitt með að ná endum saman. Verkalýðshreyfingin hlýtur að mæla árangur sinn út frá því hvort þetta fólk geti lifað af launum sínum.

Ólíkar leikreglur

Sú launaþróun sem orðið hefur eftir gerð kjarasamninganna vekur jafnframt spurningar um launastefnu stjórnvalda. Við samningsgerð á almennum vinnumarkaði var lögð mikil áhersla á hófsemi, samræmi og ábyrgð. Síðar hafa stjórnvöld samið við einstaka hópa á öðrum forsendum þegar þrýstingur hefur aukist og aðstæður breyst.

Læknar, kennarar og aðrir hópar hafa sótt fram fyrir sína félagsmenn þegar færi gafst. Ábyrgðin liggur hjá stjórnvöldum þegar þau krefja einn hóp um hófsemi í þágu heildarinnar en semja síðan við aðra um betri kjör þegar samningsstaða þeirra reynist sterkari.

Láglaunafólk getur ekki árum saman gegnt hlutverki kjölfestu íslensks efnahagslífs á meðan aðrir sækja fram. Mörg þeirra starfa sem lægst eru launuð halda uppi grunnstarfsemi samfélagsins: Umönnun, ræstingum, verslun, framleiðslu, þjónustu og stórum hluta ferðaþjónustunnar. Sameiginleg launastefna heldur aðeins gildi sínu ef hún gildir þegar á reynir og byrðunum er ekki sífellt vísað á þá sem hafa veikasta samningsstöðuna.

Húsnæðiskerfið hefur brugðist

Húsnæðismálin eru í algjörum ólestri og fjárlagafrumvarpið er enn ein sönnun þess. Vandinn er gamall, greiningarnar fjölmargar og skýrslurnar um hann orðnar fleiri en íbúðirnar sem vantar. Ungt fólk kemst ekki inn á markaðinn, leigjendur verja stórum hluta ráðstöfunartekna sinna í húsnæði og þúsundir bíða eftir öruggu húsnæði á verði sem venjulegt launafólk ræður við.

Á leigumarkaði birtist misvægið sérstaklega skýrt. Verðbólgan hækkar verð á mat, þjónustu og öðrum nauðsynjum og vísitölutenging getur síðan fært hana beint inn í húsaleiguna. Launin fylgja þeirri þróun ekki sjálfkrafa og stór hluti kjarabóta getur því horfið í hærri húsnæðiskostnað. Þetta bitnar mest á þeim sem fyrir hafa minnst svigrúm, einkum láglaunafólki, einstæðum foreldrum, ungu fólki og innflytjendum.

Kerfi sem áður tryggðu verkafólki og tekjulágum heimilum húsnæði voru lögð niður og í auknum mæli treyst á markaðinn til að leysa húsnæðisþörf almennings. Sú pólitíska ákvörðun hefur skilað of fáum íbúðum á viðráðanlegu verði og stórum hópi fólks sem situr fastur á dýrum leigumarkaði.

Almenna íbúðakerfið hefur sannað gildi sitt en umfang þess er langt frá því að mæta þörfinni. Stórauka þarf stofnframlög, tryggja lóðir og langtímafjármögnun á viðráðanlegum kjörum og byggja mun meira af óhagnaðardrifnu húsnæði. Bjarg og önnur úrræði innan almenna kerfisins sýna að leiðin er fær; spurningin snýst um pólitískan vilja og umfang. Nú liggur fyrir að vilji ríkisstjórnarinnar er sá að almenna kerfið verði svelt enn frekar þar sem boðaður er niðurskurður í fjárlagafrumvarpinu; allt eru þetta mannanna verk.

Í siðuðu samfélagi getur húsnæðisöryggi ekki verið forréttindi þeirra sem eiga fyrir útborgun, fasteignir eða efnaða foreldra. Fólk sem vinnur fyrir sér á að geta búið við öryggi án þess að stærstur hluti launanna fari í það eitt að hafa þak yfir höfuðið.

Verðlag og samkeppni

Smæð íslenska markaðarins og mikil samþjöppun á mörgum sviðum gera öflugt samkeppniseftirlit sérstaklega mikilvægt. Fá fyrirtæki ráða stórum hluta ýmissa markaða og neytendur eiga víða takmarkað val, sem eykur vægi eftirlits með markaðsráðandi stöðu, samrunum og mögulegu samráði.

Nútímalegt samkeppniseftirlit á Íslandi mótaðist í nánum tengslum við EES-samninginn. Samkeppnislög voru sett árið 1993 í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og með þeim voru Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð sett á laggirnar. Árið 2005 voru þær stofnanir lagðar niður og Samkeppniseftirlitið tók til starfa í þeirra stað á sviði samkeppnismála.

Sterk hagsmunaöfl á Íslandi hafa lengi beint spjótum sínum að Samkeppniseftirlitinu. Fyrirtæki sem hafa sætt íhlutunum og hagsmunasamtök þeirra hafa gagnrýnt starfsemina, kallað eftir takmörkunum á heimildum og þrýst á um minni umsvif. Á sama tíma hafa fjárframlög dregist saman að raunvirði á meðan íslenskt efnahagslíf hefur stækkað og verkefnum fjölgað. Afleiðingin er viðvarandi fjársvelti sem þrengir svigrúm stofnunarinnar til rannsókna og hefur leitt til harðrar forgangsröðunar og lokunar mála vegna skorts á fjármagni.

Öflugt samkeppniseftirlit gengur gegn hagsmunum þeirra sem njóta góðs af veikri samkeppni, fákeppni og sterkri markaðsstöðu. Fjársvelti er áhrifarík leið til að veikja stofnun án þess að afnema hana eða fella lögbundnar heimildir hennar úr gildi. Á litlum íslenskum markaði, þar sem samþjöppun og náin eignatengsl eru víða fyrir hendi, ætti eftirlitið að hafa ríka burði til að sinna því hlutverki sem Alþingi hefur falið því.

Verðlagseftirlit ASÍ hefur jafnframt sýnt hversu gagnlegt er að fylgjast kerfisbundið með verðþróun. Þegar verð hækkar langt umfram það sem þróun aðfangaverðs virðist gefa tilefni til þarf að skoða verðmyndunina, stöðu samkeppninnar og hvort lækkun kostnaðar skili sér til neytenda með sambærilegum hætti og kostnaðarhækkanir. Slíkar mælingar sanna ekki ólögmætt samráð, en þær geta sýnt þróun sem gefur tilefni til rannsókna og skýringa.

Þetta snýst að lokum um hvar rót verðbólgunnar er og hvernig byrðum hennar er skipt. Ef fyrirtæki geta velt kostnaðarhækkunum hratt út í verðlag á meðan lækkun aðfangaverðs skilar sér seint eða alls ekki, situr neytandinn uppi með reikninginn í báðar áttir.

Bankar og arðsemiskröfur

Stóru viðskiptabankarnir þrír skiluðu samanlagt rúmlega 52 milljörðum króna í hagnað á fyrstu sex mánuðum ársins. Bankarnir eiga að vera traustir og arðbærir, en umfang hagnaðarins verður að skoða í samhengi við það vaxtaumhverfi sem heimili og fyrirtæki hafa búið við árum saman.

Þegar þetta er skrifað eru stýrivextir 8% og vaxtabyrðin hefur þrengt að fjölmörgum heimilum, einkum þeim sem keyptu húsnæði á síðustu árum. Á sama tíma skila bankarnir tugum milljarða í hagnað. Þegar launafólk er hvatt til hófsemi, heimilum sagt að draga úr neyslu og háir vextir réttlættir með baráttunni við verðbólgu er eðlilegt að spyrja hvernig kostnaður og ávinningur af þessu ástandi skiptast.

Bankarnir starfa á grundvelli samfélagslegra innviða, njóta verndar umfangsmikils regluverks og gegna lykilhlutverki í efnahagslífinu. Af þeirri stöðu leiðir samfélagsleg ábyrgð sem hlýtur að ná lengra en að uppfylla arðsemiskröfur eigenda.

Ríkisfjármál og lífskjör

Lífskjör ráðast af fleiru en launum. Skattar, opinber gjöld og aðgangur að heilbrigðisþjónustu, menntun, leikskólum, almannatryggingum og annarri sameiginlegri þjónustu ráða miklu um það hvað stendur eftir í buddu heimilanna og hversu vel fólk er varið þegar áföll verða.

Þess vegna verður að horfa á ríkisfjármálin sem hluta af kjaramálum. Þegar gjöld hækka, dregið er úr þjónustu eða kostnaður sem áður var borinn sameiginlega er færður yfir á einstaklingana rýrna kjörin. Sama á við þegar skattbyrðin færist niður tekjustigann og tekjujöfnun skattkerfisins veikist. Kjarabætur sem hverfa aftur í aukinn kostnað heimilanna endast skammt.

Á undanförnum árum hefur launafólk ítrekað verið kallað til ábyrgðar fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Sú krafa um ábyrgð hlýtur einnig að ná til ákvarðana um skatta, útgjöld og fjármögnun velferðarþjónustunnar. Aðhald í ríkisfjármálum er aldrei hlutlaust. Ákvarðanir um hvar er skorið niður, hvaða gjöld eru hækkuð og hvaða tekna er aflað ráða því hver ber byrðarnar.

Ísland er auðugt samfélag og hefur burði til að halda uppi öflugu velferðarkerfi og tryggja fólki öryggi þegar veikindi, atvinnumissir, öldrun eða aðrar breytingar verða á högum þess. Þegar dregið er úr þeirri vernd er það pólitísk ákvörðun um forgangsröðun og skiptingu kostnaðar. Verkalýðshreyfingin á að hafa skýra afstöðu til þeirrar skiptingar.

Vinnumarkaðslíkanið

Íslenskur vinnumarkaður byggir á sterkum samtökum launafólks og atvinnurekenda, víðtækum kjarasamningum og sjálfstæðum samningsrétti. Þetta er kjarni þess norræna vinnumarkaðslíkans sem íslensk stjórnvöld vísa gjarnan til með stolti. Sterk stéttarfélög, samningsréttur og verkfallsréttur mynda þann grundvöll sem valdajafnvægið á vinnumarkaði hvílir á og einstaka þætti kerfisins er ekki hægt að veikja án þess að breyta heildinni.

Tillögur um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara þarf að meta út frá þessu valdajafnvægi. Aukin íhlutun ríkisvaldsins við gerð kjarasamninga breytir stöðu hins frjálsa samningsréttar og færir vald frá samtökum aðila vinnumarkaðarins til ríkisins. Slík breyting snertir sjálfan grunn norræna líkansins, þar sem öflug samtök semja sín á milli og bera ábyrgð á niðurstöðunni.

Verkalýðshreyfingin hefur því ríka ástæðu til að standa vörð um samnings- og verkfallsréttinn. Rétturinn til að leggja niður störf þegar samningar nást ekki er einn af grundvallarþáttum þess valds sem launafólk hefur gagnvart atvinnurekendum og skerðing hans myndi óhjákvæmilega veikja stöðu þess.

Innan atvinnulífsins og á Alþingi eru öfl sem hafa lengi viljað draga úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar og þrengja að samnings- og verkfallsrétti hennar. Eitt af lykilmarkmiðum verkalýðshreyfingarinnar hlýtur að vera að standa vörð um þann rétt en jafnframt að báðir samningsaðilar sýni samfélagslega ábyrgð þegar á hólminn er komið.

Markmiðin eru skýr og við þeim verður hreyfingin að bregðast af festu og samstöðu.

Erlent launafólk og vinnumarkaðsbrot

Fjórðungur launafólks á Íslandi er fæddur í öðru landi. Erlent launafólk er því löngu orðið ein af grunnstoðum íslensks vinnumarkaðar og hefur á undanförnum árum borið uppi starfsemi í fjölmörgum atvinnugreinum. Því eru réttindi og staða erlends launafólks orðin lykilatriði í hagsmunabaráttu verkalýðshreyfingarinnar.

Samhliða því hefur orðið æ ljósara hversu auðvelt getur verið fyrir óvandaða atvinnurekendur að nýta sér veika stöðu fólks sem þekkir lítið til íslenskra reglna, hefur takmarkað aðgengi að upplýsingum eða er háð atvinnurekanda um húsnæði, atvinnuréttindi eða áframhaldandi dvöl hér á landi. Þar skapast jarðvegur fyrir launaþjófnað, vangreidda yfirvinnu, ólöglegan frádrátt af launum, gerviverktöku og önnur brot sem eiga ekkert erindi á íslenskan vinnumarkað.

Þetta eru engin jaðarfyrirbæri sem aðeins varða þá einstaklinga sem fyrir brotunum verða. Þegar fyrirtæki geta lækkað kostnað með því að brjóta kjarasamninga eða komast hjá skyldum sínum öðlast þau forskot á fyrirtæki sem fara að lögum og samningum. Afleiðingin er þrýstingur niður á kjör, aukin hætta á félagslegum undirboðum og veikari staða alls launafólks. Vinnumarkaðsbrot eru því bein árás á þá skipan sem íslenskur vinnumarkaður byggist á og þau grafa undan kjarasamningum sem sameiginlegu lágmarksviðmiði.

Jafnframt blasir við að brotin þrífast þar sem eftirlit er veikt, ábyrgð dreifð og líkurnar á raunverulegum afleiðingum litlar. Ef fyrirtæki geta grætt á brotum árum saman á meðan opinberar stofnanir og stéttarfélög með takmörkuð úrræði eltast við þau er hvati kerfisins rangur. Stjórnvöld bera ábyrgð á því að vinnumarkaðurinn sé þannig úr garði gerður að það borgi sig að fara eftir reglunum og að brot hafi raunverulegar afleiðingar.

Verkalýðshreyfingin hefur sérstaka skyldu í þessu efni. Erlent launafólk verður að hafa raunhæfan aðgang að upplýsingum, aðstoð og þeirri vernd sem felst í öflugu stéttarfélagi. Baráttan gegn vinnumarkaðsbrotum snýst um hvaða leikreglur eiga að gilda á íslenskum vinnumarkaði og hvort við sættum okkur við að hluti atvinnulífsins byggi afkomu sína á því að sumt launafólk hafi minni möguleika en annað til að sækja rétt sinn.

Samráð sem leikþáttur

Á undanförnum misserum hefur færst í vöxt að stjórnvöld leggi fram breytingar á réttindum og kjörum launafólks án þess að verkalýðshreyfingin hafi fengið raunverulega tækifæri til áhrifa áður en meginstefnan er ákveðin. Breytingar á atvinnuleysistryggingum, umræða um veikindarétt og hugmyndir um vinnumarkaðslöggjöf eru dæmi um mál sem snerta félagsmenn hreyfingarinnar beint og þar nægir ekki að kalla eftir umsögnum þegar meginákvarðanir liggja þegar fyrir.

Samráð hefur gildi þegar þeir sem eiga mestra hagsmuna að gæta geta haft áhrif á mótun máls. Þegar samtalið hefst eftir að stefna stjórnvalda hefur verið ákveðin verður þátttakan að formsatriði og slíkt vinnulag grefur undan trausti milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Traust hefur bein áhrif á getu aðila til að takast sameiginlega á við erfið mál. Stjórnvöld geta ekki kallað eftir samstarfi og ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar við gerð kjarasamninga og farið síðan fram hjá henni þegar ákvarðanir eru teknar um réttindi félagsmanna hennar.

Réttindin voru ekki gefin

Veikindaréttur, atvinnuleysistryggingar, samningsréttur og verkfallsréttur urðu til vegna áratuga baráttu, kjarasamninga og pólitískrar hagsmunagæslu verkalýðshreyfingarinnar. Þegar rætt er um „nútímavæðingu“ og aukinn „sveigjanleika“ á vinnumarkaði þarf því ávallt að skoða hver beri áhættuna eftir breytingarnar og hvort hún færist frá atvinnurekendum eða hinu opinbera yfir á einstaklinginn.

Veikindaréttur tryggir að launafólk þurfi ekki að velja milli þess að mæta veikt til vinnu og missa tekjur sem heimilið getur ekki án verið. Atvinnuleysistryggingar veita fólki svigrúm þegar starf hverfur og draga úr hættu á að tímabundinn atvinnumissir leiði samstundis til fjárhagsvanda. Þessi réttindi eru hluti af því öryggi sem íslenskur vinnumarkaður á að veita og breytingar á atvinnulífi draga ekki úr gildi þeirra.

Samstaðan

Alþýðusambandið sækir styrk sinn í getu ólíkra félaga, starfsgreina og tekjuhópa til að sameina krafta sína þegar á reynir. Innan hreyfingarinnar eru ólík sjónarmið um leiðir og áherslur og sú fjölbreytni getur styrkt hana þegar tekist er á um stefnu af hreinskilni og niðurstaðan byggist á sameiginlegum hagsmunum launafólks.

Áhrif verkalýðshreyfingarinnar ráðast hins vegar af getu hennar til að standa saman. Atvinnurekendur og stjórnvöld þurfa ekki að óttast hreyfingu sem eyðir orkunni í innbyrðis átök eða lætur sérhagsmuni einstakra hópa ganga fyrir sameiginlegum markmiðum. Þegar hreyfingin sundrast veikist staða launafólks og svigrúm þeirra sem vilja draga úr áhrifum hennar eykst.

Í svo fjölbreyttri hreyfingu er ágreiningur óhjákvæmilegur og gagnrýni eðlileg. Mikilvægt er að halda slíkum ágreiningi á réttum vettvangi og mér þykir ekki fara vel á því þegar forystufólk innan hreyfingarinnar veitist að félögum sínum, hvort sem er á samfélagsmiðlum eða í fjölmiðlum. Orðræða á samfélagsmiðlum er iðulega óbeisluð og á köflum yfirgengileg. Seint verður sagt að þar sé almennt að finna góðar fyrirmyndir um kurteisi og virðingu gagnvart fólki sem kann að vera okkur ósammála um eitt og annað. Að auki þykir mér einfaldlega ekki sæma kjörnum fulltrúum í verkalýðshreyfingunni að sýna samstarfsfólki, andstæðingum og almenningi virðingarleysi, hvort sem er í ræðu eða riti. Slík framkoma smækkar fyrst og fremst þann sem viðhefur hana og dregur úr trúverðugleika hans.

Mestu skiptir þó að slík framganga og þess háttar vinnulag eru ólíkleg til að styrkja stöðu launafólks. Sameiginlegur málflutningur veikist þegar kraftarnir dreifast og beinast inn á við fremur en að þeim sameiginlegu hagsmunum sem hreyfingin á að verja. Þeir sem vilja að sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar fái aukið vægi í opinberri umræðu þurfa jafnframt að leggja sitt af mörkum til að sameiginleg rödd hennar sé skýr og trúverðug.

Samstaða krefst þess að hreyfingin geti tekist á um ágreining, tekið ákvarðanir og staðið saman þegar grundvallarhagsmunir félagsmanna eru undir. Hún byggist á gagnkvæmri virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og sameiginlegri ábyrgð þegar niðurstaða hefur verið mótuð. Þar liggur eitt helsta afl verkalýðshreyfingarinnar og jafnframt ein mikilvægasta vörnin gegn því að valdajafnvægið á vinnumarkaði raskist enn frekar á kostnað launafólks.

Framtíð vinnu og verkalýðsbaráttu

Yfirskrift þessa 47. þings Alþýðusambands Íslands er „Framtíð vinnu og verkalýðsbaráttu“. Þar verður tekist á við stór álitaefni sem fylgja örum breytingum á vinnumarkaði og samfélagi. Gervigreind, reiknistjórnun, sjálfvirkni og önnur ný tækni munu hafa vaxandi áhrif á störf, skipulag vinnunnar og samband launafólks og atvinnurekenda. Um leið vakna grundvallarspurningar um hver stjórnar tækninni, hvernig hún er notuð til eftirlits og ákvarðanatöku á vinnustöðum og hvernig ávinningi aukinnar framleiðni verður skipt.

Drög að ályktunum þingsins liggja þegar fyrir og þar er mörkuð skýr krafa um að launafólk hafi raunveruleg áhrif á þessar breytingar. Ávinningur tækniframfara á að birtast í bættum kjörum, styttri vinnutíma og betri vinnuskilyrðum og tryggja þarf fólki aðgang að sí- og endurmenntun þegar störf breytast eða hverfa. Verkefni verkalýðshreyfingarinnar verður að tryggja að tæknin styrki stöðu launafólks og að ákvarðanir sem hafa áhrif á störf þess og afkomu verði ekki færðar yfir til ógegnsærra kerfa án aðkomu þeirra sem afleiðingarnar bera.

Á þinginu verða jafnframt lagðar fram tillögur um breytingar á lögum Alþýðusambandsins. Þar er meðal annars lagt til að varaforsetum sambandsins verði fækkað úr þremur í einn. Skipulag sambandsins á að vera skýrt, ábyrgð og verkefni vel afmörkuð og fjármunum hreyfingarinnar varið þar sem þeir nýtast best í þágu aðildarfélaganna og félagsmanna þeirra.

Tillögurnar gera einnig ráð fyrir lítils háttar hækkun skatta til sambandsins svo hægt verði að koma á fót öflugu miðlægu vinnustaðaeftirliti til styrktar því starfi sem aðildarfélögin eru með á vinnustöðum. Reynslan sýnir að brot á vinnumarkaði verða ekki upprætt með yfirlýsingum einum saman. Miðlægt vinnustaðaeftirlit getur styrkt aðildarfélögin, aukið getu hreyfingarinnar til að greina brot og fylgja málum eftir og veitt launafólki raunverulega vernd. Ef Alþýðusambandið ætlar að gera auknar kröfur til atvinnurekenda og stjórnvalda um að farið sé að lögum og kjarasamningum verður hreyfingin sjálf að hafa burði til að sinna þeirri baráttu af fullum krafti.

Afl framfara og breytinga í 110 ár

Alþýðusamband Íslands fagnar 110 ára afmæli á þessu ári. Á þeim tíma hefur íslenskt samfélag tekið stakkaskiptum og staða launafólks með. Vinnudagurinn hefur styst, réttindi aukist, öryggi orðið meira og kjör batnað svo um munar. Sú þróun varð vegna baráttu margra kynslóða launafólks og mörg þeirra réttinda sem nú virðast sjálfsögð voru unnin gegn harðri andstöðu.

Sagan sýnir jafnframt að framfarir lúta ekki sjálfstýringu. Hver kynslóð þarf að verja það sem fyrri kynslóðir unnu og takast um leið á við nýjar breytingar á vinnumarkaði og samfélagi. Gervigreind og önnur tækni munu breyta störfum, skipulagi vinnunnar og eftirspurn eftir hæfni, rétt eins og orkuskipti og loftslagsaðgerðir munu hafa áhrif á heilar atvinnugreinar. Sum störf hverfa, önnur verða til og mörg breytast verulega.

Þessar breytingar geta aukið framleiðni, bætt vinnuskilyrði og skapað ný verðmæti. Hvernig þeim verðmætum verður skipt og hver ber kostnaðinn af breytingunum ræðst af valdajafnvægi og pólitískum ákvörðunum. Ef launafólk hefur lítil áhrif á þróunina getur ávinningurinn safnast hjá þeim sem ráða yfir fjármagni og tækni á meðan áhættan lendir hjá þeim sem missa störf eða sjá kjör sín versna.

Þar er hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í grunninn hið sama og fyrir 110 árum: að tryggja launafólki áhrif á eigin vinnuskilyrði og sanngjarnan hlut í þeim verðmætum sem verða til með vinnu þeirra eða skapast vegna breytinga í atvinnulífi og samfélagi.

Mannauður ASÍ

Skýrsla forseta er umfangsmikil enda er starf Alþýðusambandsins fjölbreytt og víðfeðmt. Á skrifstofu sambandsins er unnið að kjaramálum, hagfræði, vinnurétti, húsnæðismálum, jafnrétti, vinnuvernd, verðlagseftirliti, alþjóðamálum og fjölmörgum öðrum verkefnum sem tengjast hagsmunum launafólks. Stór hluti vinnunnar felst í greiningum, umsögnum, aðstoð við aðildarfélög, þátttöku í nefndum og starfshópum og undirbúningi mála sem síðar verða hluti af opinberri umræðu eða kjarabaráttu hreyfingarinnar.

Þessi sérþekking skiptir miklu þegar Alþýðusambandið og aðildarfélög þess mæta stjórnvöldum og atvinnurekendum. Mannauður skrifstofunnar er einn helsti styrkur sambandsins og sú þekking og reynsla sem þar hefur safnast upp er sameiginleg auðlind hreyfingarinnar sem félögin eiga að geta nýtt í eigin hagsmunabaráttu.

Í þessari skýrslu er ljósi varpað á umfang starfseminnar og þau mál sem sambandið hefur unnið að á síðustu tólf mánuðum. Hún gefur jafnframt aðildarfélögunum aðgang að upplýsingum, staðreyndum og greiningum sem geta nýst þeim í daglegu starfi og umræðu um kjör og réttindi launafólks. Líkt og ég hef stundum gert áður hvet ég félagsmenn alla og forystu til að færa sér í nyt þann mikla fróðleik sem þessi skýrsla geymir.

Verkefnin hafa breyst frá stofnun Alþýðusambandsins, en sömu grundvallarspurningar fylgja þeim enn: Hver ber áhættuna, hver nýtur ávinningsins og hvaða áhrif hefur venjulegt launafólk á ákvarðanir sem ráða kjörum þess og afkomu?

Ritað í september 2026
Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands.



Formannafundur ASÍ haustið 2025. Finnbjörn A. Hermannsson forseti í pontu.

Fundargerð formannafundar ASÍ haustið 2025

Fundur formanna haldinn 21. október 2025 á Hilton Hotel Nordica í Reykjavík.
Fundur hófst kl. 10.
Fundi lauk kl. 15.30.
Fundarstjóri: Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands.
Fundarritari: Ásgeir Sverrisson, starfsmaður ASÍ.
Fundinn sátu: Aðalsteinn Árni Baldursson, Andri Reyr Haraldsson, Anna Júlíusdóttir, Arnar G. Hjaltalín, Benedikt Kristbjörnsson, Berglind Kristófersdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Eiður Stefánsson, Eyrún Björk Jóhannsdóttir, Finnbjörn A. Hermannsson, Finnbogi Sveinbjörnsson, Georg Páll Skúlason, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Guðmundur Finnbogason, Guðmundur H. Þórarinsson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Guðrún Sigríður Matthíasdóttir, Gunnhildur Imsland, Halla Gunnarsdóttir, Halldór Hlíðar Kjartansson, Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Hilmar Harðarson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Hörður Bragason, Ingvar Þór Þorbergsson, Jakob Tryggvason, Jóhann Rúnar Sigurðsson, Jón Bjarni Jónsson, Jónas Kristjánsson, Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, María Hrund Guðmundsdóttir, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, Ragnar Guðmundur Gunnarsson, Reynir Guðjónsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurey Agatha Ólafsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir, Steinn Daníel Þrastarson, Svanfríður G. Bergvinsdóttir, Sverrir Kristján Einarsson, Sævar Kristinn Gestsson, Trausti Jörundarson, Valmundur Valmundsson, Vignir Smári Maríasson, Vilhjálmur E. Birgisson, Þorvaldur Ásberg Kristbergsson, Þórarinn Guðni Sverrisson.
Gestir: Guðfinnur Newman, Sigrún Sigurðardóttir, Stefán Sveinbjörnsson.
Starfsfólk: Arnaldur Grétarsson, Ásgeir Sverrisson, Eyrún Valsdóttir, Halldór Oddson, Henný Hinz, Hrafn Jónsson, Magnús Norðdahl, Róbert Farestveit, Saga Kjartansdóttir, Sif Ólafsdóttir, Steinunn Bragadóttir**.**

Ávarp forseta

Finnbjörn A. Hermannsson stígur í pontu kl. 10 og býður viðstadda velkomna til fundarins.

Finnbjörn ræðir stöðu kjarasamninga í upphafi máls síns. Nýlokið sé endurskoðun á forsendum kjarasamninga og þær hafi staðist að einni undanskilinni.

Samningarnir hafi aukið kaupmátt allra innan ASÍ félaganna og lægstu laun hækkað mest. Þeir hafi valdið mestu um þá verðbólguhjöðnun sem orðið hafi og skapað forsendur fyrir lækkun stýrivaxta.

Finnbjörn lýsir yfir megnri óánægju vegna þess hversu tregur Seðlabanki Íslands hafi verið til að lækka stýrivexti. Það ferli hefði með réttu átt að vera komið mun lengra.

Hann gagnrýnir einnig fyrirtæki sem hækkað hafi verð þrátt fyrir góðan hagvöxt og þannig unnið gegn hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta.

Nú sé aðeins farið að síga á ógæfuhliðina hvað varðar hagvaxtarhorfur og nú örli á meira atvinnuleysi. Þetta séu ekki góð tíðindi og því hefðu stýrivextir átt að lækka við síðustu ákvörðun peningastefnunefndar.

Forsetinn víkur að kjaraviðræðum við flugumferðarstjóra og segir þær leiða fram undarlega samfélagssýn. Unnið hafi verið að því markvisst hin seinni ár að hækka lægstu laun á Íslandi. Við það dragist saman spönn á milli hárra launa og lágra. Því skjóti það skökku við að þá stígi fram hópar sem krefjist þess að við minnkandi launabili verði brugðist með hækkun launa þeirra. Þessa skoðun megi víða finna í samfélaginu nú um stundir og vinni gegn þeirri vegferð sem hafin hafi verið í þágu þeirra með lægstu launin auk þess sem hátekjufólk verði ekki fyrir neinum skaða þótt laun annarra hækki.

Jöfnunarframlag og atvinnuleysistryggingar

Finnbjörn víkur að þeim áformum ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur að afnema jöfnunarframlag ríkisins vegna ólíkrar örorkubyrði lífeyrissjóða. Þessu hafi Alþýðusambandið mótmælt kröftuglega enda liggi fyrir að verði áformin að veruleika muni réttindi félaga í fimm lífeyrissjóðum verkafólks rýrna.

Hann segir frá fundum með fjármálaráðherra og upplýsir að ráðherra hafi sagst tilbúinn til að standa við framlagið á næsta ári með sama hætti og gert hafi verið í ár. Finnbjörn kveðst hafa vonað að hann gæti sagt frá sinnaskiptum ráðherrans á þessum fundi en því miður hafi engin formleg staðfesting borist þess efnis. Hann minnir á að af hálfu ASÍ liggi það ljóst fyrir að viðræður við ríkisvaldið um framtíðarfyrirkomulag þessa jöfnunarframlags verði aðeins hafnar að fyrir liggi að staðið verði við það á næsta ári.

Fundarmenn geri sér allir ljóst að málið sé grafalvarlegt. Finnbjörn kveðst vongóður um farsæla lausn, málinu hafi verið komið vel til skila gagnvart ríkisstjórn sem eigi að hafa fullan skilning á vandanum. Standi ríkisstjórnin við jöfnunarframlagið á næsta ári skapist forsendur við viðræðum um framtíðarlausn. Mikilvægt að sú lausn feli í sér að verkalýðshreyfingin þurfi ekki að treysta á velvilja ríkisstjórnar hverju sinni. Hann leggur áherslu á að gengið verði til slíkra viðræðna með opnum huga og að margar leiðir verði kannaðar til að koma þessum málum til betri vegar.

Finnbjörn víkur næst að breytingum á atvinnuleysistryggingum og segir styttingu bótatímabils um 12 mánuði vissulega geta komið til álita. Hins vegar sé óstöðugleikinn í íslensku efnahags- og atvinnulífi slíkur að þörf sé á svo löngu tímabili sem raun beri vitni. Að auki hafi opinn og sveigjanlegur vinnumarkaður á Íslandi í för með sér að girðingar vegna uppsagna séu lágar og lægri en almennt tíðkist í nágrannaríkjum.

Hann segir reynslu verkalýðshreyfingarinnar á þessum vettvangi ekki góða og nefnir að ríkisstjórnir hafi í gegnum tíðina jafnan horft til niðurskurðar á þessum vettvangi. „Við getum ekki treyst á að stjórnvöld grípi til viðeigandi vinnumarkaðsaðgerða þegar harðnar á dalnum. Reynsla okkar er ekki sú. Við getum ekki átt allt okkar undir velvild stjórnvalda hverju sinni," segir forsetinn.

Niðurskurður bitnar á lágtekjufólki

Finnbjörn fjallar um niðurskurð þann sem áformaður er samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur. Hann nefnir eftirfarandi atriði:

- Bótatímabil atvinnuleysistrygginga verður stytt um 12 mánuði og reglur um ávinnslu þrengdar.
- Fjárhæðir í barnabótakerfinu haldast óbreyttar og stuðningur við barnafjölskyldur rýrnar að raungildi.
- Fjárhæðir í húsnæðis- og vaxtabótakerfinu haldast óbreyttar og stuðningur vegna húsaleigu og vaxtakostnaðar rýrnar að raungildi.
- Sérstökum aðhaldsráðstöfunum upp á 3,8 milljarða króna verður hrundið í framkvæmd í heilbrigðiskerfinu og kostnaðarþátttaka sjúklinga verður aukin.
- Framlög til framhaldsfræðslu og íslenskukennslu verða lækkuð.

Finnbjörn segir við blasa að „hagræðingaraðgerðir" þessar séu hreinn niðurskurður sem koma muni af mestum þunga niður á lágtekjufólki, leigjendum og innflytjendum.

„Minnumst þess að þetta eru pólitískar ákvarðanir, þetta eru mannanna verk."

Markaðsvæðing orkunnar

Forsetinn lýsir yfir áhyggjum af þróun raforkumála í landinu, ræðir miklar hækkanir orkuverðs og segir hagsmunaöfl stefna að frekari markaðsvæðingu auðlinda Íslendinga sem byrjað hafi með tilskipun Evrópusambandsins um aðskilnað raforkuvinnslu og -flutnings árið 2003. Nú sé komið fram frumvarp í samræmi við þau fyrirheit stjórnvalda að tryggja orkuöryggi landsmanna en þar sé of skammt gengið í hagsmunavörn fyrir almenning.

Um raforkuna segir Finnbjörn:

„Frá því ég tók við embætti forseta Alþýðusambandsins hef ég ítrekað borið upp eftirfarandi spurningar:

Hvernig hefur sú markaðsvæðing sem þegar hefur farið fram á sviði orkumála komið þjóðinni til góða?

Og í framhaldinu – dettur einhverjum í hug að þessar breytingar séu gerðar til að bæta hag heimilanna í þessu landi?

Hvers vegna taka stjórnvöld ekki tillit til sérstöðu íslensks raforkumarkaðar við mótun lagaumgjarðar?

Við þessum spurningum hef ég engin svör fengið."

Segir hann hagsmunaöfl stunda grimman „lobbíisma" á Alþingi og víðar og ljóst sé að þau horfi jafnan til langtímamarkmiða.

„Sterk sérhagsmunaöfl hér á landi ásælast orkuna, landið, vatnið, vindinn, jarðvarmann. Ég tel vaxandi líkur á að tekist verði á af hörku um þessar auðlindir þjóðarinn-

ar í náinni framtíð. Við verðum að halda vöku okkar," segir Finnbjörn.

Hann ræðir einnig niðurstöður nýrrar könnunar Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins og segir þær leiða í ljós að um 70% launafólks búi við góð eða viðunandi kjör og því beri að fagna. Hins vegar sýndi könnunin að um 30% launafólks búi við raunverulegan skort.

Hann minnir á þá áherslu sem lögð hefði verið í kjarasamningum að hækka lægstu launin og segir ljóst að hvergi megi hvika frá því markmiði að bæta kjör þeirra sem lægstu launin hafi. „Þetta er ákall til okkar um að skipta ekki þjóðinni í tvennt. Við getum ekki skilið 30% eftir þannig að þau hafi tæpast til hnífs og skeiðar."

Forseti víkur stuttlega að húsnæðismálum og segir frá tilraunum ASÍ og BSRB til að fá Reykjavíkurborg til samstarfs um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis með aðkomu lífeyrissjóða í því skyni að lina þá kreppu sem ríki í þessum málaflokki. Hann kveður hilla undir að unnt verði að kynna nýjar leiðir sem flýta muni uppbyggingu og skila muni húsnæði sem fólk hafi efni á að kaupa.

Skipulagsmál og bætt þjónusta

Næst víkur Finnbjörn að skipulagsmálum sem verði fyrirferðarmikil á þessum formannafundi. Hann rifjar upp vinnufund miðstjórnar í janúarmánuði og framkomnar hugmyndir um bætta þjónustu við aðildarfélögin.

Þar beri hæst sameiginlegt vinnustaðaeftirlit og miðlæga lögfræðistofu á vegum Alþýðusambandsins. Eðlilega séu skoðanir skiptar, margir sjá tækifæri og hagræði í slíku fyrirkomulagi en önnur félög telji núverandi stöðu mála skila góðum árangri.

Á eftir muni starfsfólk ASÍ gera grein fyrir tillögum um miðlægni í vinnueftirliti og lögfræðiþjónustu auk þess sem Magnús Norðdahl muni fjalla um skipulagsmálin og félagsaðild.

Í lokin víkur Finnbjörn að skýrslu forseta 2025 sem nú sé komin út. Útgáfan sé rafræn en unnt verði að fá prentuð eintök. Hann segir skýrslur þessar endast vel. Í þeim sé að finna miklar og vandaðar upplýsingar um málefni Alþýðusambandsins hverju sinni og afar gagnlegt sé að fletta upp í þeim.

Að svo mæltu býður forseti fundarmönnum að ganga til dagskrár sem verði á þann veg að Saga Kjartansdóttir muni fjalla um miðlægt vinnustaðaeftirlit, Halldór Oddsson muni gera grein fyrir hugmyndum um miðlæga lögfræðiþjónustu og Magnús Norðdahl fjalla um skipulagsmál og félagsaðild. Síðan fari fram umræða um þessi þrjú efni. Eftir hádegi muni Róbert Farestveit ræða horfur í efnahagsmálum og kynna hagspá Alþýðusambandsins. Að því erindi loknu muni Steinunn Bragadóttir kynna nýja Vinnumarkaðsskýrslu. Þá fari fram umræða um efnahags- og kjaramál. Að henni lokinni verði umræða um önnur mál.

Að svo mæltu segir forseti fundinn settan.

Miðlægt vinnustaðaeftirlit

Saga Kjartansdóttir fjallar um það lykilhlutverk sem eftirlitið gegnir í baráttunni gegn launaþjófnaði, misneytingu og mansali á vinnumarkaði. Heimildir þess séu verðmætar því þær geri verkalýðshreyfingunni kleift að tengjast launafólki og upplýsa það um hlutverk stéttarfélaga.

Hún segir frá núverandi fyrirkomulagi eftirlitsins og hlutverki ASÍ innan þess sem felist einkum í að móta umgjörð og veita stuðning. Það feli ekki í sér eiginlega miðlægni og ASÍ hafi enga verkstjórn með höndum. Jafnan hafi þó verið talsvert samstarf

milli félaga, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Þá fjallar Saga um umfang eftirlitsins og krefjandi starf eftirlitsfulltrúa. Hún tiltekur sérstaklega að nokkurn vanda skapi að yfirsýn skorti og getu til að kortleggja tilteknar atvinnugreinar.

Hún rekur helstu sjónarmið tengd því að aukin miðlægni gæti verið hreyfingunni hagfelld:

- Tryggja mætti samfellu og samræmi í eftirliti
- Veita eftirlitsfulltrúum faglegan sem og félagslegan stuðning
- Aukin tækifæri til eftirlitsátaka og kortlagningar á tilteknum atvinnugreinum og vinnumarkaði í heild
- Tækifæri til aukinnar miðlunar út í samfélagið um brot og stöðu á vinnumarkaði.

Tillaga og kostnaðaráætlun

Saga gerir grein fyrir framkominni tillögu að útfærslu miðlægs vinnustaðaeftirlits. Með ráðningu sex fulltrúa á skrifstofu ASÍ mætti sinna öllu landinu. Félögin hefðu eftir sem áður heimildir til að sinna eftirliti, til dæmis fylgja eftir ábendingum. Gert er ráð fyrir eftirfarandi skiptingu svæða: Suðvesturhornið (höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og að Selfossi),Vesturland og Vestfirðir, Norðurland og Austurland. Hún birtir svohljóðandi kostnaðarmat:

Laun og tengdur kostnaður, 12x1.141.767
Skrifstofubúnaður m.v. 4 ára fyrningu 250.000
= 13.951.204
M.v. 6 eftirlitsfulltrúa 83.707.224
Annar árlegur kostnaður (bílar, ferða- og gistikostnaður) 8.397.000
Samtals: **92.104.224**

Miðlæg lögfræðiþjónusta

Halldór Oddsson fer yfir ríkjandi stöðu hvað varðar aðildarfélög ASÍ og lögfræðiþjónustu. Staðan sé ólík á milli félaga, almenna reglan sé sú að hvert félag annist sín lögfræðilegu úrlausnarefni og samstarf sé fátítt. Hann rekur að erindum til lögfræðinga ASÍ hafi fjölgað mjög undanfarin ár. Talsvert sé um breytingar og starfsmannaveltu og því gangi misvel að byggja upp stöðugleika og viðhalda þekkingu um vinnurétt.

Líkt og Saga Kjartansdóttir vísar Halldór til umræðu um lögfræðiþjónustu aðildarfélaga á vinnufundi miðstjórnar í janúar 2025. Þar hafi komið fram vilji til að kanna nánar möguleika og útfærslur á miðlægri lögfræðiþjónustu að fyrirmynd systursamtaka á Norðurlöndunum.

Helstu sjónarmið til stuðnings því að Alþýðusambandið hefji rekstur miðlægrar lögfræðiþjónustu kveður Halldór eftirfarandi:

- Kostnaðarleg hagræðing með samrekstri og samstarfi
- Unnt yrði að byggja upp og viðhalda þekkingu
- Vísbendingar eru um að vinnumarkaðurinn sé að flækjast og harðna
- Möguleikar yrðu á auknum leiðbeiningum/samræmingu til kjaramálafulltrúa

Halldór tiltekur sérstaklega að með slíkum leiðbeiningum til kjaramálafulltrúa mætti tryggja snemmtæk inngrip.

Auk þess sem óhagnaðardrifin stofa hefði hag af því að mál leysist hratt og vel á frumstigi.

- Auka mætti þjónustustig; sérstaklega hvað varðar slysamál og stjórnsýslumál.

Tillaga og kostnaðaráætlun

Halldór gerir grein fyrir tillögu að útfærslu:

Lögfræðistofan yrði sjálfstæð eining rekin af ASÍ sem félli undir Lögfræði- og vinnumarkaðssvið. Hún yrði hins vegar aðgreind frá annarri reglubundinni starfsemi skrifstofu ASÍ. Þannig yrði stofan viðbót við reglubundna þjónustu Lögfræði- og vinnumarkaðssviðs sem sé veruleg nú þegar. Stofan myndi eingöngu taka að sér mál sem vísað yrði til hennar af aðildarfélögum.

Rekstur færi fram án hagnaðarsjónarmiða í þágu aðildarfélaga og yrði fjármagnaður með þjónustugjöldum. Þörf yrði á skuldbindingu til að byggja upp rekstraröryggi og þekkingu. Ná mætti fram hagræðingu og betri þjónustu til lengri tíma. Til greina kæmi að gerðir yrðu þjónustusamningar við lögmenn á landsbyggðinni sem og að koma upp færanlegum/tímabundnum starfsstöðvum.

Varðandi kostnað varpar Halldór upp eftirfarandi mynd:

- Skv. könnun ASÍ frá 2012 nam heildarlögfræðikostnaður aðildarfélaga kr. 76.182.704
- 2012 voru greiðandi félagsmenn aðildarfélaga ASÍ 96.899 talsins – kostnaður pr. félagsmann nam því kr. 786-
- 2024 voru greiðandi félagsmenn 131.658 talsins – uppreiknað m.v. vísitölu nv. er því áætlaður heildarkostnaður kr. 163.944.717 eða kr. 1.245 pr. félagsmann
- Með öllu væri fyrir þessa fjármuni unnt að manna 8–10 starfsmanna lögfræðiþjónustu sem eingöngu sinnti lögfræði- og kjaramálum fyrir aðildarfélög ASÍ. Ekki yrði þó allt starfsliðið nauðsynlega lögmenn.
- Halldór vekur athygli á að innheimtuþóknun og dæmdur málskostnaður er ekki reiknaður inn. Hann færi beint inn í reksturinn.

Skipulagsmál og félagsaðild

Magnús M. Norðdahl skiptir erindi sínu í þrennt. Hann rifjar upp réttarstöðu og hlutverk stéttarfélaga samkvæmt stjórnarskrá og lögum sem séu forsenda umræðu um skipulagsmál og félagsaðild. Þá fjallar hann um sögu skipulags ASÍ, þær forsendur sem breyst hafa og hugmyndir um breytingar. Í því efni sé ekkert nýtt undir sólinni og flestu hafi verið hreyft áður.

Loks fjallar Magnús um félagsaðildina, forsendur hennar, mikilvægi réttrar skráningar, ástæður rangrar skráningar og hvort og þá hvernig bæta megi úr.

Aðrar forsendur en óbreytt skipulag

Eftir að hafa fjallað um félagafrelsisákvæði stjórnarskrár, hlutverk og verkefni verkalýðsfélaga, kjarasamnings- og verkfallsréttinn og lög og reglur um iðgjöld ræðir Magnús skipulagsmál ASÍ og sögu þeirra. Þá fjallar hann um verkaskiptingu stéttar-

félaga sem byggi á landfræðilegri verkaskiptingu og starfsgreinabundinni verkaskiptingu „hreinna“ félaga og blandaðra, deildaskiptra félaga.

Magnús fer yfir sögu Alþýðusambandsins með tilliti til fjölda aðildarfélaga og landssambanda. Þar kemur m.a. fram að í upphafi árið 1916 voru sjö verkalýðs- og jafnaðarmannafélög innan ASÍ, árið 1930 voru þau 36, mestur varð fjöldinn 1984 þegar Alþýðusambandið samanstóð af 187 félögum í átta landssamböndum auk 33 félaga með beina aðild. Árið 1992 varð Alþýðusambandið að sambandi landssambanda en félög í beinni aðild máttu halda þeirri stöðu áfram. Tekist var á um beinu aðildina á næstu árum og lauk þeirri snerru 2010 er samþykkt var að aðild í gegnum landssambönd eða beint skyldi heimiluð. Nú, 2025, eru félögin 42 í fimm landssamböndum og fimm félög í beinni aðild. Fjöldi félaga er því áþekkur þeim sem var 1930.

Magnús segir að þannig sé núverandi skipulag að stofni til frá 1996 er aðildarfélögin voru 129. Frá 1996 hafi aðildarfélögum fækkað í 42 (um 2/3 eða 67,5% á 30 árum). Tvö stór félög myndi nú um 55% af ASÍ.

Skipulag ASÍ hafi ekki tekið neinum grundvallarbreytingum þrátt fyrir breyttar forsendur.

Miðstjórn sé kosin á þingum ASÍ en lögin tryggi ekki jafnræði innan hennar. Byggt sé á undirbúningi og samráði fyrir þing þar sem reynt sé að ná sáttum um miðstjórn sem spegli allt landið, allar atvinnugreinar og vægi stærstu samtakanna í samræmi við lög ASÍ. Hver miðstjórnarmaður þurfi meira en 50% atkvæða og tvö stærstu félögin geti „fræðilega“ ráðið skipan miðstjórnar.

Samböndin gæti sameiginlegra hagsmuna margra félaga, óháð landsvæðum og spegli helstu hópa launafólks

Blönduð félög skipti sér upp í deildir og geti átt aðild að fleiru en einu sambandi. Félög í beinni aðild gæti hagsmuna félagsmanna sinna, sum svæðisbundið en önnur á landinu öllu.

Samvinna og sameiginleg aðkoma að kjarasamningsgerð, m.a. með þátttöku félaga í beinni aðild, hafi styrkst verulega.

Hvoru tveggja, þ.e. dýpt og virkni samstarfsins, ráðist af vilja aðildarfélaganna því kjarasamningsumboðið sé hjá einstökum stéttarfélögum.

FLSA-hópurinn

Magnús víkur næst að því að formenn sambandanna ásamt fulltrúa félaga í beinni aðild og fulltrúum tveggja stærstu aðildarfélaganna (VR og Efling) myndi vettvang formanna landssambanda og stærstu aðildarfélaga (FLSA). Þessi vettvangur hafi orðið til vegna breyttra forsendna og nauðsynjar til samráðs. Hópurinn hittist reglulega og þetta sé afar mikilvægur samráðsvettvangur. Þannig myndi hópurinn samninganefnd ASÍ skv. sérstökum samstarfssamningi þegar samkomulag takist um að hann skuli virkja í aðdraganda kjarasamninga.

Hins vegar sé það svo að þessi vettvangur sé ekki til í stjórnskipulagi eða lögum ASÍ.

Möguleg skipulagsbreyting

Magnús bregður upp glæru sem hýsir hugsanlega skipulagsbreytingu. Þessi hugmynd var m.a. rædd á vinnufundi miðstjórnar í janúarmánuði.

Formenn allra aðildarfélaga myndi miðstjórn ásamt forseta sem komi saman þrisvar sinnum það ár sem þing er ekki haldið en tvisvar á þingári. Þetta ætti að tryggja öflugt og beint samráð allra kjörinna formanna í stórum sem smáum félögum.

Tryggja þurfi jafnræði og jafnvægi þar sem tillit sé tekið til stórra og smárra. Þetta megi gera með því að meirihluti atkvæða í miðstjórn reiknist þannig að tillaga þurfi bæði meirihluta atkvæða þeirra sem fund sitja og meirihluta veginna atkvæða eftir stærð félaga (regla 2.mgr. 39.gr. laga ASÍ um formannafundi). Fáheyrt sé að til atkvæðagreiðslu komi í miðstjórn ASÍ.

FLSA myndi framkvæmdastjórn ASÍ ásamt forseta sem stjórni daglegri starfsemi ASÍ í umboði miðstjórnar og komi saman tvisvar í mánuði milli miðstjórnarfunda. Meirihluti atkvæða reiknist með sama hætti og í miðstjórn. Meðlimir FLSA sæki umboð sín beint til formanna aðildarfélaga sinna.

Þing ASÍ kjósi sambandinu forseta en miðstjórn velji úr sínum hópi varaforseta. Formannafundir leggist af og vald þeirra færist til miðstjórnar.

Mikilvægi félagsaðildar

Næst víkur Magnús að félagsaðild, hvað ráði henni og mikilvægi réttrar skráningar. Það starf sem unnið sé á félags- og samningssvæði viðkomandi stéttarfélags sem gert hafi kjarasamning um það starf, ráði félagsaðild. Hann leggur áherslu á að einstakir atvinnurekendur hafi ekkert um félagsaðild að segja og reyni þeir að hlutast til um hana sé það brot á 4. grein laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Rétt félagsaðild sé mikilvæg fyrir ýmsar sakir. Félögin starfræki og þjóni þeim kjarasamningi sem þau hafi gert og sem gildi um tiltekin störf á samningssvæði og -sviði þeirra. Þetta sé svonefnd nálægðarreglan. Atvinnurekendur beri enga skyldu við stéttarfélög sem þeir hafi ekki samið við, hvorki um greiðslu iðgjalda né annað. Stéttarfélög geti ekki beitt aðra atvinnurekendur þrýstingi, hvort sem er með verkföllum eða öðru, en þá sem þau hafi samið við. Þannig setji félag í Bolungarvík ekki í verkfall félagsmann sem starfi í Sandgerði.

Skylda til að leggja niður störf í verkföllum hvíli hins vegar á öllum sem vinni þau störf sem deilan taki til og sé bundin við ákvarðanir þeirra stéttarfélaga sem aðild eigi að deilunni – ekki aðra. Þeir sem ekki eigi aðild að því stéttarfélagi sem verkfall boði þurfi að fara í verkfall en njóti ekki greiðslu úr verkfallssjóði þess félags.

Röng félagsaðild komi einkum til af félagslegum eða tilfinningalegum ástæðum, t.a.m. sökum aðildar að sama félagi um áratugaskeið, vilja til að varðveita réttindi þrátt fyrir annað stutt starf skömmu fyrir starfslok, tengsla og félagslífs með gömlum félögum og ástar til heimahaga.

Hún komi einnig til vegna ásetnings og misnotkunar sumra atvinnurekenda. Með þessu móti leitist viðkomandi við að sundra afli stéttarfélaganna með því að dreifa félagsaðild starfsmanna á félög sem þeir semji ekki við – allt sé þetta gert í nafni „félagafrelsis“. Þetta hafi m.a. í för með sér að verkföll flækist og verði erfiðari í framkvæmd, auk þess sem viðkomandi starfsmenn njóti ekki þjónustu félaganna á svæðinu vegna vandamála á vinnustað.

Dæmin sýni að atvinnurekendur hafi hagsmuni af því að dreifa starfsmönnum á sem flest félög og með sem óskipulegustum hætti.

Um skörun félagsaðildar segir Magnús að hún sé ýmist landfræðileg eða fagleg. Í slíku tilfelli semji tvö eða fleiri stéttarfélög í sömu starfsgrein um sömu störf á sama svæði eða tvö eða fleiri stéttarfélög í tveimur eða fleiri starfsgreinum semji um sömu störf á sama svæði alveg eða að hluta til.

Að auki sé það svo að störf þróist og breytist t.a.m. sökum nýrrar tækni og breytinga á starfsvettvangi. Hann nefnir sem dæmi starfsmann sem ýmist afgreiði bensín eða

starfi í verslun eða veitingahúsi sökum breytinga sem orðið hafi í rekstri bensínstöðva. Sama geti gilt um faglærðan iðnaðarmann í byggingavöruverslun sem þar sinni ýmist ráðgjöf eða afgreiðslustarfi.

Mögulegar lausnir

Um mögulegar lausnir á vanda tengdum félagsaðild segir Magnús að til greina komi samstarfssamningar aðildarfélaganna skv. lögum ASÍ sem lítt séu notaðir en gætu bætt mikið úr. Einnig sé hægt að minnka vandann með skráningu og auðkenningu kjarasamninga. Það fyrirkomulag myndi kalla á samstarf við SA, Ríkissáttasemjara og ef til vill fleiri. Það geti skapað vanda eftir á hafi félagsmaður t.d. fengið réttindi, aðstoð og bætur hjá félagi sem hann átti ekki að geta átt aðild að.

Um stærð vandans segir Magnús að 30% þeirra fyrirtækja sem eigi aðild að Samtökum atvinnulífsins (SA) semji við aðildarfélög ASÍ vegna 70% launafólks á almennum vinnumarkaði. Vandinn sé ekki síst hjá þeim þó dæmi finnist um annað.

Átak til þess að ná kjarasamningum við fyrirtæki utan SA gæti hjálpað til. Gagnvart þessum fyrirtækjum ríki engin friðarskylda og ætla megi að með þessu móti væri unnt að „hrekja þau inn í SA".

Máli sínu lýkur Magnús með þeirri staðhæfingu að gott, sanngjarnt og skilvirkt skipulag og rétt skráning aðildar sé forsenda þess að hreyfingin geti beitt því afli sem hún hafi að lögum.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Hér hefur verið farið yfir þrjú stór mál sem við reynum að þoka áfram. Hann víkur að tillögu frá VR sem liggi fyrir fundinum og les hana upp:

„Tillaga til formannafundar ASÍ þann 21. október 2025

Stéttarfélagsaðild

Formannafundur Alþýðusambands Íslands þann 21. október 2025 beinir því til miðstjórnar og eftir atvikum skipulags- og starfsháttanefndar sambandsins að vinna tillögur sem miði að því að tryggja rétta skráningu launafólks í stéttarfélag. Starf einstaklings sem aðild á að stéttarfélagi skal vera á samningssviði viðkomandi félags og skal um það gilda kjarasamningur sem stéttarfélagið hefur samningsumboð fyrir.

Formannafundurinn beinir því til miðstjórnar að leggja fyrir næsta þing sambandsins tillögu um hvernig stéttarfélög innan ASÍ geti hagað störfum sínum svo þau skarist ekki á við starfsemi annarra félaga og hafi skaðleg áhrif á samningsstöðu félaganna, framkvæmd verkfalla og réttindi félagsfólks.

Númer á kjarasamningum

Formannafundur ASÍ þann 21. október 2025 samþykkir að sambandið vinni að því að hver og einn kjarasamningur fái númer sem birt verði á launaseðlum og skilagreinum frá launagreiðendum til stéttarfélaga. Þannig geti launafólk og launagreiðendur auðveldlega fylgst með því hvaða kjarasamningi er fylgt."

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Forseti leggur áherslu á mikilvægi þess að fylgja þróuninni því ella sé hætta á að Alþýðusambandið sitji eftir og réttindi taki að glatast. Þetta hafi komið glögglega fram í máli þeirra Halldórs og Magnúsar. Hann ræðir um hörku þá sem lögmenn tryggingafélaga sýni núorðið, þeim takist jafnan að finna einhverja leið til að varpa ábyrgð á launamanninn þegar slys ber að höndum. Raunveruleg hætta sé að mál tapist vegna kunnáttuleysis lögmanna. Ábyrgðin sé félaganna sem ákveði hvort og þá hvernig þau vilji bregðast við breyttri stöðu mála. Það eigi við um félagsaðild, vinnustaðaeftirlit, lögfræðisviðið og skipulagsmálin. Alþýðusambandið sem slíkt sé á engan veg að reyna að sölsa undir sig aukin völd og ábyrgð. Tillaga VR feli í sér að miðstjórn og eftir atvikum skipulags- og starfsháttanefnd Alþýðusambandsins verði falið að vinna tillögur sem miði að því að tryggja rétta skráningu launafólks í stéttarfélag. Þar með komist hreyfing á þetta mál.

Að svo mæltu segir forseti orðið laust:

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Halla þakkar starfsfólki ASÍ fyrir erindin. Hún kveðst vilja fylgja eftir tillögu VR. Hin málin hafi verið rædd við forseta og Sögu Kjartansdóttur. Vinnustaðaeftirlitsmálið sé vel unnið og rökstuðningur vandaður. VR sé jákvætt gagnvart málinu og tilbúið til að taka það til endanlegrar ákvörðunar.

Um miðlæga lögfræðiþjónustu segir Halla að lögfræðiþjónusta innan VR sé í föstum og góðum skorðum. Félagið sé hins vegar tilbúið til frekari viðræðu um það.

Um tillögu VR segir Halla aðalatriðið vera að fólk sé í réttu félagi. Númeraðir samningar myndu koma að gagni. VR sé bæði svæðisbundið félag og á landsvísu. Félagið hafi nýverið stækkað með aðild Leiðsagnar sem starfi á landsvísu. VR hafi engan áhuga á frekari stækkun og útþenslu.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfjarða:

Segir viðamikil mál til umræðu á fundinum. Hann telji allar þrjár framkomnar hugmyndir um breytingar góðar. Hann kveðst staldra við kostnaðarmat, gert sé ráð fyrir að miðlæg lögfræðistofa og vinnustaðaeftirlit myndu kosta 256 milljónir króna til viðbótar við þá skatta sem félögin greiði þegar til ASÍ. Þetta myndi þýða um 2.000 króna hækkun á hvern félagsmann.

Við ramman reip sé að draga í höfuðstöðvum atvinnurekenda við Borgartún þar sem rúmlega 160 starfsmenn vinni að því alla daga að þynna út og rýra réttindi launafólks. Fram sé kominn vísir að góðu verkefni en fjármögnun þarfnist frekari skoðunar. Erfitt væri fyrir forystufólk í hreyfingunni að ákveða þennan aukaskatt.

Finnbogi kveðst hafa áhyggjur af því að ekki sé stefnt í rétta átt í skipulagsmálunum. Hann fagnar orðum formanns VR um mikilvægi réttrar félagsaðildar, þar sé sleginn nýr tónn og góður. Hann telur númeraða samninga góða hugmynd og styður hana. Þá kveðst hann hlynntur því að „lobbíistarnir“ í Borgartúni verði neyddir til að semja við verkalýðshreyfinguna í ljósi þess að 30% þeirra fyrirtækja sem eigi aðild að Samtökum atvinnulífsins (SA) semji við aðildarfélög ASÍ vegna 70% launafólks á almennum vinnumarkaði.

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Bárunni:

Ræðir ólíkan „valdastrúktúr“ lítilla og stórra félaga. Hún kveðst vera að sjá þessar tillögur í fyrsta skipti. Þetta séu „risatillögur“ og telur Halldóra að þörf hefði verið á sérstöku málþingi um þær. Hún segir að tillaga sú sem Saga hafi kynnt um miðlægt vinnustaðaeftirlit hljómi vel. Um lögfræðistofu segir Halldóra að hún telji það fyrirkomulag „ekki nógu lýðræðislegt“. Báran sé ánægð með lögfræðinga í sinni þjónustu og þar á bæ þyki mörgum sem niðurstöður lögfræðisviðs á skrifstofu ASÍ hafi stundum mótast af „pólitík“ innan hreyfingarinnar.

Hún telur tillögu um að formenn aðildarfélaga endurspegli breytta tíma og segist styðja tillögu VR.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Tekur undir með Halldóru og leggur áherslu á að ekki sé ætlunin að taka ákvarðanir hér og nú á þessum fundi. Umrædd málefni hafi hins vegar verið unnin í gegnum miðstjórn og hafi þar verið rædd ítarlega. Hann endurtekur að um sé að ræða hugmyndir til umræðu ekki ákvarðanir.

Vilhjálmur E. Birgisson, VLFA:

Er að sjá í fyrsta sinn tillögur þessar þótt málin hafi vissulega verið rædd í miðstjórn.

Hann telur mikla sátt ríkja um miðlæga vinnustaðaeftirlitið. Málið sé langt komið og þetta fyrirkomulag yrði til bóta.

Vilhjálmur kveðst meira tvístígandi gagnvart miðlægri lögfræðiþjónustu. Fyrirkomulagið sé í góðu lagi hjá félagi hans og sami lögmaður hafi unnið fyrir VLFA undanfarin 15 ár.

Vilhjálmur ræðir félagsaðild og rangar skráningar og nefnir sem dæmi að starfsmenn Hvals hafi verið í sjö stéttarfélögum. Hjá Norðuráli hafi á sínum tíma um 10% greitt iðgjöld í VR. Þannig sé þessu háttað „úti um allt“.

Hann kveður jafnan erfitt að standa frammi fyrir launamanni og upplýsa viðkomandi um að hann verði eða megi ekki vera í VLFA. Láti einhver kné fylgja kviði telur Vilhjálmur að málið myndi tapast. Hann hvetur til þess að stigið verði varlega til jarðar.

Vilhjálmur nefnir Stór-Reykjavíkursvæðið og kveður um 30% íbúa á Akranesi sækja þangað vinnu. Mjög flókið og erfitt sé að finna út úr þessu.

Grundvallaratriðið sé það að verkalýðshreyfingin sé svo öflug að launamaður sjái sér hag í aðild að félagi. Aðildin sé nú um 90% og telur Vilhjálmur að væri hinn almenni félagsmaður óánægður væri hún ekki svo mikil sem raun beri vitni.

Jakob Tryggvason, RSÍ:

Telur almennt að miðlægt vinnustaðaeftirlit og lögfræðiþjónusta yrði hreyfingunni til góða. Segir þó nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar. Umræða um vinnustaðaeftirlit sé mislangt komin eftir félögum og greinum sem undir það myndu heyra. RSÍ hafi sem dæmi lagt talsverðan kostnað í það. Þörf sé á nánari skýringum um „praktísku málin“ gagnvart baklandinu.

Um skipulagsmál telur Jakob að FLSA-hópurinn þurfi að öðlast formlegt hlutverk sem endurspegli veruleikann. Hann telur umhugsunarefni ef þingi ASÍ yrði falið að kjósa einungis forseta hvernig fulltrúar myndu upplifa sig í því hlutverki.

Jakob kveðst ekki sjá mikla annmarka á tillögu VR. Hann telur að númeraðir kjarasamningar myndu ekki nauðsynlega eyða öllum „gráum svæðum“, fagnar þeirri rýni sem fram hefur farið og tekur undir að umræða þyrfti að fara fram á stærri vettvangi. Almennt segist hann nokkuð jákvæður gagnvart öllum þeim breytingum sem hreyft hafi verið á fundinum en vitaskuld þyrftu hann og aðrir forystumenn að sækja umboð til félagsmanna.

Hilmar Harðarson, FIT:

Ræðir þann mikla kostnað sem fylgja myndi þeim miðlægu umskiptum sem til umræðu eru og segir að 250 milljóna viðbótarálögur á félögin væri vel í lagt. Hann segir þá spurningu vakna hvort skynsamlegt sé að ráðast í svo stóra og dýra aðgerð. Hann spyr hvort gert sé ráð fyrir að sex eftirlitsfulltrúar starfi vítt og breitt um landið.

Hann segir vinnustaðaeftirlit gott ekki síst með tilliti til samskipta við félagsmenn. Mikilvægt sé að halda sambandinu við nærsamfélagið. Hann segir mikilvægt að í slíku eftirliti séu menntun og réttindi viðkomandi starfsfólks skráð. Ágreiningur hafi verið uppi um þetta atriði. Hilmar kveður ljóst að verði ekki gert ráð fyrir slíkum skráningum í miðlægu vinnustaðaeftirliti muni hann ekki styðja þá tillögu.

Hilmar víkur að norrænu þingi sem hann sótti nýverið þar sem rædd voru áhrif gervigreindar á vinnumarkaði. Hann fjallar um gerviverktöku undir merkjum Wolt, stólaleigu og nýlegan kjarasamning í Danmörku við leigubílafyrirtækið Uber. Mikilvægt sé að fylgjast með þeirri þróun. Mörg spjót standi á verkalýðshreyfingunni vegna tilkomu stafrænna verkvanga. Þar þurfi að innleiða mun stífari reglur. Hann spyr hvort hreyfingin þurfi ekki að leggja meiri vinnu í breytingar tengdar tilkomu gervigreindarinnar? Það eigi almennt við um vinnumarkaðinn, mannaflaþörf, skattlagningu og fleira.

Eiður Stefánsson, FVSA:

Segir margar stórar hugmyndir til umræðu á fundinum. Hann kveðst styðja miðlægt vinnustaðaeftirlit en mikilvægt sé að stéttarfélögin eigi þar aðkomu. Hann telur miðlæga lögfræðiþjónustu þurfa meiri umræðu.

Umræða um skipulagsmálin sé alltaf skemmtileg. Hann vísar til skoðanakönnunar um breytingar þær sem til umræðu eru á fundinum og Varða gerði fyrir miðstjórn. Sú könnun hafi leitt í ljós að á meðal formanna og starfsfólks stéttarfélaga hafi „ekki verið nein stemning fyrir að breyta neinu“.

Hann telur tillögu VR góða og segir að koma ætti á samkomulagi ASÍ, SA og ríkissáttasemjara um númeraða kjarasamninga. Þá þurfi einnig að huga að því hvernig taka beri á málum er varða ranga aðild tengda skilagreinum.

Aðalsteinn Árni Baldursson, Verkalýðsfélagi Húsavíkur:

Segir umræðuna góða. Tillaga VR sé með ágætum og hana geti hann stutt. Hann telur hins vegar að í raun „ráðum við ekkert við þetta“. Í gegnum tíðina hafi menn jafnan farið á milli félaga og svo verði áfram. Þetta skapi vissulega hvimleiðan vanda og óskandi væri að til væri töfralausn. Hann nefnir dæmi úr sínum heimahögum og segir frá mannauðsstjóra sem ráðinn var til starfa í Reykjavík og setti alla ráðna starfsmenn í VR. Þetta hafi að vísu verið lagað.

Hann tekur undir með Vilhjálmi Birgissyni; mestu skipti að verkalýðshreyfingin starfræki öflug félög sem fólk sjái sér hag í að tilheyra.

Aðalsteini Árna líst ekki á hugmynd um miðlægt vinnustaðaeftirlit. Hún gangi ekki

upp gagnvart félögum á landsbyggðinni – ekki sé unnt að stýra slíkri starfsemi frá skrifstofu ASÍ.

Núverandi fyrirkomulag hafi gagnast vel og hans félag hafi í þjónustu sinni öfluga lögfræðinga sem náð hafi góðum árangri í störfum sínum. Hann leggur áherslu á að gott sé að leita til lögfræðinga Alþýðusambandsins, þar starfi frábært fólk.

Um skipulagsmálin segir Aðalsteinn Árni að hann sé eindreginn lýðræðissinni. Því telji hann að áfram eigi að kjósa forseta, varaforseta og miðstjórn á þingi Alþýðusambandsins. Rætt sé um að varaforsetar hafi ekkert vægi innan núverandi skipulags. Með réttu eigi þeir að hafa vægi við stjórnun ASÍ. Hann kveðst andvígur því að FLSA-hópurinn fái hlutverk framkvæmdastjórnar Alþýðusambandsins.

Á dögunum hafi hann og félagar hans rætt þann möguleika að efla enn frekar starfsemi Alþýðusambands Norðurlands. Þar finnist fólki halla mjög á landsbyggðina innan ASÍ. Hann kveðst gera ráð fyrir frekari umræðu um Alþýðusamband Norðurlands. Innan ASÍ þurfi að tryggja að þar séu „allir jafnir“ – það sé sú framtíð sem honum hugnist.

Umræða heldur áfram eftir stutt hádegishlé.

Valmundur Valmundsson, SSÍ:

Hér eru til umræðu mikil og góð mál. Tillaga VR er góð. Valmundur segir að rétt félagsaðild hafi lengi verið eitt hans baráttumál.

Um skipulagsmálin segir Valmundur að hann sé formaður yngsta sambandsins og sjómönnum þyki stundum að rödd þeirra heyrist ekki. Hann nefnir samsköttun hjóna sem dæmi. Karlmenn séu 99% sjómannastéttarinnar og viðtekið sé að hinn aðilinn sinni heimilisstörfum og annist allan rekstur þess í fjarveru þeirra. Þegar sótt sé að kjörum sjómanna eins og við eigi í tilviki afnáms samsköttunar heyri hann iðulega óánægju félagsmanna birtast í spurningum á borð við: „Hvað er ASÍ að gera í þessu?“ Þá kveðst Valmundur jafnan vísa í gildi samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar en ekki verði fram hjá því horft að menn kunni einfaldlega að gefast upp á þeim forsendum að rödd þeirra fái ekki að hljóma á vettvangi Alþýðusambandsins.

Tillögur um vinnustaðaeftirlit og lögfræðiþjónustu þarfnist frekari skoðunar. Báðar séu álitamál skoðaðar hjá sjómönnum. Um lögfræðiþjónustu segir Valmundur að frekari kostnaðargreiningar skorti.

Andri Reyr Haraldsson, FRV:

Andri Reyr segir lítinn tíma gefast til að ræða mjög stór mál. Umræða um þau sé mislangt komin innan Alþýðusambandsins. Lengst sé hún komin á vettvangi miðstjórnar. Hann telur hugmynd um miðlægt vinnustaðaeftirlit í grunninn góða og hana megi vinna áfram. Á hitt beri að líta að vinnustaðaeftirlitið standi nærri hjarta hvers félags. Þarna þurfi að feta slóðina hægt og af yfirvegun.

Hann spyr hvað verði um þau félög sem afráði að taka ekki þátt í þeirri miðlægu þjónustu sem hér sé til umræðu.

Hann telur að miðlæg lögfræðiþjónusta gæti reynst mörgum félögum verðmæt. Ekki sé raunhæft að öll slík þjónusta færist til ASÍ. Nálægð við félagsmenn og samskipti sé mikilvægur þáttur í starfsemi félaganna.

Andri Reyr víkur að skipulagsmálum og kveður hugmyndir um nýja miðstjórn og framkvæmdastjórn „frábærar“. Sjálfsagt sé að hleypa fleiri félögum að ákvarðanatöku á vettvangi ASÍ.

Hann fagnar umræðu um félagsaðild, segir þau mál „tekin föstum tökum innan okkar raða“. Hann segir stærstu ógnina fólgna í „gulum stéttarfélögum“ og gegn þeim þurfi að berjast af fullum þunga.

Georg Páll Skúlason, Grafíu:

Tillaga VR er góðra gjalda verð. Vandinn er framkvæmdin og hvernig ná megi fram ávinningi „án þess að lenda á svelli sem skaðar okkur öll“. Þurfum að vanda félagssvæðin og halda í þau. Mikil félagsaðild er ekki sjálfgefin og vörn sem hún veitir gegn undirboðum og annars konar vanda sem menn berjast nú gegn á Norðurlöndum, þátttaka í verkalýðsfélögum hefur á fáum árum farið úr 80% í um 50%.

Tryggja þurfi með öllum ráðum að atvinnurekendur geti ekki hlutast til um félagsaðild launafólks. Þetta sé stærra mál en marga gruni. Vinna þurfi að því að gera félagsmenn meðvitaða um gildi aðildar. Rýna þurfi þróunina á Norðurlöndum þar sem samfélög séu áþekk hinu íslenska. Yfirfærsla réttinda hafi tekist vel í sjúkrasjóðsmálunum. Hreyfingin þurfi að vinna meira í þeim anda. Alþýðusambandinu miði í rétta átt á meðan félagsaðild sé svo almenn sem raun beri vitni.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi:

Kveðst í grunninn hlynnt miðlægu vinnustaðaeftirliti en hún fái ekki annað séð en að félögin haldi einnig uppi slíku eftirliti á sínum svæðum. Hún telur ekki sjálfgefið að launafólk kosti þetta eftirlit. Það snerti fleiri og því sé eðlilegt að gera ráð fyrir aðkomu fleiri aðila. Hjördís Þóra nefnir að opinberir sjóðir fjármagni yfirleitt slíka starfsemi þótt ASÍ og félögin gætu annast sjálfa framkvæmdina.

Hún kveðst ekki alveg jafn jákvæð gagnvart miðlægri lögfræðiþjónustu. Hún telur þó gott og jákvætt að Halldór Oddsson hafi í erindi sínu nefnt að mögulega væri unnt að ganga til samninga við lögmenn á landsbyggðinni. Hún tekur undir að mál geti vissulega tapast vegna fákunnáttu.

Um skipulagsmálin segir Hjördís Þóra að jafnan þegar þau komi til umræðu hafi allir sínar skoðanir og því sé erfitt að ná lendingu. Hún kveðst hafa efasemdir um tillögu varðandi framkvæmdastjórn, segir reynslu kenna að þær ráði alltaf öllu.

Tillögu VR um félagsaðild telur hún jákvætt skref. Það myndi reynast talsvert verk að koma á þeirri skipan að kjarasamningar væru númeraðir og getur þess að flestir vinnurekendur viti ekki á hvaða samningi starfsfólk þeirra sé. Einnig þyrfti að koma upp félagsnúmerum og nefnir Hjördís Þóra sem dæmi að innan SGS séu 18 félög með kjarasamning. Hún telur þetta líka gilda um verslunarmenn.

Þórarinn G. Sverrisson, Öldunni:

Telur umræðuna góða. Hann tekur undir með Halldóru S. Sveinsdóttur að þessi mál verði rædd á víðari vettvangi. Honum hugnast vel allar hugmyndir sem fram hafa komið og telur þær tengjast. Númeraðir kjarasamningar myndu auðvelda vinnueftirlit. Um lögfræðiþjónustu segir Þórarinn mikilvægt að þekking og grunnur sé til staðar og að félögin hafi eitthvað um það að segja innan ASÍ. Hann hvetur fundarmenn til að mæta til umræðu með opinn huga. Mikilvægt sé að vilji sé jafnan fyrir hendi til að horfa á leiðir til að bæta hag félagsmanna. Hann tekur undir með Vilhjálmi Birgissyni um rétt félaga. Þórarinn segir sjúkra- og orlofssjóði mikilvæga til að fá fram félagsaðild launafólks.

Hilmar Harðarson, FIT:

Hilmar segir að honum lítist vel á tillögur um breytt skipulag Alþýðusambandsins. Hann telur að því myndi fylgja aukin „dýnamík“ ef allir formenn ættu sæti í miðstjórn og það fyrirkomulag myndi einnig auðvelda kosningar á þingi.

Hilmari líst vel á tillögu VR.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Hér hefur verið farið um víðan völl. Til umræðu eru þrjú stór mál. Sumir eru að koma að þessari umræðu í fyrsta skipti. Við höldum umræðu áfram.

Forseti kveður töluverðan samhljóm fyrir hendi um að áfram verði haldið með miðlægt vinnustaðaeftirlit. Þar sé gert ráð fyrir 92 milljóna kostnaði á ári væru sex eftirlitsfulltrúar ráðnir til starfa. Kostnaður við miðlæga lögfræðiþjónustu miðist við þá uppreiknuðu fjárhæð sem aðildarfélögin greiði nú fyrir þessa þjónustu – 162 milljónir króna á ári.

Um tillögu VR segir forseti fyrsta skrefið að vísa henni til miðstjórnar. Hann telur þetta gott mál til að fara lengra með. Hjá ríkissáttasemjara séu uppi hugmyndir um númeraða kjarasamninga og svipað sé að segja um Hagstofu Íslands.

Forseti minnir á að tillaga VR kveði á um að málinu skuli vísað til miðstjórnar og eftir atvikum starfshátta- og skipulagsnefndar í því augnamiði að undirbúa tillögu fyrir næsta þing Alþýðusambandsins. Hann spyr fundarmenn hvort þeir séu því sammála. Svo reynist vera samhljóða.

Hann segir fram hafa komið í umræðu að ráðlegt gæti verið að efna til málþings um þær tillögur sem til umræðu séu. Ákvörðun þar um skuli beint til miðstjórnar.

Hann kveðst einnig skilja umræðu um miðlægt vinnustaðaeftirlit og lögfræðiþjónustu þannig að henni verði vísað til miðstjórnar.

Horfur í efnahagsmálum – kynning á nýrri hagspá ASÍ

Róbert Farestveit kynnir nýja hagspá til loka ársins 2027 og styðst við glærur.

Helstu niðurstöður hagspár eru að hægja muni á umsvifum í hagkerfinu, mikil óvissa ríki um efnahagshorfur og útlit sé fyrir viðvarandi verðbólguþrýsting út spátímann og vaxandi atvinnuleysi. Spáð er hóflegum hagvexti, 1,7–2,1%.

Draga muni úr framboði íbúða. Skýrt misræmi sé til staðar á íbúðamarkaði. Vöntun sé á viðráðanlegum íbúðum til leigu/eignar. Grunnspá gerir ráð fyrir samdrætti í íbúðafjárfestingu og áframhaldandi nafnverðshækkunum.

Kynning á vinnumarkaðsskýrslu ASÍ 2025

Steinunn Bragadóttir gerir grein fyrir nýrri skýrslu um vinnumarkaðinn og styðst við glærur.

Þar kemur m.a. fram að Ísland er með mestu atvinnuþátttöku, 15–64 ára, innan OECD. Mikil atvinnuþátttaka er meðal allra hópa: kvenna, ungs fólks, eldra fólks og innflytjenda. Atvinnuleysi er lítið og á það einnig við um langtímaatvinnuleysi. Samsetning langtímaatvinnulausra er svipuð og hjá atvinnulausum almennt.

Á glæra kemur fram að frá 2003 og til og með 2021 er atvinnuþátttaka innflytjenda meiri en Íslendinga.

Í umfjöllun um atvinnutryggingar og stuðning við atvinnuleitendur segir Steinunn m.a. frá helstu áherslum ASÍ í málaflokknum: að fjármagna þurfi úrræði betur og

sníða þau að þörfum ólíkra hópa. Einnig sýnir hún línurit þar sem fram kemur að Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða sem verja minnstum fjármunum í vinnumarkaðsaðgerðir.

Steinunn fjallar um stuðning við atvinnuþátttöku foreldra og nefnir þar fjölmarga þætti sem vinni ekki með því markmiði, svo sem brúun bilsins þ.e. að samfella milli fæðingarorlofs og leikskóla sé ekki tryggð sem dragi úr þátttöku á vinnumarkaði, einkum kvenna, þak á fæðingarorlofsgreiðslum, vanfjármögnun leikskóla sem leiði af sér manneklu, skerðingu á þjónustu og hærri gjöld fyrir foreldra. Í norrænum samanburði kemur fram að aðeins í Finnlandi er gæsla barna undir þriggja ára aldri á leikskólum minni en hér.

Umræður um efnahags- og kjaramál

Vilhjálmur Birgisson, VLFA:

Þakkar fyrir góð erindi. Kveðst vilja ræða um vonbrigði með núverandi ríkisstjórn og framgöngu hennar gagnvart launafólki. Á launafólki dynji nú árásir sem séu með grófari hætti en lengi hafi sést. Vilhjálmur nefnir jöfnunarframlag ríkisins vegna ólíkrar örorkubyrðar lífeyrissjóða þar sem áformað sé að þurrka út 4,6 milljarða króna sem bitna muni á íslensku verkafólki. Hann minnir á að fyrrverandi ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafi ætlað að feta þessa slóð en þá hefðu fulltrúar í íslenskri verkahreyfingu lamið í borðið og mótmælt kröftuglega. Nú sitji fyrrum verkalýðsleiðtogar á þingi og þá beri svo við að þeir sýni engin viðbrögð.

Vilhjálmur nefnir að samkvæmt fjárlagafrumvarpi eigi barnabætur ekki að halda raungildi sínu. Hann minnir á að í síðustu kjarasamningum hafi verið samið um leiðréttingu barnabóta og lýsir yfir furðu sinni að ríkisstjórn sem kenni sig við félagshyggju, réttlæti og jöfnuð gangi fram með þessum hætti. Vilhjálmur ræðir einnig samsköttun hjóna og nýtingu séreignarsparnaðar sem nú eigi að taka af launafólki í óhag.

Vilhjálmur segir að hreyfingin sé „alltof lin að láta í [sér] heyra“. Hann segir vanta að hreyfingin sé samkvæm sjálfri sér óháð því hverjir sitji í ríkisstjórn. Sjálfsagt sé að hrósa fólki en jafnframt sé mikilvægt að gagnrýna harðlega þegar menn fara út af sporinu. Ótækt sé að flokkshollusta sé látin ráða. Trúverðugleiki verkalýðshreyfingarinnar bíði hnekki.

Hann minnir á mikla umræðu innan hreyfingarinnar um nauðsyn íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Nú boði ríkisstjórnin mikinn niðurskurð til þessa málaflokks en þá „mjálmi bara“ hreyfingin. Þetta sé verkalýðshreyfingin í hnotskurn; hún sé alltof flokkspólitísk. Hér á fundinum ætti með réttu að bera upp kröftuga ályktun þess efnis að ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur hafi ráðist gegn launafólki.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Segir fyrir liggja drög að ályktun sem borin verði upp í lok fundar og fangi þessa umræðu.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu:

Sólveig Anna tiltekur einstök atriði í vinnumarkaðsskýrslu, m.a. umfjöllun á bls. 30–31 þar sem fram komi að 2016 hafi ASÍ og BSRB efnt til sameiginlegrar herferðar til að knýja fram 12 mánaða fæðingarorlof sem síðan hafi orðið að veruleika árið 2020.

Einnig nefnir hún umfjöllun á bls. 33 um áskoranir fæðingarorlofskerfisins þar sem segi að á Íslandi séu 48% barna á leikskóla en hlutfallið sé hærra á hinum Norðurlöndum. Þar segi að þetta skýrist vegna þess að bilið sé ekki brúað. Loks nefnir Sólveig Anna umfjöllun um kostnaðarbyrði á bls. 40 í samhengi við nýjar tillögur Reykjavíkurborgar um fyrirkomulag leikskólaþjónustu.

Hún spyr hvort til umræðu sé innan ASÍ og BSRB, í ljósi þess að samtökin krefjist þess að þessar tillögur verði dregnar til baka, að gangast fyrir átaki á borð við það sem efnt var til 2016. Hún segir að bilið verði ekki brúað með því að setja börn yngri en 12 mánaða á leikskóla. Til þess séu hvorki fyrir hendi leikskólar né starfsfólk. Sólveig Anna biður um skýringu á þessu.

Hilmar Harðarson, FIT:

Fagnar umræðunni. Tekur undir með Vilhjálmi með þeim orðum að hreyfingin þurfi að láta í sér heyra og standa í lappirnar til að halda uppi vörnum fyrir launafólk. Hilmar nefnir breytingar á ráðstöfun séreignarsparnaðar og miklar gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga langt umfram það sem ákveðið hafi verið við gerð síðustu kjarasamninga.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Þakkar fyrir skýrslurnar sem geymi mikið af góðum og mikilvægum gögnum. Kveðst taka að einhverju leyti undir gagnrýni Vilhjálms. Þessi mál hafi verið tekin fyrir á vettvangi VR en ljóst sé að samkvæmni í viðbrögðum gagnvart ríkisstjórn á hverjum tíma sé gríðarlega mikilvæg með tilliti til trúverðugleika Alþýðusambandsins. Hjá VR sé reglan sú að þar sé tekin afstaða til málefna hverju sinni án tillits til stjórnmálaflokka.

Halla hefur miklar áhyggjur af hávaxtastefnu sem hún segir komna í þrot. Seðlabankinn sé búinn að loka sig inni; þar sjáist engin merki um breytingar á vaxtastefnunni. Forsendur kjarasamninga hafi að þessu leyti ekki raungerst.

Gróðasókn fyrirtækja sé stöðug og það sama eigi við um húsnæðismálin. Síðan kalli hagsmunaaðilar eftir niðurskurði á þjónustu við fólk. Þetta eigi við um barna- og húsnæðisbætur, komugjöld og fleira. Þau séu talsvert mörg sviðin þar sem enn standi til að seilast í vasa launafólks.

Halla kveðst horfa til ríkis og sveitarfélaga. Mörg sveitarfélög hafi hækkað leikskólagjöld gríðarlega. Halla rifjar upp kvennaverkfallið fyrir 50 árum og segir ljóst að mikið hafi þurft til að ná þeim fjölda kvenna sem þátt tók í því. Samtakamátturinn hafi byggt upp samfélagið. Atvinnuþátttaka kvenna sé grundvöllur að fjárhagslegu sjálfstæði þeirra.

Halla segist upplifa stöðuna nú sem varnarbaráttu. Leikskólar séu grundvöllur atvinnuþátttöku kvenna og það að þeir séu almennir sé samfélagslegt grundvallaratriði. Gjaldskrár séu svo flóknar að reiknivélar þurfi til að komast í gegnum þær. Ekki hafi verið kosið um þessar breytingar í rekstri leikskóla, þær hafi hvergi verið boðaðar eða frá þeim sagt.

Halla kveðst vita að skoðanir séu skiptar um leikskólamálin en hún telji að þau beri að nálgast út frá hagsmunum vinnandi fólks. Hún mótmælir því að vinnandi fólki og starfsfólki leikskóla sé att saman með tilliti til ólíkra hagsmuna.

Halla kveðst ekki kannast við að til séu nein gögn í tengslum við breyttar atvinnuleysistryggingar sem liggi þeim til rökstuðnings eða grundvallar. Hið sama sé að segja um breytingar á þjónustu leikskóla í Reykjavík – þær styðjist ekki við gögn. Falsgögn séu í umferð í Kópavogi sem nýtt séu víða annars staðar. Ákvarðanir beri að byggja á traustum grunni.

Halla segir þekkt frá nágrannalöndum að slíkar breytingar séu liður í niðurskurðarstefnu og hafi haft þar gríðarlegar afleiðingar. Hópar fólks í fullri vinnu búi við fátækt. Nú sjáist hið sama hér á landi og hreyfingin verði að spyrna við fótum. Halla hvetur fundarmenn til að sameinast um það sem þeir geti – þessa samfélagsþróun geti Alþýðusambandið aldrei samþykkt.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu:

Sólveig Anna ræðir „Reykjavíkurmódelið" svonefnda, þ.e. tillögur að breyttu fyrirkomulagi leikskólaþjónustu. Hún segir Eflingu ekki hafa att saman hópum. Það hafi gerst þegar BSRB og ASÍ kröfðust þess að tillögur yrðu dregnar til baka og leikskólakerfið endurreist. Reykjavíkurborg hafi ekki efni á að byggja innviði. Um það liggi fyrir skýrar upplýsingar sem birtist m.a. í því að borgin treysti á aðkomu lífeyrissjóða innan PPP-verkefna til að byggja húsnæði.

Sólveig Anna skilur ekki hvernig hægt er að halda þessu fram. Með réttu hefði átt að leita til Eflingar áður en þessar kröfur BSRB og ASÍ komu fram. Risahópur Eflingarfólks vinni á leikskólum í Reykjavík – þetta sé fólkið sem haldi þeim gangandi. Samkvæmt lögum eigi tveir af hverjum þremur starfsmönnum að vera fagmenntaðir en reyndin sé sú að hlutfallið sé í það minnsta öfugt og trúlega meira en svo.

Um 80% þessa starfsfólks séu konur sem vinni í þágu samfélagsins fyrir lítil laun. Efling hafi gert könnun hjá þessu fólki sem enginn vilji heyra í og krafið sé um að standa vaktina. Svarhlutfall hafi verið 52% sem telja megi mjög hátt og ríflega helmingur hafi sagst vera mjög eða nokkuð jákvæður gagnvart tillögum Reykjavíkurborgar. Um 19% hafi verið neikvæð. Fólk hafi fundið á eigin skinni að Reykjavík hafi litla getu til að bregðast við aðstæðum. Alls hafi 207 svör borist við opinni spurningu og þar hafi 49,3% talið vandann snúast um mönnun, 33% hafi nefnt álag og streitu en 19,8% laun og kjör. Þetta sýni að vinnuumhverfið sé stærsti vandinn.

Langflestar umsóknir um leikskólastörf berist frá fólki sem tali ekki íslensku. Í lagi þyki að ráða 18–19 ára krakka sem tala íslensku. Þá taki leikskólar að bítast um það starfsfólk sem tali íslensku.

Afstaða hennar mótist ekki af andstöðu við kvennabaráttu. Tillögur Reykjavíkurborgar snúist um að stytta dvalartíma barnanna og minnka þannig álagið. Íslensk leikskólabörn séu með lengstan dvalartíma barna í Evrópu. Það starf fari fram í minnsta rými sem lagt sé undir í Evrópu. Augljóst sé að einhverra ráðstafana sé þörf.

Síðan komi fram krafa um að yngstu börnin fái leikskólapláss. Það húsnæði sé ekki til frekar en starfsfólk. Sólveig Anna kveðst ekki fá skilið hvernig hægt sé að horfa fram hjá svo stórum hópi láglaunakvenna án þess að ræða stöðu þeirra sérstaklega. Djúp gjá hafi myndast sem ekki verði auðvelt að brúa.

Hún biður fundarmenn að setja sig í þau spor að þurfa að segja þessum konum; „ég er búinn að reyna – en á mig er ekki hlustað." Haldin séu kvennaár og kvenna- þetta og hitt en ekki sé talað um þessar konur. Sólveig Anna spyr hvers vegna þessu sé svo háttað. Hvernig er ekki hægt að skilja þetta? spyr hún. Ekki verði lengur haldið áfram á þessari braut. Ekki sé hægt að segja við konurnar; „þið eigið bara að bera þennan kostnað." Starfsmannavelta á leikskólum sé um 33% sem sé einsdæmi.

Sólveig Anna segir talað um „illsku" stjórnvalda í Kópavogi vegna „Kópavogsmódelsins" svonefnda. Staðreyndin sé sú að þar hafi starfsemin snarbatnað. Hún spyr af hverju nálgunin sé svo „dogmatísk" í þessu eina máli. Hún segir Eflingarfólk „í sjokki" og ítrekar að Efling hafi ekki átt frumkvæði að því að etja hópum saman. Forseti ASÍ og formaður BSRB hafi sparkað „í þetta geitungabú".

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Segir Reykjavík hafa óskað eftir umsögnum um breytingartillögurnar. Vilji Reykjavík viðræður sé Alþýðusambandið reiðubúið. Síðasta haust hafi verið myndaður vinnuhópur um leikskólamálin og hafi það starf náð svo langt að komnar hafi verið fram mótaðar, heildstæðar tillögur. Grein hans og formanns BSRB hafi verið skrifuð í því ljósi og þau hafi sérstaklega nefnt lág laun og erfiðar vinnuaðstæður leikskólafólks. Mögulega geti „Reykjavíkurleiðin" verið nothæft skammtímaúrræði. En hvernig beri þá að hátta þjónustu leikskóla til lengri tíma. Nauðsynlegt sé að hugsa líka um foreldrana. Alþýðusambandið sé tilbúið í viðræður við alla um leikskólamálin.

Finnbjörn víkur að viðræðum við Reykjavík um húsnæðismál sem Sólveig Anna gerði að umtalsefni og segir borgina svo skuldsetta að hún ráði ekki við nýjar fjárfestingar. Þess vegna hafi komið fram tillaga um aðkomu lífeyrissjóða til að byggja nýtt hverfi í austurhluta borgarinnar.

Hann minnir á að Reykjavíkurborg hafi tekjur í form útsvars en þar sé ekki gert ráð fyrir nægu fé til leikskóla. Spurning hljóti að snúast um hvernig peningunum sé varið og forgangsröðun. Batni launin komi starfsfólkið. Engum dyrum hafi verið lokað. Alþýðusambandið muni hugsa um hag starfsfólks og félagsmanna. Allt hangi þetta saman.

Forseti kveðst segja við Eflingu: Förum saman í að reyna að leysa þetta með Reykjavíkurborg.

Hilmar Harðarson, FIT:

Ber upp spurningu til lagaspekinga og hagfræðinga í ljósi þess að lokað hafi verið á verðtryggð lán í bönkum í kjölfar dóms í „vaxtamálinu" svonefnda og lífeyrissjóðir láni aðeins upp að 65% í fasteignakaupum, hvort allt sé að „fara í stopp" á fasteignamarkaði og hversu lengi þeir telji að þetta ástand muni vara.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Víkur að spurningu Sólveigar Önnu um fæðingarorlof og segir umræðu um fæðingarorlof sem hún vísi til ekki hafa farið fram í miðstjórn. Hann ítrekar nauðsyn samstöðu um að leysa leikskólamálin.

Steinunn Bragadóttir, starfsmaður skrifstofu ASÍ:

Vísar til spurningar Höllu Gunnarsdóttur um gögn til grundvallar ákvörðunum og segir rétt að lítið hafi sést af gögnum. Óskað hafi verið eftir sérkeyrslum hjá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun. Hún kveðst engin gögn hafa séð frá Reykjavíkurborg.

Róbert Farestveit, sviðsstjóri á skrifstofu ASÍ:

Víkur að umfjöllun um atvinnuleysistryggingar og segir þess ekki freistað að leggja mat á önnur kerfi. Bótaréttur sé 12 til 16 mánuðir á öðrum Norðurlöndum.

Halldór Oddsson, sviðsstjóri á skrifstofu ASÍ:

Bregst við spurningu Hilmars Harðarsonar. Óvissa sé vissulega uppi um stöðu verðtryggðra lána eftir dóminn í „vaxtamálinu". Hann telur að öllum muni þessum málum lykta með sama hætti þar sem byggi á sömu réttarheimildum. Vandinn snúist um hvort og þá hvenær lánastofnanir telji stöðuna nógu skýra til að hreyfa sig. Ólíklegt

sé að löggjafinn stígi inn í málið. Mun taka langan tíma að fá úr þessu skorið en hann telur fremur ólíklegt að lánastofnanir verði stopp lengi. Verkefnið sé að aðlaga lánin að dóminum.

Ályktun formannafundar:

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, les upp ályktun um efnahags- og kjaramál. Eftir kaffihlé og umræðu um orðalagsbreytingar og áhersluatriði er svohljóðandi ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Formannafundur ASÍ 2025 gagnrýnir harðlega niðurskurðarstefnu og samráðsleysi stjórnvalda og árásir ríkisstjórnarinnar á réttindi og kjör launafólks.

Formannafundur lýsir yfir vaxandi áhyggjum af stöðu efnahags- og kjaramála. Skýr merki eru um kólnun í hagkerfinu, atvinnuleysi fer vaxandi, verðbólga og stýrivextir eru enn óásættanlega háir og ekkert lát virðist vera á hávaxtastefnunni. Helsti drifkraftur verðbólgunnar er enn úrræðaleysi stjórnvalda í húsnæðismálum sem bitnar verst á ungu fólki og tekjulægri heimilum, en einnig gróðasókn fyrirtækja sem hafa ekki haldið aftur af verðhækkunum. Með undirritun stöðugleikasamninganna á vinnumarkaði vorið 2024 axlaði launafólk ríka ábyrgð á því að stuðla að hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta. Ábyrgðin á verðstöðugleikanum verður ekki sett eingöngu á herðar launafólks. Nú er komið að því að stjórnvöld og fyrirtæki axli sína ábyrgð.

Formannafundur hafnar þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur boðað til að ná markmiðum í ríkisfjármálum en með þeim eru þyngstu byrðarnar lagðar á atvinnulausa, barnafólk, ellilífeyrisþega og heimilin í landinu. Verði fjárlagafrumvarpið samþykkt óbreytt mun það þýða skerðingar á lífeyrisréttindum verkafólks, rýrnun barnabóta og húsnæðisstuðnings, lækkun á framlögum til íslenskukennslu, hærri gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni og veikari atvinnuleysistryggingar nú þegar atvinnuleysi fer vaxandi.

Jafnframt ítrekar fundurinn ákall sitt til ríkisstjórnarinnar um að endurskoða áform sín um niðurfellingu framlags til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða þar til um annað fyrirkomulag hefur verið samið, til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna með fullnægjandi hætti. Verkalýðshreyfingin mun aldrei fallast á að verka- og láglaunafólk verði eitt látið bera byrðarnar af misskiptri örorkubyrði með frekari lækkun á lífeyrisréttindum sínum.“

Önnur mál:

Svanfríður G Bergvinsdóttir, ASÍ-UNG:

Kveðst vera á fundinum sem fulltrúi ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar. Svanfríði langar að þakka fyrir fundinn og segir afar mikilvægt að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í honum.

Svanfríður minnir á að fyrir helgi hafi þing ASÍ-UNG verið haldið með þátttöku 23 fulltrúa frá 15 félögum. Í ljósi þess að aðildarfélög ASÍ séu 42 blasir við að gera megi betur í að mæta til samstarfs á þessum vettvangi ungs fólks innan ASÍ. Hún vill hvetja viðstadda formenn til að senda fulltrúa á viðburði á vegum ASÍ-UNG og vera í sambandi við ungliðahreyfinguna. Mikilvægt sé að hreyfingin virki unga fólkið, þess sé framtíðin.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Hér höfum við hafið umræðu um mál sem skipta okkur sköpum og verða tekin áfram innan miðstjórnar. Vera má að við efnum til málþings um skipulagsmál. Miklu skiptir að ASÍ sé í takti við tímann og félagsmanninn. Jafnan eigi að horfa til hans í viðleitni við að ná sem bestum árangri. Forseti kveðst telja að hagsmunir félagsfólks séu jafnan ráðandi þegar forystufólk komi saman til skrafs og ráðagerða.

Finnbjörn þakkar fyrir snarpa, góða og málefnalega umræðu.

Máli sínu lýkur hann með því að taka undir orð Svanfríðar G. Bergvinsdóttur. Gríðarlega mikilvægt sé að unga fólkið sé virkjað til þátttöku innan stéttarfélaganna og á vettvangi ASÍ-UNG. Síðar muni þetta unga fólk koma öflugt til starfa í þágu félagsmanna. Finnbjörn beinir orðum sínum til formanna og segir mjög mikilvægt að þeir hugi að unga fólkinu.

Að svo mæltu slítur forseti fundi.



Miðstjórn ASÍ á fundi í september 2026.

Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambands Íslands í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykkta þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Í miðstjórn sitja 14 fulltrúar auk forseta ASÍ.

Miðstjórn Alþýðusambandsins kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Fundað er á miðvikudögum. Almenna reglan er sú að fyrri fundur mánaðarins fer fram á fyrsta miðvikudegi mánaðar í húsnæði ASÍ við Guðrúnartún í Reykjavík en sá síðari fer fram þriðja miðvikudag mánaðar um net. Efnt er til aukafunda miðstjórnar þegar ástæða þykir til.

Örorkumál og endurskoðun örorkulífeyriskerfis

Umræða um framtíðarfyrirkomulag örorkumála var fyrirferðarmikil í störfum miðstjórnar á tímabilinu. Á haustmánuðum 2025 var staða nýs örorkulífeyriskerfis tekin til umræðu, einkum samspil þess við lífeyrissjóðakerfið og sá vandi sem skapast hafði vegna mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða. Lýst var áhyggjum af því að nýtt kerfi almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfið féllu ekki nægilega vel saman og að óleyst væri hvernig bæta ætti þeim sjóðum upp sem borið hefðu þyngri byrðar en aðrir. Jafnframt var bent á að ef jöfnunarframlag vegna örorkubyrði félli niður gætu sumir sjóðir staðið frammi fyrir verulegum réttindaskerðingum. Strax á þessu stigi var einnig dregin upp sú meginhugsun að kanna þyrfti hvort rétt væri að örorkubyrðin yrði áfram innan

lífeyrissjóðakerfisins eða hvort heppilegra væri að færa hana í sérstakan sjóð.

Í nóvember 2025 hófust formlegar viðræður um breytingar á örorkulífeyriskerfinu. Það gerðist eftir að stjórnvöld höfðu staðfest að jöfnunarframlag vegna örorkubyrði fimm lífeyrissjóða verkafólks yrði greitt áfram næsta ár. Viðræður voru settar í fastan farveg og þegar á fyrsta fundi kom fram að meginákersla ASÍ væri að ræða lagaumhverfi lífeyrissjóða og kanna hvort unnt væri að koma á fót sérstökum örorkubótasjóði án víxlverkana við önnur kerfi. Með því var stigið fyrsta skrefið í þá átt að móta nýtt og sjálfbærara fyrirkomulag.

Í desember 2025 var málið tekið aftur fyrir og þá í víðara samhengi lífeyrismála. Farið var yfir störf nefndar ASÍ, SA og stjórnvalda sem vann að því að meta fýsileika nýs örorkusjóðs. Um leið var sjónum beint að fleiri þáttum sem þyrfti að leysa samhliða, svo sem tekjutengingu og víxlverkun milli greiðslna Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða. Einnig var rædd snemmtæk íhlutun í kjölfar veikinda og starfsgetumissis, en lögð áhersla á að slík nálgun gæti orðið hluti af nýrri heildarlausn án þess að gengið yrði á gildandi veikindarétt launafólks.

Í byrjun árs 2026 tók undirbúningur nýs örorkulífeyrissjóðs á sig skýrari mynd. Í janúar lágu fyrir meginútlínur að nýjum sjóði og þær höfðu þegar verið kynntar öðrum heildarsamtökum launafólks og fulltrúum lífeyrissjóða. Áhersla var lögð á að komast að niðurstöðu með stjórnvöldum um hvort ríkið væri reiðubúið að leggja verkefninu lið og tryggja þá fjármuni sem þyrfti til að hrinda því í framkvæmd. Gert var ráð fyrir að það fjármagn sem þegar rynni til örorkulífeyris fylgdi inn í nýtt kerfi, auk jöfnunarframlagsins, en jafnframt þurfti að skýra með hvaða hætti ríkið kæmi að rekstrinum til lengri tíma. Samhliða þessu var ákveðið að undirbúa næsta áfanga vinnunnar, þar sem snemmtæk íhlutun vegna veikinda og starfsgetumissis yrði skoðuð sérstaklega.

Í febrúar 2026 fóru fram fundir með fjármála- og félagsmálaráðherra um þessar hugmyndir. Þar var leitað eftir skýrri afstöðu stjórnvalda til þess hvort ráðast ætti í þessar breytingar. Samhliða komu fram áform um breytingar á fjárfestingarheimildum og stjórnarháttum lífeyrissjóða. Þær hugmyndir vöktu efasemdir, einkum vegna þess að þær gætu styrkt þá þróun að gera auknar „hæfniskröfur“ til stjórna sjóðanna og þar með þrengt að fulltrúum launafólks. Um miðjan febrúar lá þó enn ekki fyrir endanleg afstaða ríkisstjórnarinnar til sjálfs örorkumálsins.

Í mars 2026 kom fram að fyrsta fasa verkefnisins væri lokið. Þá lágu fyrir útlínur að nýjum örorkutryggingasjóði og mat á því að verkefnið gæti gengið fjárhagslega upp miðað við þær forsendur sem fyrir lágu. Einnig kom fram að almenn samstaða væri um verkefnið innan stórs hluta stjórnkerfisins, þótt fyrirvarar væru enn fyrir hendi. Ákveðið var að halda áfram undirbúningi næsta áfanga, þar sem stærri hópur aðila kæmi að málinu, meðal annars með það fyrir augum að fara nánar yfir hagnýt atriði, tengsl við kjarasamninga og möguleika á snemmtækri íhlutun. Þannig þróaðist málið á þessu tímabili frá almennri umræðu um vanda kerfisins yfir í skipulagðan undirbúning að nýju fyrirkomulagi.

Efnahagsmál, verðbólga og samskipti við stjórnvöld

Efnahagsmál voru áberandi í umræðum miðstjórnar allt tímabilið, ekki síst í ljósi þrálátrar verðbólgu, hás vaxtastigs og vaxandi efasemda um að forsendur kjarasamninga héldu út samningstímann. Í nóvember 2025, þegar staða efnahagsmála var tekin til umræðu í tengslum við vaxtaákvörðun Seðlabankans, var bent á að þótt sjá mætti merki um kólnun í hagkerfinu væru verðbólguþrýstingur og kostnaðaraukning enn fyrirferðarmikil. Sérstaklega var bent á áhrif boðaðra gjaldabreytinga um áramót, þar á meðal nýs kílómetragjalds, auk þess sem gagnrýnt var að stórfyrirtæki á neytenda-

mörkuðum og á eldsneytismarkaði skiluðu kostnaðarhækkunum hratt út í verðlag. Þá var jafnframt hafnað þeirri einföldu skýringu að launahækkanir launafólks væru meginorsök verðbólgu.

Efnahagsmálin komu aftur með þunga inn í umræðu miðstjórnar á fyrstu mánuðum ársins 2026. Þegar rætt var um 1. maí í febrúar kom skýrt fram að verðbólga, húsnæðismál og afkoma heimilanna væru meðal stærstu viðfangsefna verkalýðshreyfingarinnar. Í mars var síðan farið ítarlega yfir stöðu mála eftir fund Þjóðhagsráðs. Þar kom fram vaxandi óánægja með það hvernig stjórnvöld hefðu staðið við fyrirheit sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga 2024. Miðstjórnarfólk lýsti áhyggjum af því að ríki og sveitarfélög hefðu hækkað gjaldskrár langt umfram þau viðmið sem samið hafði verið um, að verðhækkanir stórfyrirtækja héldu áfram og að húsnæðismarkaðurinn væri áfram stór drifkraftur verðbólgu. Jafnframt var bent á að áhrif verðbólgu og vaxta féllu þyngst á tekjulægri heimili, ungt fólk og skuldsetta hópa, á meðan tekjuhærri hópar væru betur varðir.

Í kjölfar fundar fulltrúa ASÍ með ríkisstjórninni í mars voru unnin drög að minnisblaði til forsætisráðherra, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra. Það minnisblað var lagt fyrir miðstjórn og samþykkt. Þar var dregin upp alvarleg mynd af stöðu efnahagsmála og bent á að niðurskurð eða veikingu velferðarkerfa mætti ekki nota sem svar við verðbólguvandanum. Þess í stað var kallað eftir aðgerðum sem legðu meira aðhald á tekjuhærri hópa og styrktu tekjustofna ríkisins með réttlátari hætti, meðal annars með aukinni áherslu á skattlagningu auðs og fyrirtækja, aðgerðum gegn skattsniðgöngu og endurskoðun á þeim leiðum sem gera kleift að færa atvinnutekjur yfir í fjármagnstekjur. Þá var lögð áhersla á að halda verðgildi bóta og annarra tilfærslna, hraða uppbyggingu húsnæðis, stemma stigu við hækkun leiguverðs og styrkja samkeppni á fákeppnismörkuðum. Einnig var þess krafist að dregið yrði til baka frumvarp um breytingar á atvinnuleysistryggingum og aðgerðir gegn launaþjófnaði efldar.

Í apríl 2026 hófst formlegt þríhliða samráð stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda um efnahags- og verðlagsmál. Í umræðum um þá vinnu kom skýrt fram að ASÍ teldi mikilvægt að fyrir lægi raunveruleg og sameiginleg greining á stöðu mála áður en gripið yrði til aðgerða. Sérstök áhersla var lögð á að kortleggja áhrif verðbólgu og vaxta á ólíka hópa, fara yfir raunverulega launaþróun og kanna áhrif sjálfvirkra verðhækkana, meðal annars í leiguverði og verðtryggðum samningum. Jafnframt kom fram skýr krafa um að stjórnvöld, sveitarfélög, bankakerfi og stórfyrirtæki bæru sinn hluta ábyrgðar og gripu til aðgerða til að draga úr verðhækkunum og verja stöðu heimilanna. Í þeirri umræðu kom einnig fram að miðstjórn taldi óásættanlegt að stórar efnahagsaðgerðir væru kynntar án raunverulegs samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Þríhliða viðræðurnar héldu áfram inn í sumarið. Skipaður var stýrihópur og þrír vinnuhópar sérfræðinga. Talsmenn verkalýðshreyfingarinnar lýstu yfir auknum áhyggjum af því að forsendur kjarasamninga myndu ekki halda við mat á þeim í haust. Það mat reyndist rétt þegar 12 mánaða verðbólga reyndist 5,6% í ágústmánuði, vel yfir þeim 4,7% sem forsenduákvæðið skilgreindi. Þar með skapaðist heimild til að segja upp kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Stýrivextir og gagnrýni á peningastefnu

Afstaða miðstjórnar til vaxtaákvarðana Seðlabankans og peningastefnu hans var skýr á tímabilinu og harðnaði eftir því sem leið á. Þegar Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í nóvember 2025 um 0,25 prósentustig voru viðbrögðin tvíþætt. Annars vegar var talið

jákvætt að vaxtalækkun hefði loks átt sér stað, enda væru merki um kólnun hagkerfisins farin að sjást. Hins vegar var skrefið talið of lítið og ekki nægilega djúpt miðað við aðstæður heimila og fyrirtækja. Í umræðum kom fram að hávaxtastefna bankans kæmi mjög misjafnlega niður á fólki; sumir nytu ávinnings af háum vöxtum og verðtryggingu á meðan aðrir bæru sífellt þyngri byrðar. Þá var einnig gagnrýnt að málflutningur um launaskrið og ábyrgð launafólks á verðbólgu væri settur fram án fullnægjandi gagna og án þess að tekið væri tillit til húsnæðisvanda, gjaldskrárhækkana og verðlagningar stórfyrirtækja.

Þessi gagnrýni harðnaði enn í mars 2026 þegar Seðlabankinn ákvað að hækka stýrivexti. Miðstjórn lýsti þá yfir verulegum vonbrigðum með ákvörðunina og taldi að skýr merki um kólnun hagkerfisins, ásamt auknu atvinnuleysi og versnandi stöðu heimila, hefðu átt að leiða til annarrar niðurstöðu. Í samþykktri ályktun miðstjórnar var vaxtahækkunin kölluð áfellisdómur yfir efnahagsstjórn landsins og bent á að hún legði auknar byrðar á tekjulágt, ungt og skuldsett fólk á sama tíma og aðrir hópar væru mun síður berskjaldaðir. Jafnframt var rakið að verkalýðshreyfingin hefði sýnt ábyrgð við gerð langtímakjarasamninga árið 2024 en að ríki, sveitarfélög og fyrirtæki hefðu ekki staðið við sambærileg fyrirheit um aðhald í verðlagsmálum og opinberri gjaldtöku.

Í umræðum í mars kom einnig fram að innan hreyfingarinnar væri vilji til að svara með enn markvissari hætti þeim málflutningi Seðlabankans að launahækkanir væru helsta orsök verðbólgu. Áhersla var lögð á að vinna síðar ítarlegri greiningu á áhrifum launa, húsnæðisliðar vísitölunnar, gjaldskrárhækkana hins opinbera, verðlagningar stórfyrirtækja og annarra þátta á verðbólguþróun. Miðstjórn vildi þannig bæði halda á lofti skýrri pólitískri gagnrýni og undirbyggja hana betur með eigin gögnum og greiningum.

Breytingar á skattlagningu eldsneytis og upptaka kílómetragjalds

Í janúar 2026 var fjallað sérstaklega um kerfisbreytingar á skattlagningu eldsneytis og ökutækja sem tóku gildi um áramótin. Með þeim var krónutölugjöldum á jarðefnaeldsneyti aflétt og tekið upp sérstakt kílómetragjald fyrir hvern ekinn kílómetra, samhliða hækkun kolefnisgjalds. Fyrir fólksbíla undir 3.500 kg var gjaldið ákveðið 6,95 krónur á hvern ekinn kílómetra. Farið var yfir áætlanir um áhrif breytinganna og kom fram að miðað við forsendur um íblöndun í bensíni ætti þessi kerfisbreyting að skila umtalsverðri lækkun á bensínverði. Sú niðurstaða virtist staðfest í verði hjá smásölum fyrstu daga ársins.

Umræðan beindist þó ekki eingöngu að tæknilegri útfærslu gjaldtökunnar heldur einnig að dreifingu kostnaðar og ávinnings. Rætt var um forsendur gjaldsins, meðal annars tengsl þess við þyngd bifreiða og þá afstöðu stjórnvalda að fastur kostnaður af vegakerfinu skyldi leggjast með svipuðum hætti á alla notendur. Einnig var fjallað um kolefnisgjaldið sem hluta af heildarmyndinni. Sérstök áhersla var lögð á að fylgjast náið með þróun verðlagningar á eldsneytismarkaði og ekki síst með því hvort hlutur olíufélaganna í verðmynduninni hefði vaxið samhliða breytingunum. Málið tengdist þannig bæði neyslumálum heimilanna og stærri umræðu um verðbólgu, fákeppni og ábyrgð fyrirtækja á markaði.

Miðlægt vinnustaðaeftirlit

Á vormánuðum 2026 var stigið mikilvægt skref í umræðu um hvernig styrkja mætti vinnustaðaeftirlit innan verkalýðshreyfingarinnar. Í mars voru lagðar fram tvær

tillögur um miðlægra eftirlitskerfi á vettvangi ASÍ. Forsagan var sú að eftirlit með vinnustöðum hafði hingað til að mestu verið í höndum einstakra aðildarfélaga og því orðið ójafnt að umfangi og gæðum, eftir getu, mönnun og aðstæðum hjá hverju félagi. Í umræðunni var bent á að þetta hefði sérstaklega orðið sýnilegt eftir heimsfaraldurinn, þegar eftirlitsstarf byggðist oft á frumkvæði og úthaldi fárra einstaklinga. Einnig kom fram að eftirlitsfulltrúar ynnu gjarnan einir við krefjandi aðstæður og skorti samhæfingu og stuðning.
Samkvæmt tillögunum sem kynntar voru átti miðlægt eftirlit að vera viðbót við starf félaganna en ekki koma í stað þess. Markmiðið var að byggja upp sérhæfðan stuðning, samræma verklag betur og efla samstarf við opinberar stofnanir. Tillaga A gerði ráð fyrir sex sérhæfðum eftirlitsfulltrúum og um 120 milljóna króna árlegum kostnaði, en tillaga B fyrir viðaminni útfærslu með þremur starfsmönnum og helmingi lægri kostnaði.

Umræður í miðstjórn sýndu skýran vilja til að styrkja eftirlitið með metnaðarfyllri hætti. Rætt var um mikilvægi þess að missa ekki þá þekkingu sem þegar væri til staðar innan aðildarfélaganna, heldur bæta við hana miðlægum stuðningi og sérhæfingu. Einnig var rætt um fjármögnun, meðal annars hvort verkefnið yrði fjármagnað að hluta innan ASÍ, með hækkun skatta eða með aðkomu ríkisins, enda tengdist verkefnið einnig stærri samfélagsmálum á borð við brotastarfsemi á vinnumarkaði, mansal og ólöglega starfsemi.

Að lokinni umræðu var ljóst að mikill meirihluti miðstjórnar studdi umfangsmeiri leiðina, tillögu A, og hún varð niðurstaðan til áframhaldandi vinnslu. Í kjölfarið skyldi fjármögnun verkefnisins tekin til nánari skoðunar við gerð næstu fjárhagsáætlunar. Fjármögnun verkefnisins var rædd á fundum miðstjórnar í maí og júní þegar samþykkt var að leggja tillöguna fyrir 47. þing ASÍ.



1. maí 2026

Undirbúningur 1. maí var tekinn til umræðu í tveimur áföngum. Í febrúar 2026 var rætt um hvert þema dagsins ætti að vera og hvaða áherslur ætti að draga fram. Þar komu fram hugmyndir um að leggja áherslu á stöðu barnafjölskyldna, húsnæðismál, verðbólgu, efnahagsmál almennt og mögulegan forsendubrest kjarasamninga síðar á árinu. Jafnframt var þung áhersla lögð á samstöðu launafólks á tímum þar sem samfélagsumræða væri óbilgjörn hörð og sundrandi.

Á fundi miðstjórnar í mars lágu fyrir nokkrar tillögur að yfirskrift. Eftir umræðu varð fljótt ljóst að miðstjórn taldi eina tillögu fanga best þann boðskap sem hreyfingin vildi setja í forgrunn. Niðurstaðan varð því sú að yfirskrift 1. maí 2026 yrði: **„Styrkur**

okkar er velferð allra.“ Með þeirri niðurstöðu var lögð áhersla á félagslega ábyrgð og það sjónarmið að samstaða og styrkur hreyfingar launafólks væri ein grunnforsenda velferðarsamfélagsins.

Lagareldi

Frumvarp um lagareldi kom til umræðu í miðstjórn vorið 2026 og þróaðist umfjöllunin frá almennri stefnumótandi umræðu yfir í nánari afstöðu til frumvarpsdraganna sjálfra. Í mars var málið kynnt sem nýr og stór málaflokkur, þar sem ljóst væri að um væri að ræða bæði atvinnu-, auðlinda- og umhverfismál. Farið var yfir helstu atriði frumvarpsins og bent á að með því yrði opnað fyrir sjókvíaeldi víða um land nema ráðherra tæki sérstaklega ákvörðun um annað. Þá var gerð athugasemd við að ráðherra hefði of mikið svigrúm við úthlutun svæða og að fyrirkomulagið gæti orðið matskennt og ógagnsætt.

Sérstakar áhyggjur komu fram af því að í frumvarpinu fælust heimildir sem gætu stuðlað að þróun á borð við kvótakerfi, þar sem leyfi og réttindi yrðu sjálfstæð verðmæti sem hægt væri að halda í, leigja út eða safna á fárra hendur. Jafnframt var bent á að gjaldtaka vegna nýtingar auðlindarinnar væri mun veikari en þekktist til dæmis í Noregi og tryggði ekki að þjóðin fengi eðlilegan hlut í auðlindarentu af nýtingu fjarða landsins. Í umræðunum tókust á sjónarmið um atvinnusköpun annars vegar og umhverfisvernd og langtímahagsmuni hins vegar. Þar komu fram sterk sjónarmið um að gæta yrði fyllstu varúðar gagnvart áhrifum sjókvíaeldis á náttúru, laxastofna og samfélög, um leið og viðurkennt var að greinin hefði þegar orðið mikilvægur atvinnuvegur á tilteknum svæðum.

Í apríl lágu fyrir drög að umsögn ASÍ um frumvarpið. Þar var fallist á að jákvætt væri að setja heildstæðari lög um greinina, enda hefði lagaumhverfi, stjórnsýsla og eftirlit hingað til verið ófullnægjandi. Hins vegar voru gerðar alvarlegar athugasemdir við sjálft frumvarpið. Áréttað var að gjaldtaka tryggði ekki þjóðinni nægilega hlutdeild í auðlindarentu, að útboðsleið við úthlutun svæða væri ekki útfærð sem raunverulegt markaðsútboð og að núverandi rekstraraðilar gætu áfram nýtt auðlindina án þess að greiða markaðsverð. Einnig var gagnrýnt að frumvarpið opnaði fyrir sjókvíaeldi víðar um land en áður og veikti þar með varúðarnálgun gagnvart viðkvæmum vistkerfum.

Í umræðunum í apríl var einnig lögð áhersla á að horfa raunsætt á atvinnusjónarmið, sérstaklega í byggðarlögum þar sem sjókvíaeldi hefði orðið mikilvægur hluti atvinnulífs. Um leið mótaðist sú afstaða skýrar að nauðsynlegt væri að setja mun strangari skorður við frekari útbreiðslu greinarinnar og tryggja að sameiginleg auðlind yrði ekki grunnur að nýrri samþjöppun auðs og réttinda. Þannig varð niðurstaðan sú að nálgast þyrfti málið af mikilli varfærni: viðurkenna þá atvinnu sem þegar hefði orðið til, en setja skýrari mörk, tryggja samfélagslega rentu og vernda náttúruna betur til framtíðar.

Fjöldi varaforseta

Í tengslum við tillögur um lagabreytingar til 47. þingsins kom fjöldi varaforseta til umræðu í miðstjórn í júnímánuði. Varaforsetar Alþýðusambandsins hafa verið þrír frá árinu 2020. Í lögum ASÍ segir að hlutverk varaforseta sé að gegna hlutverki forseta í forföllum hans.

Á fundi miðstjórnar í júní var samþykkt með átta atkvæðum gegn fjórum að leggja til við 47. þingið að varaforsetum verði fækkað úr þremur í einn.

Ályktanir miðstjórnar ASÍ



Miðstjórn ASÍ fordæmdi ólöglegt árásarstríð Bandaríkjamanna og Ísraela á hendur Írönum.

Lokun PCC á Bakka, 15. október 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) lýsir yfir þungum áhyggjum af atvinnuástandi á Húsavík og nágrenni vegna lokunar kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka.

Miðstjórn hvetur stjórnvöld til að bregðast við hið fyrsta þannig að unnt verði að hefja rekstur fyrirtækisins á ný. Í því efni skiptir mestu að rekstrarumhverfi PCC verði bætt með beinskeyttum aðgerðum.

Miðstjórn leggur áherslu á að stöðvun reksturs PCC megi einkum rekja til erfiðleika á mörkuðum og röskunar þeirra vegna tollastríðs. Þá er samkeppnisstaða gagnvart Kína erfið þar sem verkafólk sem engra réttinda nýtur og býr við ömurleg launakjör og aðbúnað framleiðir ódýran kísilmálm í miklu magni.

Hátt í 200 störf tengjast beint starfsemi PCC að meðtöldum undirverktökum. Afleidd störf af starfseminni skipta hundruðum.

Lokun verksmiðjunnar, sem er ein hin fullkomnasta í heiminum, er mikið áfall fyrir atvinnulíf á Norðurlandi og alvarlegra áhrifa er þegar tekið að gæta.

Miðstjórn ASÍ ítrekar því ákall sitt til stjórnvalda um að brugðist verði við hið fyrsta þar sem gífurlegir hagsmunir eru í húfi, jafnt fyrir atvinnulíf á Norðurlandi sem þjóðarbúið sjálft.“

Vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands, 19. nóvember 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur þá ákvörðun peningastefnunefndar að lækka stýrivexti skref í rétta átt nú þegar skýr merki eru um kólnun í hagkerfinu. Peningalegt aðhald þrengir nú þegar verulega að skuldsettum heimilum, og getur ýtt undir hraðari kólnun hagkerfisins og stuðlað að auknu atvinnuleysi.

Samkvæmt spá Seðlabankans hægir verulega á hagvexti á þessu ári og hinu næsta. Þar dregur bæði úr útflutningi stóriðju og sjávarafurða. Jafnframt er búist við auknu atvinnuleysi á næstu misserum. Á sama tíma væntir bankinn þess að einkaneysla vaxi nokkuð. Nýlegar tölur um kortaveltu eru til marks um að hluti þjóðarinnar sé í góðu skjóli hárra vaxta og geti haldið uppi mikilli neyslu á meðan byrðar peningastefnunn-

ar eru bornar af skuldsettum heimilum og ungu fólki. Verkalýðshreyfingin bendir á að umsamdar launahækkanir kjarasamninga tryggðu launafólki hóflegar launahækkanir sem studdu við verðbólgumarkmið Seðlabankans og áhyggjur Seðlabankans af launaskriði á vinnumarkaði eru ekki á ábyrgð almenns launafólks.

Miðstjórn bendir þó á að megindrifkraftur verðbólgu um þessar mundir er enn hækkanir á leiguverði sem rekja má til framboðsskorts og úrræðaleysis stjórnvalda á húsnæðismarkaði. Við hátt vaxtastig og stíf lánþegaskilyrði er fyrirséð að spenna ríki áfram á leigumarkaði og ýti undir aukinn ójöfnuð milli þeirra sem eiga og þeirra sem eiga ekki. Óþolandi er að launafólk, ungt fólk og einstaklingar á leigumarkaði beri þyngstu byrðarnar af hagstjórnarmistökum og óstjórn í húsnæðismálum.

Hægt hefur á hjöðnun verðbólgunnar á þessu ári, hún mælist 4,3% um þessar mundir en 3,3% sé horft fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar. Verðbólga skýrist nú í auknum mæli af hækkunum á matvælaverði en árshækkun á mat- og drykkjarvörum mælist nú tæplega 6%. Miðstjórn kallar eftir að fyrirtæki og hið opinbera sýni ábyrgð og standi við markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í mars 2024. Óboðlegt er að stórir aðilar í heildsölu, smásölu og eldsneytissölu gangi gegn markmiðum kjarasamninga og auki arðsemi í krafti fákeppni.

Miðstjórn ASÍ minnir á að langtíma kjarasamningar voru undirritaðir í fyrra með það meginmarkmið að stuðla að lækkun vaxta og minni verðbólgu. Í því fólst skuldbinding um að atvinnulífið héldi aftur af verðhækkunum og loforð stjórnvalda um að halda aftur af gjaldskárhækkunum. Við þetta hefur ekki verið staðið og engin sátt mun ríkja á vinnumarkaði ef fyrirtæki og opinberir aðilar skorast undan þessari ábyrgð sinni.“

Stefnuleysi stjórnvalda í málefnum innflytjenda, 3. desember 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af stefnuleysi stjórnvalda í málefnum innflytjenda sem m.a. birtist í afleitri stöðu íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur. Skortur á heildstæðri framtíðarsýn og viðeigandi fjármögnun hefur orðið til þess að stórum hópi fólks, sem heldur uppi grunnstoðum íslensks samfélags, er enn ekki tryggð sjálfsögð réttindi og þjónusta.

Innflytjendur eru nú um fjórðungur vinnumarkaðarins en stjórnvöld hafa áratugum saman brugðist þeirri ábyrgð að tryggja þeim jöfn tækifæri, raunhæfan stuðning og aðgengi að upplýsingum og viðeigandi þjónustu. Þrátt fyrir að heildarstefna í málefnum innflytjenda hafi legið fyrir í september 2024 hefur ríkisstjórnin hvorki samþykkt né innleitt hana. Þetta er skýrt merki um skort á pólitískri ábyrgð.

Sama ábyrgðarleysi birtist í stöðu íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur þar sem aðgengi að námi er brotakennt og fjármagn ekki í samræmi við þörf. Vilji innflytjenda til þess að læra íslensku og taka þátt í samfélaginu er ljós en án markvissra aðgerða og skýrrar umgjarðar er ekki hægt að gera kröfu um bætta íslenskufærni þeirra. Tryggja þarf að aðgengi að íslenskukennslu sé sjálfsagður réttur allra!

Þá hvetur miðstjórn ASÍ íslensk stjórnvöld til að vanda orðræðu um innflytjendur, ganga fram af ábyrgð og gæta nákvæmni í opinberri umræðu um fólk sem býr og starfar hér á landi. Innflytjendur eru óaðskiljanlegur hluti íslensks samfélags og mikilvægt er að framlag þeirra á vinnumarkaði sem annars staðar sé metið að verðleikum. Löngu er tímabært að stjórnvöld sýni ábyrgð og vinni af heilindum að samfélagi réttlætis og samstöðu en hverfi frá tilviljunum, stefnuleysi og útilokun.“

Þungar áhyggjur af stöðu efnahagsmála, 18. febrúar 2026

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af ástandi efnahagsmála. Langvarandi hávaxtastefna hefur valdið ómældum skaða en ekki skilað árangri sem skyldi og það er tímabært að endurskoða aðferðafræðina. Miðstjórn hafnar fullyrðingum Seðlabankans um að orsakir verðbólgunnar megi rekja til þeirra kjarasamninga sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði. Launafólk undirgekkst kjarasamninga sem kváðu á um launahækkanir undir verðbólgu gegn því að stjórnvöld myndu halda aftur af gjaldskrárhækkunum og fyrirtæki aftur af verðhækkunum. Þær hækkanir sem hafa komið til á verðbólgunni undanfarna mánuði má hins vegar rekja beint til aukinna gjalda hins opinbera og mikilla verðhækkana fyrirtækja, sem aftur skila sum auknum hagnaði á verðbólgutímum. Mælt launaskrið á sér ekki rætur í kjarasamningsbundnum launahækkunum á almennum markaði og það er ábyrgðarhluti af Seðlabankanum að þyrla upp ryki með slíkum fullyrðingum.

Miðstjórn lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem nú er að teiknast upp í hagkerfinu. Hætta er á að forsendur kjarasamninga geti brostið í haust. Stjórnvöld hafa ekki staðið við þau fyrirheit sem gerð voru í tengslum við kjarasamninga og fyrirtæki hafa ekki gert það heldur. Þótt húsnæðisverðhækkanir séu á undanhaldi þá glittir ekki í langþráðan stöðugleika á húsnæðismarkaði. Áform núverandi ríkisstjórnar um aðgerðir í húsnæðismálum eru fjarri því að mæta vandanum og miðstjórn kallar eftir því að stjórnvöld rísi undir ábyrgð og taki húsnæðismálin föstum tökum. Húsnæðismálin eru stærsta kjaramálið.

Miðstjórn telur vonbrigði að stjórnvöldum og Seðlabanka hafi ekki tekist að stuðla að verðstöðugleika í takt við markmið kjarasamninga. Tilkostnaður hávaxtastefnunnar hefur á sama tímabili verið mikill þar sem þungar byrðar hafa verið lagðar á yngri og skuldsettari hópa á meðan eignafólk og eldri kynslóðir hafa ýmist verið í skjóli eða beinlínis hagnast á ástandinu.

Vaxandi atvinnuleysi og minnkandi hagvöxtur samhliða þrálátri verðbólgu er mikið áhyggjuefni sem kallar á nýja nálgun, bæði af hálfu Seðlabankans og stjórnvalda. Mikið er í húfi, bæði fyrir fólk og fyrirtæki, og miðstjórn kallar eftir réttri greiningu vandans og raunhæfum tillögum að lausnum.“

Hernaður Bandaríkjamanna og Ísraela gegn Írönum, 4. mars 2026

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) fordæmir ólögmætt árásarstríð Bandaríkjamanna og Ísraela gegn Írönum. Stórfelldar sprengjuárásir og hernaður þessara ríkja, sem þegar hafa kostað mikinn fjölda óbreyttra borgara lífið, brjóta í bága við alþjóðalög og eru ólíðandi með öllu.

Miðstjórn styður heils hugar ákall Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) um að hernaðaraðgerðum í Mið-Austurlöndum verði hætt þegar í stað og að teknar verði upp á ný viðræður um friðsamlega lausn deilumála.

Stríð eru aldrei í þágu vinnandi fólks. Almenningur færir jafnan stærstu fórnirnar og ber byrðarnar þegar vopnin loksins þagna og byggja þarf upp samfélag á ný.

Launafólk vill frið, lýðræði og mannsæmandi störf.

Miðstjórn ASÍ minnir á að íranska þjóðin á skýlausan rétt til að móta eigin framtíð og ákveða hvernig stjórn lands hennar er háttað, með friðsamlegum hætti og án utanaðkomandi afskipta.“

Stýrivaxtahækkun, 18. mars 2026

„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem er að teiknast upp í efnahagsmálum með vaxandi atvinnuleysi og viðvarandi verðbólgu og kallar eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda.

Í stöðugleikasamningunum sem gerðir voru 2024 fór verkalýðshreyfingin fram með ábyrgum hætti á tímum mikillar verðbólgu og efnahagslegrar óvissu. Gerðir voru hóflegir langtímakjarasamningar til fjögurra ára til að skapa fyrirsjáanleika og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Samningarnir voru gerðir á grundvelli þess að ríki og sveitarfélög myndu m.a. styðja við barnafjölskyldur, halda aftur af gjaldskrárhækkunum og ráðast í öfluga uppbyggingu á íbúðarhúsnæði. Að sama skapi myndu fyrirtæki sýna ábyrgð og halda aftur af verðhækkunum.

Ljóst er að mörg þeirra loforða sem gefin voru við undirritun kjarasamninga hafa ekki verið efnd. Ekki hefur tekist að tryggja húsnæðisöryggi og ráðast í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir tekjulága m.a. vegna ónógs lóðaframboðs sveitarfélaga. Gjaldskrár ríkis og sveitarfélaga hafa hækkað langt umfram það sem samræmist stöðugu verðlagi og verðhækkanir opinberra fyrirtækja í orkuframleiðslu eru nú vaxandi þáttur í verðbólgu. Þá hafa stórfyrirtæki á neytendamarkaði hvergi haldið aftur af sér í að hækka verð á nauðsynjavörum.

Stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands er áfellisdómur yfir efnahagsstjórn landsins. Vaxtahækkun færir auknar byrðar á ungt fólk, tekjulágt og skuldsett heimili á meðan stórir hópar eru algjörlega í skjóli. Miðstjórn ASÍ kallar eftir því að stjórnvöld og fyrirtæki sýni ábyrgð og grípi til aðgerða sem stuðla að því að kjarasamningar haldi og markmið samninga um stöðugt verðlag og lækkun vaxta náist."

Samstarf um hraða uppbyggingu leiguhúsnæðis, 22. maí 2026

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á nýkjörnar sveitarstjórnir að taka höndum saman með verkalýðshreyfingunni og vinna að hraðri uppbyggingu óhagnaðardrifins leiguhúsnæðis á næstu misserum. Þannig geta sveitarfélög stutt við hjöðnun verðbólgu, aukin umsvif í mannvirkjagerð og bætt lífskjör einstaklinga á leigumarkaði.

Blikur eru á lofti á húsnæðismarkaði. Fyrirséð er að umsvif muni dragast saman í umhverfi hárra vaxta og minni kaupgetu heimila. Tæpur helmingur leigjenda býr í dag við íþyngjandi húsnæðiskostnað og lítið húsnæðisöryggi. Stór hópur getur þannig hvorki safnað sér fyrir útborgun á íbúð eða uppfyllt skilyrði til húsnæðislántöku.

Frá árinu 2016 hefur tekist að reisa um 4 þúsund íbúðir í almenna íbúðakerfinu fyrir ólíka hópa. Af þeim eru um 1.100 sem byggðar hafa verið fyrir tekjulágt fólk á vinnumarkaði. Umfang óhagnaðardrifinna íbúða er langtum minna í dag en um aldamótin þegar verkamannabústaðakerfið var til staðar. Verkamannabústaðir voru um 10% af íbúðum í Reykjavík borið saman við Bjarg sem er um 1% af íbúðafjölda.

Aðkoma sveitarfélaga að uppbyggingu er nauðsynleg þar sem sveitarfélög lána félögunum stofnframlög sem síðar eru greidd til baka. Í dag eru um fjögur þúsund fjölskyldur sem bíða eftir að komast inn í húsnæði hjá Bjargi íbúðafélagi.

Á þeim tíu árum frá því lög um almenna íbúðakerfið voru samþykkt, hefur það sannað sig sem raunhæfur kostur til að tryggja húsnæðisöryggi og viðráðanlegt leiguverð hjá tekjulágu fólki. Um leið hefur það aukið framboð á því húsnæði sem vöntun er á og stuðlar þannig jafnframt að stöðugleika á húsnæðismarkaði. Sveitarfélög leika lykilhlutverk í skipulagi og framboði lóða og geta þannig stutt við kröftuga uppbyggingu og stuðlað að bættum húsnæðismarkaði, stöðugu verðlagi og húsnæðisöryggi fyrir alla."

Ályktun miðstjórnar vegna WOLT, 16. september 2026

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir eindregnum stuðningi við kjarabaráttu og aðgerðir sendla heimsendingarfyrirtækisins Wolt. Störf þeirra tilheyra skipulögðum íslenskum vinnumarkaði og miðstjórn hvetur sendla fyrirtækisins til að leita til ASÍ og aðildarfélaga þess til að tryggja þeim stöðu og kjör samkvæmtreglum laga og kjarasamninga.

ASÍ skorar á fyrirtæki hérlendis sem starfrækja stafræna vinnuvettvanga að skrá starfsmenn sína réttilega sem launafólk, gerast aðilar að og fylgja gildandi kjarasamningum um kjör þeirra og réttindi. Íslensk verkalýðshreyfing mun aldrei samþykkja félagsleg undirboð sem grafa undan kjarasamningsbundnum kjörum og réttindum launafólks og leikreglum skipulagðs vinnumarkaðar.

Uppgangur hark-hagkerfisins er alþjóðlegt vandamál og víða er sótt að kjörum og réttindum launafólks. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir einnig yfir stuðningi við sameiginlega yfirlýsingu norrænna stéttarfélaga um störf á stafrænum vinnuvettvöngum og tekur undir þá afstöðu að störf í hark-hagkerfinu verði að tryggja fólki mannsæmandi afkomu, örugg starfsskilyrði og félagslega vernd.

ASÍ hefur ítrekað fjallað um gerviverktöku og þá þróun sem fylgt hefur uppgangi hark-hagkerfisins, meðal annars í tengslum við starfsemi Wolt hér á landi. Stafræn stjórnun og ný rekstrarform mega aldrei verða leið til að færa ábyrgð og áhættu atvinnurekstrar yfir á einstaklinga. Fólk sem í reynd starfar sem launafólk á að njóta þeirra réttinda og þeirrar verndar sem því fylgir, óháð því hvernig vinnunni er miðlað eða sambandið skilgreint.

Yfirlýsingu samtakanna má lesa í heild hér:

Norræn samtök launafólks: Vinna á stafrænum verkvöngum er aðeins sjálfbær ef hún tryggir fólki mannsæmandi lífsviðurværi

Það er æ algengara að launafólk fái verkefnum úthlutað í gegnum smáforrit. Þeir sem starfa á slíkum stafrænum verkvöngum hafa engan fastan vinnustað og vinna oft einir, samkvæmt verkefnabundnum samningum, gegn lágum greiðslum og gjarnan án þeirrar verndar sem launafólk nýtur almennt.

Vinna á stafrænum verkvöngum (e. platform work) hefur haft í för með sér margvísleg vandamál um allan heim: skattasniðgöngu, undanbrögð frá lögum og reglum, tilraunir til að komast hjá kjarasamningum, félagsleg undirboð og fyrirtæki sem neita að axla ábyrgð sem atvinnurekendur. Norðurlöndin hafa ekki farið varhluta af þessari þróun.

Flest fyrirtæki sem reka stafræna verkvanga eru í eigu stórra bandarískra fyrirtækja eða njóta fjárhagslegs stuðnings bandarískra fjárfesta. Þau eru ekki aðeins að umbreyta atvinnugreinum heldur setja einnig þrýsting á norræna vinnumarkaðsmódelið.

Á Norðurlöndum leggja stéttarfélög áherslu á sanngjörn laun, öflug réttindi launafólks og kjarasamninga – ekki kerfi sem byggist á óöryggi og láglaunastörfum.

Norræn stéttarfélög hafa leitast við að bæta kjör þeirra sem starfa á stafrænum verkvöngum með norrænu aðferðinni: með kjarasamningum.

En til þess að raunverulegar kjaraviðræður geti átt sér stað þurfa stéttarfélög viðsemjendur sem eru reiðubúnir til að ganga til samninga af heilindum og án þess að niðurstaðan sé fyrirfram ákveðin eða skilmálar fyrirskipaðir. Eins og staðan er nú er hins vegar lítið um þannig viðsemjendur og aðeins fáir kjarasamningar hafa náðst.

Sem dæmi hafa nokkur norræn verkalýðsfélög átt í kjaraviðræðum við verkvangsfyrirtækið Wolt árum saman, en viðræðurnar hafa strandað þar sem fyrirtækið hefur ekki verið reiðubúið til að bæta starfskjör sendla með fullnægjandi hætti.

Við erum staðföst í þeirri sannfæringu okkar að norræna vinnumarkaðsmódelið – með skipulögðum vinnumarkaði, öflugri vernd launafólks og sterkri hefð fyrir kjarasamningum – sé lykillinn að því að sjálfbær fyrirtæki, launafólk og samfélagið í heild geti vaxið og dafnað.

Norræna nálgunin gagnvart nýrri tækni felst ekki í því að leggjast gegn henni, heldur að launafólk og verkalýðsfélög taki þátt í að móta hvernig tæknin er nýtt og hvernig vinnu með henni er háttað. Þessi norræna nálgun hefur með góðum árangri sameinað nýsköpun og aukna framleiðni við mannsæmandi starfskjör og jöfnuð.

Undirrituð stéttarfélög og samtök launafólks styðja við eða taka sjálf þátt í beinum viðræðum við fyrirtæki sem reka stafræna verkvanga, með það að markmiði að tryggja sanngjörn laun, örugg starfskjör og viðeigandi félagslega vernd.

Við skorum sameiginlega á öll fyrirtæki sem reka stafræna verkvanga að taka þátt í raunverulegum og málefnalegum viðræðum og virða þau gildi og starfshætti sem norræna vinnumarkaðsmódelið byggist á.

Yfirlýsing á ensku: https://www.nordictransport.org/en/platform-workers/

Ályktun miðstjórnar vegna fjárlagafrumvarps, 17. september 2026

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjárlagafrumvarps ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur, sem lagt var fram í liðinni viku. Framganga ríkisstjórnarinnar, ekki síst í ljósi krefjandi aðstæðna sem forsendubrestur kjarasamninga hefur skapað, er með öllu óskiljanleg og kallar á viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar.

Launafólk gekk árið 2024 til hófstilltra langtímasamninga og tók á sig verulega ábyrgð til að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Það var gert gegn skýrum væntingum um að stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnulíf myndu axla sinn hluta ábyrgðarinnar og gæta þess að grafa ekki undan markmiðum samninganna.

Það hefur ekki gerst.

Forsendur samninganna hafa verið sviknar, hver á fætur annarri. Gjaldskrár hafa hækkað, verðlag á vöru og þjónustu hefur rokið upp og ríkisvaldið hefur með eigin ákvörðunum lagt sitt af mörkum til þeirrar þróunar sem launafólk tók á sig byrðar til að stemma stigu við.

Frá því á vormánuðum, þegar allt stefndi í að forsendur kjarasamninga myndu bresta, hefur Alþýðusambandið lagt fram ítarlegar tillögur um viðbrögð og margoft lýst sig tilbúið til viðræðna við stjórnvöld. Sú afstaða er ekki sjálfgefin. Hún byggir á því mati að enn megi tryggja frið á vinnumarkaði, verja kaupmátt, ná niður verðbólgu og skapa forsendur fyrir lægri vöxtum ef allir aðilar bera ábyrgð.

Nú kastar ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur hrísi í bálköstinn með skatta- og gjaldahækkunum á almenning allan sem að auki ganga þvert gegn þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar sjálfrar að ná fram lækkun verðbólgu.

Verkalýðshreyfingin hefur stutt markmið um að draga úr hallarekstri og stöðva skuldasöfnun ríkisins í skynsamlegum skrefum. En allt er nú lagt í sölurnar til að ná þessum markmiðum með hraði og kolrangri forgangsröðun, gjaldahækkunum, niðurskurði í velferðarþjónustu, rýrnun tilfærslukerfanna og skeytingarleysi gagnvart atvinnuleitendum í vaxandi atvinnuleysi. Gjaldskrár og krónutöluskattar munu almennt hækka um 5,2% um næstu áramót, langt umfram öll viðmið. Kílómetragjaldið hækkar um tæp 16%. Þessar hækkanir ganga beint út í verðlag og næra þannig verðbólguna.

Með breytingum á persónuafslætti og skattþrepum ætlar ríkissjóður að taka 3,1 milljarði króna meira af fólki í tekjuskatt en ella á sama tíma og húsnæðis- og barna-

bætur fylgja ekki verðlagi. Sú ákvörðun að láta þennan stuðning ekki fylgja verðlagsþróun kemur verst niður á ungu fólki og láglaunahópum sem taka á sig þyngstu byrðarnar af verðbólgu og háum vöxtum.

Algjör uppgjöf blasir við í húsnæðismálum; stofnframlög í almenna íbúðakerfinu verða dregin saman, vaxtabótakerfið er aflagt og endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis verður lækkuð.

Þetta gerist á sama tíma og húsnæðiskostnaður sligar þúsundir heimila, ungt fólk á sífellt erfiðara með að komast inn á húsnæðismarkað og skortur á hagkvæmu húsnæði er einn stærsti félagslegi vandi þjóðarinnar.

Miðstjórn ASÍ sér fátt í þessu frumvarpi sem gefur launafólki ástæðu til að ætla að langþráð markmið kjarasamninga um lækkun verðbólgu og vaxta sé í sjónmáli. Miðstjórn ASÍ harmar þessa framgöngu ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur og hvetur hana til að snúa af þessari braut og sýna að hún taki þau loforð sem gefin hafa verið launafólki alvarlega.

Efnahagsmál



Kólnun í hagkerfinu og þrálát verðbólga

Hagdeild Alþýðusambandsins gaf út hagspá í október 2025[1]. Fresta þurfti útgáfu á spánni sökum að við vinnslu hennar kom upp alvarleg bilun í álveri Norðuráls á Grundartanga. Umfang bilunar hafði það mikil áhrif á framleiðslu og útflutning álafurða að spáin var færð niður í kjölfarið. Í grunnspánni var gert ráð fyrir að áhrif bilunarinnar vari í sex mánuði en í dekkri sviðsmynd var gert ráð fyrir áhrifum í allt að tólf mánuði. Spáð var 1,4% hagvexti í grunnspánni en einungis 0,9% ef dekkri sviðsmyndin myndi raungerast.

1 Sjá https://vinnan.is/hagspa-asi-2025-komin-ut/

Bent var á að mikil óvissa ríkir um þróun efnahagsmála um þessar mundir, bæði vegna innlendrar þróunar, alþjóðlegra þátta, breytinga á lánaframboði á húsnæðismarkaði og dekkri væntinga. Töluverður kraftur hafði þó gert vart við sig í innlendri eftirspurn á árinu 2025, einkum vegna aukinnar einkaneyslu og stórra fjárfestinga en umsvif í ferðaþjónustu voru einnig mikil.

Skýr merki voru um kólnun í hagkerfinu samkvæmt spánni þótt töluverður þróttur hafi verið í efnahagsumsvifum. Vöxtur hagkerfisins væri þó hægur í sögulegu samhengi og endurspeglar þétt taumhald peningastefnu Seðlabankans. Í spánni var nokkuð fjallað um aukinn kraft í einkaneyslu sem væri ekki í samræmi við hátt vaxtastig, þróun ráðstöfunartekna og vaxandi óvissu:

„Einkaneysla jókst um 3% á fyrri helmingi þessa árs og sú aukning helst í hendur við þróun skammtímavísa á borð við kortaveltu. Þróun kortaveltu, mælingar Gallup á fyrirhuguðum ferðalögum og tölur um farþegafjölda benda jafnframt til þess að enn sé nokkur aukning á ferðalögum Íslendinga. Alls fóru um 20% fleiri Íslendingar um Keflavíkurflugvöll á fyrstu níu mánuðum ársins borið saman við síðasta ár. Samkvæmt spá ASÍ eykst einkaneysla um 3,4% á þessu ári, 2,9% á næsta ári en á árinu 2027 verður hægari vöxtur einkaneyslu, eða 2,3%.“

Í spánni var bent á að sókn heimilanna í verðtryggð lán væri ein ástæða þess að vöxtur einkaneyslu væri í ósamræmi við þróun undirliggjandi þátta.

„Það stafar af því að verðbótum verðtryggðs láns er dreift yfir líftíma lánsins, en nafnvaxtabreytingar óverðtryggðra lána koma strax fram í mánaðarlegum afborgunum. Alls voru um 600 milljarðar af óverðtryggðum lánum heimila sem komu til endurskoðunar frá síðari helmingi 2023 til síðari helmings 2025. Þróun á lántökum heimila bendir til þess að stór hluti þessara lána hafi verið endurfjármagnaður með verðtryggðum lánum. Hlutdeild óverðtryggðra íbúðalána fór, vel að merkja, hæst í 56% á þriðja ársfjórðungi 2022, en stendur nú í tæplega 36%.“

Í spánni var varað við því að verðbólga myndi reynast þrálát og vera yfir markmiði Seðlabankans út spátímann. Þegar spáin var gerð mældist verðbólga 4,1% en grunnspáin gerði ráð fyrir 4,2% verðbólgu á árinu 2025 og 4% á árinu 2026. Bent var á að horfur til skemmri tíma hefðu versnað:

„Áfram er gert ráð fyrir spennu á leigumarkaði en hækkanir á leiguverði eru nú grundvöllur bæði reiknaðrar og greiddrar húsaleigu í mælingum vísitölu neysluverðs. Einnig mælast enn þónokkrar hækkanir á innlendu verðlagi, einkum matvöruverði og þjónustu. Til viðbótar má vænta þess að hækkanir á opinberri þjónustu, bæði ríkis og sveitarfélaga, muni koma til framkvæmda á næsta ári, m.a. vegna hækkana á krónutölugjöldum í fjárlögum, breytinga á vörugjöldum bifreiða, breytinga á leikskólagjöldum og vegna fyrirhugaðra breytinga á gjaldtöku eldsneytis samhliða upptöku kílómetragjalds.“

Verðbólga jókst í upphafi árs

Verðbólga jókst umtalsvert í upphafi árs og mældist 5,2% í janúarmánuði. Hækkun vísitölunnar var umfram væntingar greiningaraðila en algengt er að vísitala neysluverðs lækki í byrjun árs vegna útsöluáhrifa. Hækkun á opinberum gjöldum og skattbreytingum ökutækja vó þungt í mælingunni líkt og gert var ráð fyrir í hagspá ASÍ frá því í október[2].

Mikill verðbólguþrýstingur átti eftir að gera vart við sig á fyrri hluta árs. Verðlagseftirlit ASÍ fjallaði reglulega um miklar verðhækkanir í matvöruverslunum í byrjun árs. Í byrjun árs sáust merki um að vörur frá stórum birgjum og heildsölum hækkuðu skarpt. Sem dæmi hækkaði verð á vörum frá Ölgerðinni um 3,6% í Bónus yfir áramót,

2 Sjá https://vinnan.is/skattbreytingar-tengdar-okutaekjum-helsta-driffjodur-verdmaelinga/

vörur frá Coca Cola um 5,2% og vörur frá Kaffitári um 5,3%[3].

Þessar hækkanir sáust í hækkunum á dagvöruvísitölu ASÍ á fyrstu mánuðum ársins. Mest mældist 0,94% hækkun á matvöru í febrúarmánuði[4] en á tímabilinu janúar til mars hafði verð á matvöru hækkað um á bilinu 1,1-3% í stærstu matvöruverslunum landsins[5].

Miklar hækkanir á fasteignagjöldum á tímabili kjarasamninga

Í úttekt verðlagseftirlits ASÍ á þróun fasteignagjalda mátti greina miklar hækkanir á fasteignagjöldum á tímabilinu núgildandi kjarasamninga[6].

„Fasteignaskattprósenta lækkaði hjá meirihluta sveitarfélaga milli áranna 2025 og 2026. Hjá rúmlega þriðjungi sveitarfélaga er fasteignaskattaprósenta óbreytt milli ára en ekkert sveitarfélag hækkar. Þrátt fyrir það hækka fasteignagjöldin í langflestum tilvikum í krónum talið vegna hærra fasteignamats. Hækkanirnar eru í mörgum tilfellum umfram hækkun verðlags. Þegar hækkanir fasteignagjalda eru skoðaðar frá árinu 2023 má finna dæmi um tug prósentustiga hækkanir."

Stýrivextir hækka á ný

Stýrivextir voru lækkaðir í kjölfar stöðugleikasamninga. Frá tímabilinu október 2024 til ársloka 2025 lækkuðu þeir alls um tvö prósentustig. Tímabil vaxtalækkana tók hins vegar enda í ársbyrjun 2026 þegar peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentur. Var þetta fyrsta vaxtahækkunin en síðar hækkuðu vextir í maí um 0,25 prósentur og í ágúst um 0,25 prósentur. Ákvörðun Seðlabankans í ágúst var harðlega gagnrýnd af bæði verkalýðshreyfingunni og samtökum atvinnurekenda. Meðal annars var bent á að stýrivextir væru nú 8% og skýr merki um kólnun farin að sjást í hagkerfinu, m.a. í auknu atvinnuleysi og minni umsvifum.

Eldsneytismarkaður í brennidepli

Alþýðusamband Íslands hefur fylgst náið með verðþróun á eldsneytismörkuðum undanfarin ár. Tilefnið var meðal annars áform stjórnvalda um breytingar á gjaldtöku ökutækja með upptöku kílómetragjalds á akstur og lækkun vörugjalda á seldan lítra af eldsneyti.

Alþýðusambandið birti í ágúst 2025 umfjöllun um þróun eldsneytisverðs í kjölfar hagfelldrar þróunar gengis og lægra heimsmarkaðsverðs. Í umfjölluninni var fjallað um hvernig sú þróun hafi ekki leitt til samsvarandi lækkunar á bensíndælum. Á þeim tíma hafði innflutningsverð á olíu lækkað um tæp 14% á átta mánaða tímabili en verð í smásölu einungis um 2,5%.

Í framangreindri umfjöllun var einnig bent á samstilltar verðhreyfingar olíufélaga. Í grein sem birtist í september 2026 benti hagfræðingur hjá ASÍ á að kjöraðstæður fákeppni væru fyrir hendi á eldsneytismarkaði hérlendis[7]. Seljendur væru fáir, söluvaran einsleit, auk þess sem verðupplýsingar birtast í rauntíma.

3 Sjá https://vinnan.is/miklar-haekkanir-i-lagvoruverdsverslunum-i-byrjun-ars/
4 Sjá https://vinnan.is/miklar-haekkanir-a-matvoru-og-verdbolga-umfram-vaentingar/
5 Sjá https://vinnan.is/14501-2/
6 Sjá https://vinnan.is/uttekt-a-fasteignagjoldum-2026/
7 Sjá https://visbending.is/greinar/kilometragjald-og-samkeppni-a-eldsneytismarkadi/

„Í einfærisleik (e. one-shot game) yrði leikjafræðileg niðurstaða sú að olíufélögin setji verð við jaðarkostnað. En þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að verð breytist oft á dag, án mikillar fyrirhafnar, væri nær að lýsa raunveruleikanum sem endurteknum leik (e. repeated game). Í slíkum „leik" er niðurstaðan almennt sú að leikendur samstilli hegðun sína og viðhaldi hærri verðum en ella. Það kallar ekki á formleg samskipti, enda hafa þau samfelldar upplýsingar um verðákvarðanir hvert annars. Þetta er dæmi um þegjandi samhæfingu (e. tacit collusion)."

Í greininni er jafnframt fjallað um greiningu ASÍ þar sem skekkjulagfæringarlíkani (e. Error Correction Model, ECM) er beitt til að áætla viðbragð smásöluverðs við breytingum á heimsmarkaðsverði. Niðurstöðurnar sýna áætlað viðbragð innlends eldsneytisverðs við ±10 kr. breytingu heimsmarkaðsverðs yfir tímabilið 25. apríl 2025 til 18. ágúst 2025 eftir að leiðrétt hefur verið fyrir opinberri álagningu. Þegar heimsmarkaðsverð hækkar fylgir innlent viðmiðunarverð (án opinberra gjalda) tiltölulega skjótt, með tæplega fjögurra króna uppsafnaðri hækkun innan fimm vikna. Þegar heimsmarkaðsverð lækkar er aðlögunin hins vegar bæði minni og seinni, með rúmlega tveggja króna uppsafnaðri lækkun yfir sömu tímalengd.

Niðurstöðurnar gefa, þar með, til kynna að aðlögun innlends eldsneytisverðs sé ósamhverf, meiri upp á við og minni niður á við. Niðurstöðurnar eru í samræmi við nýlega rannsókn Seðlabankans á þróun matvöruverðs[8] þar sem bent er á að ósamhverf áhrif mælist einnig í verðbreytingum matvælaverðs.

Sögulega há álagning

Gjaldtaka ökutækja tók breytingum í upphafi árs þegar vörugjöld á bensín og dísilolíu voru afnumin og kílómetragjald á akstur tók gildi. Alþýðusambandið birti í kjölfarið greiningu á áhrifum kerfisbreytinganna[9]. Á áramótum lækkaði bensín að jafnaði um tæplega 97 krónur sem var í samræmi við væntingar ASÍ á áhrifum kerfisbreytinga frá þeim verðum sem voru dagana fyrir áramót.

Í greiningunni var jafnframt lagt mat á álagningu olíufélaga af hverjum seldum bensínlítra á árunum 2017–2026. Það eldsneytisverð sem neytendur greiða samanstendur á hverjum tíma af innkaupsverði, opinberri gjaldtöku í formi vöru- og kolefnisgjalda, virðisaukaskatti og svo álagningu olíufélags. Með innkaupsverði er átt við heimsmarkaðsverð á bensíni í íslenskum krónum. Líta má á hlut olíufélagsins sem þá framlegð sem félagið þarf til að standa undir föstum og breytilegum kostnaði við sölu eldsneytis ásamt arðsemi.

Greining ASÍ gaf því til kynna þróun á hlut olíufélaga í lægstu lítraverðum. Lægstu lítraverð eru notuð þar sem þau gefa varfærið mat á lágmarkshlut olíufélaga, eru samanburðarhæf yfir tíma og horfa fram hjá afsláttarkjörum á dýrari stöðvum. Þar sem umtalsvert magn er selt á hærri lítraverðum en lægstu verðum má ætla að hlutur olíufélaga geti verið hærri.

Niðurstaða greiningarinnar var að sú lækkun á álagningu sem mældist eftir innkomu Costco og aukna fótfestu Atlantsolíu á markaði hafi gengið til baka í kjölfar þeirra verðsveiflna sem komu fram í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu. Þróunin bendir til þess að á tímabilinu hafi lækkun á innkaupaverði ekki skilað sér í sama mæli í smásöluverði og hlutur olíufélaga aukist. Leiðrétt fyrir verðlagsþróun var hlutur olíufélaga hærri en fyrir innkomu Costco á markaðinn. Jafnframt hafði hlutur olíufélaga aukist frá 2023 sé leiðrétt fyrir verðlagsþróun.

8 https://sedlabanki.is/frettir-og-utgefid-efni/kalkofninn/grein/eru-ahrif-gengisbreytinga-a-verd-mat-og-drykkjarvoru-samhverf

9 https://vinnan.is/nytt-kilometragjald-dyrara-ad-keyra-sparneytnar-bifreidar/

Mikil áhrif lokunar Hormússunds á eldsneytisverð

Íranir brugðust við árásum Bandaríkjamanna með lokun Hormússunds. Lokunin átti eftir að hafa mikil áhrif á útflutning á olíu og tengdum afurðum. Bein áhrif sáust strax í hækkun á olíuverði á heimsmarkaði sem fljótlega hafði afleidd áhrif á bensínverð og fjölda vara sem unnar eru úr olíu. Í frétt ASÍ um verðbólguþróun frá því í apríl var þróunin til umfjöllunar:

„Verð á eldsneyti hækkaði um 14% í apríl en hækkanirnar má rekja til átaka við Persaflóa og lokunar Hormússunds. Alls hækkaði verð á bensíni um 12% og verð á dísilolíu um 19,8%. Í lok apríl hafði verð á bensíni hækkað um tæp 22% frá því átökin brutust út, sem jafngildir um 34–46 króna hækkun á bensínlítranum. Mestar höfðu hækkanir verið hjá Costco.

Mæling Hagstofunnar í apríl dregur fram bein áhrif af hækkunum olíuverðs sem fram koma í smásöluverði á bensíni. Vænta má þess að óbein áhrif eigi enn eftir að koma fram í verðhækkunum á neysluverði vegna hærri flutningskostnaðar eða hærri framleiðslukostnaðar. Þannig hækkaði verð á flugfargjöldum um 6% í apríl sem er minni hækkun en í apríl 2025.“

Lækkun virðisaukaskatts á eldsneyti

Í lok apríl tóku gildi lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og samkeppnislögum (skatthlutfall eldsneytis). Lagabreytingin var hluti af tímabundnum efnahagsaðgerðum til að hemja verðbólgu. Breytingin fól meðal annars í sér að virðisaukaskattur við innflutning og skattskylda sölu á eldsneyti lækkar úr 24% í 11% frá 1. maí 2026 til og með 31. ágúst 2026.

Hagdeild ASÍ athugaði bensínverð á 246 afgreiðslustöðvum allra sex smásala eldsneytis hér á landi í kjölfar lækkunarinnar[10]. Athugunin náði frá gildistöku laganna (29. apríl 2026) til 2. maí 2026 og tók til bæði 95 oktana bensíns og dísilolíu. Hafi útsöluverð lækkað um a.m.k. 10,48% telst lækkunin hafa skilað sér, annars ekki.

Athugunin benti til þess að lækkun virðisaukaskattshlutfalls hafi til skemmri tíma skilað sér að fullu hjá hefðbundnu olíufélögunum. Orkan reið á vaðið og lækkaði verð á sínum stöðvum strax í kjölfar gildistöku laganna (29. apríl). Lækkanir annarra skiluðu sér síðar, og þá jafnan að fullu. Undantekningin þar á var Costco hvar bensín lækkaði ekki nema um 7,8% og dísilolía um 8,6%.

Opinber fjármál

Ríkissjóður hefur frá árinu 2019 verið rekinn með halla. Staða ríkisfjármála hafði þrengst í kjölfar hægagangs í hagkerfinu og gjaldþrots lággjaldaflugfélagsins WOWair en áhrif COVID-19 faraldursins skýra að stærstum hluta dökka stöðu í ríkisfjármálum undanfarin ár. Halli ríkissjóðs jókst úr 1,6% af landsframleiðslu í 7–9% á árunum 2020–2021 en frá þeim tíma hefur meginmarkmið í ríkisfjármálum verið að stöðva uppsöfnun skulda með því að ná jákvæðum frumjöfnuði og stefna að afgangi af rekstri ríkissjóðs.

Alþýðusamband Íslands hefur stutt meginmarkmið opinberra fjármála og talið mikilvægt að sýna aðhald í ríkisfjármálum við háa verðbólgu og hátt vaxtastig. Einnig þurfi að tryggja fjárhagslegt svigrúm í ríkisfjármálum til að mæta óvæntum áföllum í þjóðarbúskap. Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur hins vegar gagnrýnt forgangsröðun stjórnvalda í opinberum fjármálum, bæði í tíð fyrri ríkisstjórnar og núverandi.

10 Sjá https://asi.is/laekkun-virdisaukaskatts-skilad-ser-ad-fullu-hja-ollum-nema-costco/

Gagnrýnin hefur einkum snúið að því að markmiðum ríkisfjármála sé náð með niðurskurði í velferðarkerfinu, skerðingu félagslegra stuðningsúrræða og hækkun gjalda sem bitna óhóflega á tekjulægri heimilum og stuðla að viðvarandi verðbólgu.

Meðal þeirra aðgerða sem verkalýðshreyfingin hefur gagnrýnt harðlega eru veiking atvinnuleysisbóta á sama tíma og atvinnuleysi jókst, raunlækkun barnabóta og húsnæðisstuðnings og hækkun ýmissa gjalda sem hafa stuðlað að verðbólgu, svo sem ökutækjatengdra gjalda og hærri komugjalda í heilbrigðiskerfinu.

Verkalýðshreyfingin hefur haldið því fram að skynsamlegra hefði verið að grípa til markvissra tekjuöflunaraðgerða sem hefðu dregið úr þenslu í hagkerfinu, stuðlað að bata í afkomu ríkissjóðs. Slíkar aðgerðir hefðu dregið úr þörf á almennum gjaldahækkunum og niðurskurði í útgjöldum sem bitna óhóflega á tekjulægri heimilum.

Í umsögn ASÍ um fjármálaáætlun 2027–2032 segir:

„ASÍ telur þó gagnrýnivert að afkomumarkmiðum eigi einkum að ná með hagræðingaraðgerðum og almennu aðhaldi sem leggjast þungt á viðkvæma hópa, t.d. atvinnuleitendur, barnafjölskyldur og notendur viðkvæmrar þjónustu. Áætlunin byggir á brothættum markmiðum og er háð forsendum sem mikil efnahagsleg óvissa er um. Að mati ASÍ er um aðhaldssama fjármálaáætlun að ræða. Ákjósanlegt væri að forgangsröðun útgjaldasvigrúms miði að því að styðja við almannaþjónustu, velferð og sértækar aðgerðir til stuðnings viðkvæmum hópum.

Hefur sambandið áður bent á að almennar aðgerðir, t.d. hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris og launavísitölutenging bóta séu bæði kostnaðarsamar og ómarkvissar aðgerðir til að ná markmiðum um að draga úr fátækt meðal lífeyrisþega.

Sú tekjuöflun sem boðuð er mun hafa bein áhrif á mælda verðbólgu á tímabili áætlunar. Áhrif af ólögfestum skattbreytingum eru metin á 23–57 milljarða og skýrast af stærstum hluta af auknu umfangi gjaldtöku á akstur og ökutæki. Að mati sambandsins vinnur slík tekjuöflun gegn markmiðum kjarasamninga um lækkun verðbólgu og getur einnig stuðlað að auknum ójöfnuði. Aðrar tekjuráðstafanir eru ýmist smávægilegar eða óútfærðar.“



Verðlagseftirlit ASÍ

Á árinu 2025 og í upphafi árs 2026 hélt verðlagseftirlit ASÍ áfram reglubundnu eftirliti með þróun verðlags og kostnaði heimila. Niðurstöðurnar sýna að verðlag hefur hækkað víða og verulegur munur getur verið á verði sömu eða sambærilegra vara eftir verslunum.

Verðhækkanir héldu áfram eftir áramót

Þrýstingur á matvöruverð hélt áfram inn í árið 2026. Í janúar hækkaði verðlag í Bónus og Krónunni um 0,47% frá 10. desember til 17. janúar, sem samsvarar 4,6% hækkun á ársgrundvelli. Hækkanir voru sérstaklega áberandi á gosdrykkjum, brauðmeti og vörum frá stærstu innlendu birgjunum. Prís var áfram ódýrasta verslunin, þótt verð þar hefði hækkað meira milli ára en í Bónus og Krónunni.

Verðhækkanir gerðu áfram vart við sig í febrúar og mars. Í febrúar hafði dagvörurvísitala ASÍ hækkað um 0,85% það sem af var mánuðinum og um 4,7% milli ára. Í mars hækkaði vörukarfa verðlagseftirlitsins um 0,68% frá fyrri mánuði og tæplega 2% frá áramótum. Mestu hækkanir ársins fram að þeim tíma mældust í Fjarðarkaupum, Nettó og Bónus. Prís var áfram ódýrasta verslunin samkvæmt mælikvarða eftirlitsins, með aðeins 0,05% meðalfrávik frá lægsta verði, en Bónus og Krónan komu þar á eftir.

Niðurstöður verðkannana verðlagseftirlits ASÍ er sú að kostnaðarþrýstingur á heimilin hefur verið viðvarandi. Matvara, sérstaklega kjöt, mjólkurvörur og aðrar dýraafurðir, hefur hækkað umfram ýmsa aðra vöruflokka. Jafnframt er verðmunur milli verslana oft verulegur, þrátt fyrir mikla samkeppni á lágvöruverðsmarkaði. Prís hefur ítrekað mælst ódýrasta verslunin, en Bónus og Krónan hafa keppt mjög þétt um næstlægsta verðið.

Þróunin undirstrikar mikilvægi þess að fylgjast náið með verðlagi og tryggja gagnsæi í verðmyndun. Fyrir heimilin getur markviss verðsamanburður skipt veru-

legu máli, sérstaklega þegar um stór innkaup eða stærri útgjaldaliði er að ræða. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að hækkandi kostnaður við mat, húsnæði og aðra nauðsynlega neyslu vegi áfram þungt í ráðstöfunartekjum heimilanna.

Úttekt á fasteignagjöldum

Kostnaðaraukning heimilanna birtist ekki eingöngu í matvöruverði. Úttekt á fasteignagjöldum 2026 sýndi að þótt fasteignaskattprósenta hafi verið lækkuð í 33 af 53 sveitarfélögum hækkuðu fasteignagjöld í krónum talið í langflestum tilfellum vegna hækkandi fasteignamats. Í níu af fimmtán stærstu sveitarfélögunum hækkuðu fasteignagjöld fyrir dæmigerða 75 fermetra íbúð meira en almenn verðbólga ársins 2025.



Munurinn getur verið verulegur milli sveitarfélaga og hverfa. Í dæmigerðum íbúðum nam hækkunin allt að 17,3% milli 2025 og 2026 og frá árinu 2023 eru dæmi um tugprósenta hækkanir. Í einu dæmi hækkuðu fasteignagjöld um 62% frá 2023. Til samanburðar hækkuðu almenn laun um 10,6% á sama tímabili.

Hærra verð á jólunum

Verðkannanir fyrir jólin 2025 sýndu að jólin komu að mörgu leyti á hærra verði en árið áður. Sérstaklega áberandi voru hækkanir á dýraafurðum. Verð á eggjum hafði hækkað um 12% milli ára, lambakjöti og nautakjöti um 10% og mjólkurvörum um 6,1–6,6%. Á sama tíma voru hækkanir á mörgum jurtaafurðum mun hóflegri og sumar vörur jafnvel lækkaðar í verði. Heildarhækkun matvöru frá október til nóvember var þó hófleg, 0,19%, en árshækkun matvöruverðs nam 4,7%.

Verðkönnun á jólakjöti undirstrikaði þessa þróun. Meðalverð á kjötvörum hafði hækkað um 6,6% milli ára og lambakjöti um 8,6%, samanborið við um 4% hækkun dagvöru almennt. Verulegur munur var jafnframt á verði eftir verslunum. Dæmi voru um að kílóverð á hamborgarhrygg væri 1.698 kr. í Prís en 2.899 kr. í Hagkaup. Prís var almennt með lægsta verðið á helstu kjötvörum, en Bónus og Krónan voru oft mjög nærri hvor annarri í verði. Kannanir verðlagseftirlitsins á aðventunni sýndu jafnframt að verð gæti breyst hratt milli daga og að mismunandi pakkningastærðir gera samanburð eftir kíló- eða lítraverði mikilvægan.

Mikill verðmunur á jólabókum

Verðmunur á jólabókum reyndist einnig mikill milli sölustaða. Í könnun í desember voru 496 bókatitlar skoðaðir og lægsta verðið var oftast að finna í Bónus. Þegar sérverslanir voru bornar saman var Bóksala stúdenta oft með lægsta verðið.

Í annarri könnun kom í ljós að bækur voru ódýrastar í Bónus í 95% samanburðar við Nettó. Þrátt fyrir að munurinn væri oft lítill í krónum voru einnig dæmi um yfir 1.000 kr. verðmun á sömu bók. Meðalverð bóka var um 0,7% hærra í Nettó en Bónus, en mun meiri munur var gagnvart öðrum söluaðilum; Eymundsson var að meðaltali

37% dýrari en Bónus. Sérstaklega mikill verðmunur kom fram á barnabókum, þar sem dæmi voru um allt að 74% mun.

Þessar niðurstöður sýna mikilvægi virks verðeftirlits og samanburðar fyrir neytendur, sérstaklega á tímum þegar heimilin standa frammi fyrir auknum útgjöldum.

Kjaramál



Kjaratölfræðinefnd

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. ASÍ á fulltrúa í nefndinni, sem hóf störf í desember 2019. Hlutverk hennar er að stuðla að áreiðanlegum upplýsingum og sameiginlegum skilningi aðila á þeim hagtölum sem skipta máli við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga. Nefndin tekur ekki þátt í samningaviðræðum.

Kjaratölfræðinefnd gefur að jafnaði út tvær skýrslur á ári. Haustskýrsla nefndarinnar 2025 var ellefta skýrslan frá upphafi og markaði jafnframt fimm ár frá fyrstu útgáfu hennar. Í skýrslunni var fjallað með heildstæðum hætti um yfirstandandi kjarasamningslotu, þróun launa eftir mörkuðum og heildarsamtökum og samsetningu og dreifingu launa. Þá var tekið saman ítarlegt yfirlit yfir fjölda kjarasamninga, viðsemjendur og fjölda launafólks sem samningarnir náðu til. Á þeim tíma var áætlað að nærri 260 kjarasamningar hefðu verið gerðir fyrir um 190 þúsund manns. Rúmlega 20 samningum var ólokið fyrir um þrjú þúsund manns.

Í haustskýrslunni er jafnframt að finna skýra lýsingu á framvindu kjarasamningagerðar eftir mörkuðum. Þar sést að á almennum vinnumarkaði fylgdi stór hluti samninga í kjölfar fyrstu aðalkjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í mars 2024. Á árinu 2024 höfðu Samtök atvinnulífsins lokið samningum fyrir lang-

flest launafólk á sínum samningsvettvangi. Samningagerð á opinberum vinnumarkaði dreifðist hins vegar yfir mun lengra tímabil. Fyrstu samningar þar voru gerðir sumarið 2024, fleiri samningar fylgdu á næstu mánuðum og samningar Kennarasambands Íslands við ríki og sveitarfélög voru ekki undirritaðir fyrr en í febrúar 2025. Tímalínan dregur þannig fram ólíka framvindu samningagerðar. Samningar á almenna markaðnum ná fljótlega eftir fyrstu samninga til meginþorra launafólks en á opinbera markaðnum tekur lengri tíma að ljúka samningum fyrir einstaka hópa.

Vorskýrsla nefndarinnar 2026 byggði áfram á þessari umfjöllun og náðu sundurliðuð gögn um launaþróun þá frá upphafi samningalotunnar í febrúar 2024 til janúar 2026. Á tímabilinu hafði grunntímakaup hækkað um 17,0% á almennum vinnumarkaði, 14,8% hjá ríkinu, 13,8% hjá Reykjavíkurborg og 15,3% hjá öðrum sveitarfélögum. Hluti munarins skýrist af mismunandi tímasetningu samningsbundinna hækkana. Þrjár slíkar hækkanir höfðu komið til framkvæmda á almenna markaðnum en tvær á opinbera markaðnum þegar tímabil mælingarinnar rann út. Kaupmáttur grunntímakaups jókst um 7,8% á almennum markaði frá upphafi samningalotunnar, samanborið við 5,7% hjá ríkinu, 4,8% hjá Reykjavíkurborg og 6,1% hjá öðrum sveitarfélögum.

Þegar sérstaklega er litið til félagsfólks innan ASÍ hækkaði grunntímakaup um 17,7% á almennum vinnumarkaði á tímabilinu. Hækkunin var 19,1% hjá verkafólki, 17,3% hjá verslunarfólki og 16,5% hjá iðn- og tæknifólki. Þessi þróun endurspeglar meðal annars uppbyggingu kjarasamninganna, þar sem blönduð leið krónutölu og prósentuhækkana fól í sér hlutfallslega meiri hækkun lægri launa. Vorskýrslan sýndi jafnframt að launadreifing er töluvert meiri á almennum vinnumarkaði en hjá hinu opinbera. Meðaltal reglulegra launa fullvinnandi fólks á vinnumarkaðnum var 913 þúsund krónur á mánuði árið 2025 en miðgildið 826 þúsund krónur. Munurinn á meðaltali og miðgildi var mestur á almenna markaðnum og endurspeglar einkum meiri dreifingu í efri hluta launadreifingarinnar.

Í vorskýrslunni var í fyrsta sinn birt greining á launabreytingum eftir upphaflegu launastigi. Með pöruðum samanburði var launaþróun sama fólks hjá sama launagreiðanda, í sama starfi, atvinnugrein og stéttarfélagi borin saman milli febrúar 2024 og janúar 2026. Greiningin sýndi að fólk sem var með lægra tímakaup við upphaf tímabilsins fékk almennt meiri hlutfallslega hækkun en fólk með hærri laun. Niðurstöðurnar eru í samræmi við áhrif lágmarkskrónutöluhækkana í samningunum, en þær skila hlutfallslega meiri hækkun á lægri laun. Með skýrslum KTN fæst ítarleg tölfræðileg mynd af þróun launa og framvindu kjarasamninga eftir mörkuðum, heildarsamtökum og hópum innan ASÍ en skýrslurnar og gögn að baki þeim eru birt á heimasíðu nefndarinnar ktn.is.

Kjaraviðræður flugstétta

Kjarasamningar Flugfreyjufélags Íslands við Icelandair eru enn óendurnýjaðir. FFÍ er aðildarfélag ASÍ og rann samningur félagsins út í lok september 2025. Kjarasamningar flugmanna við Icelandair runnu einnig út á þeim tíma en samningar flugvirkja við félagið um áramótin 2025 og 2026.

Viðræður FFÍ og Icelandair hafa staðið yfir um nokkurt skeið og voru teknar upp að nýju eftir sumarleyfi. Fyrir liggur að umræður um breytingar á rekstri Icelandair, þar á meðal mögulega notkun flugrekstrarleyfis á Möltu, er sérstök áskorun við gerð kjarasamninganna.

Viðræðum flugmanna og Icelandair var vísað til sáttamiðlunar í vor. Unnið hefur verið eftir verkstýrðri áætlun ríkissáttasemjara með það að markmiði að ljúka samn-

ingum í september. Viðræður flugvirkja og Icelandair skiluðu ekki árangri í sumar og voru enn óleystar þegar þetta er ritað. Samningar flugstéttanna eru því meðal fárra samninga sem enn er ólokið í kjarasamningslotunni sem hófst árið 2024.

Launatöfluauki

Í kjarasamningum stéttarfélaga við opinbera launagreiðendur er kveðið á um launatöfluauka sem ætlað er að stuðla að því að þróun launakostnaðar á opinberum vinnumarkaði haldi að jafnaði í við þróun sambærilegra hópa á almennum vinnumarkaði. Annað uppgjör aukans miðast við þróun launa og launakostnaðar frá desember 2023 til desember 2025. Ef til þess kemur gilda launabreytingar frá september árið eftir tímabilið undir.

Nefnd fulltrúa heildarsamtaka launafólks og opinberra launagreiðenda hefur farið yfir gögn Hagstofu Íslands fyrir Kjaratölfræðinefnd og aðrar kjarasamningsbundnar breytingar sem taka þarf tillit til við útreikninginn. Þar á meðal eru áhrif af framkvæmd samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, virðismatsverkefni Kennarasambands Íslands og aukin framlög í sjóði samkvæmt samningum sveitarfélaga við flest aðildarfélög ASÍ.

Málið hefur ekki verið afgreitt formlega við ritun skýrslu forseta. Samkvæmt þeim gögnum og útreikningum sem liggja fyrir er þó ekki útlit fyrir að launatöfluauki leiði til hækkunar launataflna hjá neinum þeirra hópa sem uppgjörið tekur til.

Kauptaxtaauki í apríl 2026

Launa- og forsendunefnd kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, sem skipuð er fulltrúum frá ASÍ og SA, fundaði mánudaginn 9. mars. Á fundinum var úrskurðað að kauptaxtaauki skyldi gilda frá og með 1. apríl næstkomandi. Kauptaxtaaukinn fól í sér að kauptaxtar kjarasamninga hækkuðu um 0,06% frá og með 1. apríl 2026 og skýrist af því að launavísitala á almennum markaði hækkaði umfram taxtahækkanir viðmiðunartaxtans á öðru ári stöðugleikasamningsins.

Launa- og forsendunefnd lagði einnig mat á hvort forsendur væri fyrir greiðslu framleiðniauka. Nefndin taldi að þróun framleiðni á samningstímanum gæfi ekki tilefni til greiðslu hans.

Verðbólguforsendur til skoðunar í september 2026

Forsendunefnd sem starfar samkvæmt kjarasamningum aðila á árunum 2024–2028, ber að fylgjast með framvindu efnahagslífs og mögulegum áhrifum á markmið samninga um minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Nefndinni ber jafnframt að leggja mat á samningsforsendur, næst í september 2026. Þá skal taka afstöðu til eftirfarandi forsendna: *Að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 mælist ekki yfir 4,7%. Forsenda þessi um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars–ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða.*

Vaxandi hætta á forsendubresti kjarasamninga

Ört versnandi verðbólguhorfur í upphafi árs 2026 gerðu það að verkum að vaxandi hætta var á að verðbólga myndi mælast yfir þeim forsendum sem lágu kjarasamningum til grundvallar. Kjarasamningar voru undirritaðir vorið 2024, með það meginmarkmið að stuðla að minni verðbólgu og lægri vöxtum. Samningarnir fólu í sér árlegar launahækkanir upp á 3,25–3,5% á tímabilinu 2024–2028, auk viðbótarhækkana

á taxtalaun. Á samningstímanum voru samningarnir teknir til endurskoðunar í september 2025 og september 2026. Ef verðbólga mælist yfir forsendum kjarasamninga eiga stéttarfélög kost á að segja samningunum upp.

Uppfærð verðbólguspá ASÍ í lok febrúar gaf til kynna að forsendur núgildandi kjarasamninga myndu, að óbreyttu, ekki standast þegar þær kæmu til endurskoðunar í september 2026. Samkvæmt verðbólguspánni myndi verðbólga í ágúst mælast á bilinu 4,9–5,3% en forsendur kjarasamninga miða við að verðbólga verði lægri en 4,7% í september 2026. Verðbólguhorfur voru orðnar dekkri í maímánuði en samkvæmt spá hagdeildar frá því í maí var talið að verðbólga í ágúst væri á bilinu 5,2–5,4%.

Þríhliða samtal ríkisins, ASÍ og SA um verðlagsþróun

Þann 20. maí var tilkynnt um þríhliða samtal ríkisins, ASÍ og SA með það að markmiði að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði haldi haustið 2026. Markmiðið var að leita leiða til að hemja verðbólgu og vinna að greiningum sem legið gætu til grundvallar frekara mati á stöðunni. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum forsætisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og þrír undirhópar hófu jafnframt störf við greiningarvinnu. Fyrsti undirhópurinn vann að greiningu á áhrifum vaxta, verðbólgu og verðtryggingar á mismunandi samfélagshópa, annar undirhópurinn vann að greiningu á valkostum til að draga úr sjálfvirkum verðlagsbreytingum og þriðji undirhópurinn vann að greiningu á leiðum til að styrkja launatölfræði.

Verðbólga yfir forsendum kjarasamninga í ágúst

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,2% í ágúst frá fyrri mánuði og mældist verðbólga 5,6% á ársgrundvelli. Horft á verðbólguþróun síðustu sex mánaða á ársgrundvelli nam verðbólgutakturinn 6%. Verðbólga hafði ekki mælst hærri í tvö ár, eða frá ágústmánuði 2024 þegar hún var 6%. Af þessu var ljóst að verðbólga var 0,9 prósentustigum umfram verðlagsforsendur kjarasamninga sem koma til endurskoðunar.



Húsnæðismál

Mikið ójafnvægi skapaðist á húsnæðismarkaði á árunum bæði fyrir og eftir efnahagshrun. Aukið aðgengi að lánsfé, minni eiginfjárkröfur og mikill hagvöxtur ásamt fleiri þáttum urðu til þess að stórauka húsnæðiseftirspurn og ýta undir miklar verðhækkanir á árunum 2003–2008. Aðstæður á húsnæðismarkaði breyttust snögglega við fall íslensku bankanna en í kjölfarið dró úr getu heimila til kaupa á húsnæði vegna minni kaupmáttar og erfiðrar skuldastöðu. Áhrifin voru einnig mikil á verktaka sem drógu úr byggingaráformum. Íbúðafjárfesting dróst saman um 70% á árunum 2007–2010. Á árunum 2009–2014 var 961 fullgerð íbúð byggð að jafnaði á ári samanborið við um 2.900 íbúðir á árunum 2003–2008.

Því má segja að sú umframeftirspurn sem ríkti á árunum fyrir hrun hafi breyst í viðvarandi skort á árunum eftir hrun þar sem mannvirkjagerð hefur átt erfitt með að byggja í takt við mikla fólksfjölgun, stóra árganga fyrstu kaupenda og breyttar húsnæðisþarfir þar sem íbúum á íbúð hefur fækkað. Þetta ójafnvægi ásamt lækkun vaxta í kjölfar heimsfaraldurs hefur leitt til þess að húsnæðisverð hefur verið megindrifkraftur verðbólgu og hækkað umfram bæði laun og verðlag, mun meira en í nágrannalöndum.

Aðstæður á húsnæðismarkaði voru til umfjöllunar í hagspá ASÍ sem gefin var út í október 2025. Þar var bent á að óvenjulegar aðstæður ríkja á húsnæðismarkaði um þessar mundir. *„Seðlabankinn hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við áhrifum sem m.a. leiða af spennu á húsnæðismarkaði. Bankinn hefur hækkað vexti til að stuðla að verðstöðugleika og gripið til sérstakra lánþegaskilyrða á húsnæðismarkaði til að stuðla að fjármálastöðugleika.“*

Þar segir að aðgerðir Seðlabankans hafi slegið á þenslu á húsnæðismarkaði þar sem dregið hafi úr veltu og óseldum íbúðum fjölgað. Áhrifin birtist þó sérstaklega í því að stórum hóp er ókleift að kaupa fasteign við núverandi aðstæður.

„Samspil hás raunverðs húsnæðis, hárra vaxta og lánþegaskilyrða hefur mikil áhrif á getu fyrstu kaupenda til að komast inn á húsnæðismarkað. Hátt fasteignaverð kallar því á mikið eigið fé hjá fyrstu kaupendum auk þess sem háir vextir og lánþegaskilyrði gera þeim erfitt að standast greiðslumat eða uppfylla skilyrði um greiðslubyrðarhlutfall. Með

öðrum orðum er stórum hóp í dag ókleift að uppfylla lánþegaskilyrði.

Ólík lánaform hafa mismunandi kosti og galla. Jafngreiðslulán til 40 ára voru um langt skeið ríkjandi lánaform á íslenskum húsnæðismarkaði. Slík lán halda greiðslubyrði lágri í upphafi á kostnað eignamyndunar. Í dag nemur greiðslubyrði af verðtryggðu 40 ára jafngreiðsluláni um 52% af útborguðum meðallaunum og 65% ef lánstíminn er 25 ár. Í grunninn þyrfti einstaklingur því að vera með 1.300 þúsund krónur á mánuði til að uppfylla greiðslubyrðahlutfallið, en í reynd þurfa tekjurnar að vera hærri þar sem lánþegaskilyrðin setja þær kvaðir að greiðslumat miðist við 25 ára lán.“

Vaxtadómur fellur

Í október féll dómur Hæstaréttar í vaxtamálinu svokallaða og í kjölfarið skapaðist óvissa um útfærslu verðtryggðra lána sem leiddi til þess að bankar þrengdu að framboði slíkra lána. Landsbankinn tilkynnti skjótt að veitingu verðtryggðra lána yrði hætt, nema til fyrstu kaupenda og þá eingöngu til 20 ára á jöfnum afborgunum. Arion banki og Íslandsbanki hafa báðir gert hlé á veitingu verðtryggðra lána. Á hinn bóginn voru enn veitt lán til 40 ára til fyrstu kaupenda hjá lífeyrissjóðum. Áhrif dómsins urðu því að hluta til þess að draga úr framboði húsnæðislána og gera greiðslubyrði þeirra hærri hjá hluta lánveitenda.

Kallað eftir aukinni uppbyggingu húsnæðis á viðráðanlegu verði

Í mars 2025 var undirrituð viljayfirlýsing af ASÍ, BSRB og Reykjavíkurborg um að skoða í sameiningu mögulegar aðgerðir til að auka framboð á húsnæði og flýta innviðauppbyggingu í Reykjavík[11]. Samhliða undirritun var skipaður starfshópur með fulltrúum framangreindra aðila þar sem m.a. hafði það hlutverk að skoða hvernig flýta mætti uppbyggingu allt að 3 þúsund íbúða í Úlfarsárdal.

Starfshópurinn skilaði tillögum til borgarstjóra í október 2025. Meginviðfangsefni starfshópsins var að meta og skilgreina færar leiðir til að hraða uppbyggingu íbúðahverfis í Höllum (M22) í Úlfarsárdal. Á grundvelli þess mats er lagt til að farið verði í heildstætt útboð, s.s. samkeppnisviðræður, um val á samstarfsaðila (innviðafélagi) til að byggja upp tiltekna innviði gegn tilteknu magni byggingaréttar.* Svæðið verði þróað í samstarfi borgarinnar og innviðafélagsins, samkvæmt settum samfélagslegum og hagrænum markmiðum og skilyrðum borgaryfirvalda. Með því að beita heildrænni nálgun af þessu tagi, á umræddu svæði eða hluta þess, er mögulega hægt að stuðla að hraðari og hagkvæmari uppbyggingu, í takti við markmið gildandi húsnæðisáætlunar.

Starfshópinn skipuðu Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags, umhverfis- og skipulagssviði, Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði, Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, Róbert Farestveit, sviðsstjóri hagfræði- og greiningarsviðs ASÍ og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB.

Húsnæðispakki ríkisstjórnarinnar kynntur

Ríkisstjórnin kynnti í lok október 2025 fyrsta húsnæðispakka sinn, sem hafði það að markmiði að auka framboð íbúða, bæta stöðu fólks á húsnæðismarkaði og draga úr hvata til þess að eiga margar íbúðir sem fjárfestingu[12]. Samhliða var uppbygging á Höllum í Úlfarsárdal kynnt, byggt á vinnu ofangreinds starfshóps.

Meðal boðaðra aðgerða var að hækka stofnframlagshlutfall ríkisins til óhagnað-

11 https://vinnan.is/vilji-til-ad-rjufa-kyrrstodu-i-husnaediskreppunni/

12 https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/10/29/Fyrsti-husnaedispakki-rikisstjornarinnar-kynntur/

ardrifinna húsnæðisfélaga. Þá voru boðaðar aðgerðir sem beinast að þeim sem eiga margar íbúðir. Meðal annars að dregið yrði úr skattalegum hvötum til íbúðasöfnunar og gripið til aðgerða gegn því að íbúðir séu teknar af almennum húsnæðismarkaði og nýttar í skammtímaleigu.

Nýir valkostir við fjármögnun íbúðarkaupa

Nýjar leiðir til að fjármagna fasteignakaup litu dagsins ljós á íslenskum húsnæðismarkaði á síðasta ári. Úrræðið var fyrst kynnt af Reirverk í gegnum sjóðinn REIR20, sem býður kaupendum að leggja fram að lágmarki 10% eigið fé á meðan sjóðurinn leggur allt að 20% til við kaup á tilteknum íbúðum. Kaupandinn á þá 80% eignarinnar og REIR20 20%, en kaupandinn hefur full yfirráð yfir húsnæðinu og greiðir leigu fyrir hlut sjóðsins. Framlag sjóðsins er háð því að kaupendur fjárfesti í eign frá verktakanum.

Slík úrræði fengu töluverða athygli. Úrræðið jók áhættu lántaka og duldi að hluta greiðslubyrði lána. Seðlabankinn brást við með hertum lánþegaskilyrðum en í yfirlýsingu fjármálastöðugleikanefndar sagði að þetta fyrirkomulag væri áhættusamara en almenn íbúðakaup vegna lægra eiginfjárframlags kaupenda og hægari eiginfjármyndunar. Útbreidd notkun þessa fyrirkomulags gæti að óbreyttu leitt til aukinnar kerfisáhættu.

Almenna íbúðakerfið 10 ára

ASÍ og BSRB kynntu í apríl greiningu samtakanna á félagslegu húsnæði og þróun almenna íbúðakerfisins[13]. Tilefnið var meðal annars að tíu ár væru liðin frá því lög um almennar íbúðir voru sett. Í greiningunni er rakin þróun húsnæðismarkaðar frá því verkamannabústaðakerfið var lagt niður og staða tekjulægri hópa á húsnæðismarkaði. Bent er á að stórum hópum einstaklinga á húsnæðismarkaði sé ókleift að kaupa húsnæði í núverandi umhverfi hás húsnæðisverðs, hárra vaxta og þröngra lánþegaskilyrða. Sami hópur er settur í ómögulega stöðu á leigumarkaði, með lítið

13 Sjá https://vinnan.is/greining-asi-og-bsrb-a-stodu-almenna-ibudakerfisins/

húsnæðisöryggi og íþyngjandi húsnæðiskostnað þar sem lítið hefur verið byggt af leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði.

„Um síðustu aldamót, þegar verkamannabústaðakerfið var aflagt, voru um 7.000 íbúðir í kerfinu, eða um 7% íbúða í landinu. Frá því almenna íbúðakerfinu var komið á fyrir 10 árum hafa 1.100 íbúðir verið byggðar fyrir láglaunafólk og eru nú einungis um 0,7% íbúða í landinu fyrir sambærilegan hóp. Félagslegar lausnir í húsnæðismálum vinnandi fólks hafa því verulega gefið eftir og óhætt er að segja að stjórnvöld hafi gjörsamlega brugðist. Fjölgun almennra íbúða fyrir vinnandi fólk er því eitt brýnasta verkefni þeirra sem verða kosin í sveitarstjórnir þann 16. maí nk."

Í greiningunni er nokkuð fjallað um ábyrgð sveitarfélaga, en af 15 stærstu sveitarfélögum landsins hefur einungis um helmingur átt samstarf við Bjarg íbúðafélag um uppbyggingu á sama tíma og um fjögur þúsund fjölskyldur eru á biðlista eftir húsnæði.



Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Jón Ólafur Halldórsson, formaður SA, eftir undirritun sameiginlegrar yfirlýsingar varðandi lausn á jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrismál

Staða og ávöxtun lífeyrissjóða

Á árinu 2025 störfuðu 19 lífeyrissjóðir í 25 samtryggingardeildum, samanborið við 20 sjóði árið áður. Af þeim buðu 13 sjóðir upp á séreignarsparnað í 45 deildum. Eignir lífeyrissjóða námu 8.879 milljörðum króna í árslok 2025 en samkvæmt nýjustu tölum Seðlabanka Íslands höfðu þær aukist í 9.360 milljarða í lok júní 2026, eða um 482 milljarða frá áramótum. Það jafngildir 5,4% aukningu. Af eignum lífeyrissjóðanna voru 5.379 milljarðar innlendar eignir og 3.982 milljarðar erlendar eignir, eða um 42,5% heildareigna. Heildarlífeyrissparnaður landsmanna í samtryggingu og séreign nam 9.463 milljörðum króna í árslok 2025 og jókst um 8% milli ára.


Hrein raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða var 2,8% árið 2025, samanborið við 6,8% árið áður. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára nam 1,5% og síðustu tíu ára 3,6%. Tíu ára meðalraunávöxtun var því áfram lítillega yfir 3,5% langtímaviðmiði tryggingafræðilegra útreikninga.


Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða var áfram mjög mismunandi. Hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ var samanlögð tryggingafræðileg staða í árslok 2025 neikvæð um 241 milljarð króna, eða 3,2%. Í árslok 2024 var staðan neikvæð um 145 milljarða króna, eða 2,05%. Staðan versnaði því um tæpa 97 milljarða króna milli ára.

Hjá opinberu sjóðunum var tryggingafræðileg staða í árslok 2025 neikvæð um 1.120 milljarða króna, eða 25,3%. Í árslok 2024 nam neikvæða staðan 1.011 milljörðum króna, eða 24,6%. Staðan versnaði því um rúma 109 milljarða króna milli ára.

Síðustu ár hefur lífeyrisþegum lífeyrissjóðanna fjölgað nokkuð árlega þar sem fjölmennir árgangar ná eftirlaunaaldri og gera má ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu árin. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals um 147 þúsund manns ellilífeyri árið 2025, um 71 þúsund körlum og 76 þúsund konum, en hafa ber í huga að einstaklingar geta verið tvítaldir vegna réttinda í fleiri en einum sjóði. Þar af fengu tæplega 93 þúsund manns greiddan ellilífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgað um tæplega 77 þúsund, eða um 110%. Tölurnar byggjast á ársreikningum lífeyrissjóðanna fyrir árið 2025. Til samanburðar voru um 139 þúsund lífeyrisþegar árið 2024.

Greiðslur lífeyrissjóða til ellilífeyris úr samtryggingu jukust milli ára og námu um 248 milljörðum króna árið 2025, samanborið við um 230 milljarða árið áður m.v. verðlag í desember 2025. Greiðslur almannatrygginga vegna ellilífeyris námu um 120 milljörðum króna árið 2025. Greiðslur lífeyrissjóða stóðu því undir tveim þriðju af samanlögðum greiðslum lífeyrissjóða og almannatrygginga til ellilífeyris á árinu. Vægi lífeyrissjóða í framfærslu ellilífeyrisþega hefur farið vaxandi eftir því sem stærri hluti lífeyrisþega hefur greitt til lífeyrissjóða megnið af starfsævinni.


Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða
- milljarðar króna -
400
200
0
-200
-400
-600
-800
-1000
-1200
2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023 2024 2025
Lífeyrissjóðir launafólks innan ASÍ
Lífeyrissjóðir með bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga
Heimild: Ársreikningar lífeyrissjóða


Fjöldi ellilífeyrisþega sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðunum samtals
- Meðaltal ársins -
Einstaklingar geta verið tvítaldir þegar þeir fá greiðslur úr fleiri en einum sjóði
80.000
70.000
60.000
50.000
40.000
30.000
20.000
10.000
0
33.672
36.357
35.700
38.843
38.128
41.699
41.400
44.672
44.570
47.803
47.912
51.386
50.972
54.582
54.000
57.954
57.470
61.303
62.400
66.786
66.900
71.889
70.764
76.032
2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023 2024 2025
Karlar
Konur
Heimild: Ársreikningar lífeyrissjóða

Lífeyriskerfi Íslands áfram í öðru sæti í alþjóðlegum samanburði

Íslenska lífeyriskerfið skipaði áfram annað sæti í alþjóðlegum samanburði Mercer og CFA Institute á lífeyriskerfum, samkvæmt úttekt sem birt var haustið 2025. Alls náði úttektin til 52 lífeyriskerfa en Ísland hlaut 84,0 stig og hækkaði úr 83,4 stigum árið 2024. Holland var áfram í fyrsta sæti. Úttektin lýtur að þremur grunnþáttum lífeyriskerfa sem eru nægjanleiki, sjálfbærni og traust. Ísland hlaut hæstu einkunn allra ríkja fyrir sjálfbærni kerfisins, fjórða árið í röð. Nægjanleiki styrktist einnig frá fyrra ári en einkunn fyrir traust lækkaði lítillega.

Viðræður um samruna SL lífeyrissjóðs og Almenna – Lífsverks

Á árinu hófu SL lífeyrissjóður og Almenni Lífsverk viðræður um mögulega sameiningu. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðunum er markmiðið að kanna hvort sameining geti styrkt réttindi sjóðfélaga, bætt þjónustu og skapað hagræðingu í rekstri. Síðar um sumarið var undirritaður samrunasamningur og stefnt að því að sameinaður sjóður taki til starfa í ársbyrjun 2027, verði tillagan samþykkt og nauðsynlegar lagabreytingar gerðar. Samhliða var undirrituð viljayfirlýsing af hálfu stjórnvalda um að beita sér fyrir þeim lagabreytingum sem sameiningin kallar á.

SL hefur sérstöðu meðal lífeyrissjóða þar sem sjóðurinn starfar samkvæmt sérlögum og tekur meðal annars við iðgjöldum þeirra sem ekki greiða eða eiga aðild að öðrum lífeyrissjóði. Réttindamyndun sjóðanna er jafnframt ólík. Hjá SL hefur samtrygging mun meira vægi en hjá Almenna Lífsverki, þar sem skylduiðgjaldið skiptist milli samtryggingar og séreignar.

Málið hefur verið til umræðu í lífeyrisnefnd ASÍ. Þar hefur meðal annars verið bent á að verulegur hluti þeirra sem falla undir lögbundið hlutverk SL sé félagsfólk aðildarfélaga ASÍ. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að meta áhrif sameiningarinnar á lögbundið hlutverk sjóðsins og á vægi samtryggingar og séreignar í réttindamyndun. Við ritun skýrslu forseta liggur ekki fyrir niðurstaða um sameininguna, en samkvæmt samrunasamningnum er gert ráð fyrir að tillagan verði tekin til afgreiðslu í september 2026.

Breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða

Á árinu voru samþykktar umfangsmiklar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem rýmka fjárfestingarheimildir og auka vægi svonefndrar skynsemisreglu við eigna- og áhættustýringu, samhliða breytingum á kröfum um innra eftirlit og rekstur. Skynsemisreglan felur í sér að fjárfestingarstefna sé sett fram af ábyrgð og taki mið af skuldbindingum og hlutverki hvers lífeyrissjóðs.

Meðal helstu breytinga er að fallið er frá 60% hámarki á tiltekna eignaflokka og svigrúm til fjárfestinga í óskráðum fjármálagerningum aukið. Áfram skal þó meiri hluti eigna vera í tilgreindum eignaflokkum, innlánum, skráðum verðbréfum eða innleysanlegum hlutdeildarskírteinum. Reglur um fjárfestingar í verðbréfasjóðum eru jafnframt rýmkaðar.

Heimild til verðbréfalána er jafnframt lögfest, þó þannig að slík lán megi að hámarki nema 5% af heildareignum og á móti þeim þurfi að leggja fram tryggingu sem nemur að minnsta kosti markaðsvirði lánaðra verðbréfa. Þá er heimild til notkunar afleiðna rýmkuð þannig að þær megi einnig nýta til skilvirkrar stýringar eignasafna en ekki eingöngu til að draga úr áhættu. Í greinargerð frumvarpsins er tekið fram að rýmkunin heimili ekki notkun afleiðna sem felur eingöngu í sér spákaupmennsku.

Jafnframt voru sett skýrari ákvæði um lausafjárstýringu og verðmat eigna og gerðar breytingar á innra eftirliti og innri endurskoðun. Breytingarnar tóku gildi 1. júlí 2026.

Undirbúningur málsins átti sér nokkurn aðdraganda. Fjármála- og efnahagsráðuneytið vann að frumvarpinu í samráði við Landssamtök lífeyrissjóða og Seðlabanka Íslands og leitaði jafnframt álits ASÍ og SA. Tekið var undir það meginmarkmið að auka vægi skynsemisreglunnar og draga að sama skapi úr vægi magnbundinna takmarkana af ASÍ og SA. Aðilar gerðu hins vegar fyrirvara við ýmsar hugmyndir Seðlabanka Íslands, einkum þær sem sneru að stjórnarháttum, hæfi stjórnarmanna og lykilstarfsmanna og auknum eftirlitsheimildum Seðlabankans.

Í athugasemdum ASÍ og SA var lögð áhersla á að íslenska lífeyriskerfið byggði á félagslegum grunni og að lífeyrisréttindi væru óaðskiljanlegur hluti umsaminna kjara. Stjórnskipan lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði væri byggð á kjarasamningum og sameiginlegri ábyrgð launafólks og atvinnurekenda. Aðilar töldu að ýmsar tillögur Seðlabankans fælu í sér verulegt inngrip í kjarasamninga og samningsbundna stjórnskipan sjóðanna án þess að sýnt hefði verið fram á brýna nauðsyn þeirra.

Í samráðsferlinu var þessari afstöðu fylgt eftir. Þegar frumvarpsdrög voru síðar birt hafði verið fallið frá hluta þeirra hugmynda sem fram höfðu komið á fyrri stigum, meðal annars breytingum sem vörðuðu störf tryggingastærðfræðinga.

Við meðferð frumvarpsdraganna voru einnig gerðar athugasemdir við tillögu um sérstakan starfsmann til að annast ráðgjöf til stjórnar um fylgni við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. ASÍ lagðist jafnframt gegn því að felld yrði niður lögbundin skylda til að setja siðferðileg viðmið við fjárfestingar. Fallið var frá þeirri breytingu áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi.

ASÍ og SA studdu meginefni frumvarpsins í sameiginlegri umsögn til Alþingis. Í umsögninni var tekið undir aukið vægi skynsemisreglunnar og rýmkun magnbundinna takmarkana. Jafnframt var áfram lögð áhersla á að standa yrði vörð um samningsbundna stjórnskipan lífeyrissjóðanna.

Við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd lagði Seðlabanki Íslands til frekari breytingar á stjórnarháttum, hæfisskilyrðum og eftirlitskerfi lífeyrissjóða. ASÍ og SA lögðust gegn því að þær breytingar yrðu teknar inn í frumvarpið. Í viðbótarumsögn var bent á að frumvarpið væri afrakstur ítarlegs samráðs og að ýmsar tillögur Seðlabankans hefðu þegar verið til umræðu á fyrri stigum án þess að um þær hefði náðst samstaða. Að mati ASÍ og SA fælu margar þeirra í sér verulegt inngrip í kjarasamningsbundið stjórnkerfi sjóðanna. Efnahags- og viðskiptanefnd tók undir að ekki væri tilefni til tillagna Seðlabankans um frekari breytingar á stjórnarháttum og hæfiskröfum og urðu þær því ekki hluti lagabreytingarinnar.

Frumvarpið var samþykkt á Alþingi í júní með nokkrum breytingum. Meðal annars var komið til móts við athugasemd ASÍ og SA um tvítekningu í ákvæði um innri endurskoðun. Niðurstaðan varð sú að fjárfestingarheimildir voru rýmkaðar og vægi skynsemisreglunnar aukið, en breytingar á samningsbundinni stjórnskipan lífeyrissjóðanna sem Seðlabanki Íslands hafði lagt til urðu ekki hluti af lögunum.

Breytingar á almannatryggingum – Launavísitölutenging, hækkun frítekjumarks auk sérstakrar eingreiðslu

Á árinu urðu nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar sem vörðuðu kjör elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Þar á meðal var tenging greiðslna almannatrygginga við launavísitölu lögfest, almennt frítekjumark ellilífeyris hækkað og sérstök eingreiðsla samþykkt til lífeyrisþega í desember 2025.

Frumvarp um tengingu greiðslna almannatrygginga við launavísitölu var áður

hluti af stærra frumvarpi um breytingar á örorkulífeyriskerfinu en var endurflutt sérstaklega á 157. löggjafarþingi. Samkvæmt frumvarpinu skyldi við árlega ákvörðun fjárhæða almannatrygginga tekið mið af þróun launavísitölu, þó þannig að greiðslur hækkuðu aldrei minna en verðlag.

ASÍ studdi það markmið að greiðslur almannatrygginga fylgdu þróun lægstu launa þannig að kjör elli- og örorkulífeyrisþega drægjust ekki aftur úr öðrum hópum. Sambandið taldi þó ekki þörf á lagabreytingunni þar sem núgildandi ákvæði laga um almannatryggingar gerði þegar ráð fyrir að við ákvörðun fjárhæða væri tekið mið af launaþróun og að greiðslur hækkuðu aldrei minna en verðlag. Jafnframt var bent á að tenging við almenna launavísitölu gæti leitt til þess að greiðslur almannatrygginga drægjust aftur úr kjörum lágtekjuhópa. ASÍ lagði því til að frumvarpið yrði ekki að lögum. Gagnrýni á útfærslu frumvarpsins kom einnig fram í umsögnum SA, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjármálaráðs. Frumvarpið var samþykkt í mars 2026.

Einnig voru samþykktar breytingar á almennu frítekjumarki ellilífeyris og fleiri ákvæðum laga um almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu. Auk hækkunar frítekjumarksins tók frumvarpið til áframhalds aldursviðbótar eftir að ellilífeyrisaldri væri náð, vinnslu og miðlunar upplýsinga í örorku- og endurhæfingarkerfinu og niðurfellingar stjórnar Tryggingastofnunar.

ASÍ studdi ekki frumvarpið í heild. Sambandið taldi hækkun almenns frítekjumarks ekki markvissa leið til að uppræta fátækt eða bæta kjör tekjulægri ellilífeyrisþega og benti á að verulegur hluti kostnaðar við breytinguna rynni ekki til tekjulægsta hópsins. Þá var varað við að framlenging aldursviðbótar gæti skapað nýjan mun milli hópa eftir réttindum í lífeyrissjóðum og væri tilefni til frekari skoðunar á kjörum þeirra sem hafa takmörkuð lífeyrisréttindi við ellilífeyrisaldur. ASÍ lagðist jafnframt gegn því að stjórn Tryggingastofnunar yrði lögð niður og taldi fremur ástæðu til að skýra hlutverk hennar og skipan. Ekki voru gerðar athugasemdir við þær breytingar sem miðuðu að skýrari lagastoð fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi. Frumvarpið var samþykkt í desember 2025 með minni háttar breytingum.

Í desember 2025 var einnig lögfest sérstök eingreiðsla til þeirra sem höfðu fengið örorkulífeyri, hlutaörorkulífeyri, ellilífeyri eða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur á árinu. Greiðslan var tekjutengd, undanþegin skatti og leiddi ekki til skerðingar annarra greiðslna almannatrygginga.

Sérstakar eingreiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega voru fyrst teknar upp árið 2020 sem liður í aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs og sambærileg desembergreiðsla var síðan veitt árlega. Rökin fyrir áframhaldi greiðslunnar voru þau að vinnu við fyrirhugaðar breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga, sem ætlað var að bæta kjör öryrkja, væri ekki lokið. Ráðuneytið benti jafnframt á að það kerfi hefði tekið gildi 1. september 2025.

ASÍ gagnrýndi útfærslu eingreiðslunnar. Í umsögn sambandsins var minnt á að um væri að ræða endurtekningu á sérstakri aðgerð frá tíma heimsfaraldurs. Að mati ASÍ samræmdist svo almenn og umfangsmikil aðgerð illa yfirlýstu markmiði um að bæta kjör tekjulægri lífeyrisþega og vakti jafnframt spurningar um markvissa ráðstöfun almannafjár. Frumvarpið var samþykkt efnislega óbreytt.

Samráðsvettvangur ASÍ og SA um lífeyrismál

Sérstakur samráðsvettvangur um málefni lífeyrissjóða á samningssviði aðila er starfræktur á grunni kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál. Síðasti samráðsfundur var haldinn í september 2025 og sneri að samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða

þegar kemur að örorkulífeyri. Þar var meðal annars fjallað um mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða, víxlverkun milli kerfanna og mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og starfsendurhæfingar. Umræðan á vettvangnum var hluti af aðdraganda þeirrar vinnu um framtíðarfyrirkomulag örorkutrygginga sem síðar hófst og er rakin hér í framhaldi.

Jöfnun örorkubyrði og nýtt fyrirkomulag örorkutrygginga

Í skýrslu forseta ASÍ árið 2025 var ítarlega fjallað um aðdraganda og tilefni þess að endurskoða þyrfti fyrirkomulag örorkutrygginga og samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða. Þar kom fram að breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga, sem tóku gildi 1. september 2025, leystu ekki öll viðfangsefni sem uppi voru. Sérstaklega var bent á víxlverkun greiðslna milli kerfanna og að örorkubyrði lífeyrissjóða væri mjög mismikil. Þessi munur birtist meðal annars í mismunandi réttindaávinnslu sjóðfélaga og því væri þörf á varanlegri lausn á jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Frá árinu 2005 hefur ríkissjóður tekið þátt í að jafna þennan mun með sérstöku framlagi vegna örorkubyrði lífeyrissjóða. Í skýrslu forseta 2025 var rakið að stjórnvöld hygðust fella framlagið niður að fullu árið 2026 en hugmyndin mætti andstöðu aðila vinnumarkaðarins og innan úr lífeyriskerfinu. ASÍ lagðist gegn því að framlagið yrði fellt niður án þess að annað fyrirkomulag jöfnunar hefði verið tryggt. ASÍ lýsti sig reiðubúið til þátttöku í viðræðum um framtíðarlausn en setti þann fyrirvara að jöfnunarframlagið yrði tryggt í fjárlögum fyrir árið 2026 svo skapa mætti vinnufrið til viðræðna.

Fjármála- og efnahagsráðherra lýsti í framhaldinu yfir að lagt yrði til að framlaginu yrði viðhaldið tímabundið í eitt ár. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2026 var síðan samþykkt 4,9 ma.kr. framlag til jöfnunar örorkubyrði. Í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga 2026 kom fram að fjármögnunin væri tímabundin meðan niðurstaða fengist úr viðræðum um þörf fyrir aðkomu ríkissjóðs til framtíðar, meðal annars með hliðsjón af víxlverkun greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Viðræður um framtíðarlausn

Forseti ASÍ lagði til að hefja viðræður við SA og fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins og að viðræðunefnd ASÍ yrði skipuð forseta sambandsins ásamt formönnum Eflingar, Starfsgreinasambands Íslands, VR og Samiðnar, sem jafnframt er formaður lífeyrisnefndar ASÍ. Með nefndinni störfuðu Henný Hinz og Þórir Gunnarsson, starfsmenn ASÍ. Tillagan var samþykkt samhljóða og ákveðið að hópur formanna landssambanda og stærstu félaga ásamt lífeyrisnefnd ASÍ yrði bakhópur viðræðuhópsins.

Sameiginleg yfirlýsing

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt til við fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að gerð verði breyting á fjárlagafrumvarpi ársins 2026 þess efnis að fyrirkomulag á jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða verði með sambærilegum hætti á næsta ári og á yfirstandandi ári.

Fjármögnun verði tímabundin fyrir árið 2026. Jafnframt hefur fjármála- og efnahagsráðherra lagt til við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tillögu um framlengingu á ákvæði til bráðabirgða í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um framlengingu bráðabirgðaákvæðis laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þannig að sjóðunum verði óheimilt á tímabilinu frá 1. september 2025 til 31. desember 2026 að láta almennar hækkanir sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði. Hvorutveggja er gert til að skapa svigrúm á meðan niðurstaða fæst í samtal aðila um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða, m.a. með hliðsjón af gagnvirkri víxlverkunar milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Af því tilefni hafa Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafið viðræður um endurskoðun á þeim þætti kjarasamninga aðila um lífeyrismál frá árinu 1995 sem snýr að afkomutryggingum launafólks sem missir starfsorku vegna veikinda og slysa, með áherslu á aukið vægi starfsendurhæfingar og endurkomu til vinnu. Aðilar hafa þegar hafið eftirfarandi vinnu:

1. Söfnun og greiningu upplýsinga um örorkubyrði almannatrygginga og lífeyrissjóða og áhrif ójafnrar dreifingar hennar á sjóðsfélaga.
2. Undirbúning að tillögum um framtíðarfyrirkomulag sem stuðlar að fyrirsjáanleika og festu í jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.
3. Undirbúning að tengsnum á víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki í janúar 2026 með greinargerð til fjármála- og efnahagsráðherra.

Í framhaldinu er stefnt að því að lögð verði upp verkefnaáætlun um hvernig bæsta eigi samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða og auka virkni á vinnumarkaði með áherslu á starfsendurhæfingu og endurkomu til vinnu án þess að heildarkostnaður samfélagsins vegna veikinda og örorku aukist. Þessi áfangi verður unnin í samvinnu fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og húsnæðisráðherra og aðila vinnumarkaðarins í samráði við sérfræðinga á sviði starfsendurhæfingar.

Reykjavík, 17. desember 2025

Alþýðusamband Íslands

Samtök atvinnulífsins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Viðræðurnar fóru fram milli ASÍ og SA með þátttöku fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þeim var skipt í þrjá áfanga. Fyrsti áfanginn sneri að samspili örorkubyrði lífeyrissjóðanna og almannatrygginga og fýsileika þess að stofna nýtt sameinað örorkulífeyriskerfi. Sjálfstætt markmið aðgerðanna var að jafna rétt launafólks til ellilífeyris.

Ólíkar leiðir voru teknar til skoðunar en vinnan beindist að fýsileika sameinaðs örorkubótasjóðs fyrir fólk á vinnumarkaði. Vinnan beindist einkum að því að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða og leysa víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Sú leið sem unnið hefur verið áfram með gerir ráð fyrir vinnumarkaðstengdum örorkubótasjóði á forræði aðila vinnumarkaðarins. Gert er ráð fyrir að örorkutryggingar þeirra sem hafa myndað rétt á vinnumarkaði færist að verulegu leyti í sameiginlegt kerfi, en framfærsla þeirra sem ekki hafa myndað slík réttindi verði áfram hjá almannatryggingum. Sjóðurinn yrði gegnumstreymissjóður og fjármagnaður með sérstöku iðgjaldi, meðal annars með hluta þess iðgjalds sem nú rennur til lífeyrissjóða og lækkun tryggingagjalds. Miðað er við að iðgjöld standi undir bótum og rekstri og að sjóðurinn hafi svigrúm til að mæta sveiflum. Nákvæm fjármögnun og innheimta iðgjalda er enn til frekari útfærslu.

Í desember 2025 undirrituðu ASÍ, SA og fjármála- og efnahagsráðherra sameig-

inlega yfirlýsingu um leiðina að varanlegri lausn á jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða og lausn á gagnvirkri víxlverkun almannatrygginga og lífeyrissjóða. Í yfirlýsingunni fólst sameiginleg sýn á viðfangsefnið og ásetningur um að hrinda breytingum í framkvæmd á komandi ári.

Þegar vinnan við fyrsta áfangann var komin áleiðis og hugmyndin um sameiginlegan sjóð naut stuðnings ASÍ og SA var hún kynnt öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Þá voru viðræðurnar útvíkkaðar og komu fulltrúar opinbers launafólks og opinberra atvinnurekenda inn í samtalið. Yfirstandandi vinna tekur þannig til vinnumarkaðarins í heild.

Aðkoma lífeyrissjóða

Á árinu 2026 var áfram unnið að útfærslu og mati á fýsileika sameinaðs örorkubótasjóðs. Sérstaklega hefur þurft að meta áhrif breytinganna á lífeyrissjóðina. Örorkubyrði og örorkuskuldbindingar eru mjög mismunandi eftir sjóðum og breyting á því hvaða hluti iðgjalds stendur undir lífeyrinum getur því haft ólík áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra. Í vinnunni hefur verið miðað við að neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu verði sem minnst.

Verkefnið var fyrst kynnt fyrir lífeyrissjóðunum á fundi síðastliðinn vetur þar sem fulltrúum allra sjóða var boðið. Þar var meðal annars farið yfir ólíka örorkubyrði lífeyrissjóða, iðgjaldsþörf vegna örorku og möguleg áhrif breytinga. Í framhaldinu var kallað eftir ítarlegri upplýsingum um áhrif breytinganna á hvern sjóð, meðal annars á tryggingafræðilega stöðu og réttindi. Svör frá lífeyrissjóðunum eru að mestu komin og unnið er úr þeim.

Snemmtæk íhlutun og endurkoma til vinnu

Annar áfangi verkefnisins snýr að tímabilinu áður en til örorku kemur og að snemmtækri íhlutun í veikinda- og slysaferli. Á vormánuðum 2026 var settur á fót sérfræðihópur um snemmtæka íhlutun í veikinda- og slysaferli og gagnaöflun og greiningar á tíðni og umfangi veikinda og slysa. Í hópnum eiga sæti fulltrúar fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og húsnæðisráðherra, samtaka opinberra starfsmanna og opinberra launagreiðenda, ASÍ og SA.

Verkefnið snýr að því að leita leiða til að efla snemmtæka íhlutun í kjölfar veikinda og starfsgetumissis á grundvelli gildandi réttinda samkvæmt kjarasamningum, í sjúkrasjóðum og almannatryggingum.

Jafnframt er unnið að öflun og greiningu gagna um veikinda- og slysatíðni, kostnað og ferlið frá veikindum til endurhæfingar og endurkomu á vinnumarkað. Sérstaklega er rýnd aðkoma VIRK og heilbrigðiskerfisins að ferlinu.

Við ritun skýrslu forseta hefur fyrsti áfangi viðræðnanna skilað ramma um framtíðarskipan örorkukerfisins sem er í frekari rýni og vinna við annan áfanga er komin áleiðis. Verkefnið nýtur stuðnings ASÍ og SA og þeirra aðila vinnumarkaðarins sem komið hafa að vinnunni. Fyrir ASÍ er hér um mikilvægt réttlætismál að ræða. Ólík örorkubyrði hefur um langt skeið komið sérstaklega niður á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í lífeyrissjóðum verka- og sjómanna og leitt til þess að réttindi til ellilífeyris ráðast að hluta af því í hvaða sjóð launafólk greiðir.

Varanleg jöfnun örorkubyrðinnar gæti því orðið mikilvæg framför í íslenska lífeyriskerfinu. Með henni væri unnt að draga úr þeim ójöfnuði sem mismikil örorkubyrði skapar milli lífeyrissjóða og styrkja til lengri tíma jafnræði sjóðfélaga við ávinnslu ellilífeyrisréttinda. Gert er ráð fyrir að þriðji áfangi taki til nánari útfærslu fyrirhug-

aðra breytinga, þar á meðal þeirra lagabreytinga sem kunna að reynast nauðsynlegar. Endanlegt samkomulag um alla þætti verkefnisins liggur þó ekki fyrir.

Stjórnskipan Landssamtaka lífeyrissjóða

Í aðdraganda aðalfundar Landssamtaka lífeyrissjóða 2026 kom upp ágreiningur um uppstillingu í stjórn samtakanna og í fyrsta sinn náðist ekki samstaða í uppstillingarnefnd. Tvær tillögur komu fram um stjórnarkjör og varð tillaga meirihluta nefndarinnar ofan á. Fulltrúar frjálsu lífeyrissjóðanna töldu að fjöldi fulltrúa úr þeirra röðum í stjórn væri ekki í samræmi við vægi sjóðanna í lífeyrissjóðakerfinu. Á aðalfundinum var jafnframt samþykkt að efna til sérstaks fundar síðar á árinu um hlutverk samtakanna, samsetningu stjórnar og fjölda stjórnarmanna.

Hingað til hefur uppstilling í stjórn LL byggst á viðteknu fyrirkomulagi þar sem leitast hefur verið við að endurspegla fjölbreytileika aðildarsjóðanna og jafnvægi milli ólíkra hópa. Samþykktir samtakanna gera ekki ráð fyrir að stjórnarsæti skiptist eftir stærð sjóða, eignum eða árgjöldum.

Málið hefur einnig verið rætt í lífeyrisnefnd ASÍ. Þar hefur verið talið að ekki sé rétt að breyta núverandi fyrirkomulagi án heildstæðrar umræðu um hlutverk samtakanna og kjarasamningslegan og stofnanalegan grundvöll lífeyriskerfisins. Jafnframt hefur verið talið álitaefni hvert vægi ólíkra sjóða eigi að vera innan LL og hvort séreign og viðbótarlífeyrissparnaður eigi að telja með sama hætti og skyldubundin samtrygging.

Grænbók um lífeyrissjóðakerfið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skipaði árið 2023 starfshóp til að vinna grænbók um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins. Markmiðið var að grænbókin gæti orðið grundvöllur að frekari stefnumótun og umræðu um þróun kerfisins.

Lífeyrisnefnd ASÍ hefur fylgst með vinnunni og farið yfir drög með það fyrir augum að halda til haga sjónarmiðum og stefnu ASÍ í lífeyrismálum. Drög að efni eru hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og þarfnast ákveðin atriði frekari efnismeðferðar.

Drög að nýjum hjúskaparlögum

Skömmu fyrir útgáfu skýrslu forseta lagði sifjalaganefnd fram drög að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga. Frumvarpið tekur meðal annars til fjárskipta hjóna og meðferðar lífeyrisréttinda við skilnað og andlát.

Í drögunum er lagt til að lífeyrisréttindi vegna skylduiðgjalds geti almennt staðið utan skipta við skilnað, en aðrar reglur gildi um viðbótarlífeyrissparnað og við andlát.

ASÍ tók undir að endurskoða þyrfti reglur um skiptingu lífeyrisréttinda en setti fyrirvara við að réttindi vegna skylduiðgjalds geti staðið utan skipta. Að mati sambandsins samræmist það illa stefnu ASÍ um sameign lífeyrisréttinda og getur viðhaldið mun á réttindum hjóna.

Gera má ráð fyrir að ASÍ taki málið frekar fyrir í samráðs- og umsagnarferli. Framhald þess ræðst af meðferð stjórnvalda og Alþingis og verður væntanlega tilefni til frekari umfjöllunar í skýrslu forseta að ári.

Starf lífeyrisnefndar ASÍ

Lífeyrisnefnd ASÍ fundaði reglulega á starfsárinu og fjallaði um helstu mál sem rakin hafa verið hér að framan. Þar bar hæst vinna um örorkumál, samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi örorkutrygginga.

Nefndin fjallaði jafnframt um snemmtæka íhlutun og endurkomu til vinnu og lagði áherslu á að styrkja stuðning við fólk snemma í veikindaferli og greiða fyrir endurkomu á vinnumarkað.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, grænbók um lífeyrissjóðakerfið og siðferðileg viðmið við fjárfestingar komu einnig ítrekað til umræðu. Á síðari hluta starfsársins fjallaði nefndin jafnframt um stjórnskipan og stefnumótun Landssamtaka lífeyrissjóða og fyrirhugaða sameiningu SL og Almenna Lífsverks, meðal annars með hliðsjón af hlutverki aðila vinnumarkaðarins, vægi samtryggingar og séreignar og sérstöðu SL innan kerfisins.



Atvinnu-, auðlinda og umhverfismál

Á starfsárinu 2025–2026 beindist hagsmunagæsla Alþýðusambands Íslands í atvinnu-, auðlinda- og umhverfismálum að fjölmörgum veigamiklum lagafrumvörpum og stefnumarkandi ákvörðunum sem varða nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar, uppbyggingu atvinnulífs og umgjörð orkumála til framtíðar. Umræða um orkuöflun, raforkumarkað, lagareldi, samgönguinnviði og orkuskipti var áberandi á tímabilinu og ljóst að fram undan eru umfangsmiklar ákvarðanir sem munu móta bæði atvinnuþróun og lífskjör um langt skeið.

Í umsögnum sínum lagði Alþýðusambandið ríka áherslu á að nýting náttúruauðlinda yrði ávallt byggð á langtímahagsmunum samfélagsins, sjálfbærni og réttlátri skiptingu þeirra verðmæta sem auðlindirnar gefa af sér. Jafnframt var lögð áhersla á að þjóðin nyti sanngjarnrar hlutdeildar í auðlindaarði, að fagleg og gagnsæ stjórnsýsla væri tryggð og að ákvarðanir byggðu á traustri þekkingu og heildstæðu mati á efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum.

Orkumál voru fyrirferðarmikill þáttur í starfinu. Þar beindist athyglin meðal annars að raforkuverði, dreifingu raforku, framtíð raforkumarkaðarins, rammaáætlun og uppbyggingu nýrra orkukosta. Alþýðusambandið lagði áherslu á að tryggja orkuöryggi heimila og atvinnulífs, aðgengi að raforku á viðráðanlegu verði og að upp-

bygging orkukerfisins þjónaði bæði samfélagslegum og efnahagslegum markmiðum. Samhliða því var lögð áhersla á vernd náttúrugæða og mikilvægi þess að ákvarðanir um nýtingu lands og auðlinda byggðu á faglegu mati og víðtækri samfélagslegri sátt.

Mikil umræða fór einnig fram um lagareldi og framtíð þeirrar atvinnugreinar. Þar lagði Alþýðusambandið áherslu á að móta þyrfti skýran og traustan lagaramma sem tryggði sjálfbæra nýtingu auðlinda, öfluga umhverfisvernd og sanngjarna hlutdeild samfélagsins í þeim verðmætum sem verða til. Jafnframt var bent á mikilvægi þess að atvinnuuppbygging í greininni færi saman við vernd náttúru og að ákvarðanir um frekari uppbyggingu byggðu á vísindalegri þekkingu og samfélagslegri sátt.

Á tímabilinu fjallaði Alþýðusambandið einnig um uppbyggingu samgönguinnviða og fjármögnun þeirra, breytingar á gjaldtöku í samgöngum og ýmis mál sem tengjast orkuskiptum. Í þeirri umræðu var lögð áhersla á að kostnaður af nauðsynlegum breytingum félli ekki með ósanngjörnum hætti á heimili eða einstaka samfélagshópa og að markmið um sjálfbærni og loftslagsaðgerðir færu saman við markmið um jöfnuð, byggðaþróun og bætt lífskjör.

Sameiginlegt stef í málaflokknum var sú afstaða að atvinnuuppbygging, auðlindanýting og umhverfisvernd væru ekki andstæður heldur samverkandi þættir í sjálfbærri þróun samfélagsins. Alþýðusamband Íslands lagði því áherslu á að ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum yrðu teknar með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi og að jafnvægi ríkti milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.

Ný heildarumgjörð orkumála

Vinnu við nýja heildarumgjörð um orkumál, sem tekið hafði alls tæp fimm ár, lauk með samþykktum á lögum og ályktunum frá Alþingi við þinglok í júní 2026. Í þessum lokaáfanga voru eftirfarandi sex mál afgreidd:

- **307. mál (Samþykkt í júní 2026):** Rammaáætlun. Uppfærð þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem flokkar nýja virkjunarkosti og vindorkusvæði. (Sjá umsögn ASÍ um 565. mál).
- **229. mál (Lög nr. 17/2026):** Orkuöflunarstefna ríkisins. Setur bindandi 10 ára markmið stjórnvalda um orkuþörf inn í rammaáætlun.
- **265. mál (Lög nr. 30/2026):** Einföldun leyfisferla. Sameinar leyfisveitingar á einn stað hjá nýrri Umhverfis- og orkustofnun („One-Stop Shop“).
- **565. mál (Samþykkt í júní 2026):** Vindorka og breyting á rammaáætlun. Setur reglur um vindorkuver yfir 10 MW og hvernig á að flýta verkefnum í nýtingarflokki.
- **191. mál (Lög nr. 45/2026):** Raforkuviðskipti. Skýrir reglur á heildsölumarkaði með raforku (framvirkir samningar o.fl.), samþykkt 27. apríl 2026.
- **596. mál (Samþykkt í júní 2026):** Jöfnun dreifingarkostnaðar. Breyting á jöfnunargjaldi til að lækka raforkuverð á landsbyggðinni.

Mótun langtímastefnu um orkuöflun

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum (orkuöflunarstefna, aukin skilvirkni o.fl.), 229. mál, var samþykkt sem lög frá Alþingi í lok marsmánaðar 2026.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í október 2025. Í umsögn Alþýðusambands Íslands var lýst stuðningi við markmið um skilvirkari stjórnsýslu á sviði orkumála og skýrari langtímasýn um nýtingu og vernd orkuauðlinda. Jafnframt var lögð áhersla á

að breytingar á lagarammanum yrðu að styrkja faglegt mat og stuðla að því að ákvarðanir um nýtingu og vernd auðlinda byggðu á traustum og óháðum forsendum.

Alþýðusambandið taldi jákvætt að stjórnvöld hygðust móta langtímastefnu um orkuöflun og nýtingu auðlinda, enda gæti slík stefna aukið fyrirsjáanleika og stöðugleika í málaflokknum. Hins vegar voru settar fram efasemdir um að rétt væri að lögfesta skyldu til reglubundinnar stefnumótunar á fjögurra ára fresti. Bent var á að stefna um orkuöflun fæli óhjákvæmilega í sér pólitískt mat og breytilegar samfélagslegar áherslur og að mikilvægt væri að stjórnvöld hefðu nægilegt svigrúm til að laga stefnumörkun að breyttum aðstæðum, nýrri þekkingu og þróun samfélagsins.

Í umsögninni var jafnframt fjallað um mikilvægi þess að viðhalda faglegu sjálfstæði rammaáætlunar. Bent var á að ferlið hefði frá upphafi gegnt lykilhlutverki við að tryggja að ákvarðanir um vernd og orkunýtingu byggðu á heildstæðu mati á umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum. Því voru gerðar athugasemdir við ákvæði sem kváðu á um að rammaáætlun skyldi taka mið af stefnu stjórnvalda um orkuöflun. Talið var að slíkt ákvæði væri óskýrt og gæti skapað hættu á að pólitískar áherslur hefðu áhrif á faglegt mat virkjanakosta áður en flokkun þeirra lægi fyrir.

Sérstakar athugasemdir voru gerðar við fyrirhugaða styttingu á tímafresti faghópa rammaáætlunar úr 24 mánuðum í 12 mánuði. Bent var á að þær tafir sem orðið hefðu á afgreiðslu rammaáætlunar mætti fyrst og fremst rekja til stjórnsýslu- og þingmeðferðar en ekki vinnu faghópanna sjálfra. Þá var undirstrikað að umfangsmiklar rannsóknir, gagnaöflun og greiningar væru oft forsenda vandaðs mats og að hætta væri á að stytting fresta kæmi niður á gæðum faglegs mats, sérstaklega þegar skortur væri á gögnum eða þörf á frumrannsóknum.

Jafnframt var bent á að frumvarpið innihéldi ýmsar aðrar breytingar sem líklegar væru til að bæta skilvirkni ferlisins án þess að skerða faglega vinnu. Mikilvægt væri að ráðast fyrst og fremst að þeim flöskuhálsum sem raunverulega hefðu valdið töfum í meðferð rammaáætlunar, fremur en að þrengja að vinnu þeirra sem annast faglegt mat virkjanakosta.

Í umsögninni var einnig lögð áhersla á að stuðningur samfélagsins við aukna orkuöflun réðist ekki aðeins af magni nýrrar orku heldur einnig af því hvernig hún væri nýtt og hvernig ávinningi af auðlindunum væri ráðstafað. Bent var á að orkuöflun gæti stutt við orkuskipti, atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun, en jafnframt yrði að horfa til þeirra miklu hagsmuna sem fælust í vernd náttúru og ósnortinna víðerna. Fagnað var áherslum sem gætu stuðlað að markvissari vernd landsvæða samhliða sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda.

Að lokum var undirstrikað að frumvarpið hefði ekki veruleg áhrif á raforkuöflun til skamms tíma þar sem fjölmargir virkjanakostir væru þegar í nýtingarflokki og undirbúningur hafinn. Breytingarnar myndu hins vegar móta umgjörð ákvarðana um vernd og orkunýtingu til framtíðar. Því væri mikilvægt að lagabreytingarnar byggðu á langtímahagsmunum samfélagsins og væru til þess fallnar að tryggja að almannahagsmunir réðu áfram för við nýtingu og vernd íslenskra auðlinda.

Einföldun og samræming leyfisferla í umhverfis- og orkumálum

Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála (265. mál) var samþykkt sem lög nr. 30/2026 þann 9. apríl 2026.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi á haustþingi 2025. Í umsögn Alþýðusambands Íslands var lýst stuðningi við markmið um skilvirkari stjórnsýslu og einfaldari leyfisveitingar, enda væru slíkar breytingar mikilvægar svo fremi sem þær rýrðu ekki fagleg vinnubrögð stjórnvalda eða fælu í sér skerðingu á almannahagsmunum.

ASÍ benti á að frumvarpið fæli í sér umfangsmiklar breytingar á stjórnsýslu umhverfis- og orkumála, meðal annars með aukinni miðstýringu verkefna og leyfisveitinga til Umhverfis- og orkustofnunar. Ólíklegt var þó talið að breytingarnar einar og sér myndu leiða til verulegrar styttingar á málsmeðferðartíma þar sem rannsóknir, mat og afgreiðsla slíkra mála væru í eðli sínu flókin og tímafrek verkefni. Árangursríkari leið til að hraða afgreiðslu væri að mati ASÍ að efla þær stofnanir sem sinna þessum verkefnum með auknum fjárveitingum og nægum mannafla.

Í umsögninni var lögð áhersla á að stjórnvöld tryggðu öllum þeim stofnunum sem koma að rannsóknum, mati og leyfisveitingum á sviði orku- og auðlindamála nægilegt fjármagn og starfsfólk. Með því mætti draga úr hættu á að aukin áhersla á hraðari afgreiðslu kæmi niður á gæðum ákvarðana eða veikti þann faglega grundvöll sem nauðsynlegur er til að vernda almannahagsmuni og hagsmuni komandi kynslóða.

ASÍ lýsti jafnframt áhyggjum af því að frumvarpið gæti leitt til forgangsröðunar virkjanakosta umfram önnur leyfisveitingamál. Slík forgangsröðun gæti haft í för með sér að önnur mikilvæg verkefni sætu á hakanum, sérstaklega ef fjármunir og mannafli innan stjórnsýslunnar væru takmarkaðir.

Ákvæði frumvarpsins voru einnig gagnrýnd á þeim forsendum að þau þrengdu að möguleikum almennings til þátttöku í ákvarðanatöku um umhverfismál. Bent var á að almenningur stæði þegar veikar að vígi gagnvart fjársterkum hagsmunaaðilum og fyrirtækjum þegar kæmi að áhrifum á stefnumótun og ákvarðanatöku. Mikilvægt væri að auka ekki enn frekar á það ójafnvægi.

Þá lagði ASÍ sérstaka áherslu á mikilvægi sjálfstæðis stofnana og armslengdarsjónarmiða við meðferð umhverfis- og orkumála. Nauðsynlegt væri að tryggja að aukin samþjöppun valds og verkefna hjá Umhverfis- og orkustofnun leiddi ekki til þess að of mikið vald safnaðist á hendur einnar stofnunar. Jafnframt þyrfti að tryggja að ákvarðanatökuferli byggðu áfram á fjölbreyttri sérfræðiþekkingu og óháðu mati þannig að faglegt jafnvægi héldist þrátt fyrir aukna miðstýringu.

Í umsögninni var einnig bent á að sami ráðherra færi á þeim tíma með bæði umhverfis- og orkumál, sem gæti skapað spennu milli ólíkra markmiða og hagsmuna innan málaflokksins. Af þeim sökum væri enn mikilvægara að styrkja faglegt sjálfstæði stofnana og tryggja gagnsæ og vönduð stjórnsýsluferli.

Að lokum lagði ASÍ áherslu á að ef frumvarpið yrði að lögum þyrfti að grípa til markvissra mótvægisaðgerða til að tryggja að breytingarnar rýrðu hvorki gæði mats, fagleg vinnubrögð né traust á stjórnsýslu umhverfis- og orkumála.

Heildstæð stefna um nýtingu vindorku ekki fyrir hendi

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, 565. mál, var lagt fram á Alþingi í mars 2026 og samþykkt í júní. Í umsögn Alþýðusambands Íslands var lögð áhersla á að mótuð yrði heildstæð stefna um nýtingu vindorku áður en ráðist yrði í breytingar á lagaramma málaflokksins. Bent var á að slík stefnumótun væri forsenda faglegra, fyrirsjáanlegra og samfélagslega ásættanlegra ákvarðana um uppbyggingu vindorku.

Alþýðusambandið undirstrikaði mikilvægi rammaáætlunar sem lykiltækis til að

samræma vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Varað var við breytingum sem gætu dregið úr vægi eða sjálfstæði þess faglega mats sem fram fer innan rammaáætlunar og talið mikilvægt að ákvarðanir um orkunýtingu byggðu áfram á heildstæðu mati á umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum.

Í umsögninni voru jafnframt gerðar athugasemdir við að fallið hefði verið frá áformum um að undanskilja miðhálendið vindorkunýtingu. Bent var á að miðhálendið væri meðal verðmætustu víðerna Evrópu og að tryggja þyrfti vernd svæða með hátt náttúruverndargildi samhliða uppbyggingu nýrra orkukosta.

Þá lagðist Alþýðusambandið gegn því að minni vindorkuver yrðu undanþegin ferli rammaáætlunar. Að mati sambandsins ættu allir vindorkukostir að sæta sama faglega mati, enda gætu áhrif þeirra á landslag, náttúru og samfélag verið veruleg óháð uppsettu afli. Jafnframt var lögð áhersla á að sveitarfélög hefðu áfram mikilvægt hlutverk við ákvarðanatöku um uppbyggingu vindorku að loknu faglegu mati rammaáætlunar.

Að mati Alþýðusambandsins þurfa breytingar á regluverki vindorku að stuðla að langtímahagsmunum samfélagsins, vernd náttúrugæða og sjálfbærri nýtingu auðlinda, jafnframt því að skapa traustan grundvöll fyrir framtíðarskipan orkumála.

Heimili óvarin gagnvart verðhækkunum á raforku

Alþingi samþykkti 27. apríl 2026 frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum vegna raforkuviðskipta.

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuviðskipti), 191. mál, var lagt fram á Alþingi haustið 2025. Alþýðusamband Íslands lýsti stuðningi við markmið frumvarpsins um aukið gagnsæi og skýrari leikreglur á raforkumarkaði, enda væri traust lagaumhverfi forsenda heilbrigðra viðskipta og virks eftirlits.

Í umsögninni var þó bent á að frumvarpið fæli ekki í sér ráðstafanir til að verja heimili og smærri fyrirtæki gegn verðhækkunum á raforku. Lögð var áhersla á að raforka væri nauðsynjavara og mikilvægur hluti grunnþjónustu í samfélaginu en ekki hefðbundin markaðsvara. Því yrði lagaumgjörð raforkumála að taka mið af sérstöðu íslenska raforkukerfisins og tryggja almenningi og atvinnulífi aðgang að raforku á viðráðanlegu verði.

Jafnframt var bent á að raforkuverð til almennra notenda hefði hækkað verulega á undanförnum árum án þess að gripið hefði verið til nægilegra aðgerða til að vernda heimili og smærri fyrirtæki. Þá voru gerðar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins sem talin voru óskýr og kallað eftir skýrari rökstuðningi og ítarlegri umfjöllun um áhrif þeirra.

Loks var lögð áhersla á mikilvægi öflugs eftirlits með raforkumarkaði og kallað eftir heildstæðu mati á áhrifum frumvarpsins á samfélag, lífskjör og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Að mati Alþýðusambandsins þurfa reglur um raforkuviðskipti að byggja á þeirri grunnforsendu að tryggja orkuöryggi, stöðugt raforkuverð og langtímahagsmuni samfélagsins í heild.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (jöfnunargjald), 596. mál, var lagt fram á Alþingi 1. apríl 2026 og samþykkt í júní. Í umsögn Alþýðusambands Íslands var lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr þeim mikla kostnaði sem heimili og fyrirtæki á landsbyggðinni bera vegna flutnings og dreifingar raforku. Bent var á að hár dreifingarkostnaður hefði neikvæð áhrif á afkomu heimila, samkeppnishæfni fyrirtækja og atvinnuuppbyggingu víða um land.

Alþýðusambandið fagnaði því að stjórnvöld leituðu leiða til að lækka kostnað við dreifingu raforku í dreifbýli og bæta þannig aðgengi landsbyggðarinnar að nauðsynlegri grunnþjónustu. Undirstrikað var að raforka væri nauðsynjavara og að það væri hlutverk stjórnvalda að tryggja almenningi aðgang að raforku á viðráðanlegu verði, ekki síst í landi sem byggir afkomu sína að verulegu leyti á endurnýjanlegum orkuauðlindum.

Jafnframt voru settir fyrirvarar við þá leið sem frumvarpið lagði til. Bent var á að hækkun jöfnunargjalds myndi vissulega lækka kostnað á landsbyggðinni en á móti hækka kostnað heimila og fyrirtækja í þéttbýli. Slík fjármögnun legðist auk þess hlutfallslega þyngra á þá sem notuðu minni raforku. Af þeim sökum var talið rétt að skoða betur aðrar leiðir til fjármögnunar, meðal annars með ráðstöfun arðs af sameiginlegum orkuauðlindum þjóðarinnar.

Í umsögninni var lögð áhersla á að markmiðið ætti að vera að lækka kostnað þar sem hann væri hæstur fremur en að jafna stöðuna með hækkunum annars staðar í kerfinu. Bent var á að jöfnun aðgengis að grunnþjónustu væri samfélagslegt verkefni sem eðlilegt væri að fjármagna með sameiginlegum sjóðum og arði af orkuauðlindum landsins fremur en með auknum álögum á almenning.

Að lokum var undirstrikað að tryggja þyrfti landsbyggðinni aðgang að raforku á samkeppnishæfu verði til að styðja við búsetu, atvinnustarfsemi og verðmætasköpun um allt land. Jafnframt var bent á mikilvægi þess að velja fjármögnunarleiðir sem stuðluðu að þeirri jöfnun án þess að auka kostnaðarbyrði heimila og fyrirtækja annars staðar á landinu.

Kílómetragjald skapar ranga hvata

Alþingi samþykkti þann 18. desember 2025 með 34 atkvæðum meirihlutans gegn 18 atkvæðum stjórnarandstöðunnar lög um kílómetragjald á ökutæki (nr. 100/2025) sem tóku gildi þann 1. janúar 2026.

Þetta er ein mesta kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja hér á landi í áratugi. Með henni greiða allir bílar fyrir raunverulega notkun á vegakerfinu í stað eldsneytiseyðslu.

Frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki, 144. mál, var lagt fram á Alþingi í október 2025. Í umsögn Alþýðusambands Íslands voru ítrekaðar fyrri athugasemdir við frumvarpið og bent á að fyrirhuguð gjaldtaka gæti skapað ranga hvata í samgöngu- og loftslagsmálum. Að mati Alþýðusambandsins tæki fyrirkomulagið ekki nægilegt tillit til munar á stærð, þyngd og orkunotkun ökutækja og gæti því komið hlutfallslega verr niður á eigendum smærri og sparneytnari bifreiða.

Jafnframt var dregið í efa að breytingarnar stuðluðu að réttlátum umskiptum. Bent var á að tekjulægri heimili væru líklegri til að reiða sig á eldri og smærri ökutæki og að mikilvægt væri að aðgerðir í tengslum við orkuskipti tækju mið af stöðu þeirra hópa sem hefðu minnst svigrúm til að mæta auknum kostnaði.

Þá var lögð áhersla á mikilvægi virkrar samkeppni á eldsneytismarkaði og kallað eftir mati á áhrifum breytinganna á verðlag og rekstrarkostnað heimila og fyrirtækja.

Innviðafélag og einkaframkvæmdir

Frumvarp til laga um stofnun innviðafélags, 545. mál, var lagt fram á Alþingi í mars 2026. Í umsögn Alþýðusambands Íslands var lýst stuðningi við aukna og markvissa uppbyggingu samgönguinnviða, enda hefði um langt árabil safnast upp veruleg fjárfestingarþörf í innviðum landsins. Jafnframt voru gerðar verulegar athugasemdir við

fyrirkomulag frumvarpsins og talið að skýra þyrfti betur markmið þess, umfang fjárfestinga og áhrif á almenning.

Alþýðusambandið lagði áherslu á að samfélagslegir innviðir ættu að vera í eigu hins opinbera og taldi skorta rök fyrir því að víkja frá þeirri meginreglu. Bent var á að þau norrænu fordæmi sem vísað væri til í frumvarpinu byggðu að meginstefnu á opinberu eignarhaldi og að mikilvægt væri að tryggja að uppbygging mikilvægra samgöngumannvirkja þjónaði fyrst og fremst almannahagsmunum.

Í umsögninni voru jafnframt gerðar athugasemdir við víðtækar heimildir til einkaframkvæmda. Lögð var áhersla á að samstarf við einkaaðila ætti aðeins að koma til álita þegar sýnt væri fram á skýran samfélagslegan ávinning umfram hefðbundna opinbera fjárfestingu og að tryggt yrði að eignarhald innviðanna félli að lokum til hins opinbera.

Þá var bent á að óljóst væri hvaða framkvæmdir yrðu fjármagnaðar á grundvelli laganna og hversu umfangsmikil gjaldtaka af notendum samgönguinnviða gæti orðið. Að mati Alþýðusambandsins var erfitt að leggja mat á áhrif frumvarpsins á heimili og fyrirtæki meðan slíkar forsendur lægju ekki fyrir. Sérstaklega var lögð áhersla á að horfa þyrfti til áhrifa mögulegra veggjalda á samgöngukostnað almennings og stöðu ólíkra byggðarlaga.

Að lokum var undirstrikað að þótt mikilvægt væri að flýta nauðsynlegri uppbyggingu innviða yrði það að gerast á gagnsæjum forsendum, með skýrum reglum um fjármögnun, eignarhald og gjaldtöku. Að öðrum kosti væri hætta á að kostnaður og áhætta féllu að lokum á almenning án þess að nægilega skýrt lægi fyrir hver samfélagslegur ávinningur yrði af fyrirkomulaginu.

Að lokum var bent á að auknar tekjur ríkisins af kolefnisgjöldum og gjaldtöku af umferð ættu að nýtast til að styðja við réttlát umskipti, meðal annars með uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti, eflingu almenningssamgangna og markvissum stuðningi við þá hópa sem standa höllum fæti í breytingunum.



Ljósmynd/Ed Wingate

Ný heildarlög um lagareldi

Frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál, var lagt fram á Alþingi í mars 2026. Í umsögn Alþýðusambands Íslands var því fagnað að lagt væri fram nýtt heildstætt regluverk fyrir greinina, enda hefði stjórnsýsla, eftirlit og lagaumgjörð lagareldis um árabil sætt

gagnrýni. Bent var á að frumvarpið fæli í sér ýmsar umbætur sem styrktu umgjörð greinarinnar og skýrðu ábyrgð, en jafnframt að veigamiklir annmarkar væru á þeim ákvæðum sem vörðuðu sjókvíaeldi.

Alþýðusambandið lagði áherslu á að mótun nýrrar lagaumgjarðar ætti að byggja á reynslu Íslands af auðlindastjórnun og þeirri þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum, sérstaklega í Noregi. Að mati sambandsins hefði frumvarpið ekki tryggt nægilega að þjóðin nyti sanngjarnrar hlutdeildar í þeim verðmætum sem verða til við nýtingu fjarða landsins og annarra sameiginlegra auðlinda.

Auðlindaarður og gjaldtaka

Stærstu athugasemdir Alþýðusambandsins lutu að fyrirkomulagi gjaldtöku í sjókvíaeldi. Bent var á að fyrirtæki í greininni byggðu starfsemi sína á nýtingu takmarkaðrar og verðmætrar auðlindar og því bæri að tryggja samfélaginu eðlilega hlutdeild í þeim arði sem af henni hlýst. Að mati sambandsins væri fyrirkomulag frumvarpsins ekki til þess fallið að tryggja slíka hlutdeild og gæti leitt til þess að stærstur hluti auðlindaarðsins rynni til fyrirtækjanna sjálfra fremur en til samfélagsins.

Í umsögninni var sérstaklega vísað til norskrar reynslu þar sem aðgangur að eldissvæðum er verðlagður með útboðum og umframhagnaður skattlagður sérstaklega. Bent var á að sú leið hefði reynst betur til þess fallin að tryggja þjóðinni hlutdeild í verðmætasköpun greinarinnar og að íslensk stjórnvöld ættu að horfa til slíkra fyrirmynda við mótun framtíðarfyrirkomulags.

Úthlutun heimilda og hætta á nýju kvótakerfi

Í umsögninni voru einnig gerðar alvarlegar athugasemdir við fyrirkomulag úthlutunar og meðferðar nýtingarheimilda. Bent var á að frumvarpið fæli í sér verulega skömmtun aðgangs að eldissvæðum án þess að tryggja nægilega gagnsæja verðmyndun eða jafnræði milli aðila. Þá var gagnrýnt að matskennd sjónarmið gætu vegið þyngra en verðtilboð við úthlutun heimilda, sem gæti dregið úr gagnsæi og aukið hættu á geðþóttaákvörðunum.

Sérstakar áhyggjur voru jafnframt reifaðar af heimildum til framsals og útleigu svonefndra laxahluta. Að mati Alþýðusambandsins gætu slík ákvæði stuðlað að samþjöppun heimilda á fárra hendur og skapað markað með nýtingarréttindi sem minnti um margt á þróun kvótakerfisins í sjávarútvegi. Var varað við því að heimildir gætu orðið sjálfstæð verðmæti sem hægt væri að versla með án beinnar tengingar við raunverulega starfsemi eða nýtingu auðlindarinnar.

Vernd hafsvæða og framtíð sjókvíaeldis

Alþýðusambandið gagnrýndi jafnframt að frumvarpið fæli í sér grundvallarbreytingu á þeirri nálgun sem gilt hefur um staðsetningu sjókvíaeldis. Með frumvarpinu væri í reynd opnað fyrir sjókvíaeldi um allt land nema sérstaklega yrði ákveðið að banna það. Að mati sambandsins fæli þetta í sér fráhvarf frá varúðarnálgun og veikingu á vernd vistkerfa og viðkvæmra hafsvæða.

Bent var á að sjókvíaeldi hefði haft jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu í ýmsum brothættum byggðum og skapað mikilvæg störf. Þrátt fyrir það væri nauðsynlegt að horfa einnig til umhverfisáhrifa greinarinnar, áhrifa á líffræðilega fjölbreytni og þess að samfélagsleg sátt um frekari útbreiðslu sjókvíaeldis væri takmörkuð. Því bæri að gæta varúðar við ákvarðanir um frekari uppbyggingu og tryggja að þær byggðu á traustum vísindalegum grunni.

Stjórnsýsla og reglusetning

Í umsögninni var einnig gagnrýnt að margar af mikilvægustu ákvörðunum frumvarpsins væru færðar úr lögum yfir í reglugerðir. Bent var á að slíkt gæti dregið úr fyrirsjáanleika, aukið vald framkvæmdarvaldsins og skapað hættu á mismunun og geðþóttaákvörðunum. Sérstaklega var varað við því að ákvarðanir um skiptingu eldissvæða og aðgang að auðlindinni yrðu teknar án nægilegrar aðkomu fagstofnana og vísindalegs mats.

Landeldi og sjálfbær nýting auðlinda

Alþýðusambandið tók jákvætt í að frumvarpið veitti landeldi skýrari lagalega stöðu og taldi að sú framleiðsluaðferð gæti í mörgum tilvikum verið fýsilegur valkostur við sjókvíaeldi. Jafnframt var bent á að landeldi væri ekki án umhverfisáhrifa og að gæta þyrfti sérstaklega að nýtingu ferskvatns, áhrifum á vistkerfi og meðferð úrgangs frá starfseminni. Að mati sambandsins þurfa reglur um landeldi einnig að tryggja að samfélagið njóti eðlilegrar hlutdeildar í þeim verðmætum sem verða til við nýtingu náttúruauðlinda.

Ekki nægilega vandað

Í heild taldi Alþýðusamband Íslands að frumvarpið fæli í sér ýmsar framfarir frá gildandi lagaumhverfi en að það væri ekki nægilega vandað til að mynda grundvöll að réttlátri, sjálfbærri og samfélagslega ásættanlegri umgjörð um lagareldi. Lögð var áhersla á að nýting sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar yrði að byggja á skýrum leikreglum, sanngjarnri rentutöku, öflugri vernd náttúru og traustri samfélagslegri sátt um framtíð greinarinnar.

„Vaxtarplan“ ríkisstjórnarinnar gagnrýnt

Ríkisstjórnin samþykkti nýja atvinnustefnu Íslands – Vaxtarplan til 2035 þann 27. mars 2026. Þetta er fyrsta heildstæða atvinnustefnan sem ríkisstjórn Íslands setur fram opinberlega. Henni fylgir sérstök aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2027 með 35 skilgreindum verkefnum til að hleypa áformunum af stokkunum.

Frumvarpsdrög að atvinnustefnu Íslands til ársins 2035 voru kynnt til samráðs síðla árs 2025. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands og BSRB var lýst stuðningi við meginmarkmið stefnunnar um aukna verðmætasköpun, fjölbreyttara atvinnulíf og aukin atvinnutækifæri um land allt. Jafnframt var bent á að hagvöxtur og aukin framleiðni skiluðu ekki sjálfkrafa bættum lífskjörum nema tryggt væri að ábati verðmætasköpunar dreifðist með sanngjörnum hætti til almennings.

Í umsögninni var lögð áhersla á að atvinnustefna stjórnvalda yrði ekki aðeins mæld út frá hagvexti og samkeppnishæfni heldur einnig út frá jöfnuði, lífskjörum og gæðum starfa. Bent var á mikilvægi skipulagðs vinnumarkaðar, öflugrar stéttarfélagsaðildar og traustrar verndar réttinda launafólks sem forsenda þess að verðmætasköpun skilaði sér til samfélagsins í heild.

Jafnframt var gagnrýnt að lítil áhersla væri lögð á félagslega innviði í stefnudrögunum. Að mati Alþýðusambandsins og BSRB yrði samkeppnishæfni atvinnulífs að haldast í hendur við samkeppnishæf búsetuskilyrði, þar á meðal aðgengi að húsnæði á viðráðanlegu verði, samgöngum, heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu um land allt.

Samtökin lögðu einnig sérstaka áherslu á uppbyggingu innviða, menntunar og færni. Bent var á að brýnt væri að efla samgöngu-, orku- og fjarskiptainnviði, styrkja rannsóknir og nýsköpun og ráðast í markvissar aðgerðir til að bæta menntun og símenntun vinnuafls. Þá var kallað eftir skýrari stefnu um færniþróun á vinnumarkaði og aukinni áherslu á sí- og endurmenntun sem lykilþátt í framleiðniaukningu og aðlögun að tæknibreytingum og breytingum í atvinnulífi.

Í umsögninni var jafnframt lögð áhersla á að einföldun regluverks mætti ekki ganga á réttindi launafólks eða draga úr neytenda- og samfélagsvernd. Þá var bent á mikilvægi þess að alþjóðaviðskipti og fríverslunarsamningar byggðu á virðingu fyrir grundvallarréttindum launafólks og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Að lokum var undirstrikað að fjölbreytt atvinnulíf, sterkir innviðir, öflugur mannauður og góð störf væru lykilforsendur sjálfbærrar verðmætasköpunar og bættra lífskjara. Jafnframt var lögð áhersla á að atvinnustefna stjórnvalda yrði að stuðla að aukinni framleiðni og samkeppnishæfni án þess að horft væri fram hjá félagslegum markmiðum, jöfnuði og réttindum launafólks.

Félags- og vinnumarkaðsmál



Fulltrúar ASÍ og stéttarfélaga á námskeiði í Helsinki. Saga Kjartansdóttir, verkefnisstjóri hjá ASÍ, flytur erindi.

Félags- og vinnumarkaðsmál eru mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og skrifstofu þess, bæði í verkefnum og viðfangsefnum sem Alþýðusambandið stendur að og verkefni sem unnin eru í samstarfi við aðra, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, auk fjölmargra nefnda og starfshópa á sviði félags- og vinnumarkaðs- og jafnréttismála koma fulltrúar ASÍ einnig að því að hafa áhrif á mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda á þessu sviði til hagsbótar fyrir launafólk.

Dregið hefur úr spennu á íslenskum vinnumarkaði árið 2026 og atvinnuleysi aukist samhliða hægari umsvifum í hagkerfinu. Þetta markar nokkur umskipti frá mikilli eftirspurn eftir vinnuafli síðan eftir heimsfaraldur. Starfandi fólki hefur fækkað undanfarið samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, samanborið við í fyrra, og hlutfall lausra starfa á fyrri hluta 2026 ekki verið lægra en síðan í upphafi heimsfaraldurs. Innflytjendur hafa borið uppi stóran hluta fjölgunar starfandi á síðustu árum, en nú hefur hægt á þeirri fjölgun. Atvinnuleysi hefur jafnframt aukist, sem allt bendir til minni spennu á vinnumarkaði. Nokkur átök voru á árinu vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að skerða atvinnuleysistryggingar sem gagnrýndar voru harkalega af ASÍ og öðrum samtökum launafólks.

Íslenskur vinnumarkaður 2025

Í október 2025 gaf ASÍ út skýrsluna *Íslenskur vinnumarkaður 2025*. Útgangspunktur skýrslunnar var hin mikla atvinnuþátttaka sem lengi hefur einkennt íslenskan vinnumarkað. Árið 2024 voru 82% fólks á aldrinum 16–74 ára virk á vinnumarkaði og Ísland var með mestu atvinnuþátttöku meðal OECD-ríkja. Sérstaðan felst ekki aðeins í heildarhlutfallinu heldur því að atvinnuþátttaka er mikil meðal ólíkra hópa, þar á

meðal kvenna, ungs og eldra fólks og innflytjenda. Í skýrslunni var lögð áhersla á að þessi staða væri ekki sjálfgefin heldur byggði meðal annars á sterkri eftirspurn eftir vinnuafli og samfélagslegum kerfum sem gera fólki kleift að taka þátt á vinnumarkaði. Þar skipta meðal annars fæðingarorlof og leikskólar máli fyrir atvinnuþátttöku foreldra, en atvinnuleysistryggingar, virk vinnumarkaðsúrræði og starfsendurhæfing styðja fólk við að komast aftur til starfa eftir atvinnumissi eða heilsubrest.

Atvinnuleysi og langtímaatvinnuleysi voru jafnframt til sérstakrar skoðunar. Atvinnuleysi á Íslandi hefur verið lítið í alþjóðlegum samanburði og tiltölulega fáir eru lengi án atvinnu. Greining á samsetningu hópsins sýndi að langtímaatvinnuleysi var ekki bundið við einn afmarkaðan hóp heldur endurspeglaði að mestu samsetningu atvinnulausra almennt, meðal annars eftir aldri, menntun og bakgrunni. Þótt atvinnuleysi væri meira meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra virtust þeir ekki líklegri til að vera lengi á atvinnuleysisskrá.

Í því samhengi var sjónum beint að þeim kerfum sem eiga að styðja fólk aftur til þátttöku á vinnumarkaði. Atvinnuleysistryggingakerfið hefur veitt langan bótarétt í alþjóðlegum samanburði en tekjuvernd þess er veik, meðal annars vegna þess að grunnbætur hafa dregist aftur úr launaþróun, tímabil tekjutengdra bóta er stutt og ráðningarvernd almennt minni en í nágrannalöndunum. Á sama tíma verja íslensk stjórnvöld litlum fjármunum til virkra vinnumarkaðsaðgerða í alþjóðlegum samanburði. Í skýrslunni var bent á mikilvægi þess að efla ráðgjöf, menntun, þjálfun og önnur úrræði og byggja þau í auknum mæli á þörfum ólíkra hópa. Breytingar á atvinnuleysistryggingum þyrfti þannig að skoða samhliða því hvaða stuðningur er í boði til að auðvelda fólki raunverulega endurkomu á vinnumarkað.

Hinn þáttur skýrslunnar sneri að þeim kerfum sem hafa stutt við mikla atvinnuþátttöku foreldra. Fæðingarorlof og leikskólaþjónusta hafa þar gegnt mikilvægu hlutverki með því að auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldulíf og þátttöku á vinnumarkaði. Í skýrslunni var fjallað um þróun þessara kerfa og þær áskoranir sem hafa komið fram, meðal annars bilið milli loka fæðingarorlofs og leikskólavistar, þróun greiðsluþaks fæðingarorlofs og breytingar á þjónustu leikskóla. Bent var á mikilvægi þess að við áframhaldandi þróun kerfanna sé horft til þess hvernig þau styðja við atvinnuþátttöku foreldra og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Vaxandi atvinnuleysi

Í hagspá ASÍ frá því í október 2025 var fjallað um dekkri horfur á vinnumarkaði. Þar var bent á að vinnumarkaður sýni merki um kólnun um þessar mundir. Verulega hafði hægt á fjölgun starfa og vinnustundum fór fækkandi milli ára. Spáin gerði ráð fyrir nokkurri aukningu í hópi atvinnulausra. Atvinnuleysi hafði verið á bilinu 3,4 til 3,6 prósent á árunum 2021–2024 en spáin gerði ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 4,5% á árinu 2025 og aukast í 4,9% á árinu 2026.

Þróunin varð skýrari þegar líða fór á 2026, sérstaklega þegar horft er á niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar. Atvinnuleysi er þó áfram mjög ólíkt eftir hópum og landsvæðum og er meðal annars meira meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra. Þróunin var einnig ólík eftir atvinnugreinum og endurspeglaði meðal annars minnkandi umsvif í greinum sem höfðu áður verið drifkraftur mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli. Samhliða auknu atvinnuleysi fjölgaði í hópi þeirra sem höfðu verið án atvinnu í lengri tíma og atvinnuleysi meðal ungs fólks jókst samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Skerðing atvinnuleysistrygginga

Samhliða versnandi atvinnuástandi lögðu stjórnvöld fram áform um umfangsmiklar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu haustið 2025. Upphafleg áform fólu í sér að stytta hámarksbótatímabil úr 30 mánuðum í 18 og lengja ávinnslutíma réttinda úr þremur mánuðum í tólf. Breytingarnar voru fyrst og fremst settar fram sem sparnaðaraðgerð og áttu samkvæmt áformum stjórnvalda að lækka útgjöld ríkissjóðs um allt að sex milljarða króna á ári. ASÍ lagðist frá upphafi harðlega gegn áformunum og krafðist þess að þau yrðu dregin til baka.

Afstaða ASÍ byggði ekki aðeins á umfangi réttindaskerðinganna heldur einnig á því að afar veikar forsendur lágu að baki þeim. Engar fullnægjandi greiningar höfðu verið lagðar fram um áhrif breytinganna. Þá lá ekkert fyrir sem sýndi að skertur bótaréttur myndi auka virkni eða draga úr langtímaatvinnuleysi. Þvert á móti varaði ASÍ við því að veikara öryggisnet gæti ýtt fólki út af vinnumarkaði og yfir í önnur afkomukerfi. Á sama tíma voru engin sambærileg áform uppi um að styrkja virkar vinnumarkaðsaðgerðir, þrátt fyrir að framlög til þeirra séu lítil hér á landi í alþjóðlegum samanburði.

ASÍ lagði jafnframt áherslu á að atvinnuleysistryggingar væru mikilvægur þáttur í afkomuvernd launafólks og ein af forsendum þess sveigjanleika sem einkennir íslenskan vinnumarkað. Réttindin hafa byggst upp í nánu samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og eru fjármögnuð með tryggingagjaldi. Að mati ASÍ fól málsmeðferð stjórnvalda því jafnframt í sér alvarlegt frávik frá áratugalangri hefð um þríhliða samstarf um grundvallarréttindi launafólks. Sambandið taldi að einhliða breytingar af þessu tagi væru til þess fallnar að grafa undan því trausti og þeirri félagslegu sátt sem íslenskur vinnumarkaður byggir á. Krafa ASÍ var að málið yrði dregið til baka og sameiginleg nefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem verið hafði starfandi gefið færi á að ljúka vinnu sinni með framlagningu heildstæðra tillagna um breytingar sem sátt væri um. Við þessu var ekki orðið þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

Miðstjórn ASÍ fjallaði um málið og ályktaði gegn því á fundi sínum þann 17. september 2025.

Við meðferð málsins á Alþingi var að lokum dregið úr skerðingunum frá upphaflegum áformum. Lögin sem samþykkt voru í júní 2026 fela í sér að hámarksbótatímabil styttist úr 30 mánuðum í 24 og að ávinnslutími lágmarksréttinda miðist við sjö mánaða starf.

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna

Á fyrri helmingi ársins 2026 hélt vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna áfram markvissu eftirliti með framkvæmd laga og kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Á tímabilinu voru farnar 255 eftirlitsheimsóknir þar sem rætt var við 1.507 einstaklinga. Af þeim voru 1.029 með erlent ríkisfang, eða 68%. Algengustu ríkisföng erlendra starfsmanna voru pólskt, rúmenskt, litáískt, úkraínskt og lettneskt. Eftirlitið náði til fjölbreyttra atvinnugreina, en stærstu hópar starfsmanna störfuðu við ræstingar, afgreiðslustörf, almenn verkamannastörf og byggingarvinnu.

Til samanburðar voru farnar 245 eftirlitsheimsóknir á síðari helmingi ársins 2025 þar sem rætt var við 1.422 starfsmenn. Af þeim voru 892 með erlent ríkisfang, eða 63%. Er sú prósentutala sú sama og árið 2024 og því er fjölgun erlends starfsfólks sem rætt var við í eftirlitinu athyglisverð.

Algengustu ágallar sem fram komu vörðuðu laun og önnur kjör starfsmanna, sem stéttarfélögin leystu í flestum tilvikum í beinum samskiptum við atvinnurekendur og

starfsmenn. Fjöldi ábendinga var jafnframt sendur til ríkisstofnana með eftirlitshlutverk, svo sem Vinnueftirlits, Vinnumálastofnunar og lögreglu, ef grunur vaknaði um alvarlegri brot.

Þróunin milli tímabila sýnir bæði aukið umfang eftirlits og hærra hlutfall erlends starfsfólks á þeim vinnustöðum sem heimsóttir voru, sem endurspeglar áframhaldandi mikilvægi vinnustaðaeftirlits ASÍ í baráttunni gegn félagslegum undirboðum, brotum á vinnumarkaðslöggjöf og misneytingu á vinnuafli.

Eftirlitsátök – ferðaþjónusta og mannvirkjagerð

Auk hefðbundins vinnustaðaeftirlits stóð ASÍ, í samstarfi við aðildarfélög sín og opinberar eftirlitsstofnanir, að tveimur umfangsmiklum eftirlitsátökum á tímabilinu. Sumarið 2025 var ráðist í sérstakt eftirlitsátak í ferðaþjónustu þar sem unnið var með lögreglu, Skattinum og Vinnueftirlitinu að því að kortleggja stöðu starfsfólks við fólksflutninga og leiðsögn. Átakið leiddi meðal annars í ljós vísbendingar um gerviverktöku, lága verktakataxta, óskýra stöðu erlendra fararstjóra og mikilvægi samræmds eftirlits margra stjórnvalda og stofnana.

Á vormánuðum 2026 var jafnframt hrundið af stað nýju eftirlitsátaki í mannvirkjagerð í samstarfi við aðildarfélögin. Markmið átaksins er að afla heildstæðrar myndar af stöðu vinnumarkaðarins í greininni með sérstakri áherslu á verktakakeðjur, iðnmenntun starfsfólks, framkvæmd keðjuábyrgðar, stöðu erlendra þjónustufyrirtækja og útsendra starfsmanna.

Fræðsluferð eftirlitsfulltrúa til Finnlands 2025



Eftirlitsfulltrúar hlýða á erindi í höfuðstöðvum SAK, Samtaka verkalýðsfélaga í Finnlandi.

Í október 2025 fóru fram starfsdagar vinnustaðaeftirlitsins í Helsinki í Finnlandi með þátttöku 19 eftirlitsfulltrúa frá 12 stéttarfélögum. Tilgangur starfsdaganna var að efla þekkingu og hæfni eftirlitsfulltrúa og kynna þeim reynslu finnskra stjórnvalda og stofnana af baráttunni gegn misneytingu á vinnumarkaði, mansali og skipulagðri

brotastarfsemi. Sérstök áhersla var lögð á samstarf eftirlitsaðila, gagnadrifið eftirlit, stuðning við þolendur misneytingar og möguleika til aukins norræns og evrópsks samstarfs í gegnum Evrópsku vinnumálastofnunina (ELA). Starfsdagarnir veittu mikilvægan faglegan grunn fyrir áframhaldandi þróun vinnustaðaeftirlits ASÍ og aukið alþjóðlegt samstarf á þessu sviði.

Starfsdagar eftirlitsfulltrúa 2026

Starfsdagar eftirlitsfulltrúa voru haldnir á Hótel Grímsborgum þar sem eftirlitsfulltrúar ASÍ og aðildarfélaga komu saman til fræðslu, samráðs og miðlunar á reynslu sín á milli. Áhersla var lögð á að efla samræmd vinnubrögð í vinnustaðaeftirliti, styrkja samstarf milli eftirlitsaðila og fara yfir þróun og nýjungar í eftirlitsstarfi. Dagskráin fól jafnframt í sér fræðslu um öryggi, samskipti í vettvangseftirliti og samstarf við stjórnvöld, með það að markmiði að efla fagmennsku og samræmingu vinnustaðaeftirlits um land allt.

Reglulegir stöðufundir eftirlitsfulltrúa

Stöðufundir eftirlitsfulltrúa voru haldnir að jafnaði á tveggja vikna fresti, í gegnum fjarfund á Teams. Á stöðufundina mæta virkir eftirlitsfulltrúar um allt land, auk starfsfólks skrifstofu ASÍ. Þar fá eftirlitsfulltrúar tækifæri til að ræða mál sem eru á þeirra borði hverju sinni og deila og fá ráðgjöf frá öðrum eftirlitsfulltrúum og starfsfólki ASÍ. Þeir eru jafnframt vettvangur ábendinga og umræðna tengdum samráðsvettvangi Vinnueftirlitsins.

Brotastarfsemi á vinnumarkaði



Fundur samstarfsnefndar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Með lagabreytingum í byrjun árs 2025 var formbundið tvenns konar samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi. Annars vegar er samstarfsvettvangur undir forystu Vinnueftirlitsins (VER), sem ætlað er að tryggja reglulegt samtal og samstarf eftirlitsaðila. Hins vegar er sérstök samstarfsnefnd þar sem sitja ráðherrar og fulltrúar opinberra eftirlitsstofnana, auk aðila vinnumarkaðarins.

Stefna og aðgerðaáætlun gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Fyrsta verkefni samstarfsnefndarinnar var að undirbúa tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í málaflokknum. Í mars 2025 leit stefnan ásamt 13 aðgerða áætlun dagsins ljós. Þar eru mikilvæg baráttumál ASÍ sett fram sem markmið stjórnvalda í málaflokknum. Helst ber að nefna áform um útvíkkun keðjuábyrgðar svo hún eigi við í öllum stærri verklegum framkvæmdum, sem og áform um að skoða útfærslu á viðurlögum gegn kjarasamningsbrotum. Vinna við útfærslur þessara tveggja atriða stendur nú yfir og ASÍ tekur þátt í henni.

Við mótun aðgerðaáætlunarinnar lagði ASÍ einnig áherslu á nauðsyn þess að styrkja dvalarleyfi fyrir þolendur mansals og hugsanlega þolendur mansals. Misneytingar- og mansalsmál undanfarinna missera hafa sýnt fram á alvarlega galla við leyfin sem þessum hópi standa til boða og nauðsynlegt er að styrkja þau svo að þolendur misneytingar og mansals verði ekki í veikari stöðu við að leita aðstoðar.

Í aðgerðaáætluninni er jafnframt fjallað um mikilvægi þess að útfæra sjálfstætt dvalarleyfi fyrir þolendur alvarlegra vinnumarkaðsbrota, fyrir það launafólk sem hingað kemur frá löndum utan EES ef atvinnurekandi uppfyllir ekki skyldur sínar gagnvart því. Þá er kveðið á um sérstaka fræðslu fyrir atvinnurekendur um ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur, auk fræðslu um íslenskan vinnumarkað fyrir innflytjendur sem vilja starfa sjálfstætt eða stofna fyrirtæki.

Formlegt samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins

Með framangreindri stefnu og aðgerðaáætlun er styrkari stoðum rennt undir VER sem þá ríkisstofnun sem leiðir samstarf eftirlitsstofnana, einkum VER, lögreglu og Skattsins. Samstarfsvettvangurinn á einnig formlegt samstarf og samráð við aðila vinnumarkaðarins, með reglulegum fundum.

Frá því að samstarfið hófst hafa fundir verið haldnir á um það bil tveggja vikna fresti þar sem gott samtal og samstarf hefur átt sér stað á milli aðila. Þar hafa meðal annars verið tekin upp mál sem aðildarfélögin og vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna hafa til skoðunar hverju sinni og eftir atvikum sameiginlegar heimsóknir á vinnustaði verið skipulagðar. Með fundunum hefur reynst auðveldara að koma auga á breytingar á vinnumarkaði og ný mynstur í brotastarfsemi

Samstarf opinberra stofnana sem fara með eftirlit á vinnumarkaði við verkalýðshreyfinguna, ekki síst vinnustaðaeftirlit hennar, er nauðsynlegt eigi að nást árangur í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, enda er verkalýðshreyfingin sá aðili sem framfylgir því að kjarasamningar séu virtir.

Stefnan og aðgerðaáætlunin, ásamt fyrrnefndum lagabreytingum í upphafi árs 2025 eru mikilvægar vörður í átt að traustu samstarfi þessara aðila.

Samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar og ASÍ til höfuðs misnotkunar vinnuafls

Á tímabilinu tóku þær Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir og Kristjana Fenger, starfsmenn lögfræðisviðs ASÍ, þátt í starfshópi samráðs- og samvinnuvettvangs á vettvangi Reykjavíkurborgar, til höfuðs misnotkunar vinnuafls. Var hópnum og vettvangnum komið var á fót í því skyni að sporna gegn misnotkun vinnuafls hjá fyrirtækjum sem borgin kaupir þjónustu af, undirverktökum þeirra og öðrum aðilum í virðiskeðjunni. Samstarfið hefur verið gott og einkennst af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Í starfinu var meðal annars fjallað um áhættu á misnotkun vinnuafls í ræstingum og á mannvirkjamarkaði, gerviverktöku, stöðu erlends vinnuafls og þörf á betri yfirsýn yfir undirverktakakeðjur. Reynslan af samstarfinu sýnir að meginávinningur þess felst í greiðu upplýsingaflæði og skýrum samskiptaleiðum milli aðila. Starfshópurinn mun halda samstarfinu áfram með áherslu á skilvirkt upplýsingaflæði, aukna yfirsýn og skýrt verklag við miðlun og úrvinnslu ábendinga um möguleg brot

Vernd þolenda misneytingar og mansals

Mansal og misneyting á vinnumarkaði var áfram fyrirferðarmikill málaflokkur á tímabilinu. ASÍ átti í samstarfi og samtali við ýmsar stofnanir sem og Bjarkarhlíð, við að tryggja vernd þolenda, ekki síst í hinu svokallaða Wokon-máli en einnig öðrum málum. ASÍ sinnti hagsmunagæslu fyrir ætlaða þolendur gagnvart stjórnvöldum og kallaði áfram eftir umbótum á þeim dvalarleyfum sem standa þolendum til boða.

ASÍ tók jafnframt þátt í hringborði um mansalsmál á vegum Evrópuráðsins og dómsmálaráðuneytis. Þar gafst tækifæri til að benda á ágalla við núgildandi umgjörð um vernd þolenda mansals á Íslandi og fá viðbrögð evrópskra sérfræðinga. Þá tók ASÍ einnig þátt í vinnustofu dómsmálaráðuneytisins sem er hluti af undirbúningi væntanlegrar aðgerðaáætlunar í málaflokknum. ASÍ veitti einnig innlegg í skýrslu bandarískra stjórnvalda um stöðu mansalsmála í heiminum (TiP-skýrslu) og fundaði með Amy Pope, framkvæmdastjóra Alþjóðlegu fólksflutningastofnunarinnar (IoM).

Greining á launakröfum stéttarfélaganna

Ein aðgerðanna í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði fól í sér að skoða hvort taka ætti upp viðurlög gegn kjarasamningsbrotum á Íslandi. Sem liður í þeirri vinnu tók ASÍ saman upplýsingar frá aðildarfélögunum um launakröfur sem gerðar voru á árinu 2025. Samantekt og greining á þeim gögnum sem bárust frá stéttarfélögunum var skilað til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins fyrr á árinu og er innlegg í þríhliða starfshóp sem nú starfar. Skýrslan, líkt og sambærilegar skýrslur sem ASÍ hefur gert undanfarin ár, sýnir að launakröfur nema hundruðum milljóna á hverju ári.

Upplýsingagjöf um réttindi launafólks

ASÍ heldur úti upplýsingasíðunni labour.is fyrir fólk sem er nýtt á íslenskum vinnumarkaði. Þar getur launafólk jafnframt sent ASÍ ábendingar og fyrirspurnir, nafnlaust eða undir nafni. Síðunni var komið á fót fyrir nokkrum árum síðan og um hana er töluverð umferð, eða ríflega þúsund flettingar í mánuði hverjum. Síðan er á mörgum tungumálum og á árinu bættist við þrettánda tungumálið, kínverska (mandarín).

Samhliða útbýr ASÍ bæklinga á mörgum tungumálum sem notaðir eru í vinnu-

staðaeftirliti verkalýðshreyfingarinnar auk þess sem Vinnumálastofnun dreifir þeim til skjólstæðinga sinna.

ASÍ lét jafnframt talsetja og texta upplýsingamyndband Vörðu um einkenni vinnumansals á arabísku. Myndbandið er aðgengilegt á Youtube-rás sambandsins og á labour.is.

Breytingar á dvalar- og atvinnuleyfakerfinu

Í kjölfarið á hinu svokallaða Wokon-máli kallaði ASÍ eftir breytingum á dvalar- og atvinnuleyfakerfinu, ekki síst að dvalarleyfi sem standa þolendum og hugsanlegum þolendum mansals væru styrkt svo þau gegni tilgangi sínum og veiti raunverulega vernd og útleið fyrir fólk úr slæmum aðstæðum.

ASÍ hefur jafnframt kallað eftir sérstöku dvalarleyfi fyrir fólk frá löndum utan EES sem verður fyrir alvarlegum brotum á vinnumarkaði sem þó uppfylla ekki skilyrði mansals. Aðgerð þess efnis ratаði inn í aðgerðaáætlun stjórnvalda og vonast er til að breytingarnar komi til framkvæmda síðar á þessu ári.

ASÍ benti jafnframt á, í minnisblöðum til dómsmálaráðherra, að styrkja þyrfti framkvæmd stjórnvalda við útgáfu atvinnuleyfa og tryggja henni mannafla og tíma til að sinna verkefninu. Augljóst er að misbrestur var á þegar hundruð sérfræðileyfa voru gefin út vegna starfa við matargerð og snyrtifræði á nokkurra ára tímabili.

Tímabundnum atvinnuleyfum til einstaklinga utan EES er ætlað að mæta skorti í tilteknum greinum eða þörf fyrir tiltekna sérfræðiþekkingu á vinnumarkaði. Mikilvægt er að útgáfa leyfa byggi á greiningum á raunverulegri þörf og einnig að stofnunin sem gefi út atvinnuleyfi, nú Útlendingastofnun, hafi skýrar vald- og sektarheimildir og geti beitt sér þegar upp kemur grunur um brot atvinnurekanda gegn leyfishafanum.

ASÍ hefur einnig gert dómsmálaráðherra grein fyrir áhyggjum sínum af stöðu og aðbúnaði einstaklinga frá löndum utan EES, einkum Filippseyjum, sem hér dvelja á grundvelli vistráðningar (au pair). Augljóst er að kerfið er í einhverjum tilvikum misnotað til að nálgast ódýrt vinnuafl inni á heimilum og dæmi um að ungmenni búi við mjög óviðunandi aðstæður.

Með lagabreytingum sem tóku gildi um mitt ár 2026 var útgáfa atvinnuleyfa færð frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar og síðarnefnd stofnun fékk um leið hlutverk í eftirliti með kjörum einstaklinga sem hér starfa á tímabundnum atvinnuleyfum. Breytingin var gerð til að auka skilvirkni og stytta afgreiðslutíma með því að færa útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa á sömu hendi. ASÍ setti sig ekki á móti tilfærslunni en hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að stofnuninni sé tryggður nægur mannafli og þekking til að hún geti framfylgt eftirlitshlutverki sínu með kjörum fólks á tímabundnum atvinnuleyfum.

Sem liður í því að auka skilvirkni og stytta afgreiðslutíma felldu stjórnvöld niður skyldu til að leita umsagnar stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi eru gefin út. Í staðinn er Útlendingastofnun heimilt að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags.

Umsagnarréttur stéttarfélaga hefur gegnt margs konar hlutverki. Fyrst og fremst hafa stéttarfélög notað þau til að yfirfara og gera athugasemdir við ráðningarsamninga og kjör launafólks frá löndum utan EES. Umsagnarferlið hefur jafnframt gefið stéttarfélögunum tækifæri til að miðla upplýsingum til Vinnumálastofnunar, sem útgefanda leyfanna, um óábyrga atvinnurekendur. Með umsagnarferlinu hafa stéttarfélög jafnframt fengið upplýsingar um hvar launafólk utan EES starfar og tækifæri til að hafa sérstakt eftirlit með þeirra kjörum, með eftirlitsheimsóknum og með því að kalla reglulega eftir upplýsingum frá atvinnurekanda um launakjör þeirra þegar ástæða þykir til.

ASÍ gerði í umsögn um frumvarpið og síðar í minnisblaði til þingnefndar grein fyrir áhyggjum af því að breytingarnar myndu veikja möguleika verkalýðshreyfingarinnar á eftirliti með kjörum þessa hóps. ASÍ gagnrýndi jafnframt þá útfærslu upplýsingagjafar frá Útlendingastofnun til stéttarfélaga sem lögð var til í frumvarpinu, en samkvæmt henni gátu stéttarfélög óskað eftir tölulegum upplýsingum um útgefin leyfi á félagssvæði sínu.

ASÍ lagði þess í stað til að Útlendingastofnun sendi stéttarfélögum reglulega, til dæmis mánaðarlega, yfirlit með upplýsingum um útgefin atvinnuleyfi, launafólk og atvinnurekendur. Afmarka mætti slíkt yfirlit við atvinnugreinar þar sem hætta á undirboðum og misneytingu launafólks er almennt talin meiri. Nefndin féllst á tillöguna í öllum meginatriðum og voru lögin að endingu samþykkt í því formi.

Dómsmálaráðherra hefur boðað frekari breytingar á lögum um dvalar- og atvinnuleyfi. ASÍ mun áfram kalla eftir því að vernd þolenda verði aukin og að ríkar kröfur verði gerðar til atvinnurekenda sem ráða fólk frá löndum utan EES.

Miðlægt vinnustaðaeftirlit

Snemma árs 2025 fól miðstjórn ASÍ skrifstofu að útbúa tillögur að þróun miðlægs vinnustaðaeftirlits á vettvangi ASÍ. Greining sýndi að töluverðar sveiflur eru í umfangi eftirlits í núverandi fyrirkomulagi og eftirlitsfulltrúar njóta ekki alltaf nægilegs félagastuðnings, enda dreifðir um landið. Með miðlægu eftirliti mætti samræma eftirlit og efla getu verkalýðshreyfingarinnar til að berjast gegn brotum á vinnumarkaði.

Fyrirkomulag eftirlits með kjarasamningum hér á landi endurspeglar sterka stöðu verkalýðshreyfingarinnar hér á landi og með lögum frá 2010 fengu aðilar vinnumarkaðarins heimild til að fara inn á vinnustaði til að fylgja eftir að kjarasamningar og lög væru virt. Mikilvægt er að búa þannig að vinnustaðaeftirliti að það sé stöðugt og sterkt til framtíðar.

Tillaga um miðlægt vinnustaðaeftirlit fór fyrir vinnumarkaðsnefnd og miðstjórn og tók ýmsum breytingum með umræðum og þeim sjónarmiðum sem fram komu. Fram kom vilji margra aðildarfélaga til að gera vinnustaðaeftirlit miðlægt hjá ASÍ á meðan önnur vildu líta á miðlægt eftirlit sem viðbót við þeirra eigið vinnustaðaeftirlit.

Kærumál á grundvelli EES-samningsins

Samstarf tókst milli ASÍ, BSRB og BHM um sameiginlega kæru til stofnunarinnar og komst málið í formlegt ferli hjá ESA á síðasta starfsári. Ágreiningurinn snýst um réttarstöðu starfsmanna ríkis og Reykjavíkurborgar sem hafa þau störf ekki að aðalstarfi. Það þýðir að hópur starfsmanna í hlutastarfi er ekki tryggður á leið til og frá vinnu eða vegna slysa við störf sem ekki teljast á ábyrgð launagreiðanda. Ríkið og Reykjavíkurborg hafa varist af hörku sem kom nokkuð á óvart og vilja byggja m.a. á því að þessi háttur byggi á kjarasamningum. Það er að hluta rétt en leysir ekki aðila undan því að fylgja réttum lögum. Lögfræðingar ASÍ hafa ítrekað komið þeim tilmælum til aðildarsamtaka ASÍ að ljúka ekki kjarasamningum án þess að þetta verði leiðrétt. Sett var á stofn nefnd sem engu skilaði.

ESA er með í gangi frumkvæðisathugun vegna orlofslaganna, þ.e. hvað varðar frítökurétt starfsmanna sem ekki hafa náð að ávinna sér fullan frítökurétt á launum. ASÍ, BSRB og BHM hafa ekki viljað breyta núverandi fyrirkomulagi og njóta til þess stuðnings stjórnvalda.

Enn eru óleyst mál vegna fyrningar orlofs sem fyrirhugað var að kæra til ESA en aðildarfélögum ASÍ tókst að fá fram breytta framkvæmd bæði hjá ríki og Reykjavíkurborg þó endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir.

Verkfallsrétturinn varinn

Um árabil hefur staðið ágreiningur milli alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar og alþjóðasamtaka atvinnurekenda um hvort verkfallsrétturinn teljist varinn af samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi. Stjórn ILO, að frumkvæði fulltrúa verkafólks og með stuðningi nokkurra ríkisstjórna, tókst að koma málinu til úrskurðar hjá Mannréttindadómstólnum í Haag. Dómur gekk í maí 2026 verkalýðshreyfingunni í vil. Áhrif hans verða lítil hér á landi en mjög mikil víða um heim þar sem þessi réttur er ekki varinn sem skyldi.

Málefnanefndir

Framtíðarnefnd tók fyrst til starfa að loknu 46. þingi ASÍ árið 2024 og var ákveðið að halda starfi hennar áfram að loknu fyrsta starfsári. Á liðnu starfsári beindist vinna nefndarinnar einkum að breytingum sem eru að eiga sér stað á vinnumarkaði og þeim áhrifum sem þær kunna að hafa á störf, starfskjör og skipulag vinnunnar. Þar voru sérstaklega til umfjöllunar baráttan gegn ólögmætum hark-störfum og störfum á netvöngum, auk áhrifa gervigreindar og aukinnar sjálfvirknivæðingar á íslenskan vinnumarkað.

Nefndin fékk meðal annars til sín sérfræðinga á sviði gervigreindar og kynnti sér þróun og stefnumótun hér á landi og erlendis. Fjallað var um aðgerðaáætlun stjórnvalda á sviði gervigreindar, nýtt regluverk ESB um gervigreind og reglur um störf á netvöngum. Jafnframt ræddi nefndin þær áskoranir sem fylgja hraðri tækniþróun, meðal annars varðandi breytingar á störfum og starfsumhverfi, eftirlit á vinnustöðum og stöðu launafólks þegar ný tækni er innleidd.

Í starfi nefndarinnar var lögð áhersla á að tæknibreytingar og ný vinnuform verði skoðuð út frá hagsmunum launafólks og því hvernig verkalýðshreyfingin getur brugðist við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Nefndin vann að lokum að greiningu fyrir 47. þing ASÍ um áhrif gervigreindar á íslenskan vinnumarkað og þau álitaefni sem verkalýðshreyfingin þarf að takast á við á komandi árum.

Vinnumarkaðsnefnd

Vinnumarkaðsnefnd var að loknu 46. þingi ASÍ sameinuð úr tveimur nefndum, vinnumarkaðsnefnd og nefnd um brotastarfsemi. Málefnasvið nefndarinnar er víðfeðmt og bar starf ársins þess merki. Brotastarfsemi á vinnumarkaði var sérstaklega mikið til umfjöllunar, enda greina ASÍ og stéttarfélög aukningu slíkra mála hér á landi.

Meðal verkefna nefndarinnar var vinna að ítarlegri aðgerðaáætlun gegn gerviverktöku, með sérstakri áherslu á hark-hagkerfið. Þá var unnið að greiningu og eftirfylgni með skýrslu dómsmálaráðherra um útlendingamál, með áherslu á dvalarleyfisreglur sem byggja á mannúð, jafnræði og sanngirni. Jafnframt var unnið að viðmiðum fyrir stéttarfélög vegna misneytingar- og mansalsmála og fjallað um vinnu á samráðsvettvangi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Önnur vinnumarkaðsmál voru einnig fyrirferðarmikil í starfi nefndarinnar. Þar ber helst að nefna þá vegferð stjórnvalda að skerða réttindi launafólks undir formerkjum baráttunnar gegn verðbólgu og hagræðingar í ríkisrekstri, auk þess samráðsleysis sem einkennt hefur þá vinnu. Bótatímabil atvinnuleysisbóta var stytt, lögð hafa verið fram áform um að stytta ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa á lífeyrissjóðskröfum launafólks við gjaldþrot atvinnurekenda og afnema áminningarskyldu opinberra starfsmanna.

Nefndin vann einnig að greiningum og tillögum um févíti og útvíkkaða keðjuábyrgð. Vísað er til ítarlegri umfjöllunar um þau málefni síðar í skýrslunni.

Vinnuhópur ASÍ vegna útboðs- og ræstingarmála

Líkt og rakið er í skýrslu forseta vegna ársins 2025 bárust fjölmargar alvarlegar ábendingar um annmarka á kjörum og aðbúnaði ræstingarfólks. ASÍ og aðildarfélög héldu áfram viðamikilli vinnu til úrbóta í samstarfi við opinbera aðila, fyrirtæki, ræstingarfyrirtæki og trúnaðarmenn víðs vegar um landið, með það að markmiði að tryggja mannsæmandi kjör, réttindi og vinnuaðstæður ræstingarfólks á íslenskum vinnumarkaði.

Unnið var að því að tryggja að vinnuhraði ræstingarfólks væri í samræmi við kjarasamninga og viðunandi viðmið um vinnuvernd og vinnuálag. Í því fólst m.a. samstarf við Vinnueftirlitið, auk þess sem skorað var á stjórnvöld og sveitarfélög að tryggja eðlilega útboðshætti í samræmi við lög um opinber innkaup, nr. 120/2016. Fjölmörg dæmi voru um að útboð opinberra aðila væru slíkum annmörkum háð að þau tryggðu fremur lægstu tilboðin en þau hagstæðustu. Slíkt getur hæglega ýtt undir kapphlaup að botninum í mannaflafrekri starfsgrein þar sem launakostnaður vegur þungt í tilboðum bjóðenda og kostnaði við framkvæmd verka.

Vert er að nefna að Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélag landsins, setti sér nýja innkaupastefnu og innkaupareglur í apríl 2026 þar sem mun ríkari áhersla er lögð á félagslega þætti, svo sem vinnuvernd og kjör starfsfólks.

Íslenska ríkið birti í júlí 2026 drög að viðmiðum fyrir ræstingaútboð ríkisins. Markmið viðmiðanna er að stuðla að auknu gagnsæi, samræmi og gæðum við framkvæmd ræstingarútboða ríkisins. Þeim er ætlað að stuðla að ábyrgum innkaupum þar sem tekið er mið af raunhæfum kostnaðarforsendum og kjarasamningsbundnum réttindum starfsfólks. Drögin byggjast á samráði við verkalýðshreyfinguna, þar á meðal Eflingu og Starfsgreinasamband Íslands.

Áfram verður unnið að því að tryggja ræstingarfólki gott vinnuumhverfi og réttlát kjör.

Vinnuhópar um viðbrögð gegn launaþjófnaði og útvíkkaða keðjuábyrgð

Í samræmi við stefnu gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði sem lögð var fram af félags- og húsnæðismálaráðherra á vormánuðum 2026, voru settir á fót tveir vinnuhópar hjá fyrrnefndum ráðherra. Í þeim vinnuhópum sitja aðilar vinnumarkaðarins: ASÍ og SA, ásamt starfsfólki samnefnds ráðuneytis.

Vinnuhópur utan um viðbrögð gegn launaþjófnaði og vanefndum atvinnurekenda áætlar að mynd verði komin á verkefnið á haustmánuðum 2026. Stefnt er að því að ráðherra setji fram frumvarp á 158. löggjafarþingi. ASÍ hefur lagt ríka áherslu á að fara leið sem kveður á um sérstakt févíti sem er ætlað að hafa varnaðaráhrif gegn brotastarfsemi, svo og að gera hlut starfsfólks sem verður fyrir launaþjófnaði eða vanefndum nær því sem raunveruleg áhrif á slíkum atvikum hefur á þau.

Vinnuhópur utan um útvíkkaða keðjuábyrgð hefur þegar hafið störf og er unnið að því markmiði ríkisstjórnar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins að útvíkka slíka ábyrgð á allar stærri verklegar framkvæmdir. ASÍ leggur áherslu á í þeirri vinnu að keðjuábyrgð nái með raunhæfum hætti yfir verklegar framkvæmdir og aðra viðskiptasamninga þar sem áhætta á undirboðum og alvarlegum vanefndum og launaþjófnaði er hvað mest.

Allar rannsóknir á þeim sviðum benda til að áhættan sé hvað mest í mannaflafrekum atvinnugreinum þar sem kostnaður útboða og samninga byggir að stærstum hluta á launakostnaði, svo og þar sem meirihluti fólks starfar sem er í viðkvæmri stöðu, t.d. erlent launafólk, ungt fólk og fólk úr minnihlutahópum.

Innleiðingar tilskipana ESB og samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunar

Á árinu 2024 myndaði þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra starfshóp utan um innleiðingar á tilskipunum ESB um gagnsæ og fyrirsjáanleg vinnuskilyrði nr. 2019/1152 og um jafnvægi á milli einkalífs og vinnu nr. 2019/1158. Meginmarkmið tilskipunar nr. 2019/1152 er að tryggja gagnsæi launafólks í launasambandi, með sérstaka áherslu á upplýsingar í gegnum skriflega ráðningarsamninga og með aukinni áherslu á að tryggja fyrirsjáanleika þeirra sem vinna með óreglubundnum hætti á einhvern hátt.

Markmið tilskipunar nr. 2019/1158 er að auðvelda fólki að samræma fjölskylduábyrgð og atvinnuþátttöku og stuðla um leið að auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að starfsfólk hafi tækifæri til að sinna börnum og öðrum ættingjum, með auknum sveigjanleika og tryggðan rétt til fjarvista í ákveðnum aðstæðum.

Vinna starfshópsins hélt áfram og var meginmarkmið starfshópsins að mynda sátt aðila í gegnum þríhliða samstarf stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks. Vinnan að innleiðingu er enn í gangi og ekki liggur fyrir niðurstaða.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa

Líkt og lög um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, kveða á um, hefur ASÍ sæti í stjórn Ábyrgðasjóðs launa. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu launa, orlofs, skaðabóta og uppsagnarfrests við gjaldþrot atvinnurekenda. Öll umsýsla sjóðsins er í höndum Vinnumálastofnunar.

Gjaldþrotum fyrirtækja fjölgaði á árinu 2025. Alls voru 965 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta, 13% fleiri en árið áður. Þar af hafði 371 fyrirtæki verið með starfsemi árið áður og hjá þeim störfuðu að jafnaði 2.392 launamenn.

Fjöldi launafólks hjá virkum fyrirtækjum sem tekin voru til gjaldþrotaskipta jókst um 22% frá 2024 til 2025, einkum vegna gjaldþrota í ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi. Á fyrsta ársfjórðungi 2026 fjölgaði gjaldþrotum áfram í heild, en gjaldþrotum virkra fyrirtækja fækkaði lítillega frá sama tímabili árið áður.

Umfangsmestu gjaldþrotin á árinu 2025 voru vegna flugfélagsins PLAY og fyrirtækisins Kambar ehf. Þróun gjaldþrota og umfang þeirra meðal virkra fyrirtækja hefur beina þýðingu fyrir starfsemi Ábyrgðasjóðs launa, sem tryggir réttindi launafólks þegar atvinnurekendur verða gjaldþrota.

Áform um ný lög um Ábyrgðasjóð launa

Stjórnvöld birtu í Samráðsgátt stjórnvalda í júlí 2026 áform um breytingar á lögum um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003. Í drögunum er meðal annars kveðið á um stytt ábyrgðartímabil vegna krafna um lífeyrissjóðsiðgjöld, niðurfellingu stjórnar Ábyrgðasjóðs launa, ótilgreindar orðalagsbreytingar og að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði komi til frádráttar kröfum kröfuhafa.

ASÍ gerði alvarlegar athugasemdir við að breytingarnar væru undirbúnar án virks samráðs við aðila vinnumarkaðarins og lagðist sérstaklega gegn fyrirhugaðri styttingu ábyrgðartímabils vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík breyting fæli í sér skerðingu á vernd launafólks við gjaldþrot og færði aukna áhættu vegna vangoldinna iðgjalda yfir á launafólk og lífeyrissjóði.

ASÍ lagðist einnig gegn því að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði kæmu til frádráttar hámarksábyrgð sjóðsins, enda væri um sjálfstæðan lögbundinn rétt foreldra að ræða. Þá lagði ASÍ áherslu á að fyrirhugaðar orðskýringar og aðrar efnislegar breytingar

yrðu ekki gerðar án þess að áhrif þeirra á réttarstöðu launafólks væru skýr og að endurskoðun laganna yrði unnin í virku samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Jafnlaunavottun afnumin

Jafnlaunavottun var lögbundin hérlendis árið 2018, en áður hafði hún verið unnin í samstarfi við m.a. ASÍ og önnur heildarsamtök. Í júlí 2026 var hún afnumin í þeirri mynd sem hún hafði verið og í stað hennar tekið upp nýtt upplýsingakerfi í formi skýrslugjafar á þriggja ára fresti. Þá ná nýjar reglur aðeins til fyrirtækja sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri, en áskilnaður eldri jafnlaunavottunar var 25 starfsmenn eða fleiri. Þannig verður ekki lengur gerð krafa um jafnlaunavottun eða viðhaldsvottun á jafnlaunakerfi.

ASÍ lagðist ekki gegn endurskoðun á jafnlaunavottun en taldi þó skorta á greiningu og vinnslu við gerð frumvarpsins, ásamt því að með frumvarpinu væri mögulega gengið lengra en þörf væri á og að breytingin væri ótímabær þar sem Evrópuþingið hefur þegar samþykkt tilskipun (ESB) 2023/970, um að efla beitingu meginreglunnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir sömu eða jafnverðmæt störf með launagagnsæi og framfylgdarfyrirkomulagi. Nokkur skörun er á henni og málefnum frumvarpsins á sama tíma og frumvarpinu er ekki ætlað að innleiða umræddа tilskipun.

Samþykkt ILO um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum

Núverandi félags- og húsnæðisráðherra setti árið 2026 að nýju af stað vinnu starfshóps um innleiðingu samþykktar ILO um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum, nr. 190.

Samþykktin viðurkennir rétt allra til vinnuumhverfis sem er laust við ofbeldi og áreitni, þar á meðal kynbundið ofbeldi og áreitni. Hún leggur skyldur á aðildarríki um að setja lög, stefnu og úrræði til að koma í veg fyrir slíka háttsemi og tryggja vernd og viðeigandi úrræði fyrir þolendur. Samþykktin er víðtæk og tekur til launafólks og annarra einstaklinga í heimi vinnunnar, auk atvika sem tengjast vinnu, svo sem á vinnustað, í vinnutengdum ferðum og samskiptum.

Sérstök áhersla er lögð á forvarnir, fræðslu, eftirlit og skilvirk úrræði, auk þess að taka mið af því að ákveðnir hópar geti verið í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Þá tekur samþykktin sérstaklega fram að gildissvið hennar nær til starfsfólks á landi, sjó og í flugi.

ASÍ á sæti í þeim starfshópi og hefur hópurinn þegar hafið vinnu til að hægt sé að innleiða samþykktina.

Aðgerðaáætlun um baráttuna gegn gerviverktöku á íslenskum vinnumarkaði

Samþykkt var sérstök aðgerðaáætlun um baráttuna gegn gerviverktöku á íslenskum vinnumarkaði með áherslu á svokölluð „hark-störf“. ASÍ beitti sér í málaflokknum og þá sérstaklega vegna fyrirtækisins Wolt sem er afkastamest á íslenskum vinnumarkaði á sviði svokallaðra netvangsstarfa, en það eru störf sem eru unnin innan hark-hagkerfisins sem er stýrt í gegnum rafræn kerfi sem lúta gervigreind.

Unnið var að umfjöllun sem vekja átti samfélagið til umhugsunar um það viðskiptamódel sem slík fyrirtæki byggju á, en í þeim felst að störfin eru látin standa utan kjarasamninga og reynt að líkja þeim við almenn störf unnin í verktöku, nema starfsfólk hefur afar takmarkað sjálfstæði í starfi. Þannig reyna fyrirtæki að komast hjá því að greiða starfsfólki sínu laun og veita þeim réttindi í samræmi við kjarasamninga. Öll áhætta viðskiptamódelsins er færð yfir á starfsfólk í stað þess að hún sé eðli máls samkvæmt á höndum fyrirtækisins.

ASÍ hélt úti árverkniherferð um málefnið, svo sem á samfélagsmiðlum, í gegnum fréttamiðla og aðra fjölmiðla og með reglulegum pistlaskrifum. Þá var lögð áhersla á að íslensk fyrirtæki stuðli að og tryggi kjör allra í virðiskeðjum sínum. Töluverð umfjöllun skapaðist í íslensku samfélagi vegna þessa. ASÍ mun áfram halda á lofti mikilvægi þess að fólk fái notið samningsbundinna kjara, berjast gegn hvers konar gerviverktöku og stuðla að því að fyrirtæki tryggi ávallt að allt starfsfólk í virðiskeðjum þeirra fái notið allra þeirra réttinda sem þau eiga rétt á

Sönnunarstaða læknisvottorða í vinnurétti

Á árinu 2025 mátti greina aukna gagnrýni á gildi læknisvottorða hér á landi. Því var meðal annars haldið fram af fyrirtækjum, Viðskiptaráði og Samtökum atvinnulífsins að aukning hefði orðið á misnotkun starfsfólks á veikindarétti, að veikindaréttur væri of rúmur víða á íslenskum vinnumarkaði og að íslensk læknisvottorð væru að missa gildi sitt vegna framkvæmdar við útgáfu þeirra. Jafnvel var gengið svo langt að halda því fram að rafrænt útgefin læknisvottorð væru ógild ef sérstök læknisheimsókn lægi ekki til grundvallar útgáfu þeirra.

Á sama ári urðu breytingar á reglum um læknisvottorð með setningu reglugerðar um vottorð, álitsgerðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna, nr. 82/2025. Reglugerðin breytti þó ekki gildi eða stöðu læknisvottorða með afgerandi hætti, en samkvæmt henni geta nú fleiri heilbrigðisstéttir gefið út vottorð um heilsufar fólks.

ASÍ mótmælti þeirri stigvaxandi gagnrýni sem að framan er rakin og ítrekaði í febrúar 2026 gildi læknisvottorða. Jafnframt benti ASÍ á að umræðan væri til þess fallin að veikja grundvallarrétt starfsfólks til launa í veikindafjarvistum. Íslensk dómaframkvæmd styður, þvert á framangreinda umræðu og yfirlýsingar, við stöðu læknisvottorða sem sönnun fyrir veikindum.

ASÍ og aðildarfélög þess munu áfram berjast fyrir því að starfsfólk fái notið veikindaréttar síns að fullu. Í því felst meðal annars að standa vörð um gildi læknisvottorða og að heilbrigðisstarfsfólki sé treyst til að leggja faglegt mat á heilsufar starfsfólks.

Fordæmisgefandi úrskurður Landsréttar um sönnunarbyrði í málum þar sem atvinnurekandi hefur ekki haldið úti virkri tímaskráningu á vinnustað

Í málum frá árinu 2024 sem tengjast grunsemdum um vinnumansal og gjarnan eru kennd við Quang Lee og veitingastaðinn Wok On, en eru enn til rannsóknar hjá lögreglu, kvað Landsréttur upp úrskurð í ágreiningsmáli vegna krafna fyrrverandi starfsfólks í þrotabú og féllst á kröfur þess. Kröfurnar byggðust meðal annars á ætluðum vinnutíma starfsfólksins. Ekki hafði verið haldið með fullnægjandi hætti utan um skráningu vinnutíma á vinnustöðunum og byggði sönnun um unninn vinnutíma því meðal annars á framburði starfsfólks, vitnisburði og öðrum gögnum. Héraðsdómur hafði áður hafnað kröfunum á þeim grundvelli að ekki lægi fyrir samtímaskráning um vinnutímann. Jafnframt var framburði samstarfsfólks ekki gefið verulegt sönnunargildi, meðal annars þar sem það hafði sjálft hagsmuni af niðurstöðu málsins.

Landsréttur komst hins vegar að annarri niðurstöðu. Rétturinn lagði meðal annars til grundvallar að atvinnurekanda bæri skylda til að halda skrá yfir vinnutíma starfsmanna, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Þar sem atvinnurekandi hafði ekki sinnt þeirri skyldu gat skortur á tímaskráningu ekki með sama hætti komið niður á sönnunarstöðu starfsfólksins. Við mat á umfangi

vinnunnar var því litið til framburðar starfsfólks og vitna ásamt öðrum gögnum málsins og fallist á kröfur starfsfólksins.

Úrskurður Landsréttar hefur mikilvæga þýðingu fyrir sönnun í ágreiningi um unninn vinnutíma. Af honum leiðir að vanræksla atvinnurekanda á lögbundinni skyldu til að skrá vinnutíma getur haft áhrif á sönnunarmat þegar ágreiningur rís um umfang vinnu. Skortur á samtímaskráningu útilokar því ekki að starfsmaður geti sýnt fram á unninn vinnutíma með framburði, vitnisburði og öðrum gögnum.

Dómar Evrópudómstólsins um mismunun hlutastarfsfólks og áhrif á Íslandi

Á árunum 2023 og 2024 féllu mikilvægir dómar Evrópudómstólsins um réttindi hlutastarfsfólks og bann við mismunun á grundvelli starfshlutfalls. Í fyrra málinu, *Lufthansa CityLine*, var deilt um kjarasamning þar sem flugmaður í hlutastarfi þurfti að ná sama fjölda vinnustunda og starfsfólk í fullu starfi áður en réttur til aukinna greiðslna varð virkur. Evrópudómstóllinn taldi slíkt fyrirkomulag fela í sér mismunun gagnvart hlutastarfsfólki. Dómstóllinn lagði þar meðal annars áherslu á meginregluna um að réttindi hlutastarfsfólks skuli hlutfölluð miðað við starfshlutfall.

Sú niðurstaða var síðan staðfest með skýrum hætti í tveimur dómum Evrópudómstólsins sumarið 2024. Þar störfuðu kærendur í 40% og 80% starfi en þurftu, líkt og starfsfólk í fullu starfi, að skila vinnu sem samsvaraði fullu starfi áður en réttur til yfirvinnugreiðslna stofnaðist. Dómstóllinn taldi að rétturinn ætti að taka mið af umsömdu starfshlutfalli og hafnaði því að slík hlutföllun fæli í sér mismunun gagnvart starfsfólki í fullu starfi. Þar sem mikill meirihluti hlutastarfsfólks á viðkomandi vinnustað var konur var jafnframt talið að fyrirkomulagið fæli í sér mismunun á grundvelli kyns.

Dómarnir hafa þýðingu fyrir íslenskan vinnumarkað. Tilskipun ESB um rammasamning um hlutastörf, 97/81/EB, hefur verið tekin upp í EES-samninginn og innleidd hér á landi, bæði með lögum um starfsmenn í hlutastörfum nr. 10/2004 og í kjarasamningi ASÍ og SA. Markmið reglnanna er að tryggja að hlutastarfsfólk njóti ekki lakari kjara eða réttinda en sambærilegt starfsfólk í fullu starfi eingöngu vegna starfshlutfalls. Við túlkun íslenskra reglna hefur dómaframkvæmd Evrópudómstólsins því verulega þýðingu.

Dómarnir kalla því á að hugað sé sérstaklega að því hvernig réttindi hlutastarfsfólks eru tryggð í íslenskum kjarasamningum og framkvæmd þeirra. Mikilvægt er að tryggja að íslenskur réttur og framkvæmd á vinnumarkaði samræmist þeim lágmarksréttindum sem leiða af tilskipuninni og að starfsfólk í hlutastörfum njóti í reynd þeirra réttinda sem henni er ætlað að tryggja. ASÍ, ásamt aðildarfélögum, hafa greint stöðuna og vinna að því að tryggja stöðu þess launafólks sem í hlut á.

Erlent samstarf

Evrópsku vinnumálastofnuninni (European Labour Authority, ELA) var komið á fót fyrir nokkrum árum. Stofnuninni er ætla að vera vettvangur fyrir Evrópuríki til að samræma og samhæfa eftirlit með starfsemi fyrirtækja og kjörum launafólks þvert á landamæri í Evrópu. Þannig hefur ELA lagt áherslu á erlend þjónustufyrirtæki og réttindi útsendra starfsmanna.

Vinnueftirlitið er formlegur tengiliður hérlendis við stofnunina, auk þess sem ELA hefur sóst eftir samstarfi við íslenska verkalýðshreyfingu. Fulltrúi hélt erindi á vettvangi ELA fyrr á árinu og sagði frá reynslu verkalýðshreyfingarinnar í baráttu sinni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og ekki síst misneytingu 3. ríkis borgara hér á

landi. Á vettvangi ELA gefast tækifæri til að skipuleggja sameiginleg eftirlitsátök aðildarríkja og stofnunin býður upp á fræðslu sem getur gagnast fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar.

Fulltrúi ASÍ hélt erindi á námskeiði NIVA í Helsinki á árinu þar sem fjallað var um misneytingu launafólks, sérstaklega launafólks frá löndum utan EES. Þá hefur ASÍ átt í samstarfi við finnsku rannsóknastofnunina HEUNI um málefni misneytingar og mansals á vinnumarkaði, meðal annars með þátttöku í rýnihópum.

ETUC – Migration and Inclusion Committee

Nefndin fjallar um þróun fólksflutninga til Evrópu, atvinnuleyfiskerfi, misneytingu og mansal á vinnumarkaði og fundar að jafnaði tvisvar á ári. Fulltrúar ASÍ sóttu engan fund nefndarinnar að þessu sinni.

Undanfarið ár hefur nefndin meðal annars fjallað um sanngjarna ráðningarhætti (e. fair recruitment) og í því samhengi hlutverk millilliða og ólögleg ráðningargjöld (e. recruitment fees). Nefndin fjallar einnig um réttindi óskráðra innflytjenda, sem eru sérstaklega útsettir fyrir misneytingu og mansali. Meðal annars hefur verið fjallað um nýlegar aðgerðir Spánar sem miða að því að gera fólki sem dvelur þar án lögmætrar heimildar kleift að skrá sig og öðlast þannig réttindi og aukna vernd gegn misneytingu.

Áhrif hraðrar tækniþróunar á störf og verkalýðshreyfinguna

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaði samhliða hraðri þróun gervigreindar og annarrar tækni. Umræðan hefur að sama skapi færst frá því hvort tæknin muni breyta störfum yfir í það hvernig breytingarnar verði og hvaða áhrif þær hafi á launafólk. Áherslur verkalýðshreyfingarinnar hFafa fylgt þessari þróun og beinast í auknum mæli að því að tryggja stöðu launafólks í gegnum tæknibreytingar, aðkomu þess að innleiðingu nýrrar tækni og að ávinningur af aukinni framleiðni skili sér til launafólks.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur metið að um 34% starfa í hátekjuríkjum séu að einhverju leyti útsett fyrir áhrifum skapandi gervigreindar. Það felur ekki í sér að störfin hverfi. Í flestum tilvikum er talið líklegra að einstök verkefni breytist eða verði unnin með aðstoð gervigreindar. Skrifstofustörf eru mest útsett en með þróun tækninnar hefur mögulegum áhrifum einnig fjölgað í ýmsum sérfræði- og tæknistörfum. ILO telur því að breyting á störfum verði mun umfangsmeiri en bein fækkun þeirra.

Þótt tækninni hafi fleygt hratt fram er innleiðing hennar á vinnustöðum mislangt komin. Samkvæmt könnun Hagstofu Íslands árið 2025 sögðust 48% fyrirtækja nota gervigreindarhugbúnað af einhverju tagi og 50% nota tilgreinda gervigreindartækni. Þegar spurt var nánar um notkunina gátu hins vegar aðeins 25% fyrirtækja tilgreint verkefni þar sem gervigreind var notuð og 14% höfðu mótað sér stefnu um notkun hennar.

Tölurnar benda til þess að almenn notkun hafi breiðst hratt út en að markviss innleiðing gervigreindar í vinnuferla og starfsemi fyrirtækja sé skemmra á veg komin. Svipaða þróun má sjá innan ESB. Árið 2025 notuðu um 20% fyrirtækja með tíu starfsmenn eða fleiri einhvers konar gervigreindartækni, samanborið við 13,5% árið áður og 8,1% árið 2023. Notkunin var mun meiri meðal stórra fyrirtækja, eða um 55%, en um 17% meðal lítilla fyrirtækja. Þótt notkunin aukist hratt er því töluverður munur á

því sem tæknin getur gert og hversu langt fyrirtæki eru komin í að nýta hana í starfsemi sinni.

Áhrif gervigreindar á vinnustöðum geta verið margvísleg. Hún getur breytt einstökum verkefnum, verkaskiptingu, mannaflaþörf og þeirri færni sem krafist er af starfsfólki. Gervigreind er einnig notuð við ráðningar, skipulag vinnu og vakta, úthlutun verkefna, mat á frammistöðu og eftirlit með starfsfólki. Notkun hennar getur þannig haft áhrif á vinnuálag, starfsöryggi, sjálfræði í starfi og persónuvernd, auk þess sem nýjar spurningar vakna um eftirlit atvinnurekenda og ákvarðanir sem teknar eru með sjálfvirkum kerfum.

Þessi þróun snertir ýmis hefðbundin viðfangsefni kjarasamninga. Breytingar á vinnuskipulagi og störfum geta kallað á endurskoðun á ákvæðum um vinnutíma, mönnun, starfslýsingar, vinnuálag, eftirlit og sí- og endurmenntun. Þá skiptir máli að starfsfólk og fulltrúar þess fái upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar og hafi aðkomu að þeim þegar þær hafa áhrif á störf og starfsskilyrði.

Aukin framleiðni vegna gervigreindar verður einnig viðfangsefni kjarasamninga. Ef tæknin gerir kleift að skapa sömu eða meiri verðmæti með minni vinnu þarf hluti þess ávinnings að geta skilað sér í bættum kjörum, styttri vinnutíma eða bættu starfsumhverfi.

Regluverk Evrópusambandsins hefur þegar tekið mið af þessari þróun. Reglugerð ESB um gervigreind (AI Act,) var samþykkt árið 2024 og setur reglur um þróun og notkun gervigreindarkerfa eftir þeirri áhættu sem notkun þeirra hefur í för með sér. Ýmis kerfi sem notuð eru á vinnumarkaði eru flokkuð sem kerfi í mikilli áhættu. Þar á meðal eru kerfi sem notuð eru við ráðningar og val umsækjenda, ákvarðanir um ráðningarsamband, úthlutun verkefna og mat eða eftirlit með frammistöðu starfsfólks. Reglugerðin gerir meðal annars kröfur um gagnsæi og mannlegt eftirlit og kveður á um upplýsingagjöf til starfsfólks og fulltrúa þess þegar tiltekin kerfi í mikilli áhættu eru tekin í notkun á vinnustað.

Sama ár samþykkti ESB einnig tilskipun um störf sem eru unnin á netvöngum, (Platform Work Directive). Tilskipunin tekur meðal annars á réttarstöðu fólks sem starfar í gegnum netvanga og notkun reiknirita við stjórnun vinnu. Hún felur í sér reglur um upplýsingagjöf, mannlegt eftirlit með sjálfvirkum kerfum og aðkomu starfsfólks og fulltrúa þess þegar slík kerfi eru notuð við stjórnun vinnunnar. Tilskipunin tekur einnig á því þegar fólk er skráð sem sjálfstætt starfandi þótt raunverulegt samband þess við netvang beri einkenni ráðningarsambands. Við mat á stöðunni á framkvæmd vinnunnar að ráða fremur en heiti eða form samningsins.

Gervigreind mun halda áfram að breyta störfum og vinnumarkaði en enn er óljóst hversu hratt og með hvaða hætti áhrifin koma fram. Þótt möguleg áhrif nái til stórs hluta starfa er markviss innleiðing tækninnar í starfsemi fyrirtækja enn mislangt komin. Næstu ár skipta því máli fyrir það hvernig notkun hennar þróast á vinnustöðum.

Fyrir verkalýðshreyfinguna felst verkefnið fyrst og fremst í að tryggja að réttindi og kjör launafólks fylgi þessum breytingum. Þar skiptir máli að launafólk og stéttarfélög hafi aðkomu þegar ný tækni er innleidd, að fólk hafi möguleika á að afla sér þeirrar færni sem breytt störf krefjast og að kjarasamningar taki mið af nýjum aðstæðum. Jafnframt þarf að tryggja að aukin framleiðni og verðmætasköpun skili sér til launafólks og nýtist til að bæta störf, starfsskilyrði og lífskjör.

ASÍ og aðildarfélög munu áfram vinna að málefnum vinnandi fólks og tryggja að tæknibreytingar hafi ekki áhrif á uppbrot á vinnumarkaði eða komi í veg fyrir að launafólk geti háð baráttu fyrir bættum kjörum með samstöðu í gegnum verkalýðsfélög sín. Málefnið verður á dagskrá 47. þings ASÍ og hefur miðstjórn lagt fram drög að ályktun um góð störf, réttindi og öryggi launafólks á breyttum vinnumarkaði.

Ráðstefna ETUI um Framtíð vinnunnar

Á árlegri *Future of Work* ráðstefnu ETUI var sjónum beint að áhrifum gervigreindar á vinnumarkað og réttindi launafólks. Gervigreind hefur þróast mjög hratt síðustu þrjú ár eða svo og má ætla að þróunin verði jafnvel enn stórstígari á næstunni.

Þessi nýja tækni hefur veigamikil áhrif á störf fólks og stöðu verkalýðsfélaga. Hún er þegar tekin að breyta vinnuferlum, stjórnun og ákvarðanatöku innan vinnustaða og sér ekki fyrir endann á þeim áhrifum. Helstu áhyggjur evrópskrar verkalýðshreyfingar snúa að auknu eftirliti með starfsfólki, skorti á gagnsæi við eftirlit, vinnslu persónuupplýsinga og ákvörðunartöku, mismunun, auknu álagi og veikari stöðu launafólks og verkalýðshreyfingar.

Evrópskt regluverk hefur ekki þróast jafnhratt og tæknin og er töluverður munur á nálgun Evrópuríkja. Norðurlönd nýta gervigreind hvað mest innan Evrópu en hafa almennt gengið skemur í regluvæðingu eða stefnumótun en ýmis ríki í Suður-Evrópu. Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á skýrar reglur, mannlega aðkomu að ákvörðunum og raunveruleg áhrif stéttarfélaga og starfsfólks á innleiðingu gervigreindar.

Ráðstefna ETUC-LEX - NETLEX

Á árlegri ráðstefnu ETUC í Madríd 22.–23. október var fjallað um helstu áskoranir evrópsks vinnumarkaðar, meðal annars vinnutímastyttingu, afregluvæðingu, ábyrgð fyrirtækja, dómaframkvæmd og réttindi útsendra starfsmanna. Umræðurnar endurspegluðu bæði tækifæri vegna tækniþróunar og sjálfvirknivæðingar og vaxandi þrýsting á réttindi launafólks.

Áhersla var lögð á að stytting vinnutíma skili raunverulegum lífsgæðum án aukins vinnuálags og að réttur starfsfólks til aftengingar utan vinnutíma sé tryggður. Jafnframt var varað við afregluvæðingu og veikingu félagslegra réttinda, meðal annars í tengslum við tilskipun ESB um ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti fyrirtækja (CS-DDD) og hugmyndir um svokallað „28. regluríki".

Rætt var um mikilvægi markvissrar beitingar dómsmála til að verja réttindi launafólks og nauðsyn þess að verkalýðshreyfingin sé undirbúin fyrir áhrif dóma á vinnurétt. Þá var vakin sérstök athygli á vaxandi misnotkun á reglum um útsenda starfsmenn, meðal annars með notkun skúffufyrirtækja og ráðningu starfsfólks frá ríkjum utan Evrópu á óviðunandi kjörum.

Fyrir íslenskan vinnumarkað felast helstu áherslur í að tryggja réttlát umskipti vegna tækniþróunar, standa vörð um réttindi launafólks og raunverulega vinnutímastyttingu, fylgjast með áhrifum afregluvæðingar á EES-svæðinu og efla eftirlit og vernd útsendra starfsmanna.



Heilbrigðismál

Heilbrigðisnefnd ASÍ hefur á árinu fjallað um aðgengi launafólks að heilbrigðisþjónustu, kostnaðarþátttöku og þróun heilbrigðiskerfisins. Megináhersla sambandsins er að heilbrigðiskerfið tryggi öllum jafnt aðgengi að nauðsynlegri þjónustu óháð efnahag, aldri og búsetu og að opinber heilbrigðisþjónusta verði styrkt.

Í febrúar skilaði ASÍ umsögn til velferðarnefndar Alþingis um frumvarp til breytinga á lögum um sjúkratryggingar og lögum um ófrjósemisaðgerðir. Sambandið hafði áður gert athugasemdir við frumvarpsdrögin í samráðsgátt stjórnvalda haustið 2025 og ítrekaði þær í umsögn sinni til Alþingis. ASÍ studdi meðal annars breytingar sem styrkja Sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda og eftirlitsaðila, stytta biðtíma eftir sjúkratryggingu við flutning til landsins og verja sjúklinga gegn aukagjöldum þegar samningar við þjónustuveitendur eru ekki í gildi. Jafnframt lagðist sambandið gegn breytingum sem fela í sér aukna gjaldtöku eða að kostnaður sé færður frá hinu opinbera yfir á sjúklinga, meðal annars vegna sjúkraþjálfunar og fjarheilbrigðisþjónustu.

Í maí var birt greining sem unnin hafði verið fyrir heilbrigðisnefnd ASÍ um aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Greiningin sýndi að aðgengi hér á landi er að mörgu leyti sambærilegt við önnur Norðurlönd, en jafnframt að verulegar hindranir eru enn til staðar. Bið eftir þjónustu er algengasta ástæða þess að fólk fær ekki þá þjónustu sem það telur sig þurfa og kostnaður hefur sérstaklega áhrif á tekjulægri hópa. Þessi ójöfnuður verður hvað skýrastur þegar horft er til geðheilbrigðisþjónustu. Gögn benda bæði til þess að andleg heilsa hafi farið versnandi og til mikils félagslegs ójöfnuðar í geðheilsu, þar sem tekjulágt fólk, innflytjendur og konur eru meðal þeirra hópa sem standa verr. Jafnframt er kostnaður við geðheilbrigðisþjónustu veruleg aðgangshindrun.

Í greiningunni var þessi staða einnig sett í samhengi við starfsemi sjúkrasjóða aðildarfélaga ASÍ. Geðheilbrigðisvandi er stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn í greiðslum sjúkrasjóðanna, sem bendir til þess að opinbera heilbrigðiskerfið nái ekki að mæta þörfinni nægilega snemma. Afleiðingarnar geta verið lengri veikindatímabil og auknar líkur á skertri starfsgetu. Niðurstaðan undirstrikaði því mikilvægi þess að

styrkja opinber úrræði, bæta aðgengi að tímanlegri geðheilbrigðisþjónustu og efla forvarnir og afkomuöryggi.

Í byrjun júlí brást ASÍ síðan við ákvörðun heilbrigðisráðherra um breytingar á gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu. Þann 7. júlí gagnrýndi sambandið fyrirhugaða 100% hækkun komugjalds í heilsugæslu, sem tók gildi 1. ágúst, auk aukinnar gjaldtöku vegna annarrar heilbrigðisþjónustu. ASÍ benti á að bein greiðsluþátttaka sjúklinga hefði veruleg áhrif á jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu og að hækkun gjalda kæmi sérstaklega illa við fólk sem þyrfti reglulega á þjónustu að halda. Sambandið lagði áherslu á að aukinn kostnaður heilbrigðiskerfisins yrði ekki fjármagnaður með því að færa stærri hluta hans yfir á sjúklinga og heimili.

Þessi vinna heilbrigðisnefndar og sambandsins á árinu hefur þannig einkum beinst að því að verja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, draga úr fjárhagslegum hindrunum og tryggja að aukin útgjöld eða breytingar á skipulagi heilbrigðiskerfisins verði ekki til þess að kostnaður færist í auknum mæli yfir á launafólk og aðra notendur þjónustunnar.



Jafnréttismál

Á tímabilinu var áfram unnið að fjölbreyttum jafnréttisverkefnum í samræmi við jafnréttisstefnu ASÍ og áherslur jafnréttisnefndar. Málefnasvið nefndarinnar er jafnrétti í víðum skilningi og nær meðal annars til kynjajafnréttis, stöðu hinsegin fólks, innflytjenda og annarra hópa sem búa við kerfisbundið misrétti.

Kvennaverkfall og lok Kvennaárs 2025

Lokasprettur Kvennaárs 2025 einkenndist af undirbúningi Kvennaverkfallsins 24. október, þegar 50 ár voru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum árið 1975. Konur og kvár voru hvött til að leggja niður bæði launuð og ólaunuð störf. Með verkfallinu var sjónum sérstaklega beint að viðvarandi launamun kynjanna, kynbundnu ofbeldi og ójafnri skiptingu ábyrgðar á heimilis- og umönnunarstörfum. Baráttufundir og aðrir viðburðir voru haldnir víða um land og tóku samtök launafólks þátt í undirbúningi og framkvæmd dagsins.

Hagfræðingar ASÍ og BSRB héldu jafnframt áfram sameiginlegri miðlun tölfræði um kynjamisrétti út árið. Í greinaröðinni var meðal annars fjallað um launamun kynjanna, áhrif barneigna á atvinnuþátttöku og tekjur, kynbundið ofbeldi, stöðu kvenna af erlendum uppruna og ólaunaða vinnu. Greiningarnar drógu þannig fram hvernig ójöfnuður á vinnumarkaði, fjölskylduábyrgð og efnahagsleg staða fléttast saman yfir æviskeiðið.

Nútíma kvennabarátta

ASÍ hafði á Kvennaárinu lagt sérstaka áherslu á stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Að morgni Kvennaverkfallsins stóð ASÍ fyrir málþinginu *Nútíma kvennabarátta – Staða kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði* í Hörpu þar sem fjallað var um stöðu kvenna af erlendum uppruna frá ólíkum sjónarhornum.

Markmiðið var að varpa ljósi á stöðu kvenna af erlendum uppruna og skapa samtal milli þeirra sjálfra, verkalýðshreyfingarinnar, stjórnvalda og annarra sem koma að málaflokknum. Í málþinginu tóku meðal annars þátt forystufólk úr verkalýðshreyfingunni, ráðherrar og aðrir fulltrúar stjórnvalda, ásamt konum af erlendum uppruna sem starfa víða innan verkalýðshreyfingarinnar og miðluðu bæði þekkingu og eigin reynslu. Málþingið var jafnframt liður í þeirri áherslu ASÍ að kvennabarátta og jafnréttisstarf endurspegli fjölbreyttan veruleika kvenna á íslenskum vinnumarkaði.

Umfjöllun málþingsins var byggð upp í kringum þrjá samtengda málaflokka. Fyrst var fjallað um láglaunastörf og vanmat kvennastarfa og sérstaklega þann veruleika að konur af erlendum uppruna eru fjölmennar í mörgum þeirra starfa sem eru bæði láglaunuð og samfélagslega mikilvæg. Meðal annars kom fram að um 15% innflytjenda starfa við ræstingar samanborið við um 1% íslenskra kvenna. Þar var lögð áhersla á að láglaunastörf þurfi að vera góð störf sem fólk getur lifað af og að ekki verði litið svo á að lausnin felist einfaldlega í því að einstaklingar mennti sig frá þessum störfum. Vanmat starfa og lág laun eru kerfislæg viðfangsefni sem verkalýðshreyfingin þarf að takast á við.

Í öðrum hluta var sjónum beint að viðurkenningu á hæfni og menntun og aðgengi að íslenskukennslu. Rætt var um þær hindranir sem fólk af erlendum uppruna getur mætt þegar menntun og starfsreynsla sem aflað hefur verið erlendis nýtist ekki á íslenskum vinnumarkaði. Sérstök áhersla var lögð á stöðu íslenskukennslu. Vísað var til niðurstaðna OECD sem sýna mikinn mun á tungumálakunnáttu innflytjenda hér á landi og í öðrum OECD-ríkjum; samkvæmt þeim segjast um 18% innflytjenda á Íslandi tala íslensku samanborið við um 60% innflytjenda að meðaltali í OECD-ríkjum. Umræðan undirstrikaði mikilvægi þess að fjárfest sé í aðgengilegri og markvissri íslenskukennslu sem styður við þátttöku fólks í atvinnulífi og samfélagi.

Að lokum var fjallað um samfélagið sem sameiginlegt verkefni og ábyrgð stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar á inngildingu og virkri þátttöku fólks af erlendum uppruna. Þar kom meðal annars fram að samkvæmt könnun Vörðu segist um helmingur innflytjenda ætla að setjast að á Íslandi og um 30% til viðbótar hugleiða það. Jafnframt sýna niðurstöður að konur af erlendum uppruna eru mjög virkar á vinnumarkaði, vinna að jafnaði meira en íslenskar konur, eru síður í hlutastarfi og eiga engu að síður erfiðara með að láta enda ná saman og hafa minna svigrúm til þátttöku í samfélaginu. Börn þeirra taka einnig síður þátt í tómstundastarfi. Þessar niðurstöður undirstrika að ekki nægir að líta á innflytjendur fyrst og fremst sem vinnuafl heldur þurfi að líta til langtímasetu, samfélagsþátttöku og inngildingar.

Umræður á málþinginu drógu þannig skýrt fram þörfina fyrir langtímahugsun í málefnum innflytjenda, aukna fjárfestingu í inngildingu og íslenskukennslu og

leiðir til að tryggja að menntun, reynsla og hæfni fólks fái notið sín. Jafnframt var lögð áhersla á að staða kvenna af erlendum uppruna verði ekki skýrð eingöngu með einstaklingsbundnum þáttum heldur þurfi að horfa til kerfislægra hindrana á vinnumarkaði og í samfélaginu.

Innflytjendur – stefnumótun stjórnvalda og aðgerðaáætlun ASÍ

Málþingið *Nútíma kvennabarátta* skapaði mikilvægan grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu ASÍ að málefnum kvenna af erlendum uppruna. Í eftirfylgni þess var jafnframt ákveðið að víkka sjónarhornið og vinna markvisst að stöðu innflytjenda almennt, enda komu mörg þeirra kerfislægu viðfangsefna sem rædd voru á málþinginu einnig fram í víðara samhengi: aðgengi að íslenskukennslu, nýting menntunar og hæfni, efnahagslegt öryggi, réttindi á vinnumarkaði, aðgengi að þjónustu og virk þátttaka í samfélaginu.

Ákvörðunin um að þróa aðgerðaáætlun ASÍ í málefnum innflytjenda var jafnframt tekin í ljósi áframhaldandi skorts á heildstæðri stefnu stjórnvalda í málaflokknum. ASÍ hafði kallað eftir því að sú stefnumótunarvinna sem þegar hafði farið fram yrði tekin upp að nýju eða að ný heildarstefna yrði mótuð. Þótt lögbundin framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029 hafi verið lögð fram á Alþingi að vori lauk afgreiðslu hennar ekki fyrir þinglok og beið málið því áframhaldandi meðferðar að hausti. Að mati ASÍ undirstrikar þetta mikilvægi þess að verkalýðshreyfingin haldi áfram að þrýsta á um skýra stefnu, fjármögnun og markvissar aðgerðir í málaflokknum.

Á þessum grunni var unnið að aðgerðaáætlun ASÍ með það að markmiði að fólk af erlendum uppruna hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku og framgangs á íslenskum vinnumarkaði og að verkalýðshreyfingin verði leiðandi afl í inngildingu, jafnræði og aðgengi að réttindum. Áætlunin byggir á stefnu ASÍ um launafólk af erlendum uppruna, jafnréttisstefnu sambandsins og ábendingum OECD um stöðu innflytjenda á Íslandi. Vinnan er þróuð í áföngum og skiptist annars vegar í aðgerðir gagnvart stjórnvöldum og hins vegar aðgerðir sem ASÍ og aðildarfélögin geta sjálf ráðist í.

Meðal fyrstu forgangsaðgerða var ákveðið að leggja aukna áherslu á framlag innflytjenda til íslensks vinnumarkaðar og samfélags og bregðast við neikvæðri og ómálefnalegri umræðu um hópinn. Jafnframt var ákveðið að setja málefni innflytjenda sérstaklega á dagskrá í tengslum við sveitarstjórnarkosningar og beina sjónum meðal annars að húsnæðismálum, stöðu barna og fjölskyldna, aðgengi að íslenskukennslu og mikilvægi reglulegs samtals stjórnmálaflokka og stjórnvalda við innflytjendur.

Kröfu ASÍ um heildstæða stefnu stjórnvalda verður áfram haldið á lofti. Þar er meðal annars lögð áhersla á að stefnumótun byggi á traustum gögnum, að þjónusta við innflytjendur verði samræmd og að íslenskukennsla fullorðinna verði efld verulega. Áhersla er lögð á aukið fjármagn, gæði og samfellu í íslenskunámi, betra aðgengi fólks á vinnumarkaði að námi og aukið samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt er kallað eftir betri skráningu á menntun, starfsreynslu og hæfni fólks og upplýsingum um hvort sú þekking nýtist á íslenskum vinnumarkaði.

Samhliða kröfum gagnvart stjórnvöldum beinist aðgerðaáætlunin inn á við að verkalýðshreyfingunni. Þar er mikilvægt fyrsta skref að byggja upp betri þekkingu á stöðu og þörfum félagsfólks af erlendum uppruna. Unnið er að því að bæta upplýsingar um félagsfólk og nýta samstarf við Vörðu til að afla reglubundinna gagna um meðal annars þjónustuþarfir, traust til stéttarfélaga, menntun og hæfni, samsvörun

starfs og menntunar, íslenskukunnáttu og aðgengi að íslenskukennslu. Markmiðið er bæði að styrkja grundvöll kröfugerðar gagnvart stjórnvöldum og gera þjónustu og starf verkalýðshreyfingarinnar markvissara fyrir fjölbreyttari hóp félagsfólks.

Í samræmi við þessar áherslur var staða innflytjenda gerð að sérstökum og ítarlegri hluta í árlegri könnun Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi sem lögð var fyrir sumarið 2026. Þar var meðal annars aflað upplýsinga sem eiga að varpa skýrara ljósi á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði, menntun og hæfni, íslenskukunnáttu og aðgengi að íslenskunámi, þjónustuþarfir og tengsl við verkalýðshreyfinguna. Gagnaöflun er lokið en úrvinnsla ekki hafin. Niðurstöðunum er ætlað að styrkja þekkingargrunn ASÍ og nýtast við áframhaldandi þróun aðgerða í málefnum innflytjenda.

Leikskólamál og jafnrétti á vinnumarkaði

Leikskólamál voru áfram til umfjöllunar í Jafnréttisnefnd ASÍ á tímabilinu. Nefndin hefur lagt áherslu á að aðgengileg leikskólaþjónusta og þjónustutími sem samræmist vinnutíma foreldra séu mikilvæg forsenda jafnréttis á vinnumarkaði. Á undanförnum árum hafa fleiri sveitarfélög gripið til breytinga á vistunartíma og gjaldtöku til að bregðast við mönnunar- og rekstrarvanda leikskóla, en ASÍ hefur varað við því að slíkar lausnir geti fært aukna ábyrgð og kostnað yfir á fjölskyldur og haft kynjuð áhrif á atvinnuþátttöku.

Haustið 2025 fjallaði nefndin sérstaklega um tillögur Reykjavíkurborgar um breytingar á leikskólaþjónustu. Tillögurnar fólu meðal annars í sér styttri dvalartíma, sérstaka skráningardaga og verulegar hækkanir gjalda hjá foreldrum sem þyrftu á heilsdagsvistun að halda. ASÍ benti á að í stað þess að takast á við langvarandi mönnunar- og fjármögnunarvanda leikskólanna væri byrðunum varpað yfir á foreldra. Sérstaklega var varað við áhrifum breytinganna á atvinnuþátttöku kvenna og stöðu einstæðra foreldra og tekjulægri fjölskyldna.

ASÍ skilaði einnig umsögn um tillögurnar í október 2025 og lagði áherslu á að lausnir á vanda leikskólanna þurfi að styrkja mönnun og starfsumhverfi fremur en að draga úr þjónustu eða færa byrðar yfir á foreldra með aukinni gjaldtöku og skerðingu á opnunartíma. Í febrúar 2026 voru kynntar breyttar tillögur Reykjavíkurborgar. Þær fólu í sér breytingar frá upphaflegum áformum en ASÍ hélt áfram að leggja áherslu á að vandinn yrði aðeins leystur með því að styrkja mönnun og starfsumhverfi leikskólanna og tryggja þjónustu sem samræmist raunverulegum vinnutíma og þörfum fjölskyldna.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga vorið 2026 tóku ASÍ og BSRB saman þróun leikskólaþjónustu á kjörtímabilinu 2022–2026. Samantektin sýndi að sambærilegar breytingar höfðu átt sér stað víða um land. Opnunartími og dvalartími hafði víða verið skertur, skráningardögum fjölgað og gjaldskrár orðið flóknari, auk þess sem kostnaður við fulla vistun hafði í mörgum sveitarfélögum hækkað verulega. Með samantektinni var leitast við að varpa ljósi á hvernig þróun leikskólaþjónustunnar hefur áhrif á möguleika foreldra til að samræma atvinnu og fjölskyldulíf og færa málefnið ofar á dagskrá í aðdraganda kosninganna.

Þróun virðismatskerfis í þágu launajafnréttis

Vinna við þróun virðismatskerfis í þágu launajafnréttis heldur áfram. Verkefnið er unnið á vettvangi faglegrar stjórnar samkvæmt samningi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Jafnlaunastofu og á ASÍ fulltrúa í stjórninni ásamt fulltrúum ríkisins, BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands.

Markmiðið er að þróa kerfi sem metur verðmæti starfa með kerfisbundnum hætti út frá inntaki þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að draga fram þætti sem hafa gjarnan verið vanmetnir í störfum þar sem konur eru í meirihluta, svo sem ábyrgð á velferð annarra, samskiptakröfur og tilfinningalegt álag. Kerfinu er ætlað að styðja við markmiðið um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og greina kerfisbundið vanmat starfa.

Verkefninu er skipt í fjóra meginhluta og er nú unnið að gagnaöflun, starfagreiningum og gerð starfasniða fyrir valda starfahópa. Við val starfanna er lögð áhersla á fjölbreytni og að þau nái þvert á starfsemi ríkisins. Niðurstöður þeirrar vinnu verða lagðar til grundvallar áframhaldandi þróun og prófun virðismatskerfisins.

Ýmis samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála

Fræðsla og samstarf gegn mismunun, ofbeldi og áreitni var áfram hluti af jafnréttisstarfi ASÍ. Í september 2025 stóðu ASÍ, BSRB, BHM og KÍ fyrir námskeiði Samtakanna '78 fyrir starfsfólk aðildarfélaga um skaðleg áhrif hatursorðræðu. Þar var fjallað um birtingarmyndir fordóma og hatursorðræðu og hvernig bregðast megi við þeim, meðal annars með svokallaðri gagnræðu.

Í tilefni af 8. mars 2026 stóð ASÍ ásamt BSRB, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Kennarasambandi Íslands fyrir fundi um ofbeldi í nánum samböndum og tengsl þess við vinnumarkaðinn. Þar var sjónum beint að því hvernig vinnustaðir, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins geta stutt betur við þolendur, meðal annars með réttindum á borð við launað leyfi og vernd gegn uppsögnum.

Í júní 2026 tók síðan til starfa vinnuhópur félagsmálaráðherra um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 190 um ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar. Heildarsamtök launafólks hafa um árabil kallað eftir fullgildingu samþykktarinnar og hafði fundurinn í mars meðal annars verið liður í þeirri vinnu að auka umræðu um tengsl ofbeldis í nánum samböndum og vinnumarkaðar.

Í ágúst 2026 stóðu ASÍ, BHM, BSRB og KÍ fyrir viðburðinum *Hýr vinnumarkaður* þar sem fjallað var um efnahagslega stöðu hinsegin fólks, hinsegin vottun og reynslu hinsegin fólks á vinnumarkaði. Í tengslum við viðburðinn undirrituðu stjórnvöld, heildarsamtök launafólks, Samtök atvinnulífsins og Samtökin '78 sameiginlega viljayfirlýsingu um aukið samstarf í þágu jafnréttis, fjölbreytileika og inngildingar á vinnumarkaði. Með yfirlýsingunni skuldbundu aðilar sig til markvissrar vinnu að bættri stöðu hinsegin fólks. Stofnaður verður sérstakur aðgerðahópur sem mun meðal annars vinna að fræðsluefni, aðgerðum og rannsóknum og byggja á fyrirliggjandi þekkingu um stöðu hinsegin fólks og inngildandi vinnustaði.



Sigurlaug Gröndal við kennslu á Akranesi haustið 2026.

Fræðslu- og menntamál

Fræðslusvið Alþýðusambands Íslands hefur tekið þátt í fjölbreyttum og viðamiklum verkefnum á árinu 2025–2026.

Starfið hefur einkum snúið að því að efla trúnaðarmenn og talsmenn, styðja stéttarfélög í fræðslustarfi og tryggja að launafólk hafi greiðan aðgang að þekkingu og leiðsögn um réttindi sín og stöðu á vinnumarkaði. Auk þess stendur sviðið fyrir kynningum og fræðslu á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt, meðal annars með heimsóknum í framhaldsskóla, fyrirlestrum, erindum og í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir. Starfsmenn fræðslusviðs taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu á vettvangi ASÍ.

Menntun og fræðsla eru lykilþættir þegar horft er til vinnumarkaðar framtíðarinnar og þeirra breytinga sem vænta má á næstu misserum.

Ný tækni, sjálfvirknivæðing og gervigreind kalla á símenntun og hæfniþróun launafólks, auk þess sem svokallaður „gigg“-vinnumarkaður setur nýjar kröfur á hreyfinguna. Fræðsla gegnir einnig lykilhlutverki í að tryggja jafnrétti á vinnumarkaði, bæði hvað varðar fólk af erlendum uppruna, kyn eða aðra minnihlutahópa. Með markvissri fræðslu má stuðla að aukinni þátttöku, jöfnum tækifærum og réttlátri meðferð allra hópa á vinnumarkaði.

Stefnumótun og nefndastörf

Sviðið kemur að pólitískri hagsmunagæslu og stefnumótun með setu í stjórnum og ráðum, ekki síst hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði (sjá kafla um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins), þar sem unnið er markvisst að því að þróa og efla framhaldsfræðslu, tryggja gæði hennar og auka samræmingu í menntakerfinu.

Þar hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að efla raunfærnimat og tryggja að launa-

fólk fái viðurkenningu fyrir þá þekkingu og færni sem það býr yfir, óháð formlegu námi. Þetta er mikilvægt til að auka virðingu fyrir starfi launafólks og stuðla að auknum möguleikum þess á vinnumarkaði.

Sviðsstjóri fræðslu- og upplýsingasviðs tók við formennsku stjórnar Fræðslumiðstöðvar starfsárið júní 2026 til júní 2027, en það hlutverk gengur milli eigenda eftir fyrir fram ákveðnu kerfi, sviðsstjóri situr jafnframt í stjórn Fræðslusjóðs.

Kynningarstarf

Fræðslu- og upplýsingasvið kom að venju að fjölmörgum erindum á árinu, bæði innan hreyfingar og utan, þar sem m.a. var fjallað um stöðuna á húsnæðismarkaði, réttindi og skyldur, innflytjendur og inngildingu.

Þá hefur sambandið um árabil boðið framhaldsskólum landsins upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn. Fræðslusvið ASÍ hefur annast stóran hluta verkefnisins en stéttarfélög víða um land tekið þátt með kynningum í heimabyggð. Fjölmörg félög hafa jafnframt leitað til ASÍ eftir aðstoð við gerð fræðsluefnis. Eftirspurn eftir erindunum hefur aukist jafnt og þétt. Erindin eru að jafnaði klukkustundarlöng og snúa að helstu þáttum er varða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er lögð á veikindarétt, ráðningarsambönd, vinnutíma, orlof og lestur launaseðla. Helsta markmið verkefnisins er að gera ungt fólk meðvitað um að vinnumarkaðurinn byggir á reglum sem tryggja réttindi og setja ramma um skyldur. Mikilvægt er að ungmenni sem stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði hafi þessa vitneskju, þar sem hún skapar grundvöll fyrir öruggari og réttlátari starfsaðstæður. Veturinn 2025–2026 voru heimsóknirnar rúmlega tuttugu talsins, aðallega í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, og náðu þær til um 500 nemenda á aldrinum 16–20 ára.

Alþjóðlegt og norrænt samstarf

Norrænt samstarf hefur verið veigamikill þáttur í starfi fræðslusviðs, ekki síst í gegnum NIFH (Nordic International Folk High School – áður ABF-Norden), þar sem reynslu og þekkingu er miðlað milli norrænu landanna. Helsta verkefni NIFH er rekstur og framkvæmd Genfarskólans ásamt því að vera samstarfsvettvangur varðandi félagslega fræðslu verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum. Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, hefur verið haldinn nær árlega frá 1931 samhliða Alþjóðavinnumálaþinginu. Þar kynnast þátttakendur starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), norrænu samstarfi á vettvangi hennar og alþjóðasamtökum verkalýðshreyfingarinnar.

Námið fer fram með fyrirlestrum, hópastarfi og fjarkennslu auk beinnar þátttöku á þinginu.

Á árinu 2026 sóttu þrír fulltrúar íslensku verkalýðshreyfingarinnar skólann. Að venju áttu ASÍ og BSRB sinn fulltrúa en við bættist fulltrúi frá BHM sem nú hefur hafið þátttöku í norrænu samstarfi á þessu sviði.

Þá sótti sviðsstjóri ráðstefnu á vegum Nordic-Baltic PIAAC Network og Nordic Network for Lifelong Learning (NLL) 2026 þar sem fjallað var um áskoranir og tækifæri innan fullorðinsfræðslunnar í ágúst. Fundurinn var haldinn í Jyväskylä í Finnlandi. Á dagskránni voru erindi og pallborðsumræður með þátttöku leiðandi evrópskra rannsakenda og stefnumótenda. Kynntar voru nýjar niðurstöður úr fjölmörgum framhaldsrannsóknum sem hafa áhrif á færni fullorðinna, sem byggja á PIAAC og hafa verið unnar af alþjóðlegu rannsóknarsamfélagi á þessu sviði.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er í eigu ASÍ og BSRB og starfræktur af fræðslusviði ASÍ, þar sem sviðsstjóri gegnir einnig hlutverki skólastjóra. Starfsstöð skólans er í húsnæði ASÍ, Guðrúnartúni 1, og er skólinn með þjónustusamning við sambandið hvað varðar húsnæði og almenna skrifstofuþjónustu.

Félagsmálaskólinn er ætlaður trúnaðarmönnum, talsmönnum og starfsfólki stéttarfélaga innan ASÍ og BSRB. Rekstur skólans er í höndum skólanefndar ásamt skólastjóra. Fjármögnun skólans byggist á framlagi frá ríkissjóði sem frá 2017 kemur af safnlið, sem veldur nokkurri óvissu um reksturinn frá ári til árs. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi, einn starfsmaður í hlutastarfi auk skólastjóra í hlutastarfi. Meðal verkefna eru hefðbundin námskeið, en jafnframt mikil vinna við endurnýjun námsframboðs og aðlögun að breyttum þörfum stéttarfélaga og trúnaðarmanna. Eftir ítarlega vinnu við endurskoðun á starfi og fyrirkomulagi Félagsmálaskóla alþýðu er verið að uppfæra efnistök, mæta trúnaðarmönnum með annað tungumál en íslensku enn frekar með námskeiðum á pólsku og ensku, bjóða upp á aðkomu inn á trúnaðarmannadaga ásamt því að í undirbúningi er að bjóða upp á fræðslu til þeirra sem starfa hjá stéttarfélögunum. Félagsmálaskólinn á áfram að vera kjarninn í fræðslustarfi hreyfingarinnar og vettvangur þar sem trúnaðarmenn, talsmenn og forystufólk geta eflt þekkingu sína, burði og áhrif.

Námskeið

Meginhlutverk Félagsmálaskólans er að skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir trúnaðarmenn, stjórnarmenn og starfsmenn stéttarfélaga ASÍ og BSRB. Námskeiðin skiptast annars vegar í sérhæfð námskeið fyrir trúnaðarmenn einstakra félaga sem skipulögð eru í samstarfi við þau og byggja á Námskrá trúnaðarmanna, og hins vegar í almenn námskeið sem opin eru öllum áhugasömum um vinnumarkaðsmál í víðum skilningi, málefni líðandi stundar og aðra þætti sem tengjast starfi stéttarfélaga. Á síðustu misserum hefur mikil vinna farið í að færa námsefni yfir á rafrænt form og þróa bæði fjarnám og vefnám. Hefðbundin staðnámskeið hafa notið minni eftirspurnar en áður, og því hefur áherslan verið á að tryggja sveigjanlegt og aðgengilegt framboð sem hentar fjölbreyttum hópi þátttakenda um allt land.



Námskeiðasamantekt
Haust 2025 og vor 2026

Haust 2025								
Flokkur	**Kst.**	**Fjöldi**	**Kvk**	**KK**	**Kvár**	**ASÍ**	**BSRB**	**Aðrir**
Trúnaðarmannanámskeið	***162***	***136***	***75***	***62***	***0***	***107***	***29***	***0***
Almenn	***9***	***36***	***20***	***16***	***0***	***8***	***16***	***12***
Annað	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***
Alls	**171**	**172**	**95**	**78**	**0**	**115**	**45**	**12**
Vor 2026								
Flokkur	**Kst.**	**Fjöldi**	**Kvk**	**KK**	**Kvár**	**ASÍ**	**BSRB**	**Aðrir**
Trúnaðarmannanámskeið	***186***	***244***	***135***	***109***	***0***	***151***	***80***	***2***
Almenn	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***
Annað	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***
Alls	**186**	**244**	**135**	**109**	**0**	**151**	**80**	**2**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er verkfærasmiðja sem byggir á samstarfi og þjónustu á vettvangi framhalds- og fullorðinsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að styrkja stöðu sína í námi, starfi og samfélagi.

FA starfaði árið 2025 á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og barnamálaráðuneytið um verkefni á sviði framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27/2010. Málaflokkur framhaldsfræðslu færðist úr félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu yfir til mennta- og barnamálaráðuneytisins þann 15. mars, 2025. FA er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og byggir allt starf sitt á víðtækri samvinnu við hagsmunaaðila.

Fræðslumiðstöðin hefur frá upphafi starfseminnar haldið utan um tölfræði úrræða sem FA stendur að. Sú tölfræði segir okkur að í lok árs 2025 höfðu 53.724 einstaklingar lokið námi í námsleiðum FA frá árinu 2003, 167.262 ráðgjafarviðtöl hafa verið veitt frá árinu 2006 og 9.096 einstaklingar hafa lokið raunfærnimati frá árinu 2007.

Hæfnigreiningar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að hæfnigreina störf og hæfnikröfur þeirra út frá hugmyndafræði HRSG í Kanada. Hæfniþættir starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknu starfi. Í ferlinu eru fagtengdir hæfniþættir valdir og settir á hæfniþrep auk hæfniþátta tengdum almennri starfshæfni. Öll vinna í tengslum við val á hæfniþrepum er til samræmis við hæfniramma um íslenska menntun.

Afurð hæfnigreiningar er starfaprófíll sem er grunnur að uppbyggingu náms eða matslista fyrir raunfærnimat. FA hefur þýtt og aðlagað hæfnigreiningarferlið að aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði.

Aðkoma atvinnulífs er mikilvægur hluti af ferlinu þar sem m.a. ákveðinn fjöldi starfsfólks sem sinnir viðkomandi starfi tekur þátt í greiningunni. Með hæfnigreiningu starfa verða hæfnikröfur sýnilegar og geta þar með stutt við: ráðningar; starfsþróun; starfstengdar námskrár sem FA skrifar og raunfærnimat á móti viðmiðum starfa (Fagbréf atvinnulífsins) eða á móti tilteknu námi.

Raunfærnimat

Raunfærnimat hefur frá árinu 2004 verið hluti af starfsemi framhaldsfræðslunnar. Á þeim tíma hefur það þróast og fest sig í sessi sem eitt helsta verkfærið til að gera færni einstaklinga sýnilega og meta hana til styttingar á námi.

Samhliða örum breytingum á vinnumarkaði hefur aukist þörfin fyrir að þekking og færni sé sýnileg. Þegar færni og þekking eru gerð sýnileg skapast ávinningur fyrir bæði starfsfólk og fyrirtæki. Í norrænu og evrópsku samhengi eru aðallega tvö verkfæri nefnd sem lyklar að árangri þ.e. aukin notkun raunfærnimats og örvottanir (e. micro-credentials).

Hlutverk FA er að miðla aðferðafræði raunfærnimats, samhæfa vinnulag, útbúa skimunar- og matslista, þjálfa fagaðila, safna tölfræðilegum upplýsingum og veita ráðgjöf í ferlinu. Þetta hlutverk samræmist þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við notkun á raunfærnimati, annars vegar í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hins vegar útfærslu í reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011.

Í 11. grein reglugerðar um markmið raunfærnimats kemur fram að matið geti haft þríþættan tilgang.

Það er að:

gera fólki kleift að ljúka tilteknu námi á framhaldsskólastigi – matið miðast við hæfnikröfur viðkomandi námskrár.

auka starfsfærni á vinnumarkaði – matið miðast við skilgreindar þarfir ákveðinna starfa.

vera viðkomandi hvatning til þess að hefja nám að nýju og/eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Á árinu fengu 35 fagaðilar þjálfun í aðferðafræði raunfærnimats til styttingar á námi á framhalds- og háskólastigi og 14 matsaðilar í aðferðafræði Fagbréfs atvinnulífsins. Samtals hafa 868 fagaðilar fengið þjálfun hjá FA frá árinu 2007.

Raunfærnimat til styttingar á námi (til eininga)

Raunfærnimat til styttingar á námi hefur verið í boði á vegum framhaldsfræðslunnar frá árinu 2007. FA hefur unnið markvisst að því að fjölga leiðum í raunfærnimati í samstarfi við hagsmunaaðila. Framkvæmd raunfærnimats er á ábyrgð gæðavottaðra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið og eru niðurstöður þátttakenda að loknu raunfærnimati skráðar í nemendakerfið INNU.



Ávallt er fylgt skilgreindu ferli í raunfærnimati sem sjá má í eftirfarandi yfirlitsmynd. Ferlið tekur mið af reglugerð nr. 1163/2011. Þar er meðal annars kveðið á um rétt einstaklinga til raunfærnimats og kröfum um aðferðafræði lýst.

FA heldur miðlægt utan um mats- og skimunarlista raunfærnimats til styttingar á námi. Í því felst að tryggja að matslistar séu í samræmi við gildandi námskrár og tryggja aðgengi framkvæmdaraðila að réttum matslistum.

Á árinu lauk uppfærslu á mats- og skimunarlistum og eru nú 62 leiðir í boði. Markmið uppfærslunnar var að samræma orðalag og framsetningu og tryggja að listarnir væru í samræmi við gildandi hæfniviðmið námskráa og hæfnikröfur starfa (Fagbréf atvinnulífsins).

Fagbréf atvinnulífsins

Frá árinu 2022 hefur FA unnið markvisst að því að byggja undirstöður til að geta raunfærnimetið færni fólks til að sinna ákveðnu starfi á vinnustað. Við val á störfum til hæfnigreininga er horft til starfa þar sem formlegt nám er ekki í boði. Í hluta kjarasamninga frá árinu 2024 eru ákvæði um að fjölga starfaprófílum í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfniviðmið starfs eru greind með hæfnigreiningu, matslistar þróaðir fyrir störf, og í kjölfarið er hæfni staðfest með útgáfu Fagbréfa. FA leiðir þessa þróun með aðkomu aðila atvinnulífsins. Atvinnulífið tekur þátt í að móta hæfniviðmið starfa, líkt og formlega skólakerfið. Í gegnum hæfnigrunn FA eru hæfniviðmið tengd við þrep á Íslenska hæfnirammanum um menntun.

Við þróun á raunfærnimati í atvinnulífinu á Íslandi var horft til sambærilegrar uppbyggingar í Svíþjóð. FA er skilgreind sem umsjónaraðili kerfisins sem felst í samstarfi um útbreiðslu, tryggingu gæða, þjálfun fagfólks og útgáfu Fagbréfa. Starfsmenntasjóðir og Fræðslusjóður koma að fjármögnun framkvæmdar og er hægt að sækja um verkefni á heimasíðu FA.

Ferli Fagbréf atvinnulífsins er í fjórum þrepum. Eftir að þátttakandi hefur fengið

raunfærnimat á móti hæfniviðmiðum starfs fer fram þjálfun og fræðsla sem tekur mið af niðurstöðum matsins. Þegar öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins fyrir viðkomandi starf. Í því felst ávinningur fyrir fyrirtæki og starfsfólk. Frá árinu 2021 hafa verið gefin út 259 Fagbréf.

Fagbréf atvinnulífsins – ferli í fjórum þrepum



Nám innan framhaldsfræðslunnar

Eitt af hlutverkum FA er þróun og skrif námskráa fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar í samvinnu við fræðsluaðila og atvinnulíf. Því hlutverki hefur FA sinnt af festu og telur það mikilvægt til eflingar fyrir einstaklinga og atvinnulíf í landinu. Námskrár FA eru fjölbreyttar og ná yfir starfstengt nám, almennt nám eða bóknám. FA birtir á heimasíðu sinni 39 starfstengdar námskrár, 10 almennar og bóknáms námskrár og 9 námsleiðir sem samstarfsaðilar FA geta boðið markhópi framhaldsfræðslunnar.

Mest sótta námið árið 2025	Fjöldi
Íslenska og atvinnulíf	538
Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun	302
Grunnnámskeið fyrir fiskuvinnslufólk	240
Menntastoðir	193
Smiðju námskrár	169
Meðferð matvæla	144
Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu	139
Stökkpallur	103
Uppleið	102
Nám í stóriðju - grunnnám	98

Alls luku 2.934 einstaklingar námi hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum samkvæmt námskrám og námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2025. Það er aukning frá fyrra ári, þegar 2.671 einstaklingur lauk námi, og samsvarar það um 9% fjölgun milli ára.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru lykilsamstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og annast framkvæmd náms um allt land.

Ráðgjöf um nám og störf

FA, í samstarfi við ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt, vinnur að því að þróa og auka gæði ráðgjafar um nám og störf á vettvangi. FA heldur utan um samstarf ráðgjafa. Eitt af markmiðum FA er að efla sérfræðiþekkingu í ráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar, ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar með þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum. Haldnir eru fastir samstarfsfundir með ráðgjöfum þrisvar á ári. Í samstarfsneti FA eru um 25 til 27 ráðgjafar að jafnaði, að auki koma verkefnastjórar á miðstöðvum að hvatningarviðtölum. Haldnir eru kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklings- og hópráðgjöf veitt, þátttöku í virkniaðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, meðal annars í gegnum erlend þróunarverkefni. Allar miðstöðvar skila ársskýrslum og tölfræðiupplýsingum til FA. Á árinu var meðal annars unnin tölfræðigreining þar sem rýnt var í tengsl ráðgjafar við önnur verkfæri framhaldsfræðslunnar og niðurstöður kynntar fyrir samstarfsaðilum.

Ráðgjöfinni er ætlað að ná til markhópsins með upplýsingar og hvatningu til símenntunar. Fjöldi ráðgjafarviðtala á árinu með endurkomum var 8.876. Heildarfjöldi einstaklinga í viðtölum var 4.338, sem gefur til kynna að flest komu í tvö viðtöl eða fleiri.

Af þeim sem komu í ráðgjöf voru langflest í starfi, eða tæp 61%, þá voru tæp 13% í starfsendurhæfingu og atvinnuleitendur tæp 12%. Flestir atvinnuleitendur voru í ráðgjöf innan svæða á Suðurnesjum (41%), Vesturlandi (18%) og á Suðurlandi (14%). Innan svæða taldi Norðurlandið flesta þátttakendur í starfi og Suðurlandið flesta í starfsendurhæfingu. Kynjahlutföll voru nokkuð jöfn, 51% konur og 49% karlar.

Fjöldi erlendra ríkisborgara í ráðgjöf um nám og störf var svipaður og árið 2024, eða 31%. Flest koma frá Póllandi, Úkraínu og Palestínu. Hlutfallið var 18% árið 2021 og mikil aukning árin 2022 og 2023. Undanfarin ár hefur því verið lögð áhersla á málefni innflytjenda almennt í ráðgjöf á reglulegum samráðs- og þróunarfundum með samstarfsaðilum.

Algengasta inntak ráðgjafarviðtala tengdist raunfærnimatsferlinu, eða um 25% viðtala. Mikið var einnig um að fólk kæmi til að afla sér upplýsinga almennt um nám, afla sér upplýsinga um raunfærnimat og til að leita sér aðstoðar við ferilskrárgerð. Rúmur helmingur þeirra, sem kom í viðtal á árinu, gerði það að eigin frumkvæði (56%) og 11% í kjölfar kynningar í fyrirtæki eða stofnun. Þar var aukning um 4% frá fyrra ári, sem er jákvæð þróun, því ráðgjöfinni er ætlað að ná til sem flestra í markhópnum.

FA sér um að miðla upplýsingum um ráðgjöfina til hagsmunaaðila og tekur þátt í erlendu þróunarstarfi í málaflokknum í gegnum NLL og CEDEFOP.

EQM/EQM+ gæðavottun

Gæðavottunin (EQM/EQM+) felur í sér viðurkennd gæðaviðmið fyrir fræðslu, ráðgjöf um nám og störf og raunfærnimat.

EQM/EQM+ gæðavottun fyrir fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu og fræðsludeildir fyrirtækja og stofnana var fyrst tekin í notkun árið 2008. Þá var vottuninni einungis ætlað að ná utan um fræðslustarfið (EQM) en í dag nær hún einnig utan um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf (EQM+).

Í lok árs 2025 voru 18 fræðsluaðilar og fyrirtæki með EQM-vottun. Fjórtán voru með EQM+ vottun og fjögur með EQM þar sem starfsemin snýst einvörðungu um fræðslu. Allir samstarfsaðilar FA, á vettvangi framhaldsfræðslunnar, eru með EQM+ gæðavottun. En ein forsenda þess að fræðsluaðilar fái framlög úr Fræðslusjóði er að

þeir hafi fengið gæðavottun sbr. 7. gr. laga 27/2010 og 4. gr. reglugerðar 1163/2011 um framhaldsfræðslu.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur boðið þeim sem starfa að framhaldsfræðslu, upp á EQM og EQM+ gæðakerfið, sem sérstaklega er sniðið að þeirra þörfum, en EQM/EQM+ er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi; gegnsæi í framkvæmd, skjölun og sameiginleg gæðaviðmið fyrir aðila utan hins formlega skólakerfis.

EQM/EQM+ tekur mið af:

- gæðum þjónustunnar sem veitt er
- innri gæðastjórnun og verklagsreglum
- hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

FA heldur utan um heildarferli vegna gæðavottunar viðurkenndra fræðsluaðila en gerir samning við fyrirtæki til að sjá um úttekt í samræmi við þá staðla sem í gildi eru hverju sinni. Úttekt hjá fræðsluaðilum fer fram á þriggja ára fresti en milli þess skila fræðsluaðilar sjálfsmatsskýrslu til FA.

Verkefni á vegum FA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans samkvæmt þjónustusamningi sem er í gildi milli aðila. Frá 2005 hefur FA unnið með NLL - Norrænu samstarfi um símenntun í gegnum fjármagn frá Norrænu ráðherranefndinni. Jafnframt hefur FA frá 2017 haft umsjón með Hæfnisetri ferðaþjónustunnar sem vinnur samkvæmt þjónustusamningi við menningar- og viðskiptaráðuneytið (áður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið), um uppbyggingu á hæfni starfsfólks í íslenskri ferðaþjónustu. Hæfnisetrið, Fræðslusjóður og NLL gefa út sínar eigin ársskýrslur.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Í þjónustusamningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) er FA falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfunda. Hlutverk sjóðsins er að veita fé til náms, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi verkfæri eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu. Árið 2025 framkvæmdu samstarfsaðilar Fræðslusjóðs fyrir samtals 1.093,5 milljónir. Skiptist framkvæmdin þannig að til kennslu og námskeiðahalds fóru 769,5 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar 151,7 milljónir, til raunfærnimats 137,2 milljónir og veitt var 35,1 milljón til þróunarverkefna.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir til að auka gæði, hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi. Hæfnisetrið var stofnað árið 2017 og afmarkast starfsemin af þjónustusamningi við atvinnuvegaráðuneytið (ATRN). Hæfnisetrið vinnur á forsendum ferðaþjónustunnar og á í samstarfi og samtali við atvinnulífið, ferðaþjónustufyrirtæki, fræðsluaðila, stjórnvöld og opinbera aðila. Hæfnisetrið heldur úti vef undir hæfni.is.

Norrænt samstarf um símenntun (NLL)

NLL er ætlað að hvetja til samtals og samstarfs á milli ólíkra tengslaneta, koma á nýjum netum og efla framlag þeirra til norræns samstarfs.

Þann 1. janúar 2025 breytti NVL (Norrænt net um nám fullorðinna) nafni sínu í NLL (Norrænt samstarf um símenntun). Nafnabreytingin fól jafnframt í sér að NLL tók upp nýtt merki og lénið nll.org í stað nvl.org. Breytingin fól í sér endurskipulagningu starfseminnar en áfram er lögð áhersla á norrænt samstarf á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu.

Fulltrúar FA og fleiri hagaðila á Íslandi tóku þátt í fjölbreyttum netum á vegum NLL og miðluðu þekkingu um nám fullorðinna á norrænum vettvangi. Efninu var jafnframt miðlað á vettvangi framhaldsfræðslunnar og í Gátt-veftímariti um nám fullorðinna.

Markmiðum NLL á árinu var skipt upp í þrjá áfanga:

- Miðlun niðurstaðna frá starfstímabili NVL sem lauk 2024
- Samráð og samtal við hagaðila vegna stofnunar nýrra tengslaneta og aðgerða
- Kynningarfundir fyrir hagaðila og verkefni sem styðja við framkvæmd samstarfsáætlana Norrænu ráðherranefndarinnar.

Vegna áherslubreytinga við yfirfærslu NVL í NLL einkenndist árið af samtali við hagaðila innan fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Áfram voru þó starfandi net enda hefur það reynst vænlegt á norrænum vettvangi. NLL.org

Mannauður

Árið 2025 voru ársverk hjá FA 12,5 samanborið við 13,5 árið 2024. Í árslok störfuðu 15 starfsmenn í samtals 12,8 stöðugildum. Þar voru þrettán konur samtals í 10,8 stöðugildum og tveir karlmenn í tveimur stöðugildum.

Starfsemi FA byggist á fjölbreyttum verkefnastofnum sem gera ríkar kröfur til sérfræðiþekkingar, yfirsýnar og reynslu starfsfólks. Sérfræðingar FA sinna almennt fleiri en einum verkefnastofni, sem kallar á þverfaglega nálgun, gott samstarf og hæfni til að miðla þekkingu á milli verkefna. Áhersla er lögð á teymisvinnu innan hvers verkefnastofns. Á árinu voru reglulega lagðar fyrir starfsánægjukannanir sem liður í því að fylgjast með líðan, starfsumhverfi og viðhorfum starfsfólks.

Viðburðir

FA hafði umsjón með þremur viðburðum á árinu. Tveir þeirra eru fastir liðir; haustfundur ráðgjafar og ársfundur FA. Að auki var skipulögð vettvangsheimsókn til að rýna í fullorðinsfræðslukerfið á Írlandi. Þessum viðburðum er lýst lauslega hér á eftir í tímaröð:

Heimsókn til Írlands (Erasmus+ KA1 styrkur). Fimm starfsmenn FA fóru til Írlands á árinu til að kynna sér uppbyggingu og skipulag fullorðinsfræðslukerfisins þar í landi. Heimsóttar voru fjórar stofnanir sem starfa á ólíkum sviðum framhaldsfræðslunnar, allt frá framkvæmd og beinum samskiptum við markhópinn, stefnumótun, greiningum, fjármögnun og samskiptum við stjórnvöld.

Samráðsfundur um ráðgjöf á vettvangi framhaldsfræðslunnar í samstarfi við NLL (haustfundur ráðgjafar). Áhersla fundarins var á fræðslu sem valin var út frá niðurstöðum fræðslugreiningar sem FA gerði á meðal ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið í byrjun árs, auk samtals um þróun og gæðamál. Sérfræðingur í tæknilegum lausnum fjallaði um nýtingu gervigreindar og stafrænna lausna í námi og ráðgjöf og virkjaði þátttakendur í hópavinnu. Sérfræðingur frá Landsskrifstofu menntamála í Svíþjóð fjallaði um áherslur, leiðir og verkfæri í ráðgjöf og sérfræðingur frá Miðstöð háskóla og færni (HK-dir) í Noregi kynnti og hélt vinnustofu um nýtingu gæðaramma í ráðgjöf. Að lokum miðluðu ráðgjafar gagnlegum verkfærum sín á milli.

Ársfundur FA í samstarfi við NLL undir yfirskriftinni Tengjum saman – Fjölbreytileiki, lærdómur, vöxtur. Áhersla var á að fara yfir þátttöku fólks með erlendan ríkisborgararétt í námi á vettvangi framhaldsfræðslunnar og skoða íslenskunám. Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra opnaði fundinn þar sem hann lagði áherslu á að innflytjendur væru ekki einn hópur og því þurfi að vera til staðar bæði formlegar og óformlegar leiðir til íslenskunáms. Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri FA og Maj-Britt Hjördís Briem, lögmaður á vinnumarkaðssviði SA, fóru yfir það fjármagn sem fer í þennan málaflokk og kölluðu eftir yfirsýn og stefnu. Olga Orrit, sérfræðingur hjá Miðstöð í færniþróun í Svíþjóð, sagði frá farsælu verkefni í Svíþjóð þar sem starfsfólk er þjálfað sem tungumálafulltrúar á vinnustað.

Tvö pallborð voru á fundinum. Í því fyrra ræddu Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra, Finnbjörn Hermannsson, forseti ASÍ og Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri SA, um stefnu, umgjörð og aðgengi innflytjenda að íslenskunámi og jöfnum tækifærum til náms.

Í seinna pallborðinu var rætt um íslenskufærni á vinnustað, tækifæri og áskoranir. Þar fóru Wendill Galan Viejo, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á menntadeild Landspítalans, Ásta Bjarnadóttir, skrifstofustjóri starfsþróunar og starfsumhverfis hjá Reykjavíkurborg, Helga Fjóla Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá Hornsteini og Ólöf Guðmundsdóttir, hótelstjóri Hilton Reykjavik Nordica, yfir stöðuna á sínum vinnustöðum.

Hápunkturinn var þegar fyrirmyndir í námi fullorðinna sögðu frá reynslu sinni af verkfærum framhaldsfræðslunnar, en það voru þær Honeyly Abrequino Limbaga frá Mími símenntun og Sunna Rae George frá Þekkingarneti Þingeyinga.

Fjölbreyttir samráðsfundir voru jafnframt haldnir með samstarfsaðilum á árinu; þjálfun fyrir matsaðila um aðferðafræði Fagbréfa atvinnulífsins; vinnustofur og námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati, ráðgjafa og verkefnastjóra á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Markmiðið var að miðla reynslu, þjálfa, læra hvert af öðru og hvetja til umræðu um vettvanginn og markhóp framhaldsfræðslunnar.



Mímir

Árið 2025 var ár áframhaldandi þróunar, nýsköpunar í starfi Mímis-símenntunar.

Íslenskukennsla heldur áfram að vera einn af hornsteinum starfseminnar og eftirspurnin hefur sjaldan verið meiri. Fjölgun nemenda, aukin sókn í fjarnám og fjölbreyttari kennsluaðferðir undirstrika mikilvægi þess að tryggja aðgengi að íslenskunámi fyrir alla sem vilja taka virkan þátt í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Þrátt fyrir lítils háttar fækkun í nemendastundum fjölgaði útskrifuðum nemendum umtalsvert. Það endurspeglar breyttar námsvenjur þar sem fleiri velja styttri og markvissari námsleiðir sem nýtast strax í starfi og daglegu lífi. Mímir hefur brugðist við þessari þróun með auknu framboði námsleiða hvort sem er í staðnámi, fjarnámi eða blönduðu formi.

Þá markaði árið tímamót í ásýnd og miðlun Mímis. Unnið var markvisst að endurmörkun og nýrri framsetningu á Mími-símenntun sem birtist meðal annars í nýju merki og nýjum vef sem hleypt var af stokkunum árið 2026. Samhliða því hófst innleiðing nýrra kerfa og uppbygging stafræns vinnuumhverfis sem mun styrkja starfsemi Mímis til framtíðar. Markmiðið með þeirri vinnu er að bæta aðgengi að upplýsingum, auka sýnileika og styðja enn betur við nemendur og samstarfsaðila.

Framhaldsfræðslan gegnir lykilhlutverki í samfélagi sem breytist hratt. Hlutverk Mímis er að tryggja að fullorðið fólk hafi raunhæf tækifæri til að efla færni sína, styrkja stöðu sína og taka þátt í samfélaginu. Hjá Mími-símenntun verður áfram unnið að því verkefni – í nánu samstarfi við atvinnulíf, stjórnvöld og samfélagið allt.

Fræðsla og þróun



Metall

Nemendastundum fækkaði um 5% frá árinu á undan. Þrátt fyrir þá fækkun jókst fjöldi útskrifaðra nemenda um 11% á milli ára. Rekja má það til þess að nemendur kusu sér styttri námsbrautir og námskeið en á fyrra ári. Til að mynda fjölgaði nemendastundum í styttra tungumálanámi um 53% milli ára. Á árinu voru haldnar alls 37 almennar námsbrautir, þar af átta í Menntastoðum en námsbrautin veitir aðgang að iðn- og tæknínámi og að undirbúningsdeildum háskóla. Starfstengdar námsbrautir voru alls 25 talsins og önnur námskeið haldin á árinu voru 34 talsins.

Á árinu var lögð áhersla á að mæta þörfum þess fjölbreytta hóps sem leitar eftir námi hjá Mími og að þróa námsframboð í takt við síbreytilegar kröfur vinnumarkaðarins. Sérstök áhersla var lögð á inngildingu, stuðning við innflytjendur og sveigjanlegt námsumhverfi þar sem þátttakendur fá tækifæri til að efla bæði tungumálafærni og starfshæfni. Jafnframt var leitast við að koma til móts við þarfir nemenda sem eru á vinnumarkaði og vilja styrkja stöðu sína sem og þeirra sem hafa hug á að halda áfram í frekara nám.

Smiðjur voru áfram mikilvægur hluti af námsframboði Mímis. Leikskólasmiðja og Umönnunarsmiðja hafa fest sig í sessi en jafnframt var boðið upp á Ferðaþjónustusmiðju í fyrsta sinn. Námið er ætlað þeim sem hafa áhuga á störfum í ferðaþjónustu og vilja styrkja íslenskukunnáttu sína samhliða því að kynnast starfsháttum greinarinnar og íslenskri menningu.

Starfstengdar námsbrautir voru vinsælar hjá Mími. Þar má nefna Fagnámskeið í umönnun og Fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla. Stór hluti þátttakenda í fagnámskeiðunum heldur áfram námi í Félagsliðagátt eða í Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrú. Einnig nýtir sífellt stærri hópur sér raunfærnimat til að fá hluta námsins metinn sem styttir leiðina til að ljúka formlegri menntun.

Á árinu var einnig lögð sérstaka áherslu á þróun nýrra námsleiða og nýtingu tæknilausna. Námskeiðið *Gervigreind í daglegu lífi* vakti athygli og sýnir að þörf er á að styðja fullorðna nemendur í að tileinka sér nýja tækni og styrkja stafræna hæfni sína. Jafnframt var í fyrsta sinn boðið upp á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara, að þessu sinni fyrir íþróttakennara, sem hlaut afar jákvæðar undirtektir.

Íslenskukennsla var áfram einn af burðarásum starfseminnar, með fjölbreyttu

námsframboði, bæði í stað- og fjarnámi og þróun kennsluhátta.

Hjá Mími var verkefnið Fræðslustjóri að láni unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg og fræðslusjóð Eflingar. Verkefnið fól í sér að greina fræðsluþarfir starfsfólks í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og þróa markvissa fræðsluáætlun sem styður jafnt við starfsþróun og betri þjónustu. Í kjölfarið var lögð fram heildstæð áætlun sem nýtist til framtíðar í fræðslumálum starfsfólksins.

Íslenska sem annað mál

Á árinu 2025 voru haldin alls 187 almenn íslenskunámskeið hjá Mími. Námskeiðum fækkaði á árinu um 7% frá 2024 þegar 200 námskeið voru haldin. Á sama tíma var aukin aðsókn í íslenskutengdar námsbrautir og má þar sérstaklega nefna námsbrautina Íslenska og atvinnulífið en alls luku 24 hópar því námi. Þátttakendur sem luku almennum íslenskunámskeiðum voru alls 2.065 sem samsvarar 4% fjölgun frá fyrra ári. Námskeiðin voru bæði almenn námskeið og starfstengd námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Af íslenskunámskeiðum ársins voru 49 kennd að hluta eða öllu leyti í fjarnámi sem jafngildir um 26% af heildarfjölda námskeiða. Fjarnámskeiðum fjölgaði um 22% frá fyrra ári. Þessi þróun endurspeglar aukna áherslu á sveigjanlegt námsform og bætt aðgengi að íslenskunámi, óháð staðsetningu og aðstæðum nemenda.

Stöðumat í íslensku

Væntanlegum þátttakendum á íslenskunámskeiðum er boðið að taka almennt stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það stig í íslenskunámi sem hentar best. Boðið er upp á rafrænt skriflegt stöðumat og munnlegt stöðumat gegnum fjarfundarbúnað eða á staðnum. Þátttakendur á starfstengdum íslenskunámskeiðum fá einnig stöðumat í íslensku svo námskeiðin uppfylli sem best þarfir jafnt starfsmanna sem vinnuveitenda. Þá getur fólk tekið próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun en 59 manns tóku slíkt stöðumat árið 2025 en voru 64 árið áður.

Fjölbreytt íslenskunámskeið

Hjá Mími-símenntun eru fjölbreytt íslenskunámskeið í boði sem henta fólki á ólíkum stigum í íslenskunámi sínu. Námskeiðin eru á stigum A1.1–B1.1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum, auk bæði almennra og starfstengdra talþjálfunarnámskeiða. Íslenskutengdar námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru einnig stór þáttur í flóru náms hjá Mími fyrir hóp innflytjenda með mismunandi þarfir.

Lögð var sérstök áhersla á nám fyrir fjölbreytta tungumálahópa þar sem kennsla var studd með móðurmáli þátttakenda. Slík námskeið voru haldin fyrir átta tungumálahópa og byggðust meðal annars á námsbrautinni Íslenska og atvinnulífið. Þá var áfram kennd námsleiðin Að lesa og skrifa á íslensku sem er ætluð fólki með takmarkaða formlega menntun sem þarf lengri tíma til að ná grunnatriðum íslensku eða sem þarf sérstaka þjálfun í lestri og ritun.

Áfram var unnið með samþættingu íslenskunáms og starfstengdra námsbrauta, meðal annars í tengslum við Leikskóla- og Umönnunarsmiðjur þar sem lögð er áhersla á hagnýta málnotkun í starfi og vettvangsnámi. Sú nálgun hefur skilað góðum árangri og stuðlað að auknum tækifærum þátttakenda til atvinnu að námi loknu.

Kennsluhættir og námsefni byggist á námskrá mennta- og barnamálaráðuneytisins

og viðmiðum Evrópska tungumálarammans. Áhersla er lögð á talþjálfun, fjölbreyttar kennsluaðferðir og notkun rafrænna lausna samhliða hefðbundnum verkefnum. Markmiðið er að efla færni og sjálfstraust nemenda til að nota íslensku í daglegu lífi og starfi.

Stöðumat í íslensku er í boði fyrir væntanlega nemendur í íslensku. Það fer fram með rafrænu skriflegu mati og munnlegu mati, annaðhvort í gegnum fjarfundarbúnað eða í húsnæði Mímis. Kennt er bæði í staðnámi og fjarnámi, á morgnana, kvöldin og um helgar. Þessir fjölbreyttu möguleikar til íslenskunáms auka aðgengi fólks til náms.

Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir um íslenskunám á vinnustöðum var áfram mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Íslenskunámskeiðum sem voru haldin fyrir fyrirtæki og stofnanir fjölgaði á milli ára en alls voru haldin 53 námskeið með 588 þátttakendum. Aukningin varð bæði í fjölda námskeiða, eða 23% aukning, og fjölda þátttakenda, eða 41%, milli ára.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir um íslenskunámskeið á vinnustöðum fór vaxandi. Stærstur hluti námskeiðanna tengdist heilbrigðissviði og voru fyrir starfsfólk í umönnun á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstarfsfólk á Landspítala. Reykjavíkurborg er einnig samstarfsaðili Mímis og býður starfsfólki sínu sem starfar í skólum og við heimaþjónustu upp á íslenskunámskeið.

Þróun og nýjungar í íslenskukennslu

Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að þróun íslenskukennslu hjá Mími og hélt sú vinna áfram á árinu. Áhersla var lögð á að tryggja að kennslan endurspeglaði þarfir nemenda, meðal annars með aukinni áherslu á talþjálfun, fjölbreytta kennsluhætti og aukið og sveigjanlegt námsframboð.

Í tengslum við Evrópuverkefnið BRICK sem Mímir tekur þátt í var haldið námskeiðið *Kennslufræðileg færni íslenskukennara – með áherslu á öryggi, gæði og græna og stafræna hæfni á heilbrigðissviði*. Markmið námskeiðsins var að efla kennara í að tengja íslenskukennslu við faglegt samhengi heilbrigðisstarfa. Lögð var áhersla á gæði og öryggi í samskiptum og vinnubrögðum, auk nýrrar færni sem snýr að grænum viðmiðum og stafrænni hæfni í kennslu og starfsumhverfi heilbrigðisgeirans.

Meðal nýjunga var innleiðing námsleiðarinnar Íslenska hægferð. Þar er nám á fyrsta stigi kennt í tveimur áföngum og farið er hægar yfir námsefnið. Markmiðið er að mæta þörfum nemenda sem þurfa lengri tíma til að byggja upp grunnfærni í íslensku.

Á kennarafundum var áhersla á trausta upplýsingagjöf og að styðja við faglegt starf kennara. Þar var meðal annars kynnt fjölbreytt kennsluefni og verkfæri sem nýtast í kennslu. Einnig var lögð áhersla á notkun stafræns samstarfsvettvangs þar sem kennarar hafa aðgang að sameiginlegu námsefni og geta miðlað reynslu, hugmyndum og kennsluaðferðum sín á milli.

Íslenskupróf vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt

Hjá Mími þreytti metfjöldi fólks íslenskupróf vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt eða alls 1.319 einstaklingar árið 2025 en 1.346 skráðu sig í próf. Það var aukning um tæp 39% frá fyrra ári þegar 953 einstaklingar tóku prófið. Frá árinu 2023 hefur fjöldi próftaka aukist um tæp 65%. Íslenskuprófin voru á vegum Miðstöðvar

menntunar og skólaþjónustu en samkvæmt samningi við þá stofnun annaðist Mímir skráningu prófataka, verkefnastjórn og framkvæmd prófanna. Þau voru haldin tvisvar árið 2025, á vor- og haustönn. Í prófunum er kannaður skilningur, ritun og tal á íslensku og teljast þau á stigi A2 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum. Prófin voru haldin í samvinnu við nokkrar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Þau fóru fram í húsakynnum Mímis á Höfðabakka en einnig hjá Símey á Akureyri, hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Austurbrú á Egilsstöðum.

Ráðgjöf og mat

Á árinu fóru fram alls 1.747 viðtöl en það er 0,6% aukning á heildarfjölda viðtala frá 2024 þegar þau voru 1.737 talsins. Þrátt fyrir þessa litlu breytingu í heildartölum hafa orðið nokkrar breytingar á samsetningu hópsins eftir ríkisfangi ráðþega. Viðtöl við einstaklinga með íslenskt ríkisfang voru 1.041 árið 2025 sem er um 14,1% aukning frá árinu 2024 þegar þau voru 912.

Á sama tíma fækkaði viðtölum við einstaklinga með erlent ríkisfang úr 825 árið 2024 í 706 árið 2025 sem er um 14,4% lækkun. Alls voru 59,6% viðmælenda með íslenskt ríkisfang og 40,4% með erlent ríkisfang.

Viðtöl fóru fram annaðhvort í húsnæði Mímis eða með rafrænum hætti. Tímabókunarkerfi til að bóka viðtöl við náms- og starfsráðgjafa Mímis var þróað áfram en nú er einnig boðið upp á að bóka upplýsingaviðtöl vegna raunfærnimats á vefnum.

Náms- og starfsráðgjöf

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa hjá Mími voru sem áður ráðgjöf til einstaklinga, þátttaka í kynningar- og markaðsstarfi og þróunarverkefnum Mímis, kennsla og verkefnastjórnun í raunfærnimati auk þátttöku í verkefnum tengdum Fagbréfi atvinnulífsins. Stöðugildi í lok árs voru 3,7 sem fjórir náms- og starfsráðgjafar sinntu.

Ráðgjöf til einstaklinga felst meðal annars í faglegri leiðsögn við gerð ferilskrár og skráningu hæfni, aðstoð við starfsleit og val á leiðum sem styrkt geta stöðu viðkomandi á vinnumarkaði. Einnig er komið inn á þætti eins og námstækni, áhugasviðskannanir, sjálfsskoðun og sjálfseflingu ásamt mati á fyrra námi og upplýsingum um nám í boði.

Þjónusta ráðgjafanna við nemendur er margþætt og felur meðal annars í sér stuðning og hvatningu í námi, leiðir til að yfirstíga hindranir og hvernig hægt sé að tileinka sér árangursrík og skipulögð vinnubrögð.

Raunfærnimat

Alls luku 78 manns raunfærnimati hjá Mími á árinu sem er um 6,8% aukning frá fyrra ári.

Raunfærni var metin á móti viðmiðum félags- og tómstundabrautar, stuðningsfulltrúabrautar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabrautar. Einnig fór fram raunfærnimat fagnáms verslunar og þjónustu en það er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem vinnustaðahlutinn er metinn hjá fyrirtækjunum sjálfum. Í kjölfarið er hægt fá einingar á móti áföngum í Verzlunarskóla Íslands.

Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími, úti í skólum og fyrirtækjum. Raunfærnimat er veigamikill hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa þar sem þeir sjá bæði um verkefnastjórn og ráðgjöf á því sviði. Það fer fram ýmist rafrænt eða á staðnum. Raunfærni er sú samanlagða færni sem einstaklingur hefur aflað sér í námi, starfi og daglegu lífi. Raunfærnimat felst í því að meta og staðfesta þessa færni. Þetta er gott tæki til starfsþróunar

og sjálfseflingar, hvort sem unnið er út frá námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins og kemur ávinningurinn bæði einstaklingum og samfélaginu til góða.

Á árinu hafði Mímir umsjón með verkefni um Fagbréf atvinnulífsins í samstarfi við Securitas. Verkefnið snerist um að meta og staðfesta hæfni starfsmanna í öryggisvörslu en fagbréfin eru gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fagbréf atvinnulífsins eru formleg staðfesting á hæfni starfsmanna í tilteknum starfsgreinum og eru byggð á raunfærnimati. Með þeim er viðurkennd sú þekking og reynsla sem starfsmenn hafa aflað sér í starfi. Ferlið stuðlar að fagmennsku og hæfniþróun á vinnumarkaði sem nýtist bæði einstaklingum og fyrirtækjum.

Prófamiðstöð fyrir nemendur háskóla

Áfram jókst prófafyrirlögn fyrir háskólanemendur hjá Mími og fjölgaði próftökum um 21,4% á milli ára. Þeir voru 3.424 árið 2025 en 2.820 árið áður. Samstarf Mímis við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst hélt áfram en í húsnæði Mímis fá nemendur háskólanna aðstöðu til próftöku, bæði á símatsdögum og í prófatíðum háskólanna. Ljóst er að Mímir er eftirsóttur staður til próftöku fyrir háskólanemendur og hefur fest sig í sessi sem prófamiðstöð.

Gæði, innra mat og umbótastarf

Eitt það sem stendur hvað hæst upp úr á árinu er mikil þátttaka í námi hjá Mími og ánægja nemenda með námið. Niðurstöður ánægjukönnunar sýna að 93% nemenda eru ánægð með nám og kennslu hjá Mími.

Í upphafi árs hlaut Mímir endurnýjun viðurkenningar sem fræðsluaðili frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytis. Viðurkenningin staðfestir að starfsemin uppfylli kröfur laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, m.a. um rekstur, skipulag, gæði, hæfni starfsmanna og aðstöðu og er mikilvægur grunnur fyrir trausti á starfseminni.

Innra mat var framkvæmt í samræmi við IV. kafla laga um framhaldsfræðslu og var lykilþáttur í áframhaldandi umbótastarfi. Lögð var áhersla á skýrari verkferla, bætta skjalastýringu og aukin gæði þjónustu við nemendur, kennara og samstarfsaðila.

Vinna hófst við innleiðingu Microsoft-umhverfisins og er stefnt að því að færa helstu upplýsinga- og vinnslukerfi Mímis yfir í áföngum. Einnig er unnið að því að færa skjalakerfið yfir í Microsoft-umhverfið SharePoint. Í kjölfarið hófst greining á aðgangsstýringu upplýsingakerfa með það að markmiði að auka bæði öryggi og gæði á því sviði. Kennslukannanir hafa verið rýndar og vinna hafin við endurgerð þeirra og yfirfærslu í Microsoft-umhverfið, í samræmi við stefnu Mímis í tæknimálum. Áhersla var lögð á breytt verklag, stafrænt námsumhverfi og stuðning við kennslu innan fræðslu og þróunar hjá Mími.

Innra matið náði einnig til nýtingar tækni og upplýsingaöryggis. Vinna fór fram við mótun reglna um ábyrga notkun gervigreindar, settar voru almennar reglur um tölvupósta- og netnotkun og upplýsingaöryggi styrkt með skýrari verkferlum.

Innra starf Mímis tók áfram mið af EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) sem Mímir hlaut fyrst árið 2012 og er endurmetin á þriggja ára fresti. Samhliða hefur verið unnið að innleiðingu gæðastjórnunarkerfis samkvæmt ISO 9001 til að styrkja þá þætti sem EQM+ nær ekki yfir.

Gæðateymi vann áfram að þróun kerfisins með nýjum og uppfærðum gæðaskjölum. Starfsmannahandbók var rýnd og lögð áhersla á reglubundna rýni stjórnenda. Á árinu var einnig ákveðið að stofna starf mannauðsfulltrúa í 30% starfshlutfalli með

það að markmiði að samræma og efla mannauðsmál og styðja við gæðastarf og velferð starfsfólks.

Sjöunda árið í röð uppfyllti Mímir ströng skilyrði til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2025 en aðeins 1–3% fyrirtækja á Íslandi hljóta þá viðurkenningu ár hvert. Hún endurspeglar þann árangur sem náðst hefur með markvissu gæðastarfi og stöðugum umbótum.

Mannauður

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir formaður, Ragnar Ólason varaformaður, Eyþór Árnason meðstjórnandi, Georg Páll Skúlason meðstjórnandi og Selma Kristjánsdóttir meðstjórnandi. Varamenn eru Hilmar Harðarson, Sólveig Anna Jónsdóttir og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir. Fastráðnir starfsmenn Mímis voru 23 á árinu í 20 stöðugildum. Alls störfuðu

145 í verktöku hjá Mími, langflestir við kennslu.

Fjármál og rekstur

Mímir er óhagnaðardrifið einkahlutafélag (e. non profit) og er að miklu leyti fjármagnað af opinberu fé með styrkjum til fræðslu. Enginn arður er greiddur út til eigenda og er allur rekstrarafgangur notaður aftur í félaginu til að *„efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði“* eins og segir í stofnskrá félagsins.

Heildarvelta ársins var 732,5 milljónir króna og hækkaði um 80 milljónir á milli ára. Velta ársins jókst því um tæp 12,5% sem skýrist af viðbótarframlagi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til námskeiðahalds og auknum umsvifum í íslenskukennslu. Með auknu framlagi Fræðslumiðstöðvarinnar gat Mímir kennt rúmlega 1.000 nemendum tæplega 8.200 klukkustundir.

Einnig jukust tekjur Mímis af íslenskukennslu um 20% þrátt fyrir að framlög ríkisins til íslenskukennslu hafi ekki samsvarað aukinni eftirspurn eftir henni. Ákveðið var að leita annarra leiða til að fjármagna íslenskukennslu og var farið í mikla sókn í fjarkennslu. Áhersla var lögð á að þjónusta jafnt nemendur sem eru búsettir innanlands og utan og hafa áhuga á íslenskunámi. Samtals voru því rúmlega 2.500 nemendur sem lögðu stund á 6.650 klukkustunda nám í íslensku.

Rekstrarkostnaður hækkaði milli ára vegna fjárfestinga í innviðum og tækni. Helst má þar nefna fjárfestingar í fjarfundarbúnaði og tækjabúnaði sem og tæknilausnum eins og nýrri vefsíðu, skjalakerfi og innleiðingu gervigreindar. Hagræðing var þó í almennum rekstri frá fyrra ári og félagið skilaði engu að síður jákvæðri afkomu sem verður nýtt til frekari innviðafjárfestinga og uppbyggingar á sviði framhaldsfræðslunnar.

Lagabreytingar og skipulagsmál



Laganefnd
Alls bárust laganefnd átta breytingar á lögum aðildarfélaganna. Haldnir voru tveir fundir á tímabilinu.

Skipulags- og starfsháttanefnd
Nefndin kom saman til þriggja funda á árinu. Auk hefðbundinna starfa vann nefndin að breytingum á lögum sambandsins sem síðan voru lagðar fyrir 47. þing þess.

Auk minni háttar orðalags- og áherslubreytinga lagði nefndin til lágmarksreglur um hverjir skuli teljast fullgildir félagsmenn (16. gr.), föst sæti formanna landssambanda og fulltrúa félaga með beinni aðild í miðstjórn (33. gr.), fækkun varaforseta (34. gr.), samræmingu á skilum ársreikninga og skýrslna (47. gr.) og skýrari reglur um flutning réttinda milli sjúkrasjóða (49. gr.). Um niðurstöður vísast til fundargerðar 47. þings.

Í nefndinni náðist ekki samstaða um breytingar á 5. gr. og sama niðurstaða varð í miðstjórn. Þar var lagt til að félagsmenn aðildarfélaganna öðlist aðild að Alþýðusambandi Íslands með inngöngu í aðildarfélag innan sambandsins. Á bak við tillöguna lá að hefja frekari undirbúning að sameiginlegri lögfræðiþjónustu aðildarfélaganna. Forsendur tillögunnar voru að almennt er lögmönnum skylt að hafa skrifstofu opna almenningi en félagasamtök geta hins vegar, skv. sérstakri undanþágu Lögmannafélags Íslands, haft í þjónustu sinni lögmann sem veitt getur samtökunum og félagsmönnum þeirra þjónustu sbr. 3. tl. 2. mgr. 12. gr. enda gegni hann föstu starfi hjá félagasamtökum, veiti engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

ASÍ hefur í þjónustu sinni lögfræðinga og lögmenn sem sinna ráðgjöf og lögmannsstörfum fyrir aðildarsamtök ASÍ. Aðildarsamtök ASÍ teljast vera „félagsmenn ASÍ“ í skilningi laga um lögmenn. Þess er ætíð gætt að einn þeirra að minnsta kosti sé félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands og þess gætt að lögbundin starfsábyrgðartrygging taki til þeirra starfa. Þegar litið er til 1. mgr. 5. gr. laga ASÍ, má halda því fram með nokkrum rétti að einungis stéttarfélög eigi aðild að ASÍ og lögmönnum ASÍ sé því ekki

heimilt að veita einstökum félagsmönnum stéttarfélaganna þjónustu.

Í þessu efni ber að hafa í huga að þótt lög ASÍ mæli ekki fyrir um aðild allra félagsmanna aðildarfélaganna að ASÍ, þá gera þau hins vegar ráð fyrir beinni aðkomu félagsmanna, bæði að aðild og úrsögn aðildarfélags úr ASÍ. Tengsl þeirra við ASÍ eru því nokkuð skýr og mikilvæg í allri starfsemi sambandsins.

Skipulagsmál

Í meira en áratug hefur verið mikil umræða um breytt skipulag á forystu ASÍ. Bæði hefur verið fjallað um þau í hringferðum forseta, á formannafundum og í miðstjórn. Þeim má lýsa með eftirfarandi hætti:

Samsetning og hlutverk ASÍ

Í sambandinu er 150.221 félagsmaður í 44 aðildarfélögum sem í eru 25 deildir. 38 aðildarfélög skiptast upp á fimm landssambönd og sex félög eru í beinni aðild. Kjarasamningsumboð liggja í grasrót ASÍ, þ.e. einstökum aðildarfélögum. LÍV – þrjú félög, sjö deildir, 49.866 félagsmenn og þar af 45.731 í VR. RSÍ – sjö félög og 7.409 félagsmenn. Samiðn – sex félög, fimm deildir og 11.285 félagsmenn. SSÍ – þrjú félög, 13 deildir og 1.263 félagsmenn. SGS – 18 félög og 43.318 félagsmenn. Bein aðild – sex félög, 37.080 félagsmenn og þar af 30.301 í Eflingu. Hlutverk ASÍ er skv. 3. gr. laga sambandsins:

„Að hafa forystu í stéttabaráttu launafólks, koma fram fyrir hönd aðildarfélaga í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum, innanlands og á alþjóðavettvangi. Móta og samræma heildarstefnu samtakanna í atvinnu-, mennta-, umhverfis- og kjaramálum. Að samræma og tryggja framkvæmd þjónustu aðildarfélaganna við félagsmenn þeirra. Að standa að gerð kjarasamninga um sameiginleg mál sem aðildarsamtökin fela sambandinu skv. 9. gr. Framkvæmdir í þessu skyni annast aðildarfélögin sjálf, eða sambönd þeirra í umboði félaganna ásamt þingi ASÍ, miðstjórn Alþýðusambandsins og formannafundi aðildarfélaga ASÍ.“

Meginbreytingarnar sem ræddar voru:

- Sambandsþing kýs forseta en ekki miðstjórn og er áfram æðsta vald sambandsins.
- Núverandi formannafundur verður miðstjórn sambandsins og kemur saman ársfjórðungslega.
- Dagleg stjórnun fer til framkvæmdastjórnar sem mynduð er af forseta ASÍ, formönnum landssambanda, tveggja stærstu aðildarfélaga og fulltrúa félaga í beinni aðild.

Núverandi skipulag ASÍ

Æðsta vald innan ASÍ liggur hjá sambandsþingi á 2 ára fresti.

- Þar sem sitja 290+ fulltrúar 44 aðildarfélaga, skipt hlutfallslega eftir stærð aðildarfélaga og vegast atkvæði skv. því auk fulltrúa ASÍ-UNG.
- Þingið kýs 15 manna miðstjórn ASÍ (forseta, þrjá varaforseta og 11 almenna miðstjórnarmenn).

Milli þinga fer formannafundur með æðsta vald innan sambandsins.

- Að jafnaði einn fundur milli þinga.
- Fundinn sitja að jafnaði 74 fulltrúar. 44 formenn aðildarfélaga, 25 formenn deilda sem fara með vegin atkvæði eftir stærð ef eftir er kallað (en til að tillaga sé samþykkt þarf jafnframt meirihluta atkvæða þeirra sem fund sækja), forseti og þrír varaforsetar, ASÍ-UNG auk miðstjórnarmanna, sem ekki eru jafnframt formenn félaga, sem hver um sig fer með eitt atkvæði.

Miðstjórn kjörin af sambandsþingi fer með daglega stjórn sambandsins.
- Kemur saman á tvo fundi í mánuði en hlé gert að sumri.
- Í miðstjórn sitja 15 fulltrúar, hver með eitt atkvæði. Forseti, þrír varaforsetar og 11 almennir miðstjórnarmenn. Jafnframt kjörnir 15 varafulltrúar.
- Án þess að lög sambandsins ákveði, hefur tekist undanfarin þing að stilla upp í miðstjórn formönnum landssambanda, formönnum stærstu aðildarfélaga og fulltrúa félaga í beinni aðild sem öll hafa náð kosningu, eða átta talsins. Forseti telst utan „kvóta“ og þeir sex fulltrúar sem eftir eru hafa skipst milli LÍV, SGS og beinnar aðildar í hlutfalli við stærð.
- Miðstjórn fer með umboð til kjarasamninga um lífeyrismál hvað varðar alla hópa nema LÍV og Verkalýðsfélags Akraness.
- Miðstjórn setur sambandinu ýmsar reglugerðir og starfsreglur, þ.m.t. reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ og staðfestir breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða og aðildarfélaga.

Formenn landssambanda, tveggja stærstu aðildarfélaga og fulltrúi félaga í beinni aðild – starfa utan lögbundins skipulags (FLSA).
- Kemur saman eftir því sem þörf er talin á.
- Hópinn skipa níu fulltrúar (fimm landssambönd, tvö stærstu félög, fulltrúi félaga í beinni aðild auk forseta ASÍ) sem fara með vegin atkvæði eftir stærð ef eftir er kallað.
- Fer með sameiginleg samningsumboð á grundvelli samstarfssamnings og er nánasti ráðgjafarhópur forseta.

Tillaga um nýtt skipulag ASÍ

Æðsta vald innan ASÍ liggur hjá sambandsþingi á 2 ára fresti.

- Þar sem sitja 290+ fulltrúar 44 aðildarfélaga, skipt hlutfallslega eftir stærð aðildarfélaga og vegast atkvæði skv. því auk fulltrúa ASÍ-UNG.
- Þingið kýs forseta ASÍ.
  Milli þinga fer miðstjórn með æðsta vald innan sambandsins.
- Kemur saman til þriggja funda á árinu milli þinga en tvisvar á þingári.
- Fundinn sitja að jafnaði 47 fulltrúar. 44 formenn aðildarfélaga sem fara með vegin atkvæði eftir stærð ef eftir er kallað (en til að tillaga sé samþykkt þarf jafnframt meirihluta atkvæða þeirra sem fund sækja), forseti og varaforseti kjörinn af framkvæmdastjórn og ASÍ-UNG sem hver um sig fer með eitt atkvæði.
- Miðstjórn setur sambandinu ýmsar reglugerðir og starfsreglur.
  Framkvæmdastjórn fer með daglega stjórn sambandsins
- Kemur saman á tvo fundi í mánuði en hlé gert að sumri.
- Hópinn skipa níu fulltrúar (fimm landssambönd, tvö stærstu félög, fulltrúi félaga í beinni aðild, auk forseta ASÍ) sem fara með vegin atkvæði eftir stærð ef eftir er kallað en til að tillaga sé samþykkt þarf jafnframt meirihluta atkvæða þeirra sem fund sækja.
- Kýs varaforseta úr eigin röðum.
- Fer með sameiginleg samningsumboð á grundvelli samstarfssamnings.
- Fer með umboð til kjarasamninga um lífeyrismál hvað varðar alla hópa nema LÍV og Verkalýðsfélag Akraness.
- Setur sambandinu reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ og staðfestir breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða og aðildarfélaga.

Erlend samskipti



Fulltrúar Verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi (VN) á fundi sínum í Grænlandi sumarið 2026. VN er samstarfsvettvangur verkalýðshreyfinga á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Norrænt samstarf

NFS – Norræna verkalýðssambandið

Stjórn NFS hittist í Helsinki 26.11 2025. Meginefni fundarins laut að ITUC og alþjóðlegu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og þeim áskorunum sem hún stendur frammi fyrir.

Luc Triangle, framkvæmdastjóri ITUC, sótti fundinn með kynningu á yfirstandandi verkefnum og forgangsmálum á dagskrá ITUC. Eitt atriði sem vert er að taka sérstaklega eftir er að ITUC gæti óskað eftir frjálsum fjárframlögum til áframhaldandi vinnu samtakanna við dómsmálið sem varðar verkfallsrétt.

Liv Tørres greindi frá störfum vinnuhóps sem hefur unnið að endurskoðun forgangsmála ITUC. Ein af helstu niðurstöðum hópsins er að lagt verði til að forgangsröðun verði skýrari og tengd betur afmörkuðum markmiðum. Jafnframt telur hópurinn að ITUC verði að setja vernd stéttarfélaga og verkalýðshreyfingarinnar í allra hæsta forgang.

Stjórnin hittist síðan aftur í Reykjavík 22.4 2026 en á þeim fundi vék BSRB úr framkvæmdastjórn NFS og tók BHM við sætinu. Fengnir voru utanaðkomandi fyrirlesarar sem fóru yfir rannsóknir sínar á norræna vinnumarkaðslíkaninu og réttarstöðu og þörf fyrir erlent vinnuafl á Norðurlöndunum.

Á fundinum var jafnframt fjallað um þá stöðu sem upp er komin að samtök háskólamenntaðra í Danmörku (Akademikerne) hafa sagt sig úr ITUC en eitt af skilyrðum aðildar að NFS er að viðkomandi samtök séu jafnframt aðilar að ETUC og ITUC. Samstaða náðist ekki um slíkar breytingar þó vilji sé til þess að vísa samtökunum ekki á dyr að svo stöddu, í þeirri von að afstaða þeirra breytist.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar aðildarsamtaka NFS sem ábyrgð bera á málefnum ILO hittust í aðdraganda hvers stjórnarfundar ILO og í aðdraganda hvers þings. Fjallað var um dagskrá næsta fundar, niðurstöður þess síðasta og þátttöku í þingnefndum. Fyrir hvert árlegt þing koma síðan saman allir fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar og skipuleggja starf sitt á þinginu í því skyni að tryggja að rödd Norðurlandanna sé skýr í öllu nefndarstarfi.

SAMAK

SAMAK er samstarf alþýðusambandanna á Norðurlöndunum og jafnaðarmannaflokkanna. Almennt er rætt um og skipst á upplýsingum um samstarf aðila og helstu mál sem uppi eru á vinnumörkuðum landanna. Yfirskrift SAMAK-þingsins 2026 var „Öryggismál á Norðurlöndunum á nýjum tímum“. Á fundinum lauk formannstíð Jonas Gahr Störe og við keflinu tók Magdalena Anderson.

Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

VN er samstarf Íslands, Færeyja og Grænlands. Aðalfundir eru haldnir í því ríki sem fer með formennsku hverju sinni sem var að þessu sinni á Grænlandi í ágúst 2026. Af hálfu ASÍ sóttu fundinn að venju fulltrúar ASÍ, SGS, SSÍ og iðnaðarmanna.

Meginþema fundarins voru þær áskoranir sem ríkin þrjú standa frammi fyrir vegna erlends vinnuafls. Bæði Grænland og Færeyjar eru með sérstakt kerfi til þess að auðvelda komu erlends vinnuafls. Skilyrt er að það komi til landsins og viðkomandi séu í 100% starfi en fari ella, sem hefur þýtt að innlendu vinnuafli hefur á stundum fyrst verið sagt upp í samdrætti.

Ísland stendur fremst þessara ríkja í eftirliti á vinnumarkaði en hér á landi gilda kjarasamningar fyrir alla á grundvelli laga 55/1980 meðan bæði Grænland og Færeyjar hafa byggt upp vinnumarkaðsmódel þar sem samið er að miklu leyti á fyrirtækjagrunni og alls ekki öll fyrirtæki með kjarasamninga. Jafnframt er aðild að stéttarfélögum tiltölulega lítil þar sem starfsmenn geta staðið utan stéttarfélaga en notið sömu kjara og félagsbundnir.

Aðilar gerðu jafnframt grein fyrir stöðu efnahags- og kjaramála í ríkjum sínum. Grænland er enn verulega háð framlögum frá Danmörku meðan Færeyjar eru það ekki og hlutfall framlaganna einungis brot af fjárlögum þeirra. Á fundinum kom skýrt fram að staða allra þriggja ríkjanna er viðkvæm í ljósi stöðu alþjóðamála enda ráða þau verulegum hluta hafsvæðis á norðurslóðum og þeim auðlindum sem það geymir, auk þess sem Grænland býr að mjög verðmætum og vinnanlegum auðlindum á landi.

Næsti fundur VN verður að ári í Færeyjum.

ITUC (Alþjóðasamband verkalýðsfélaga)

Fulltrúi Alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar í stjórn ILO, lögfræðingur ASÍ, Magnús M. Norðdahl, tók þátt í fjölbreyttu samráði innan ITUC á árinu, m.a. vegna þess ágreinings sem lagður hefur verið fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag vegna túlkunar á Samþykktum ILO nr. 87 og 98. ITUC á jafnframt þétt samstarf við alla fulltrúa aðildarsamtaka ITUC sem í stjórn ILO sitja og sækir framkvæmdastjóri ITUC þá fundi í Genf.

Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO

114. þing ILO 2026

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu kom Unnur Elfa Hallsteinsdóttir, frá SA kom Álfheiður Sivertsen og frá ASÍ Magnús M. Norðdahl. Í Genfarskólann fóru að þessu sinni þrír nemendur. Frá ASÍ Birgitta Ragnarsdóttir, stjórnarmaður í VR og var hún jafnframt varafulltrúi Magnúsar. Frá BSRB fór Hulda Guðmundsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags. Eftir inngöngu BHM í NFS opnaðist þeim möguleiki á þátttöku og þar sem Ísland átti kost á 3 sætum að þessu sinni fór Brynhildur Hreiðar- og Ómarsdóttir, formaður Visku.

Magnús M. Norðdahl var kjörinn varaformaður kjörbréfanefndar þingsins f.h. verkafólks en þingið sátu 5.757 fulltrúar að þessu sinni, samanborið við 5.407 á árinu 2025. Þar af 37,42% konur samanborið við 35,6% 2025. Heildarhlutfall kvenna óx en lækkaði hins vegar í hópi fulltrúa verkafólks.

Á 114. þingi ILO varð til ný alþjóðleg samþykkt um störf á vefvettvöngum (Platformum). Samþykktin bætir réttarstöðu hundruð milljóna launafólks sem hafa lífsviðurværi sitt í slíkum störfum. Hún þarfnast fullgildingar til þess að fá þýðingu að landsrétti. Sumar ríkisstjórnir Norðurlandanna höfðu áhyggjur af því að hún gæti, ef fullgilt, haft neikvæð áhrif á hið norræna módel. Því voru fulltrúar allrar norrænu verkalýðshreyfingarinnar ósammála. Ríkisstjórn Íslands tók ekki undir athugasemdir hinna ríkisstjórnanna. Umræðan í nefndinni var einkar erfið og einkenndist af málþófi sem fyrr og ekki tókst að ljúka við gerð tilmæla svo sem venja er, en þau eru óskuldbindandi leiðbeining um framkvæmd.

Nefndir þingsins fjölluðu í almennri umræðu að öðru leyti um jafnrétti kynja á vinnumarkaði (Transformative Agenda for Gender Equality at Work) og þríhliða samræður (Social Dialog). Jafnframt og að venju starfi síðan nefnd um framkvæmd samþykkta.

Bandaríkin þvældu umræður í öllum nefndum vegna þeirrar afstöðu sinnar að kynin séu bara tvö, karlar og konur, að loftslagsbreytingar séu lygi og réttlát umskipti óþörf.

Loks er vert að vekja athygli á því aftur, að gert er ráð fyrir því að jafnaði að hvert aðildarríki sendi það stórar sendinefndir að fulltrúar geti sinnt öllum nefndum. Starfsnefndir eru að jafnaði 5 auk kjörbréfanefndar og fjárhagsnefndar sem aðildarríkin ein skipa. Það þýðir að íslensk verkalýðshreyfing ætti að eiga 5 fulltrúa, atvinnurekendur 5 og ríkisstjórnin 10. Nánast ekkert aðildarríki sendir einungis 1/1/2 eins og Ísland gerir. Undir þessum skyldum stóðu öll Norðurlöndin þar til nú en skorið var niður hjá þeim öllum og mest hjá Danmörku.

Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsisnefnd ILO (CFA)



Félagafrelsisnefnd ILO við upphaf fundar. Magnús M. Norðdahl er fimmti frá hægri.

Magnús M. Norðdahl situr í stjórn stofnunarinnar ásamt 13 öðrum fulltrúum Alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Hann situr einnig í Félagafrelsisnefnd ILO (CFA). Catelene Passchier var kjörinn talsmaður launafólks í stjórn ILO á fundi stjórnar strax í kjölfar 114. þings 2026 en hún mun væntanlega láta af því starfi fyrir upphaf þess næsta.

Stjórnin kom að öðru leyti tvisvar saman á starfsárinu í tæpar þrjár vikur hverju sinni og til stutts fundar í lok 114. þings. Skýrslur af fundum stjórnar eru lagðar fram í miðstjórn ASÍ og birtar á vef ASÍ. Staðan á hernumdum svæðum Ísraels í Palestínu, innrásarstríð Rússa í Úkraínu, staða verkalýðshreyfingarinnar bæði í Rússlandi og Hvíta-Rússlandi og staðan fyrir botni Miðjarðarhafs eftir innrás Bandaríkjanna í Íran mörkuðu um margt starf stjórnarinnar. Vonir höfðu staðið til að Bandaríkin myndu greiða skatta sína til stofnunarinnar en þær hafa brostið. Framkvæmdastjóri ILO, Gilbert Houngbo, gekk langt í því að þóknast stefnu þeirra, m.a. með því að tryggja Bandaríkjunum stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra sem hefði umsjón með öllum helstu sviðum stofnunarinnar. Það dró hann hins vegar til baka í júní 2026, enda hafði á þeim tíma verið farið að hitna undir honum sjálfum auk þess sem engar efndir á greiðslum virtust væntanlegar. Greiði Bandaríkin ekki skuld sína fyrir 31.12 2026 munu þeir glata atkvæðisrétti sínum innan ILO þar til fullar efndir hafa verið gerðar. Afleiðingar fyrir starfsemina verða miklar og eru þegar farnar að koma fram bæði í uppsögnum og samdrætti í starfi.

Eftir áralöng átök milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda um túlkun á samþykkt stofnunarinnar nr. 87, um það hvort verkfallsrétturinn nyti verndar skv. henni, var þeim ágreiningi með stuðningi meirihluta stjórnar ILO vísað til Alþjóðadómstólsins í Haag. Niðurstaða lá fyrir í lok maí og var hún afgerandi um að verkfallsrétturinn nýtur skv. henni verndar. Niðurstaðan er mikill áfangi í baráttu verkalýðshreyfingarinnar um allan heim. Formleg viðbrögð hafa ekki enn komið fram og mun

dómurinn verða á dagskrá stjórnar í nóvember næstkomandi. Samþykkt nr. 87 er ein af svokölluðum grundvallarsamþykktum ILO og er skuldbindandi fyrir öll aðildarríki ILO, hvort sem þau hafa fullgilt hana eða ekki.

Fjölmörg erfið og alvarleg mál voru einnig að venju til umfjöllunar í Félagafrelsisnefnd ILO (CFA) sem kom saman þrisvar á starfsárinu. Fyrir utan það mikla ofbeldi sem verkalýðssinnar og forystufólk hreyfingarinnar sætir í mörgum ríkjum S-Ameríku og sem stjórnvöld virðast ekki vilja eða geta ráðið við, bar hæst þau mál sem varða morð, mannshvörf og fangelsanir. Meðan beðið var niðurstöðu Alþjóðadómstólsins tókst ekki að afgreiða þau mál sem lutu að verkfallsréttinum.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin hefur það hlutverk að vera samráðsvettvangur um málefni ILO. Hún kom saman fjórum sinnum á árinu. Fullgilding Samþykktar nr. 190 hefur enn ekki átt sér stað þrátt fyrir að samkomulag liggi fyrir. Skipaður hefur nú verið sérstakur þríhliða starfshópur til þess að vinna að fullgildingu hennar. Félagsmálaráðherra, Ragnar Þór Ingólfsson, afhenti á 114. þingi ILO, fullgildingu Íslands á fiskimannasamþykktinni nr. 188 og samþykkt nr. 191 um aðbúnað og hollustuhætti sem tilheyrir síðan í fyrra, grundvallar samþykktum ILO.



Ragnar Þór Ingólfsson félags- og húsnæðismálaráðherra afhendir Gilbert F. Houngbo framkvæmdastjóra fullgildingu Íslands á nokkrum grundvallarsamþykktum ILO á 114. þingi stofnunarinnar í júní 2026.

Enn er unnið að því að reyna að fá stjórnvöld til þess að fullgilda Samþykkt nr. 189 um þjónustufólk á heimilum en samstaða tókst ekki innan þríhliðanefndarinnar um það.

Alþjóðanefnd

Á síðasta ári hófst vinna við endurskoðun á alþjóðastefnu ASÍ og lauk henni með tillögu nefndarinnar sem lögð var fyrir 47. þing sambandsins. Meginmarkmið hennar var að móta heildstæða stefnu um þau grunngildi sem ASÍ og verkalýðshreyfing stendur fyrir. Tillagan geymir ekki afstöðu til einstakra mála en á að fá það hlutverk að geta þjónað hreyfingunni þegar afstöðu þarf að taka. Í inngangi hennar segir:

„Alþýðusamband Íslands byggir stefnu sína í alþjóðamálum á grunngildum íslenskrar og alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Stefnan miðar að því að vernda mannréttindi launafólks og frjálsrar verkalýðshreyfingar um heim allan og tryggja að hnattvæðing, efnahagskerfi og tæknibreytingar þjóni vinnandi fólki. Öll afstaða ASÍ sem varðar alþjóðamál skal byggja á og hafa að leiðarljósi að tryggja félagsleg réttindi vinnandi fólks, með virðingu og mannréttindi sem leiðarstef. ASÍ tekur virkan þátt í starfi evrópskra og alþjóðlegra verkalýðssamtaka til að hafa áhrif á stefnumótun í vinnu-, félags- og efnahagsmálum.“

Nefndin lauk jafnframt ýtarlegu yfirliti um allt alþjóðastarf ASÍ.

ASÍ-UNG



Frá Fræðslu- og tengsladögum ASÍ-UNG, 19.-20. mars 2026.

Starfsár 2025-2026

Starfsár ASÍ-UNG hefur einkennst af uppbyggingu, fræðslu og auknum sýnileika. Eftir krefjandi tímabil árið áður lagði stjórnin áherslu á að styrkja innra starf, endurvekja viðburði og skapa fleiri leiðir fyrir ungt launafólk að taka þátt í verkalýðshreyfingunni. Á tímabilinu var unnið markvisst að því að koma sjónarmiðum ungs fólks á framfæri, bæði innan hreyfingarinnar og í opinberri umræðu.



Ný stjórn hóf störf að yfirstöðnu þingi ASÍ-UNG þann 17. október 2025. Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir var kjörin formaður, Þorvarður Bergmann Kjartansson varaformaður og Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir ritari. Á vinnufundi stjórnar 14. nóvember 2025 kynntist stjórnin forseta, framkvæmdastjóra og starfsfólki á skrifstofu ASÍ, auk verkefna á borð við tillögu um sameiginlegt vinnustaðaeftirlit aðildarfélaga og vinnu gegn brotum í hark-hagkerfinu sem nýttist í starfi ársins. Þar var einnig unnið að skipulagi starfsársins og starfs- og fjárhagsáætlun. Í kjölfar áskorana innan stjórnar sagði Þorvarður Bergmann Kjartansson sig frá varaformennsku og Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir var kjörin til hlutverksins, auk þess að halda áfram sem ritari stjórnar, á fundi stjórnar þann 30. janúar 2026. Á sama fundi tók Valdimar Friðjón Jónsson sæti sem aðalmaður í stjórn eftir breytingar á skipan. Andrea Rut Pálsdóttir tók sæti sem aðalmaður á fundi stjórnar ASÍ-UNG þann 26. febrúar 2026 af sömu ástæðum.

Eftir að skýrsla forseta fyrir árið 2025 var tekin saman stóðu stjórnir ASÍ-UNG og RSÍ-UNG fyrir sameiginlegri vísindaferð til fagfélaganna 25. september 2025. Andri Reyr Haraldsson, varaformaður RSÍ, og Guðmundur Þórarinsson, formaður VM, kynntu starf fagfélaganna. Adam Kári Helgason fjallaði um kjara- og vinnustaðaeftirlit og Halldór Oddsson um starf ASÍ. Alls skráðu 25 ungmenni sig til þátttöku og skapaðist góður vettvangur til fræðslu og tengslamyndunar. Vísindaferðin lagði jafnframt grunn að frekara samstarfi ungliðahreyfinganna.

Á tímabilinu sat Elín Ósk Sigurðardóttir sem fulltrúi ASÍ-UNG í ungliðastarfi Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, ETUC Youth. Hún sat fund í Amsterdam dagana 8.–9. desember 2025, en þar var meðal annars fjallað um gæðastörf, stöðu ungs fólks í starfsnámi og réttindi lærlinga. Einnig var rætt um aldursbundna mismunun, húsnæðiskostnað, geðheilbrigði, réttindi farandverkamanna og mikilvægi þess að ungt fólk hafi raunverulega áhrif á umræðu um réttlát umskipti og framtíð vinnumarkaðarins. Dagana 27.–30. janúar sótti Elín jafnframt ETUC Youth Training Week í Aþenu. Á námskeiðinu var lögð áhersla á nýjar og aðgengilegar leiðir til að ná til ungs fólks. Þátttakendur prófuðu meðal annars „escape room“-leik um verkalýðshreyfinguna í Evrópu og lærðu að nýta leikjamiðlun og hönnunarhugsun í fræðslustarfi. Sú reynsla var grunnur að „escape room“-leik sem Elín setti upp í samstarfi við Þorvarð og Svan-

fríði fyrir Fræðslu- og tengsladaga. Þátttakendur á námskeiðinu hönnuðu einnig leik sem varpar ljósi á ólíkan veruleika ungs fólks á vinnumarkaði í aðildarlöndum ETUC og er stefnt á að kynna leikinn á næsta þingi samtakanna.

Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir sat þing Starfsgreinasambands Íslands á Akureyri dagana 8.–10. október 2025. Þar tók hún þátt í umræðum um kjaramál og leikskólamál, meðal annars um áhrif breyttrar leikskólaþjónustu á konur, innflytjendur og einstæða foreldra. Þá flutti Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, formaður ASÍ-UNG, ávarp á formannafundi ASÍ í október og hvatti aðildarfélög til að virkja ungt félagsfólk og senda fulltrúa á viðburði ASÍ-UNG.

Stjórnarfólk tók virkan þátt í fastanefndum ASÍ og miðstjórn á árinu og miðlaði upplýsingum úr því starfi inn í stjórn ASÍ-UNG. Þá var hafist handa við að kortleggja ungliðahreyfingar innan aðildarfélaga ASÍ og kanna leiðir til að efla samstarf þeirra á milli. Á tímabilinu tók Katrín K. Briem Gísladóttir sæti í stjórn síns stéttarfélags og Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir tók við varaformennsku í sínu félagi. Þær eru tvö dæmi um það hvernig vettvangur ASÍ-UNG getur nýst ungu félagsfólki að byggja ofan á reynslu sína og taka sér aukna ábyrgð innan hreyfingarinnar. Sá ávinningur er ekki bundinn við stjórnarsetu í ASÍ-UNG, enda er starfi samtakanna ætlað til að nýtast ungu félagsfólki sem vill efla þekkingu sína og þátttöku innan eigin félaga. Þannig styður ASÍ-UNG við starf aðildarfélaganna og styrkir raddir ungs fólks innan hreyfingarinnar.

Miðlun var ein af megináherslum starfsársins. Stjórnin vann markvisst með samfélagsmiðla, kynnti stjórnarfólk og verkefni ASÍ-UNG og miðlaði fræðslu um réttindi til ungs launafólks. Unnin var þarfagreining fyrir vefsíðu ASÍ-UNG með það að markmiði að gera upplýsingar um hlutverk, viðburði og þátttökuleiðir aðgengilegri. Á Instagram-reikningi ASÍ-UNG var meðal annars birt fræðslu- og kynningarefni um lífeyrismál og réttindi á vinnumarkaði, stjórnarfólk, hlaðvarpið og viðburði samtakanna. Jafnframt var ungt fólk hvatt til virkrar þátttöku í verkalýðshreyfingunni og, með óhlutdrægum hætti, til að kynna sér málefni þjóðaratkvæðagreiðslunnar og nýta kosningarétt sinn.

Á starfsárinu hófst útgáfa hlaðvarpsins „Kaffitíminn með ASÍ-UNG“. Fyrstu fjórir þættir fjölluðu um hlutverk ASÍ-UNG, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, stéttarfélög, leikskólamál og Fræðslu- og tengsladaga. Markmið hlaðvarpsins er að ræða málefni vinnumarkaðarins á skýru og aðgengilegu máli og ná til ungs fólks sem þekkir lítið til verkalýðshreyfingarinnar.

Stjórnarfólk skrifaði jafnframt greinar og kom sjónarmiðum ungs launafólks á framfæri í fjölmiðlum. Í pistlinum „Hver greiðir fyrir breytingarnar?“ var fjallað um áhrif breyttrar leikskólaþjónustu og stöðu ungra foreldra. Í greininni „Af hverju skiptir lífeyriskerfið máli fyrir ungt fólk?“ var fjallað um uppbyggingu lífeyriskerfisins, réttindi ungs fólks og kostnað við ólíkar sparnaðarleiðir. Elsa Hrönn, varaformaður ASÍ-UNG, svaraði einnig gagnrýni Viðskiptaráðs á stéttarfélög í pistlinum „Eru verkalýðsfélög úrelt eða bara óþægileg sumum?“. Ályktunum og öðrum viðbrögðum ASÍ-UNG var sömuleiðis komið á framfæri við fréttamiðla. Með þessari vinnu heyrðist rödd ungs launafólks skýrar utan hreyfingarinnar, og málefni þess fékk aukið rými í opinberri umræðu.

Fræðslu- og tengsladagar ASÍ-UNG voru haldnir á Hótel Vesturlandi í Borgarnesi dagana 19.–20. mars 2026. Viðburðurinn var opinn ungu félagsfólki og hentaði sérstaklega þeim sem voru að stíga sín fyrstu skref í félagsstarfi verkalýðshreyfingarinnar. Þorleifur Friðriksson fjallaði um áskoranir hreyfingarinnar í gegnum tíðina og Steinunn Bragadóttir fjallaði um komandi þing ASÍ, en aðaláhersla þess er framtíð vinnumarkaðarins. Erindunum var fylgt eftir með hópavinnu, heimsókn til Stéttar-

félags Vesturlands og verkefnum sem tengdu saman sögu, framtíðarsýn og réttindi á vinnumarkaði. Á viðburðinum var einnig unnið með áform ríkisstjórnarinnar um ungmennastefnu, þar sem sjónarmiðum ungs fólks er safnað saman og mun stjórn nýta þá vinnu þegar kemur að frekara samráði. Mat bæði þátttakenda og stjórnar var að gott jafnvægi hefði náðst milli fræðslu og tengslamyndunar og að viðburðurinn hefði tekist vel.

ASÍ-UNG, IÐN-UNG og RSÍ-UNG stóðu saman að málþingi um fræðslu- og menntamál 22. maí 2026. Þar var umfjöllunarefnið hvernig verkalýðshreyfingin geti orðið sýnilegri í skólum, náð betur til ungs fólks með aðgengilegri fræðslu um réttindi á vinnumarkaði og hvernig sé best að gæta jafnræðis þegar kemur að aðgengi ungmenna. Í pallborði og hópavinnu komu fram hugmyndir um samræmt fræðsluefni, skólaheimsóknir, stafrænt efni og jafningjafræðslu. Viðburðurinn tókst vel og niðurstöður eru grunnur til áframhaldandi vinnu hjá ungliðahreyfingunum.

Þann 21. ágúst hélt stjórn ASÍ-UNG landsbyggðarfund á Akureyri. Stjórnarfólk heimsótti Verkmenntaskólann á Akureyri, dreifði fræðsluefni og hvatti nemendur til að kynna sér starf verkalýðshreyfingarinnar og ASÍ-UNG. Haldinn var hádegisfundur fyrir starfsmenn og stjórnarfólk aðildarfélaga ASÍ á Akureyri þar sem starf og hlutverk ASÍ-UNG var kynnt og leiðir félaganna til að styðja við ungmennastarf voru til umræðu. Deginum lauk með skemmtikvöldi fyrir félagsfólk á svæðinu þar sem ASÍ-UNG bauð upp á spurningakeppni. Markmið þess var að efla tengsl og kynna samtökin betur. Landsbyggðarfundurinn var mikilvægt skref í að efla tengsl við ungt launafólk og stéttarfélög utan höfuðborgarsvæðisins.

Öflugt starf ASÍ-UNG á tímabilinu sýndi að eftirspurn er eftir vettvangi þar sem ungt launafólk fær fræðslu, myndar tengsl og kemur sjónarmiðum sínum á framfæri. Á starfsárinu var lagður grunnur að frekara samstarfi við aðildarfélög og ungliðahreyfingar, bættri miðlun og aðgengilegri leiðum fyrir ungt fólk til virkrar þátttöku í verkalýðshreyfingunni.

Fundargerð 11. þings ASÍ-UNG

Þann 17. október 2025 fór fram 11. þing ASÍ-UNG.

Þingsetning og ávarp forseta ASÍ-UNG

Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, starfandi formaður, tekur til máls og kannar lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir bárust varðandi boðun og er því þingið löglegt. Hún setur næst þingið kl. 12:30.

Kosning fundarstjóra og ritara

Lagt er fyrir þingið að Þorvarður Bergmann Kjartansson verði fundarstjóri og Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir ritari. Bæði sitja í núverandi stjórn ASÍ-UNG. Engin mótframboð komu og fundarstjóri og ritari samþykktir samhljóma. Svanfríður þakkar fyrir sig og gefur Þorvarði orðið.

Þorvarður Bergmann Kjartansson tekur þá við fundarstjórn.

Þorvarður byrjar á að fara yfir praktísk atriði varðandi þingið og áréttar að framboðsfrestur til stjórnar renni út kl. 16:30. Þá fer hann yfir dagskrá þingsins.

Ávarp – forseti ASÍ – Finnbjörn A. Hermannsson

Finnbjörn tekur til máls og gerir að umfjöllunarefni jafnvægi á milli vinnu og einkalífs og styttingu vinnuvikunnar, auk umfjöllunar um leikskólamál hérlendis. Framangreind réttindi eru ávallt ofarlega hjá verkalýðshreyfingunni og að þau eigi ekki að flokkast til forréttinda, heldur eigi allir að geta gengið að þeim til jafns, burt séð frá baklandi fólks. Verkalýðshreyfingin sem framfaraafl þarf alltaf að fylgjast með þróun, þrýsta á stjórnvöld og tryggja fólki mannsæmandi fjölskylduvænt líf. Þar þarf að halda áfram og hafa framsýni og þar kemur unga fólkið inn. Framtíðarmarkmið hreyfingarinnar eru samofin ungu fólki. Hann hvetur unga fólkið sem er viðstatt til að taka þátt, prófa sig áfram og ekki vera feimin við að gera mistök. Rödd þeirra verði að fá að heyrast.

Kynning á ASÍ-UNG – Þorvarður Bergmann Kjartansson

Þorvarður kynnir starfsemi ASÍ-UNG og hefur umræður á hvernig vettvangurinn er til samráðs fyrir ungt launafólk. Það var upphaflega stofnað 2011 og hefur tekið þróun með tíma og samfélagi. Starfið er sjálfboðaliðastarf og oft geti reynst flókið að samræma starfið við daglegt líf og kröfur, en það sé þess virði. Næst fer hann yfir hvernig ASÍ og íslensk verkalýðshreyfing stendur hérlendis, fjallar um aðildarfélögin og heildarsamtökin og ræðir í því samhengi hvernig við hérlendis erum hluti af evrópsku neti verkalýðshreyfinga.

Hann fjallar um ástæðu þess að ASÍ-UNG var stofnað, en slíkt er til að gefa ungu fólki rödd inn í áður íhaldssamri hreyfingu þar sem meðalaldur stjórnarmeðlima hefur almennt verið hár. Það þarf að styðja við fræðslu og skapa vettvang fyrir ungt fólk til að kynnast innbyrðis, bæði á milli fólks en líka stéttarfélaga. Hann fjallar aðeins um hvernig starf ASÍ-UNG hefur þróast og að áhersla síðustu ár hafi verið að draga saman ólíka hópa og ólík sjónarmið. ASÍ-UNG hefur unnið að því að leita lausna við ýmsum krefjandi aðstæðum sem fylgja því að sinna verkalýðsstarfi innan þessa aldurshóps.

Stjórnin vinnur sem 12 manna heild og almennt er ekki gert upp á milli aðalmanna eða varamanna. Hann telur samtökin nokkuð veik að því leytinu til að það eru ekki ákveðnir aðilar sem sitja í samtökunum sem eiginlegir félagar. Samtökin eru því í raun bara stjórnin sjálf og vinnur stjórnin hörðum höndum til þess að fá mætingu á viðburði ASÍ-UNG.

Skýrsla stjórnar – Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, formaður ASÍ-UNG

Undanfarið ár hefur verið áskorunartímabil fyrir ASÍ-UNG, þar sem óvissa og ákveðin tilvistarkreppa hafa einkennt starfsemina. Breytingar á forystu félagsins hafa sett svip sinn á tímabilið og haft töluverð áhrif á framgang verkefna.

Á fyrsta stjórnarfundi starfsársins, þann 7. nóvember 2024, var Ástþór Jón Ragnheiðarson kjörinn formaður ASÍ-UNG, með Ásdísi Helgu Jóhannsdóttur sem varaformanni. Þann 28. febrúar sagði Ástþór sig frá formannsembættinu og í kjölfarið tók Ásdís Helga við sem formaður á stjórnarfundi 24. mars. Svanfríður G. Bergvinsdóttir var skipuð í embætti varaformanns. Þann 19. maí sagði Ásdís af sér og var ákvörðun tekin á stjórnarfundi 26. maí um að Svanfríður tæki við formannshlutverkinu, en Birgitta Ragnarsdóttir yrði nýr varaformaður. Svanfríður hafði þá gegnt hlutverki ritara ASÍ-UNG frá upphafi tímabilsins fram til 26. maí, og í kjölfarið tók Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir við ritaraembættinu.

Innra starf

Afsagnir tveggja formanna á sama starfsári höfðu óumdeilanlega veruleg áhrif á starfsemi stjórnar og drógu úr stöðugleika hennar. Þetta skapaði áskoranir í daglegum verkefnum og stefnumótunarvinnu. Samskipti við ASÍ um framtíðarsýn, stefnu og ímynd ASÍ-UNG hafa verið áberandi og tímafrek og tekið lungann úr starfsemi stjórnar fyrri hluta tímabilsins. Í því samhengi var ráðist í markvissa stefnumótunarvinnu í samstarfi við starfsmann ASÍ, sem skilaði ítarlegri skýrslu. Sú vinna verður lykilverkefni stjórnar á næsta tímabili og er nú grundvöllur umræðu á 11. þingi ASÍ-UNG.

Þrátt fyrir áskoranir hefur stjórnin lagt sig fram við að viðhalda virkri þátttöku í hreyfingunni. Stjórnarfólk sat fundi í 11 starfsnefndum miðstjórnar auk þess að sitja í vinnuhópi um leikskólamál, þar sem sérstök áhersla var lögð á að tryggja að sjónarmið ungs fólks kæmu skýrt fram. Sem formaður sat Svanfríður einnig reglulega fundi miðstjórnar, þaðan sem umræða um málefni, starf Vörðu og VIRK skilaði umræðu inn á borð stjórnar ASÍ-UNG.

Þrátt fyrir erfiðleika fyrri hluta tímabils fór að bera á afköstum eftir vinnu stjórnar á haustmánuðum. Hluti stjórnar sat tvö námskeið hjá starfsmönnum ASÍ sem munu nýtast vel í áframhaldandi starfi á vettvangi ASÍ-UNG og annars staðar innan hreyfingarinnar. Annars vegar hélt Halldór Oddsson námskeið um fundarstjórn og -ritun, og fræddi stjórnarfólk einnig um félög heilt yfir, tilgang þeirra og vald. Hins vegar hélt Aleksandra Leonardsdóttir námskeið í samskiptahæfni og ræðumennsku, sem þær Kristjana Fenger höfðu áður haldið á Ungum leiðtogum.

Viðburðir

Árlegur viðburður ASÍ-UNG, *Fræðslu- og tengsladagar*, féll því miður niður á árinu. Ástæður má rekja til árekstra við annað ungliðastarf innan hreyfingarinnar og annarra skipulagslegra áskorana. Þrátt fyrir þetta er stefnt að því að endurvekja viðburðinn og halda hann að vori 2026. Í framhaldi af þessu hefur stjórnin unnið að þróun nýrra

hugmynda og verkefna til að efla starfsemi félagsins á næsta starfsári og lagt grunn að þeim á vor- og sumarmánuðum.

Í september stóðu stjórnir ASÍ-UNG og RSÍ-UNG sameiginlega fyrir Vísindaferð. Þar voru fagfélögin heimsótt og stóðu þau fyrir öflugri fræðslu um störf fagfélaganna. Andri Reyr Haraldsson, varaformaður RSÍ, og Guðmundur Þórarinsson, formaður VM, héldu kynningu á fagfélögunum og störfum þeirra. Adam Kári Helgason, fulltrúi kjara- og vinnustaðaeftirlits, fræddi þátttakendur um vinnustaðaeftirlit fagfélaganna, og einnig flutti Halldór Oddsson frá ASÍ erindi um starf ASÍ. Fagfélögin buðu þátttakendum upp á frábæran pinnamat, matreiddan af Bjartmari Pálssyni, og fleiri veitingar. Vísindaferðin var vel heppnuð, með skráningu 25 ungmenna og góðri tengslamyndun. Stjórn ASÍ-UNG er þakklát fagfélögunum fyrir frábærar viðtökur, skrifstofu ASÍ fyrir samstarfið, og RSÍ-UNG fyrir gott samstarf og vonast til að það verði meira af því í framtíðinni.

Þátttaka stjórnarfólks á öðrum vettvangi innan verkalýðshreyfingarinnar

Stjórnarfólkið Svanfríður G. Bergvinsdóttir og Mateusz Gabríel K. Róbertsson tóku þátt í námskeiðinu *Ungir leiðtogar* á vormánuðum 2025. Þar kynntu sér þátttakendur mismunandi leiðtogastíla, hlutverk leiðtoga og verkalýðshreyfingarinnar, auk þess sem fjallað var um fræðslumál, samskiptahæfni, framkomu og önnur hagnýt atriði. Námskeiðinu lauk með ferð til Brussel, þar sem þátttakendur heimsóttu alþjóðlegar

stofnanir á borð við ETUC, ITUC og EFTA. Ferðin var jafnframt mikilvægur vettvangur til tengslamyndunar milli þátttakenda. Stjórnin nýtti þetta tækifæri til að miðla reynslunni á samfélagsmiðlum ASÍ-UNG í fræðsluskyni og til að vekja áhuga annarra ungra félagsmanna á slíkum tækifærum.

Birgitta Ragnarsdóttir, stjórnarkona ASÍ-UNG, tók þátt í Kvennaráðstefnu ASÍ sem haldin var dagana 27.–28. maí í Reykjanesbæ. Á ráðstefnunni var megináhersla lögð á Kvennaárið og stöðu kvenna í samfélaginu og innan verkalýðshreyfingarinnar. Þátttakendur tóku virkan þátt í umræðum og vinnu í þremur málstofum sem fjölluðu meðal annars um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, kynbundinn launamun og hvernig sporna megi gegn mismunun og ójöfnuði á vinnumarkaði og í samfélaginu. Ráðstefnan endaði á samþykkt ályktunar sem send var miðstjórn ASÍ til umfjöllunar og frekari vinnu.

Á tímabilinu sat Ástþór Jón Ragnheiðarson einnig áfram í stjórn ETUC Youth fyrir hönd ASÍ-UNG og sótti fundi á þeirra vegum.

Elsa Hrönn Gray, stjórnarkona ASÍ-UNG, sat þing Starfsgreinasambands Íslands sem haldið var dagana 8.–10. október í Hofi á Akureyri. Helstu málefni sem þar voru til umræðu voru húsnæðismál, kjaramál, lífeyrismál og byggðarmál. Á þinginu mynduðust fjölbreyttar og málefnalegar umræður og voru samtals 7 ályktanir samþykktar í þessum málaflokkum. Elsa tók þátt í umræðuhóp um kjara- og leikskólamál þar sem sérstaklega var rætt um Kópavogsmódelið og áhrif skertrar þjónustu þess á vinnumarkaðinn, ekki síst konur, innflytjendur og einstæða foreldra.

Með þátttöku stjórnarfólks á þessum mismunandi vettvöngum innan hreyfingarinnar má sjá að rödd okkar skiptir máli. Það er lykilatriði að sjónarmið ungs fólks komi fram í jafnréttisumræðunni og að sjónarhorn komandi kynslóða endurspeglist í stefnumótun

verkalýðshreyfingarinnar og í ákvarðanatöku um framtíð vinnumarkaðarins, sem og að við eigum rödd á evrópskum vettvangi.

Það má sjá að þrátt fyrir erfitt ár hefur stjórnarfólk haft ýmislegt fyrir stafni á tímabilinu og mun á nýju tímabili halda áfram að efla ASÍ-UNG, og með því rödd ungs fólks bæði á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og í samfélaginu. Því við megum ekki gleyma að það skiptir máli.

Kynning á málefnavinnu

Þingið ætlar í mikilvæga málefnavinnu. Fyrsta málefnavinna er unnin í fjórum málefnaflokkum sem komu út úr stefnumótunarvinnu stjórnar í vor. Fjórir hópar; húsnæðismál, kjarabrot gegn ungu fólki, málefni barnafjölskyldna og samgöngumál.

Hóparnir munu ræða málefni og gera ályktanir sem verða birtar eftir þing.

Málefnavinnan fer í 2 umræður og verður svo tekin upp til samþykkis í seinni hluta þings. Þingið er æðsta vald ASÍ-UNG og niðurstöður þingsins móta áframhaldandi vinnu stjórnar.

Á milli þinga vill stjórn hvetja þinggesti til þess að hafa samband og ræða málin til þess að stjórn geti unnið að málefnum sem skipta máli.

Niðurstaða málefnavinnu kynnt

Fyrri umræða fór fram þegar borðstjóri kynnti fram komnar tillögur. Engar athugasemdir bárust og var farið í aðra umræðu. Að þeim loknum var farið yfir niðurstöður úr málefnavinnu og ályktanir kynntar úr vinnuhópum, hver á fætur annarri. Minni háttar breytingartillögur komu fram sem tengdust orðalagi, en engar efnislegar

breytingar voru kynntar. Að lokinni umræðu um breytingartillögur voru þær hver og ein lögð til kosningar þingheims. Allar ályktanir voru samþykktar samhljóma og koma hér:

Ályktun ASÍ-UNG – 11. þing

Inngangur að ályktunum
11. þing ASÍ-UNG var haldið á Hótel Nordica 17. október 2025. Þingið stóð frá kl. 12:30 og var slitið kl. 17:20. Á þinginu sátu 23 fulltrúar frá 15 félögum innan ASÍ. Á þinginu var unnið öflugt málefnastarf þar sem málefni voru valin út frá stefnumótunarstarfi stjórnar. Niðurstaða þingsins voru fjórar ályktanir, sem marka stefnu nýrrar stjórnar.

Við í ASÍ-UNG stöndum saman fyrir nýrri framtíð vinnumarkaðarins þar sem jafnvægi, öryggi og réttlæti eru ekki forréttindi heldur sjálfsögð gildi. Þingið endurspeglar kröfu ungs fólks um að fá að lifa, læra og starfa við mannsæmandi aðstæður. Við höfum ekki í hyggju að bíða eftir breytingum, heldur ætlum við að knýja þær fram.

1. Ályktun vegna málefna barnafjölskyldna

11. þing ASÍ-UNG lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun leikskólamála og þeim samfélagslegu áhrifum sem svokallað „Kópavogsmódel“ hefur afhjúpað. Þegar samfélagið allt talar um mikilvægi fjölskyldulífs og jafnréttis á vinnumarkaði er stingandi að horfa á ákvarðanir teknar sem í raun grafa undan stöðu foreldra, og þá sérstaklega kvenna.

Álagið á foreldra fer vaxandi. Leikskóladagurinn styttist, samhliða því að vinnudagurinn helst óbreyttur. Niðurstaðan er sú að einkalíf og vinna skarast með auknu álagi, samviskubiti og verri lífsgæðum fyrir foreldra og börn. Kerfið leggur meiri byrðar á konur, sem eru líklegri til að taka á sig tekjumissi eða færa sig í hlutastarf til að halda fjölskyldulífinu gangandi. Feður missa jafnframt af tíma með börnum sínum vegna þess að launamunur og kerfislegar hindranir gera þeim ókleift að draga úr vinnu. Þetta er öfug þróun í jafnréttismálum. Þetta fyrirkomulag bitnar harðast á lægra launuðu fólki og foreldrum í vaktavinnu, þeim sem ekki hafa sveigjanleika í starfi eða félagslegt bakland til að brúa bilið. Fyrir þessa hópa getur leikskólamódel sem takmarkar vistunartíma jafnvel leitt til félagslegrar einangrunar, minni atvinnuþátttöku og enn verri fjárhagsstöðu en áður.

Á sama tíma og samfélagið stendur frammi fyrir lækkandi fæðingartíðni, er verið að gera það dýrara og erfiðara að eignast og ala upp börn. Kröfur til foreldra eru miklar, bæði í vinnu og einkalífi, á meðan að stuðningur hins opinbera við foreldra er í mýflugumynd. Tekjuskerðing í fæðingarorlofi, há gjöld, kröfur til og vegna tómstundaiðkunar barna og ósveigjanleiki í leikskólakerfinu gera að verkum að foreldrar, einkum mæður, fresta barneignum eða ákveða að eignast færri börn. Ný skýrsla Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi dregur fram sláandi niðurstöður um hve margir foreldrar upplifa fjárskort sem kemur í veg fyrir að þeir geti staðið straum af grunnþörfum barna sinna. Það undirstrikar að áhyggjurnar eru bæði raunverulegar og brýnar.

Ef vilji er til að snúa þessari þróun við, verður að horfa á málið heildstætt. ASÍ-UNG leggur áherslu á eftirfarandi:

- Vinnutímastyttingu á almennum markaði til að jafna leikinn við opinbera geirann og skapa raunhæft svigrúm fyrir foreldra.
- Aukinn sveigjanleika í leikskólakerfinu, þannig að foreldrar geti raðað leikskóla-

tíma í samræmi við raunverulegan vinnutíma og fjölskylduaðstæður.
- Jöfnun á leikskólagjöldum sem miðar að því að hærri gjöld bitni ekki á efnaminni foreldrum eða þeim sem eru rétt yfir lágmarkslaunum.
- Endurskoðun á fjárhagslegum stuðningi við foreldra sem kjósa að vera lengur heima með börnum sínum, með greiðslum sem endurspegla raunverulegan kostnað við leikskólapláss og tryggja áframhaldandi lífeyrisréttindi heimavinnandi foreldra.
- Breytingar á fæðingarorlofi sem miða að lengingu fæðingarorlofs og að foreldrar fái að stjórna deilingu orlofs sín á milli, að tekjur í fæðingarorlofi séu ekki skertar, og að foreldrar fái að eyða fyrstu þrem mánuðum með barni saman í orlofi.
- Að betri starfskjör séu ekki keypt með skerðingu á öðrum kjörum. Kaffitímar og matartímar eru mikilvægur partur af vinnudeginum. Það er mikilvægt fyrir bættari starfskjör og meiri starfsánægju að starfsfólk fái tíma og tækifæri til þess að mynda tengsl og taka hlé frá starfinu sínu. Þau réttindi eru ekki bætt upp með styttri vinnuviku eða hærri launum.
- Styðja þarf við foreldra í námi með sveigjanleika og fjárhagslegum úrræðum, svo barneignir verði raunhæfur kostur fyrir ungt fólk.

Þing ASÍ-UNG telur að þær áherslur sem taldar hafa verið upp spili stóran þátt í lækkandi fæðingatíðni samfélagsins og setur fram kröfu um samfélag þar sem báðir foreldrar fá raunveruleg tækifæri til að verja tíma með börnum sínum – án þess að það leiði til óþarfa tekjutaps, aukins álags eða ójafnréttis.

Kópavogsmódelið og aðrar sambærilegar kerfisbreytingar eru ekki lausn heldur eru þau einkenni á stærra vandamáli: vinnumarkaði sem hefur ekki aðlagast raunverulegum þörfum nútíma foreldra.

Tími er kominn til að hanna kerfið út frá nútímasamfélagi, þar sem fjölskyldulíf, jöfnuður og mannsæmandi vinnutími eru raunveruleg markmið, ekki aðeins orðin tóm.

Reykjavík, 17. október 2025

2. Ályktun um húsnæðismál

11. þing ASÍ-UNG lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu húsnæðismála ungs fólks hér á landi. Andvaraleysi stjórnvalda hér á landi undanfarna áratugi og blind markaðshyggja hafa leitt til alvarlegrar húsnæðiskreppu sem bitnar harðast á ungu fólki. Nú er svo komið að nær ómögulegt er fyrir ungt fólk að eignast sitt eigið húsnæði og festist það því á óöruggum leigumarkaði sem einkennist af háu leiguverði og öryggisleysi. Að hafa þak yfir höfuðið eru mannréttindi. Þing ASÍ-UNG ályktar að nú sé nóg komið og krefst þess að stjórnvöld grípi þá þegar til eftirfarandi neyðaraðgerða:

Leigumarkaðurinn

- Húsnæðisliðurinn verði fjarlægður úr vísitölu neysluverðs.
- Setja skýran lagaramma um leigumarkaðinn. Fara fram á greiningu á kostum og göllum leiguþaks. Setja svo lagarammann út frá niðurstöðu þeirrar greiningar. Tryggja meiri fyrirsjáanleika í leiguverði.
- Greiðslumat er gagnrýnisvert. Endurskoða þarf útreikningana og hafa meiri sveigjanleika. Sem dæmi skal taka mið af sögu af leigumarkaði inn í greiðslumatið.
- Aðgengi að fasteignamarkaði/hentugu húsnæði
- Byggja skal ódýrara húsnæði og bjóða upp á fjölbreyttari húsakost. Til dæmis

byggja fleiri einstaklingsíbúðir og íbúðir fyrir fyrstu kaupendur.
- Gefa skal kost á fjölbreyttari leiðum til að komast inn á húsnæðismarkaðinn, sem leiðir síðan að eignamyndun.
- Húsnæðisstuðningur
- Tryggja skal að ráðstöfun séreignarsparnaðar til útborgunar á fyrstu eign eða innborgun á höfuðstól sé tryggt til frambúðar.

Reykjavík, 17. október 2025

3. Ályktun um samgöngumál

11. þing ASÍ-UNG leggur áherslu á að forgangsröðun samgöngumannvirkja byggist á raunverulegri þörf samfélagsins. Uppbygging almenningssamgangna í þéttbýli þarf að fylgja eftir svo fólk hafi raunhæfan kost á að draga úr notkun einkabíls, í stað þess að þröngvað sé til þess með gjaldtöku og skertu aðgengi. Skoða ætti samgöngustyrki til að styðja við vistvæna ferðamáta.

ASÍ-UNG hafnar því að kílómetragjald verði lagt á með þeim hætti sem nú er lagt upp með, þar sem það bitnar mest á tekjulægstu hópum og íbúum landsbyggðarinnar. Þörf er á sanngjarnara og gagnsærra kerfi. Kílómetragjaldið má ekki verða nýr landsbyggðarskattur.

Einnig þarf að skoða aukna gjaldtöku af ferðamennsku, meðal annars skemmtiferðaskipum, og tryggja að innviðir hafna og raforku séu til staðar til að nýta þann tekjustofn.

ASÍ-UNG áréttar að aðgengi að heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu verði tryggt óháð búsetu.

Reykjavík, 17. október 2025

4. Ályktun um kjarabrot

11. þing ASÍ-UNG fordæmir öll kjarabrot og misneytingu á íslenskum vinnumarkaði sem virðast alltof algeng. Reglulega berast fréttir af alvarlegum kjarabrotum, launaþjófnaði og misneytingarmálum á íslenskum vinnumarkaði. Það er óásættanlegt að auðugt land eins og Ísland sem vill skilgreina sig sem velferðarríki láti slíkt viðgangast án þess að fast sé stigið niður fæti. Brotin beinast oftar en ekki að ungu fólki og útlendingum. Allir á íslenskum vinnumarkaði eiga að njóta þeirra kjara og réttinda sem barátta verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað í gegnum tíðina. Þing ASÍ-UNG kallar eftir aðgerðum og ábyrgð allra hlutaðeigandi og krefst þess að tafarlaust verði gripið til eftirfarandi aðgerða:

Menntun og fagmennska

- Styrkja þarf skólakerfið fyrir iðngreinar. Auka þarf framboð náms til muna og tryggja aðgengi allra, óháð búsetu, aldri og stöðu. Stjórnvöld þurfa að setja málefni og menntun ungs fólks í forgrunn.
- Tryggja þarf eftirlit með reglum um lögvernduð starfsheiti. Það skal horfið frá þeirri þróun að fækka lögvernduðum starfsheitum, enda sýna dæmin síðustu ár mikilvægi þeirra.
- Raunfærnimat er mikilvægt tól til að tryggja aðgengi og fagmennsku á vinnumarkaði. ASÍ-UNG telur tímabært að skoða raunfærnimat og styrkja það svo það fái áfram brautargengi við að tryggja fólki viðurkenningu við hæfi sem tekur mið af styrkleikum og reynslu.

Eftirlit og ábyrgð

- Koma á viðurlögum við kjarabrotum á íslenskum vinnumarkaði. Slíkt eykur forvarnargildi, tryggir stöðu kjarasamninga og heilbrigða samkeppni. Slík viðurlög þurfa að taka mið af alvarleika og áhrifum á vinnandi fólk sem kjarabrot hafa í för með sér.
- Styrkja þarf aðkomu og starf stéttarfélaga að kjarabrotum. Slíkt er bæði gert með almennum viðurlögum en einnig auknum heimildum vinnustaðaeftirlits.
- Aukið verði vettvangseftirlit fram yfir svokallað skrifborðseftirlit stofnana. Tryggja þarf og stuðla að samstarfi á milli eftirlitsstofnana.
- Gert verði sérstakt átak gagnvart starfsemi starfsmannaleiga og hjá útsendum starfsmönnum. Eftirlit verði aukið, viðurlögum beitt, öryggi starfsfólk verði tryggt, vinnuaðstæður og launakjör stórbætt og komið í veg fyrir undirboðun á kostnað launafólks.
- Gert verði heildstætt regluverk um undirverktöku. Tryggt verði að undirverktaka sé ekki nýtt til undirboðunar, niðursetningu launakjara og keðjur myndaðar að ástæðulausu.
- Styrkja þarf og útvíkka keðjuábyrgð á almennum vinnumarkaði. Í dag nær hún aðeins yfir þrjá þætti, starfsmannaleigur, útsenda starfsmenn og í opinberum útboðum. Eftir stendur stór hluti vinnumarkaðar þar sem kjarabrot eru alltof algeng og ekki er tekin viðhlítandi ábyrgð á keðjum.

Stéttarfélög og trúnaðarmenn

- Upphefja þarf starf trúnaðarmanna. Fólkið sem sinnir slíkum störfum er ómissandi tengiliður stéttarfélaga og vinnustaða og byggir á reynslu og þekkingu fólks á eigin vinnustað. Tryggja þarf að trúnaðarmannastarfið sé eftirsóknarvert og metið að verðleikum.
- Bæta þarf fræðslu og tengslanet trúnaðarmanna og nútímavæða. Tryggja þarf að trúnaðarmenn fái stuðning og skilning í starfi sínu og verkfæri sem nýtast við dagleg störf en einnig að þeir séu í stakk búnir fyrir einstök erfið mál.

Fræðsla og samskipti

- Fræðsla til ungs fólks er eitt mikilvægasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar. Framtíð vinnumarkaðarins byggir á ungu fólki. Það þarf að styrkja stöðu þeirra með fræðslu til að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði. Fræðsla á að vera á jafningjagrundvelli og byggð á því að ungt fólk tali við ungt fólk.
- Stéttarfélög þurfa að vera sýnilegri og birtingarmynd baráttu og samtakamáttar. Grasrótarstarf stéttarfélaga verður eflt og vinni að því að fólk sem hefur áhuga fái stuðning við fyrstu skref sín innan starfsemi þeirra.
- Stéttarfélög þurfa að beita nýjum leiðum í samskiptum og virkni við félagsmenn á jákvæðum nótum.

Reykjavík, 17. október 2025

Kynning á frambjóðendum

Kosið er um 1 aðalmann til eins árs, 5 aðalmenn til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs. Sitjandi *kjörnefnd:*

Birgitta Ragnarsdóttir
Ástþór Jón Ragnheiðarson
Steinunn Guðmundsdóttir
Kjörnefnd kynnir tillögur sínar og eru þær svohljóðandi:

Til aðalstjórnar:

Til tveggja ára
Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir, Eining-Iðja
Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR
Styrmir Jökull, VR
Elín Ósk Sigurðardóttir, StéttVest
María Von Pálsdóttir, AFL

Til eins árs:
Katrín K. Briem Gísladóttir, FVSA
Til varastjórnar
Valdimar Friðjón Jónsson, Eining-Iðja
Ásdís Helga Jóhannsdóttir, AFL
Andrea Rut Pálsdóttir, VR
Framboðsfresti lauk að lokinni kynningu kjörstjórnar, en engin mótframboð bárust. Listi
kjörnefndar var þannig samþykktur.

Önnur mál

Fundarstjóri kannar hvort einhverjir vilji taka til máls undir liðnum önnur mál. Elsa Hrönn kveður sér hljóðs og var Birgitta kvödd með gjöf frá stjórn ASÍ-UNG og þökkum við henni kærlega fyrir vel unnin störf síðustu ár, en hún var að ljúka sínu síðasta kjörtímabili.

Maríanna Ragna, formaður RSÍ-UNG, hvatti ungt fólk til að láta að sér kveða, koma inn í störf ungliða eða stofna önnur ef þörf er til. Allir vinni þétt saman og hafi samvinnu að leiðarljósi.

Fundarstjóri biður Svanfríði að koma í pontu og slíta þingi. Hún gerir það og þakkar fyrir virka og góða þátttöku þingfulltrúa og er þingi slitið kl. 17:20.

Listasafn ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Eyrún Björk Valsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem er formaður rekstrarstjórnar, Bjarni Þór Sigurðsson, stjórnarmaður hjá VR og Hilmar Harðarson, formaður FIT – Félags iðn- og tæknigreina. Miðstjórn skipar fulltrúa í rekstrarstjórn safnsins til tveggja ára í senn.

Í listráði Listasafns ASÍ eiga sæti sýningarstjórarnir og listafólkið Hildigunnur Birgisdóttir og Daníel Björnsson auk safnstjórans Elísabetar Gunnarsdóttur sem er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is

Starfsmenn

Starfsmenn safnsins eru tveir. Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri í 70% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir sem hefur umsjón með safnbúð og vinnustaðasýningum í 50% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið í skemmri eða lengri tíma.

Útlán verka og sýningar safnsins í samvinnu við önnur söfn og sýningarstaði

Safnið leggur áherslu á þjónustu við önnur söfn sem falast eftir verkum í eigu safnsins fyrir sýningar á þeirra vegum. Verkin í stofngjöfinni, sem mörg hver eru lykilverk í íslenskri myndlist, eru reglulega lánuð á sýningar en einnig seinni tíma verk. Jafnframt aðstoðar safnið á ýmsan hátt við undirbúning útgáfu listaverkabóka þar sem verk í safneigninni eru til umfjöllunar. Safnið geymir nú rúmlega 4.300 verk.


Sýningar á vinnustöðum

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og opinberum stofnunum gegn hóflegu gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabil. Nú eru í gangi um þrjátíu vinnustaðasýningar með hátt í 270 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá aðildarfélögum ASÍ, einkafyrirtækjum og opinberum aðilum, s.s. í ráðuneytum og húsakynnum Alþingis.

Sýningar Sigurðar Ámundasonar á Austurlandi og í Gróttu

Í október 2025 stóð safnið fyrir sýningum á verkum Sigurðar Ámundasonar á þremur stöðum á Austurlandi og í nóvember í Gróttu á Seltjarnarnesi.

Sigurður Ámundason er fimmti listamaðurinn sem velst til þátttöku í sýningaröð Listasafns ASÍ þar sem skipulagðar eru einkasýningar valinna listamanna á tveimur stöðum á landinu. Safnið kallar reglulega eftir tillögum frá myndlistarmönnum sem vilja taka þátt í sýningaröðinni og eitt verkefni valið hverju sinni. Sýningarstaðirnir







Þorbjörg Arnórsdóttir forstöðumaður ásamt aðstoðarmanni
við uppsetningu verka úr eigu Listasafns ASÍ á Þórbergssetri í júní 2026.

Samvinna við Þórbergssetur

Í tilefni af 20 ára starfsemi Þórbergsseturs á Hala í Suðursveit lánaði safnið 9 verk úr safneigninni og kom þeim fyrir í „þjóðsögustofunni á Hringbrautinni“ sem er endurgerð heimilis þeirra hjóna Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar. Margrét Jónsdóttir, eiginkona Þórbergs, keypti fjölmörg listaverk á árunum frá 1940 til 1970 sem prýddu heimili þeirra hjóna. Margrét, sem var mikill listunnandi, gaf síðan verkin Listasafni alþýðu á sínum tíma með sérstöku gjafabréfi, samtals um 40 verk.

eru valdir í samvinnu við listamennina sem taka þátt og eru til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landshlutum.

Staðirnir sem urðu fyrir valinu fyrir sýningar Sigurðar Ámundasonar voru Neskaupstaður, Eskifjörður og Breiðdalsvík á Austfjörðum og Seltjarnarnes á höfuðborgarsvæðinu. Við val á sýningarstöðum nýtur listamaðurinn og safnið dyggrar aðstoðar frá ýmsum aðilum, þ.m.t. aðildarfélögum ASÍ á viðkomandi svæði, sveitarfélögum, menningarmiðstöðvum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Samhliða sýningunum eru haldin myndlistarnámskeið fyrir leik- og grunnskólabörn þar sem unnið er m.a. með helstu verkin í safneigninni og gerðar stuttmyndir fyrir heimasíðu safnsins.

Í tengslum við sýningu Sigurðar Ámundasonar í Gróttuvita voru haldnar fjölmargar uppákomur með tónlist, gjörningum og upplestri góðra gesta. Listamaðurinn var á staðnum allan tímann og spjallaði við gesti og gangandi. Sýningartíminn var breytilegur frá degi til dags þar sem sæta þurfti sjávarföllum.

Gjafir til safnsins

Safninu eru reglulega færðar listaverkagjafir. Í ár eru 50 ár síðan hollensk–íslenski myndlistarmaðurinn Kees Visser heimsótti Ísland í fyrsta sinn. Á þessum tímamótum færir listamaðurinn nokkrum íslenskum söfnum veglega gjöf listaverka, þ.á m. Listasafni ASÍ.

Um er að ræða átta málverk auk minni verka sem listamaðurinn færði safninu á síðasta ári.

Kees Visser á farsælan feril að baki, hann er fæddur 1948 í Hollandi og býr og starfar í hollensku borginni Haarlem og í Reykjavík.

Hann var einn af stofnendum Nýlistasafnsins árið 1978 og hefur tekið þátt í fjölda sýninga þar. Hann hefur einnig sýnt reglulega í Listasafni ASÍ og fleiri söfnum og galleríum á Íslandi.



Frá sýningu Sigurðar Ámundasonar, ÚTHVERFAVIRKI, í Neskaupstað.

Það er mikill fengur að þessari gjöf listamannsins og mikilvæg viðbót við þau verk hans sem þegar eru til í íslenskum listasöfnum.

Málþing til heiðurs Hrafnhildi Schram

Listasafn ASÍ tók þátt í málþingi sem Listfræðafélag Íslands stóð fyrir til heiðurs Hrafnhildi Schram í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Hrafnhildur Schram var gerð að heiðursfélaga Listfræðafélags Íslands fyrir störf sín á sviði listfræða, sýningarstjórnunar og umfjöllunar um myndlist.

Saga Listasafns ASÍ hefur aldrei verið skrifuð svo heitið geti. Til er mikið af heimildum sem þarf að vinna úr og setja í samhengi og þegar saga safnsins verður rakin í heild sinni mun koma í ljós að Hrafnhildur Schram listfræðingur á þar stóran hlut sem vert er að skoða betur. Hrafnhildur var fyrst kölluð til sem sýningarstjóri 1976 og hugsanlega líka eitthvað fyrir þann tíma. Síðar er hún komin í stjórn safnsins 1979 og svo í þriggja manna listráð ásamt Birni Th. Björnssyni og forstöðumanni safnsins á hverjum tíma, frá árinu 1982 til 2005.

Hún virðist hafa unnið fyrir safnið í hartnær þrjá áratugi og þar af 23 ár átt sæti í listráði safnsins. Listráðið var miðstjórn Alþýðusambandsins til ráðgjafar um allt sem viðkom starfsemi safnsins og þannig er það enn þann dag í dag.

Á þessum árum voru haldnar fjölmargar sýningar víða um land. Forsvarsmenn verkalýðsfélaga hringinn í kringum landið kölluðu eftir sýningum af ýmsu tilefni og sýningarstaðirnir voru allt frá frystihúsum, sláturhúsum og skipasmíðastöðvum til sjúkrahúsa og virðast hafa verið mjög vel sóttar.

Bókaútgáfa

Safnið vinnur nú að gerð bókar um listakonuna Sigrid Valtingojer. Árið 2013 fékk Listasafn ASÍ afhenta dánargjöf Sigrid Valtingojer, en hún arfleiddi safnið af öllum



Listamaðurinn ræðir við sýningargesti í Gróttuvita.



Kees Visser við eitt verka sinna.

verkum sínum að sér látinni auk höfundarréttar. Í safninu eru um 300 grafíkverk, flest þeirra í nokkrum eintökum auk annarra verka. Höfundur bókarinnar er Kristín G. Guðnadóttir, listfræðingur og fyrrverandi safnstjóri Listasafns ASÍ. Áætlað er að bókin komi út síðar á þessu ári eða á því næsta og þá í tengslum við sýningu á verkum hennar sem haldin verður í samvinnu við önnur söfn.

Safnið hefur sótt um og fengið styrki til bókaútgáfu, s.s. fyrir bókina um Sigrid Valtingojer auk bókar um sýningaröð undanfarinna ára þar sem auglýst er eftir umsóknum frá listafólki og verk þeirra sýnd á tveimur stöðum á landinu. Sú bók er væntanleg á næsta ári.

Safnbúð Listasafns ASÍ

Safnið lætur framleiða veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakkningu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Reglulega eru prentuð fleiri veggspjöld í stað þeirra sem seljast upp og bætt við fleiri verkum auk nýrra gjafakorta með myndum úr stofngjöfinni. Varningurinn er seldur í vefverslun á heimasíðu safnsins og á sölustöðum um allt land. Einnig er framleiddur annars konar söluvarningur sem byggir á safneigninni og tengist þeim sýningum sem safnið stendur fyrir.

Húsnæðismál safnsins

Safnið býr við góðan húsakost hvað varðar skrifstofur og listaverkageymslur. Skrifstofur safnsins eru í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnæði þar sem öll starfsemi safnsins getur verið undir einu þaki. Vinnan miðast við að skerpa á sérstöðu safnsins meðal íslenskra safna með áherslu á fólkið sem því er ætlað að þjóna. Samstarf við önnur söfn hefur gefist mjög vel og ekki ástæða til annars en að halda því samstarfi áfram þegar safnið eignast aftur sína eigin sýningaraðstöðu.



Safnið tók þátt í málþingi til heiðurs Hrafnhildi Schram listfræðingi í febrúar 2026.

Heimasíða safnsins

Í gangi er átaksvinna við að betrumbæta upplýsingar á heimasíðu um fyrri sýningar á vegum safnsins. Unnið er að því að bæta upplýsingum og tenglum enda mikilvæg heimild um starfsemina frá upphafi.

Safngeymslur, skráning og varðveisla

Samhliða öðrum verkefnum er jafnt og þétt unnið að skráningu nýrra verka í safneign og skipulagi safngeymslna.

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins, svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, http://sarpur.is/ Safnið hefur undirritað samning við Myndstef og greiðir samkvæmt honum fyrir birtingu mynda á ytri vef Sarps og annars staðar á netinu. Birting safneignarinnar á netinu gerir fagfólki sem stundar rannsóknir og öllum almenningi innsýn í safneignina. Auk lista yfir verkin hafa verið settar upp sýningar á vefsvæðinu sem er þáttur í stafrænni miðlun safnsins.

Með reglulegu millibili er unnið átak í skráningu og varðveislu muna í safneigninni. Núverandi geymslur safnsins eru með besta móti og jafnt og þétt er unnið að því að koma verkunum þannig fyrir að öllum öryggiskröfum sé framfylgt og verkin aðgengileg.



ASÍ stóð fyrir vel sóttu málþingi undir yfirskriftinni Nútíma kvennabarátta þar sem sjónum var beint að stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði.

Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi skrifstofu Alþýðusambands Íslands byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af framkvæmdastjóra og forseta, í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd, og samþykkt af miðstjórn ASÍ. Fyrri umræða fór fram um miðjan desember 2025, og samþykkt við síðari umræðu á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2026.

Hlutverk ASÍ hefur mótast í gegnum tíðina í nánu samstarfi við aðildarsamtök þess og felst í að móta sameiginlega stefnu launafólks, standa vörð um réttindi þess í opinberri umræðu og við lagasetningu, auk samráðs við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda. ASÍ tekur einnig virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi innan verkalýðshreyfingarinnar og stuðlar að þróun nýrrar þekkingar um samfélagsmál og stöðu launafólks.

Skrifstofa ASÍ vinnur að því að styðja forseta og miðstjórn við þessi verkefni, þjónustar aðildarfélögin, veitir aðhald gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum og byggir upp faglega þekkingu á sviði kjara- og réttindamála.

Á meðal verkefna skrifstofunnar eru túlkun laga og kjarasamninga, hagfræðileg greining, umsagnir við lagafrumvörp og þátttaka í nefndum og starfshópum á vegum stjórnvalda. Einnig sinnir hún öflugu fræðslustarfi. Nokkur verkefni skrifstofu eru tilgreind hér í þessum kafla, en nánari umfjöllun um önnur verkefni skrifstofunnar má finna í öðrum köflum þessarar skýrslu.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2026

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. september síðastliðinn sem hér segir:
Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í inngildingu og fræðslu
Anna Lilja Sigurðardóttir, lögfræðingur
Auður Alfa Ólafsdóttir, sérfræðingur í umhverfis- og neytendamálum
Ágúst Arnórsson, hagfræðingur
Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur í textagerð og útgáfu
Bjarki Steinn Benjamínsson, verkefnastjóri verðlagseftirlits
Eyrún Björk Valsdóttir, framkvæmdastjóri
Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ
Hafþór Reynisson, verðlagseftirliti
Halla Gunnarsdóttir, 3. varaforseti ASÍ
Halldór Oddsson, sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs (í leyfi)
Henný Hinz, aðstoðarframkvæmdastjóri
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 1. varaforseti ASÍ
Hrafn Jónsson, sérfræðingur í miðlun og útgáfu
Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur
Kristjana Fenger, sérfræðingur vinnustaðaeftirlits
Magnús Norðdahl, sérfræðingur á sviði alþjóða- og vinnumarkaðsmála
Ólöf Brynja Jónsdóttir, bókari
Róbert Farestveit, sviðsstjóri hagfræði- og greiningarsviðs
Saga Kjartansdóttir, túlkur og umsjón með vinnustaðaeftirliti
Sara Dögg Svanhildardóttir, sviðsstjóri Fræðslu – og upplýsingasviðs
Sif Ólafsdóttir, gæða- og skjalastjóri
Siggeir Fannar Ævarsson, sérfræðingur á Fræðslu- og upplýsingasviði
Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans
Sólveig Anna Jónsdóttir 2. varaforseti ASÍ
Stefán Ingvi Vigfússon, verðlagseftirliti
Steinunn Bragadóttir, hagfræðingur
Svanfríður Bergvinsdóttir, formaður ASÍ – UNG
Unnur Pálína Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Þórir Gunnarsson, hagfræðingur

Þær breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá ASÍ á síðasta ári að Arnaldur Grétarsson, Benjamín Julian, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir létu af störfum. Eru þeim þökkuð góð störf. Þá bættust þrír starfsmenn við, þau Anna Lilja Sigurðardóttir, lögfræðingur á Lögfræðisviði, Bjarki Steinn Benjamínsson í verðlagseftirliti og Siggeir Fannar Ævarsson á Fræðslu- og upplýsingasviði.

Skipurit skrifstofu ASÍ byggir á fimm sviðum; Félags- og vinnumarkaðssvið og Fræðslu- og upplýsingasvið, Hagsvið, Lögfræðisvið og Stoðsvið.

Breytingar á skipulagi skrifstofu ASÍ

Á árinu var unnið að heildstæðri endurskoðun á skipulagi og starfsemi skrifstofu ASÍ með það að markmiði að efla getu skrifstofunnar til að sinna kjarnahlutverki sínu. Skipulagsbreytingin fól í sér endurskipulagningu ábyrgðarsviða, aukna faglega sérhæfingu og bætt samspil greiningar, stefnumótunar, fræðslu og upplýsingamiðlunar. Með breytingunum er lagður grunnur að öflugri, skilvirkari og faglegri skrifstofu sem getur með markvissari hætti stutt við aðildarfélög ASÍ, gætt hagsmuna

launafólks og brugðist við þeim áskorunum og tækifærum sem einkenna vinnumarkað framtíðarinnar.

110 ára afmæli ASÍ

Alþýðusambandið átti 110 ára afmæli á árinu. Farið var í auglýsingaherferð þar sem reynt var að draga fram mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar fyrir íslenskt samfélag og sýna hvernig barátta fyrri kynslóða hefur lagt grunn að þeim réttindum og kjörum sem launafólk býr við í dag. Um leið var markmiðið að tengja sögu hreyfingarinnar við þær áskoranir og tækifæri sem blasa við á vinnumarkaði framtíðarinnar og varpa ljósi á mikilvægi hennar í hröðu og síbreytilegu samfélagi.

47. þing ASÍ

Undirbúningur að 47. þingi ASÍ var eitt af stærstu verkefnum skrifstofunnar á árinu. Unnið var að mótun stefnu og tillagna til þingsins í nánu samstarfi við miðstjórn og málefnanefndir. Áhersla var lögð á að endurskoða stefnu ASÍ á lykilsviðum, móta framtíðarsýn um þróun vinnumarkaðarins og styrkja málefnagrunn sambandsins. Í september fóru forseti og starfslið jafnframt í hringferð um landið til funda með aðildarfélögum þar sem farið var yfir fyrirkomulag og dagskrá þingsins, þingvefinn og helstu málefni sem koma til umfjöllunar.



Minningarsjóður Eðvarðs

Á hverju ári er styrkjum úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar úthlutað til verkefna sem varða sérstaklega íslenskan vinnumarkað, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður árið 1983 til minningar um Eðvarð Sigurðsson, formann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Sjóðurinn er í umsjá

Alþýðusambands Íslands.

Stjórn sjóðsins skipa: Finnbjörn A. Hermannsson, Grétar Þorsteinsson og Sólveig Anna Jónsdóttir. Í ár samþykkti stjórn sjóðsins að veita eftirfarandi styrki:

Stefán Hrafn Jónsson hlaut styrk til rannsókna á alþjóðlegu verkefni um sjúkdómsbyrði (Global Burden of Disease) með áherslu á dánartíðni eftir menntun. Verkefnið mun varpa ljósi á félagslegan ójöfnuð í dánartíðni á Íslandi og skapa grundvöll fyrir alþjóðlegan samanburð, með mikilvægu framlagi til stefnumótunar í lýðheilsu og málefnum launafólks.

Vésteinn Valgarðsson hlaut styrk til þýðingar á bók Rósu Luxemburg, Þjóðfélagsumbætur eða bylting, sem er eitt áhrifamesta rit sósíalískrar hugsunar um tengsl umbóta og kerfisbreytinga og hefur haft varanleg áhrif á umræðu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Adam Fishwick og Guðmundur Ævar Oddsson hlutu styrk fyrir rannsóknarverkefnið Union Renewal in Iceland: A Case Study of Efling. Verkefnið fjallar um skipulagsbreytingar hjá Eflingu frá árinu 2018 og áhrif þeirra á þátttöku og stöðu fjölbreytts hóps félagsmanna, meðal annars með viðtölum og rýnihópum.

Samningur um varðveislu skjala



Samningurinn undirritaður í marsmánuði 2026. Frá vinstri: Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður, Eyrún B. Valsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ.

Samningur var undirritaður á árinu milli ASÍ og Þjóðskjalasafns Íslands um áframhaldandi skil og varðveislu skjala sambandsins. Samningurinn markar mikilvægan áfanga í samstarfi aðilanna og tryggir langtímavarðveislu heimilda um starfsemi ASÍ og sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar. Með honum er stuðlað að því að skjöl og önnur gögn með sögulegt gildi verði varðveitt til framtíðar og aðgengileg til rannsókna og fræðastarfa.

Opinn fundur ASÍ og BSRB um almenna íbúðarkerfið



Frá opnum fundi ASÍ og BSRB um almenna íbúðakerfið sem fram fór 28. apríl.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga stóðu ASÍ og BSRB fyrir opnum fundi um ábyrgð sveitarfélaga á húsnæðisuppbyggingu, þar sem greining ASÍ og BSRB um stöðu félagslegs húsnæðis var kynnt og framtíð almenna íbúðakerfisins rædd. Sérstök áhersla var lögð á hlutverk Bjargs íbúðafélags, sem verkalýðshreyfingin stendur að, en félagið hefur frá stofnun árið 2016 byggt yfir 1.000 íbúðir fyrir tekjulágt launafólk og er í dag burðarás í almenna íbúðakerfinu. Fundurinn var vettvangur mikilvægrar umræðu um húsnæðisöryggi, ábyrgð hins opinbera og nauðsyn þess að auka framboð hagkvæms húsnæðis fyrir vinnandi fólk.

Regnbogavottun

Á árinu hófst undirbúningur að innleiðingu regnbogavottunar á skrifstofu ASÍ í samstarfi við Samtökin '78. Markmið verkefnisins er að efla þekkingu og fræðslu starfsfólks, styrkja jafnrétti og inngildingu og stuðla að því að vinnustaðurinn sé öruggur og aðgengilegur fyrir allt starfsfólk, óháð kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu. Verkefnið felur jafnframt í sér endurskoðun á verklagi og vinnustaðamenningu með það að markmiði að stuðla að fjölbreytileika og virðingu í daglegu starfi.

Hinsegin dagar

ASÍ tók virkan þátt í Hinsegin dögum í samstarfi við BHM, BSRB og Kennarasamband Íslands. Samtökin stóðu fyrir opnum viðburði þar sem fjallað var um stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði, rannsóknir, alþjóðleg viðmið og leiðir til að efla inngildingu á vinnustöðum. Á fundinum var jafnframt undirrituð viljayfirlýsing heildarsamtaka launafólks, Samtakanna '78, Samtaka atvinnulífsins og félagsmálaráðherra um aukið samstarf að fjölbreytileika og inngildingu á vinnumarkaði. ASÍ tók einnig þátt í Gleðigöngunni ásamt samstarfsaðilum undir merkjum samstöðu, jafnréttis og mannréttinda.



Fjöldi fólks sótti málþingið sem þótti takast vel.

Málþing um stöðu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði

Í tilefni Kvennaverkfalls 2025 stóð ASÍ fyrir vel sóttu málþingi undir yfirskriftinni **Nútíma kvennabarátta** þar sem sjónum var beint að stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Fjallað var meðal annars um kjör og stöðu kvenna í láglaunastörfum, viðurkenningu menntunar og hæfni, aðgengi að íslenskukennslu og leiðir til að efla jafnrétti og inngildingu. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, stjórnvalda, atvinnulífs og fræðsluaðila tóku þátt í umræðum um sameiginlega ábyrgð og framtíðarsýn í málaflokknum.

Morgunverðarfundur um ofbeldi í nánum samböndum og vinnumarkaðinn

Í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna stóð ASÍ, ásamt BSRB, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Kennarasambandi Íslands, fyrir morgunverðarfundi um ofbeldi í nánum samböndum og tengsl þess við vinnumarkaðinn. Á fundinum var fjallað um áhrif ofbeldis á atvinnuþátttöku, alþjóðlega þróun í réttindum þolenda og hvernig stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og vinnustaðir geta stuðlað að auknum stuðningi og vernd fyrir þolendur.

Ljósmyndasafn ASÍ

Ljósmyndir ASÍ sem komnar eru í vörslu Þjóðminjasafns Íslands eru nú aðgengilegar á www.sarpur.is. Um er að ræða ljósmyndir á pappír sem hafa verið skannaðar og skráðar í áðurnefndan gagnagrunn. Unnið er að því að leggja lokahönd á skönnun skyggnimynda og að því loknu verða allar ljósmyndir ASÍ sem afhentar hafa verið Þjóðminjasafninu aðgengilegar í Sarpi.

Í framhaldinu verður unnið að því að kynna ljósmyndasafnið í Sarpi fyrir aðildarfélögum ASÍ og hvetja félagsmenn til að miðla frekari upplýsingum um myndefnið. Markmiðið er meðal annars að afla upplýsinga um nöfn einstaklinga, staðsetningar og

annað sem kann að vanta í skráningu myndanna og bæta þannig skráningu og varðveislu upplýsinga um sögu verkalýðshreyfingarinnar.

Rafrænar ljósmyndir ASÍ frá árinu 2007 og síðar bíða afhendingar til Þjóðminjasafns Íslands, en safnið hefur enn ekki hafið móttöku ljósmynda á rafrænu formi.

Bókasafn Dagsbrúnar

Eins og kom fram í Skýrslu forseta 2025 hefur Alþýðusamband Íslands tekið við rekstri og vörslu Bókasafns Dagsbrúnar sem verið hefur á forræði Eflingar frá stofnun félagsins árið 1998. Sú leiða misritun átti sér stað við gerð skýrslu síðasta árs að sagt var frá því að fágætar og merkar bækur úr safninu hefðu verið fluttar í Þjóðskjalasafnið en þær voru fluttar á Landsbókasafn Íslands. Leiðréttist það hér með.



Íbúðir við Safamýri sem afhentar voru 2026.

Bjarg íbúðafélag

Bjarg hefur verið leiðandi aðili í uppbyggingu almenna íbúðakerfisins og hefur félagið byggt íbúðir í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri, Garðabæ, Árborg, Ölfus, Hveragerði, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Mosfellsbæ, Hellu, Hvolsvelli, Húsavík, Flúðum og Grindavík. Þá hefur Bjarg átt farsælt samstarf við Húsnæðis og mannvirkjastofnun og stjórnvöld.

Í ágúst 2026 var Bjarg með 1.123 íbúðir í útleigu. Dregið hefur úr framkvæmdum og eru félagið nú með 123 íbúðir í byggingu. Þá er félagið með 114 Íbúðir í undirbúningsfasa en óvissa ríkir um hluta þeirra vegna endurskoðunar á uppbyggingu í Grafarvogi.

Á sama tíma eru um 3.800 á biðlista eftir íbúð hjá Bjargi og ljóst að auka þarf framboð lóða til félagsins.

Opið er fyrir umsóknin um íbúð hjá Bjargi og eru nánari upplýsingar á vef félagsins www.bjargibudafelag.is



Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, gerir blaða- og fréttafólki grein fyrir niðurstöðum rannsóknar.

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Í baráttunni fyrir bættum lífsskilyrðum launafólks sameinuðust Alþýðusamband Íslands og BSRB um stofnun rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins sem hefði það að markmiði að skapa víðtæka þekkingu á stöðu launafólks á Íslandi. Rannsóknastofnuninni Vörðu var komið á fót vorið 2020 og hefur starf stofnunarinnar verið metnaðarfullt og öflugt frá upphafi.

Stjórn Vörðu er skipuð Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB og stjórnarformanni Vörðu, Finnbirni A. Hermannssyni, forseta ASÍ, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, framkvæmdastjóra BSRB, Eyrúnu Björk Valsdóttur, framkvæmdastjóra ASÍ og Sigrúnu Ólafsdóttur, prófessor við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Þrátt fyrir að Varða sé ung stofnun og starfsemi hennar enn í mótun og þróun hefur hún nú þegar skilað miklum árangri í að auka þekkingu á lífskjörum launafólks. Varða hefur frá stofnun staðið að könnun um stöðu launafólks á Íslandi. Grunnurinn að könnuninni miðar að því að meta fjárhagslega stöðu félagsfólks auk andlegrar og líkamlegrar heilsu en árlega eru einnig notaðar spurningar sem tengjast sérstaklega stöðu launafólks hverju sinni. Árið 2026 var lögð sérstök áhersla á starfsskilyrði, heilsu og stöðu innflytjenda.

Á starfsárinu var farið í umfangsmiklar breytingar á útgáfu rannsókna Vörðu. Nú eru niðurstöður settar fram með aukinni myndrænni framsetningu og útgáfur eru fleiri þar sem þemu könnunarinnar eru brotin niður og birtar sérstaklega fyrir hvert og eitt viðfangsefni. Niðurstöður könnunarinnar hafa vakið mikla athygli enda veita þær dýrmætar upplýsingar um raunveruleika launafólks.

Varða vinnur auk þess að ýmsum öðrum rannsóknaverkefnum sem varða lífsskilyrði launafólks í víðum skilningi og vinnur einnig að ýmsum rannsóknaverkefnum

fyrir stéttarfélög innan ASÍ og BSRB og hefur átt gæfuríkt og gott samstarf við fjölda aðildarfélaga. Slíkt samstarf hefur gefið góða raun og standa vonir til að slíkt samstarf muni aukast á komandi árum.

Varða nýtir aðferðafræði vísindanna og sterk tengsl við verkalýðshreyfinguna til að skapa þekkingu sem hefur þýðingu fyrir launafólk. Þetta samstarf hefur skilað góðum árangri á fyrstu fimm starfsárum stofnunarinnar og verður grundvöllurinn að frekari þróun og þekkingarsköpun til framtíðar.

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK er sjálfseignarstofnun stofnuð 2008 af helstu samtökum stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði sem hefur það hlutverk að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku og virkni á vinnumarkaði.



Hjá VIRK starfa 150 manns; ráðgjafar, atvinnulífstenglar, sérfræðingar og almennt starfsfólk sem halda utan um mál þjónustuþega og tryggja að þau fái vandaða, þverfaglega, atvinnutengda starfsendurhæfingu. Auk þess þá koma um 10 utanaðkomandi sérfræðingar að mati á þjónustuþegum VIRK.

VIRK leggur áherslu á að nýta fagaðila um allt land og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustuna. VIRK á í mjög góðu samstarfi við rúmlega 500 þjónustuaðila – einkaaðila og starfsendurhæfingarstöðvar.

Starfsemi VIRK og þjónusta er á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og um allt land á skrifstofum stéttarfélaga. Höfuðstöðvar VIRK eru í Borgartúni 18 í Reykjavík.

Metaðsókn 2025

2.512 einstaklingar hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK á árinu 2025, 141 fleiri en árið áður, sem er 5,9% fjölgun. Um metaðsókn að þjónustu VIRK er að ræða, aldrei hafa fleiri byrjað í starfsendurhæfingu hjá VIRK á einu ári. Síðustu þrjá mánuði 2025 bárust 27% fleiri beiðnir um starfsendurhæfingu til VIRK en síðustu þrjá mánuði fyrra árs.

2.079 þjónustuþegar útskrifuðust frá VIRK á árinu 2025, 165 fleiri en 2024, eða 8,6%. 80% þeirra 24.000 þjónustuþega sem útskrifast hafa frá VIRK frá upphafi eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.

2.984 einstaklingar voru í þjónustu hjá VIRK um síðustu áramót, sem er 7,1% fjölgun frá fyrra ári. Rúmlega 26.000 einstaklingar höfðu þá hafið starfsendurhæfingu hjá VIRK frá árinu 2008 – sum oftar en einu sinni. Þannig voru skráðir rúmlega 31.000 starfsendurhæfingarferlar í upplýsingakerfi VIRK í ársbyrjun 2025.

2.000 störf í gegnum Atvinnutengingu VIRK

VIRK hefur lagt mikla áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu undanfarin ár og meðal starfsfólks VIRK eru 18 atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir þjónustuþega sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.


Atvinnulífstenglar VIRK leggja mikla áherslu á samstarf við fyrirtæki enda er gott samstarf og samvinna grundvöllur farsællar atvinnutengingar. Frá 2017 hafa rúmlega 2.000 störf orðið til fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í gegnum atvinnutenginguna.

Yfir 1.600 fyrirtæki og stofnanir eru skráð í upplýsingagrunn VIRK og mörg þeirra eru með ákveðna tengiliði sem auðveldar allt samstarf.

Atvinnulífstenglar VIRK veita árlega fyrirtækjum og stofnunum – sem sinnt hafa samstarfinu við atvinnutengingu VIRK sérlega vel, sýnt samfélagslega ábyrgð í verki og verið góðar fyrirmyndir öðrum atvinnurekendum – viðurkenninguna VIRKT fyrirtæki.

Neðangreind fyrirtæki og stofnanir hlutu viðurkenninguna VIRKT fyrirtæki árið 2026:

- Báran stéttarfélag og Þjónustuskrifstofan
- Blómaval
- Borgarbókasafnið Kringlunni og Úlfarsárdal
- CCP
- Dýralæknastofa Suðurnesja
- Góði hirðirinn
- IKEA
- Johan Rönning
- Securitas
- Skatt bókhaldsstofa
- Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Systrasamlagið





VIRK í starfi – Aðstoð fyrir fólk á vinnumarkaði

Forvarnasvið VIRK veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum forvarnaþjónustu með það að markmiði að auka vinnugetu einstaklinga og þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að efla bæði starfsmenn og stjórnendur til sjálfshjálpar.

Forvarnaþjónustan er veitt einstaklingum samhliða vinnumarkaðsþátttöku þegar álagstengd einkenni, líkamleg og/eða andleg, eru farin að hafa áhrif á vinnugetu og

líðan í starfi. Stuðst er við þá þekkingu og reynslu sem hefur skapast innan starfsendurhæfingar varðandi hindranir, verndandi þætti og aðstæður í vinnuumhverfinu.

Forvarnasviðið heldur m.a. úti vefsíðunni velvirk.is sem inniheldur ýmsan fróðleik, ráðleggingar, greinar, tæki og tól til að stuðla að auknu jafnvægi í lífinu og aukinni vellíðan í vinnu.

Forvarnasviðið býður einnig upp á VIRK í starfi, þjónustuleið sem styður einstaklinga og stjórnendur í að kortleggja og efla vinnufærni – áður en vandinn verður of stór. Sjá nánar á velvirk.is.

Ung VIRK – Sérhæfð aðstoð og stuðningur við ungt fólk

Hjá VIRK stendur ungu fólki til boða sérhæfð aðstoð og stuðningur við að komast í vinnu eða nám samhliða annarri endurhæfingu með Ung VIRK.

Ung VIRK er sérsniðin þjónustuleið sem getur hentað einstaklingum á aldrinum 16–29 ára sem eru með litla náms- eða vinnusögu, þurfa þétt utanumhald, sem eiga erfitt með að haldast í starfi eða námi eða þurfa einstaklingsmiðaðan stuðning við atvinnuleit.

Hægt er að senda inn fyrirspurn til sérfræðinga Ung VIRK á vef VIRK og afla sér nánari upplýsinga.

Mikill samfélagslegur ávinningur af VIRK

VIRK leitast við að meta árangur starfsendurhæfingarinnar á fjölbreyttan hátt; fylgst er grannt með tölfræði starfseminnar, stöðugt er leitað eftir endurgjöf frá þjónustuþegum í gegnum þjónustukönnun, leitað er mats utanaðkomandi sérfræðinga á ávinningi starfseminnar og viðhorf almennings til VIRK mælt, t.d. með viðhorfskönnunum. Í könnun sem Maskína gerði snemma árs 2025 telja 75% svarenda að VIRK hafi mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag.

Samkvæmt þjónustukönnun VIRK á árinu 2025 voru nær 9 af hverjum 10 þjónustuþegum ánægðir með þjónustuna og 95% þeirra ánægðir með starf ráðgjafa VIRK. Þá telja þjónustuþegar almennt að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu sé sjálfsmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa betri, eins og sjá má í myndinni hér að neðan.

Ráðgjafarfyrirtækið Talnakönnun metur ávinning af starfsemi VIRK reglulega. Á myndinni hér að neðan má sjá að samfélagslegur ávinningur af starfi VIRK 2025 er metinn 20,7 milljarðar króna en rekstrarkostnaður VIRK sama árs nam 5 milljörðum króna.

Í skýrslu Talnakönnunar var einnig reiknaður meðalsparnaður, ávinningur samfélagsins af virkni einstaklinganna, á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK og nam hann 13,5 milljónum króna á árinu 2025.

Eins og áður segir þá eru um 80% þeirra sem hafa lokið starfsendurhæfingu frá VIRK að öllu eða einhverju leyti virk á vinnumarkaði við útskrift – og tölfræði VIRK sýnir að þetta hlutfall er óbreytt tveimur árum seinna.

Þá hefur örorkubyrði hjá lífeyrissjóðum dregist talsvert saman, eða um 13,7% milli tímabilanna 2000–2004 og 2015–2019, þegar VIRK var komið til sögunnar, samkvæmt heildarúttekt á VIRK sem skilað var til félagsmálaráðuneytisins 2022.

Sýnt hefur verið fram á að ávinningurinn af starfsemi VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins, t.d. í formi aukinna skatttekna. Ofan á þetta kemur svo bættur hagur einstaklinga, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið virkan þátt í samfélaginu.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur (öryggi og starfsumhverfi), 84. mál

8.10.2025

Í ljósi fyrri afstöðu ASÍ, síðast við setningu laga nr. 120/2022, styður ASÍ eindregið framgang þessa máls og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026–2029, þingskjal 90

8.10.2025

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar framlagningu framkvæmdaáætlunar í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026–2029 og styður meginmarkmið hennar. Í aðgerðunum má finna fjölda mikilvægra skuldbindinga sem miða að því að bæta jafnrétti og stöðu kvenna og kynjanna í samfélaginu og á vinnumarkaði, þar á meðal áherslu á að draga úr launamuni kynjanna og rannsaka þróun hans.

Mikilvægt er að framkvæmdaáætlunin taki mið af sjónarmiðum fjölbreytileika og að sérstök athygli beinist að stöðu innflytjendakvenna, láglaunakvenna og fatlaðra kvenna, til að tryggja að markmið um jafnrétti nái til allra hópa.

ASÍ telur mikilvægt að Ísland leggi sitt af mörkum á alþjóðavettvangi til að vernda

og efla jafnrétti og mannréttindi, enda hafa undanfarin ár sýnt að réttindi kvenna og hinsegin fólks er víða ógnað.

Inntak áætlunarinnar samrýmist áherslum ASÍ um jafnrétti og nauðsyn þess að útrýma launamuni kynjanna. ASÍ vill jafnframt minna stjórnvöld á kröfur sem settar voru fram í tilefni Kvennaárs 2025 (sjá kvennaar.is). Yfir 50 samtök launafólks, kvenna, hinsegin og fatlaðs fólks hafa sameinast um kröfur sem miða að auknu jafnrétti, þar sem enn er langt í land. Kröfurnar lúta að þremur meginsviðum: vanmati á kvennastörfum og launajafnrétti, ólaunaðri umönnunarvinnu og kynbundnu ofbeldi.

ASÍ veitir umsögn sína hér aðeins um þau atriði sem tengjast málefnum vinnumarkaðarins.

C. jafnrétti á vinnumarkaði og kynbundinn launamunur

17. Virðismat starfa í þágu launajafnréttis

ASÍ hefur ítrekað bent á að kynbundinn launamunur stafi fyrst og fremst af kynjaskiptingu vinnumarkaðar og kerfislægu vanmati á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Rannsóknir Hagstofunnar hafa staðfest þetta og undirstrikað mikilvægi samstilltra aðgerða stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Laun eru almennt lægri í störfum sem konur gegna að miklum meirihluta, líkt og í heilbrigðisþjónustu, við menntun og félagsþjónustu, en störfum þar sem karlar eru í meirihluta.

Unnið hefur verið að þróun samræmds virðismatskerfis til að stuðla að réttlátara mati á störfum og draga þannig úr launamisrétti. Verkefnið hófst árið 2021 og á að ljúka í árslok 2026. ASÍ tekur virkan þátt í þeirri vinnu ásamt stjórnvöldum og öðrum heildarsamtökum.

Jafnlaunaregla jafnréttislaga kveður á um að öll laun og kjör skuli vera jöfn fyrir jafnverðmæt störf. Vanmat kvennastarfa er afleiðing sögulegra, menningarlegra og kerfisbundinna þátta þar sem störf kvenna hafa verið metin út frá huglægum viðmiðum um „eðli“ eða „gildi“ kvennastarfa.

Mat byggist oft á ómeðvituðum hugmyndum um ábyrgð, álag og hæfni, sem leiða til þess að störf karla séu metin verðmætari en sambærileg störf kvenna. Virðismat byggt á hlutlægum mælikvörðum er því lykill að því að draga slíka hlutdrægni fram og leiðrétta vanmat kvennastarfa.

ASÍ hyggst leita leiða til að nýta hugmyndafræði leiðréttingar skakks verðmætamats kvennastarfa í kjarasamningsviðræðum og fylgist af áhuga með framvindu verkefnisins.

Að lokum styður ASÍ rétt að skoða hvort komið verði á svonefndri samningaleið sem auðveldar einstaklingum að reisa jafnlaunakröfur með stuðningi stéttarfélaga, líkt og tíðkast í sumum öðrum ríkjum.

18. Endurskoðun á jafnlaunavottunarkerfi

ASÍ hefur skilning á því að endurskoða þurfi jafnlaunavottunarkerfið í ljósi reynslu af framkvæmd þess undanfarin ár. ASÍ styður einföldun og aukna skilvirkni í framkvæmd en aðeins að því marki sem hún eflir en dregur ekki úr markmiðum laganna um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Samkvæmt nýjustu gögnum Hagstofunnar hefur óleiðréttur launamunur kynjanna aukist úr 8,6% árið 2022 í 10,4% árið 2024, sem undirstrikar að núverandi aðgerðir duga ekki til.

Lögfesting jafnlaunavottunar var mikilvægt skref þar sem atvinnurekendum var í fyrsta sinn gert skylt að sýna fram á jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, í stað þess að ábyrgðin hvíldi á einstaklingum.

Jafnlaunavottunin hefur skilað sýnilegum árangri með aukinni meðvitund, þekkingu og ábyrgð stjórnenda í launamálum, og jafnréttissjónarmið hafa fest rótum í starfsháttum fyrirtækja og stofnana. Þó virðist árangurinn að mestu hafa verið óbeinn og ekki unnt að rekja hann beint til kerfisins sem slíks, sbr. rannsókn Rögnu Kemp Haraldsdóttur, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Guðbjargar Andreu Jónsdóttur (2022).

Þrátt fyrir framfarir er launamunur kynjanna enn verulegur og hefur raunar aukist lítillega á síðustu tveimur árum. Það undirstrikar að kerfisbundið vanmat á kvennastörfum og huglægt mat á virði starfa er enn til staðar og þarf að uppræta.

Jafnlaunakerfið verður að byggja á hlutlægum viðmiðum sem endurspegla raunverulegt virði starfa, óháð kyni þeirra sem þau gegna. ASÍ biðlar því til stjórnvalda að missa ekki sjónar af markmiði jafnlaunareglunnar í 6. gr. laganna, þrátt fyrir breytingar á kerfinu.

Við endurskoðun þess þarf jafnframt að tryggja samræmi við tilskipun ESB um launagagnsæi, meðal annars varðandi skilgreiningu jafnverðmætra starfa, upplýsingarétt og reglur um tengda aðila.

20. Rannsókn á launamuni innfæddra kvenna og innflytjendakvenna

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að kanna kynbundinn launamun milli innfæddra kvenna og innflytjendakvenna og mismunandi stöðu þeirra á vinnumarkaði, bæði í samanburði við karla í sömu stöðu og aðra minnihlutahópa.

Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar til að varpa ljósi á hvort innflytjendakonur verði fyrir margþættri mismunun og skerðingu í launum og starfsskilyrðum.

ASÍ leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að fylgjast með velferð kvenna af erlendum uppruna sem bera uppi mörg af grunnstoðastörfum samfélagsins, í ræstingum, umönnun barna og aldraðra, en búa of oft við lág laun, mikið vinnuálag og lítið bakland. Þær eru verkakonur samtímans og rannsóknir á stöðu þeirra eru lykilþáttur í að tryggja jafnrétti og réttláta stöðu á vinnumarkaði.

Að lokum

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að fylgjast með þátttöku kvenna á vinnumarkaði, bæði í hlutastörfum og í ólaunuðu starfi eins og hugrænni vinnu og fjölskylduábyrgð. Slík yfirsýn er grundvallaratriði til að meta áhrif framkvæmdaáætlunarinnar og tryggja að markmið hennar um aukið jafnrétti og réttláta stöðu kvenna á vinnumarkaði náist.

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (almenn skráningarskylda leigusamninga í leiguskrá), 108. mál

8.10.2025

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum er nú lagt fram á Alþingi í þriðja sinn.

Alþýðusambandið skilaði inn umsögn um málið fyrst þegar það kom til umfjöllunar á 154. löggjafarþingi og svo aftur þegar frumvarp sambærilegt því sem hér er til umfjöllunar var lagt fram á 156. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu eru boðaðar breytingar á húsaleigulögum sem felast í aukinni skráningaskyldu leigusamninga í leiguskrá. Um árabil hefur legið fyrir að tölulegar upplýsingar um leigumarkað eru af skornum skammti og því ekki fengist fullnægjandi mynd af stöðu leigjenda og umfangi leigumarkaðarins.

Um nokkurt skeið hafa stjórnvöld stefnt að almennri skráningaskyldu leigusamninga en breytingar í þá veru hafa ekki verið lögfestar á Alþingi. Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á húsaleigulögum með það að markmiði að styrkja stöðu leigjenda og bæta gagnaöflun.

Skráningaskylda var innleidd í lög árið 2023 en einungis gagnvart aðilum sem voru með þrjár íbúðir eða fleiri í útleigu. Upphaflega hafði þó verið stefnt að almennri skráningaskyldu. Af þeim sökum eru takmarkaðar upplýsingar til staðar um stóran hlut leigumarkaðarins, þ.e. leigusamninga hjá leigusölum sem hafa færri en þrjár eignir í útleigu.

Alþýðusambandið styður almenna skráningaskyldu leigusamninga í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og telur breytingarnar nauðsynlegar til að gefa heildstæða mynd af íslenskum leigumarkaði.

Alþýðusambandið fagnar því að gerðar séu breytingar á lögunum þannig að óheimilt sé að verðtryggja tímabundna leigusamninga á fyrstu 12 mánuðum samningstíma. Þetta samræmist þeim markmiðum að auka fyrirsjáanleika um leigufjárhæð, auka húsnæðisöryggi og hvetja til þess að gerðir séu ótímabundnir leigusamningar.

Í reynd telur ASÍ rétt að gera frekari breytingar á lögunum, m.a. að takmarka hversu oft er heimilt að endurnýja tímabundna samninga þannig að þeir verði sjálfkrafa ótímabundið leigusamband.

Til viðbótar væri að mati ASÍ eðlilegt að draga úr vægi sjálfvirkra hækkana, t.d. með því að verðlagsuppfærsla geti að hámarki farið fram á 12 mánaða fresti. Í því samhengi þyrfti að skoða undanþágu fyrir óhagnaðardrifin leigufélög varðandi verðlagsuppfærslur.

ASÍ telur við hæfi að árétta að meginvandi á húsnæðismarkaði skýrist af misræmi framboðs og eftirspurnar sem byggst hefur upp yfir langan tíma. Þó breytingar á húsaleigulögum séu mikilvægar til þess að styrkja stöðu leigjenda mun jafnvægi ekki nást nema með stórfelldri uppbyggingu á fjölbreyttu húsnæði.

Þar er mest þörf á auknu framboði á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði en nú eru um fjögur þúsund fjölskyldur á biðlistum eftir húsnæði hjá Bjargi íbúðafélagi.

ASÍ vill jafnframt árétta að markmið þeirra breytinga sem gerðar voru á árinu 2023 og þau markmið sem sett eru fram í þessu frumvarpi munu ekki ná fram að ganga nema kærunefnd húsamála verði styrkt verulega og ásættanlegur málshraði tryggður. Við því hefur ekki verið brugðist.

Í umsögn ASÍ við frumvarp um breytingar á húsaleigulögum á árinu 2023 var bent á að breytingarnar myndu óhjákvæmilega leiða til aukins málafjölda hjá kærunefndinni og mikilvægt væri að leigjendur ættu kost á lögfræðiaðstoð og ráðgjöf.

Í því samhengi er nauðsynlegt að rekstrargrundvöllur leigjendaaðstoðar Neytendasamtakanna verði tryggður.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi)

8.10.2025

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Markmið laganna er að bregðast við auknu umfangi skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna sem ýtt hefur undir þenslu á húsnæðismarkaði og dregið úr framboði almenns leiguhúsnæðis.

Alþýðusamband Íslands styður frumvarpið og hvetur til þess að það nái fram að ganga en telur rétt að benda að hér er gengið mun skemur í takmörkun á skammtímaleigu en í mörgum borgum Evrópu sem glímt hafa við sambærileg vandamál. Að mati ASÍ hefði þurft að taka stærri skref sem myndu hafa mætt þeim bráðavanda sem nú ríkir á húsnæðismarkaði.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum sem felast einkum í tvennu. Annars vegar er heimagisting endurskilgreind og afmörkuð við lögheimili einstaklings og eina aðra fasteign í eigu viðkomandi utan þéttbýlis. Hins vegar eru rekstrarleyfi í íbúðarhúsnæði innan þéttbýlis gerð tímabundin til fimm ára.

ASÍ styður að heimagisting sé þrengd og miði við lögheimili einstaklings og eina fasteign utan þéttbýlis. Með því verði heimagisting færð nær tilætluðu markmiði um að gera einstaklingum kleift að leigja út sitt eigið húsnæði sem stendur tímabundið ónotað. Slík heimagisting stuðlar að betri nýtingu og getur gert einstaklingum kleift að afla tímabundið aukinna tekna.

Samhliða heimagistingu einstaklinga hefur orðið mikil aukning á skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis í atvinnurekstrarskyni, bæði á vegum einstaklinga og lögaðila. Þessi þróun hefur jafnframt ýtt undir ásælni fjárfesta í íbúðarhúsnæði, dregið úr framboði íbúðarhúsnæðis og ýtt undir þenslu á húsnæðismarkaði.

Líkt og nefnt er í greinargerð með frumvarpinu hefur þetta gert sveitarfélögum erfitt fyrir að samræma rekstrarleyfisskylda gististarfsemi við stefnu um landnotkun, byggðaþróun og byggðamynstur. Jafnframt er bent á dæmi þess að heilu íbúðarhúsin séu í raun rekin sem gistiheimili í húsnæði sem skilgreint er sem íbúðarhúsnæði.

Við þessu er brugðist með tímabindingu rekstrarleyfa til 5 ára. ASÍ telur vert að nefna að hér er ekki um bráðaaðgerð að ræða, áhrifin koma seint fram og alls óvíst hvort breytingin verði til að draga úr umfangi skammtímaleigu á íslenskum húsnæðismarkaði.

Að mati ASÍ væri eðlilegt að fella niður útgefin rekstrarleyfi eða stytta tímabindinguna verulega.

Frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sjálfskaparvíti. 88. mál.

17. 10. 2025

Alþýðusamband Íslands styður frumvarpið og leggur til að það verði að lögum. Sjónarmið ASÍ, sem komu fram í fyrri umsögn sambandsins þegar málið var lagt fyrir síðasta þing, eru óbreytt. Ákvæði sem frumvarpið leggur til að falli úr lögunum samræmist ekki hvernig litið er til fíknisjúkdóma í dag. Rökstuðningur frumvarpsins fer ágætlega yfir það. Viðbúið er að kallað verði eftir mati á áhrifum breytinga á stöðu lífeyrissjóða en með sömu rökum mætti rýna hin ýmsu atriði sem hafa áhrif á heilsufar

en fyrirgera ekki rétti á framreikningi örorkulífeyris. Alþýðusamband Íslands telur frumvarpið tímabæra uppfærslu á lögum um lífeyrissjóði og styður framgang þess.

Tillaga til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030, 115. mál

24.10.2025

Alþýðusamband Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030 sem og þeim áherslum sem þar birtast. Sambandið leggur mikla áherslu á að hugað verði að stöðu tekjulægri hópa og þeirra sem standa höllum fæti fjárhagslega við vinnuna, sér í lagi þeim hluta sem snýr að neytendavernd viðkvæmra hópa. Að mati Alþýðusambands Íslands er nauðsynlegt að fulltrúar stærstu fjöldahreyfíngar launafólks á Íslandi sem starfar að bættum kjörum og réttindum launafólks komi að þessari vinnu.

Frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki, 144. mál.

24.10.2025

Frumvarp þetta er endurflutt nær óbreytt frá því að það var lagt fram á síðasta þingi.

Alþýðusamband Íslands skilaði inn umsögn um málið þá[14] og einnig fyrri stigum[15], í tíð fyrri ríkisstjórnar. Sambandið ítrekar þær athugasemdir sem þar komu fram.

ASÍ hefur gagnrýnt breytingarnar fyrir að fela í sér ranga hvata, þar sem akstur smærri og sparneytnari ökutækja verður dýrari á meðan akstur eyðslumeiri ökutækja verður ódýrari. Ef frumvarpið verður samþykkt munu eigendur bifreiða undir 3,5 tonnum að þyngd greiða sama gjald (6,7 kr.) fyrir ekinn kílómetra.

Eigendur smábíla munu þannig greiða sama gjald og eigendur stórra jeppa. Þetta hefur þau áhrif að kostnaður eigenda smærri bíla mun í mörgum tilfellum vera hærri eftir breytingarnar en minni fyrir eigendur stærri bifreiða.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að frumvarpið stuðli að réttlátum umskiptum vegna þess að einstaklingar í lægri tekjuhópum eigi almennt eldri bifreiðar sem mengi að jafnaði meira á meðan hærri tekjuhópar eigi sparneytnari bifreiðar.

Þar sem skattlagning taki ekki lengur mið af eyðslu bíla heldur eknum kílómetrum muni áhrifin verða meiri á tekjuhærri hópa og þar með stuðla að réttlátum umskiptum.

Alþýðusamband Íslands bendir á að allar líkur séu á því að tekjulægra fólk sé líklegra til að eiga minni og eldri ökutæki en tekjuhærri hópar þar sem slíkir bílar eru almennt ódýrari.

Kílómetragjald sem leggst jafn þungt á fólksbifreiðar óháð þyngd er því ekki til þess fallið að styðja við tekjulægra fólk sem á smærri bifreiðar.

Stjórnvöld ráðist í aðgerðir til að auka samkeppni á eldsneytismarkaði

Eins og bent hefur verið á er hætta á að lækkun á eldsneytisverði vegna frumvarpsins skapi svigrúm til aukinnar álagningar olíufélaganna. Fákeppni ríkir á íslenskum eldsneytismarkaði og ber hegðun markaðsaðila þess skýr merki.

Það hafa athuganir verðlagseftirlits ASÍ og markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins ítrekað varpað ljósi á.

Mikilvægt er að veita aðhald á eldsneytismarkaði með verðlagseftirliti og rann-

14 https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-257.pdf
15 https://www.althingi.is/altext/erindi/155/155-429.pdf

sóknum og athugunum á aðstæðum á eldsneytismarkaði.

Verðlagseftirlit ASÍ hefur að undanförnu fylgst með útsöluverði eldsneytis og mun gera svo áfram með það að markmiði að veita olíufélögunum aðhald. Slíkt aðhald er mikilvægur liður í að styðja við samkeppni á markaði en einnig til að veita stjórnvöldum upplýsingar til að bregðast við.

Slíkar aðgerðir nægja þó ekki einar og sér.

Nauðsynlegt er að styrkja rekstrargrundvöll Samkeppniseftirlitsins til að það hafi bolmagn til að sinna aðhaldi á eldsneytismarkaði og ráðast í endurskoðun á íslenskum samkeppnisreglum en hvort tveggja hefur setið eftir í samanburði við nágrannalöndin.

Þá hvetur ASÍ stjórnvöld til að fara eftir þeim tilmælum sem Samkeppniseftirlitið hefur beint að stjórnvöldum og borgaryfirvöldum og ráðast í aðgerðir til að draga úr skaðlegum aðstæðum á eldsneytismarkaði.

ASÍ kallar jafnframt eftir því að stjórnvöld framkvæmi áhrifamat á áhrifum kerfisbreytinganna á verðlag en auk þess að geta leitt til hækkunar á bensínverði geta breytingarnar skapað þrýsting á verðlag hjá fyrirtækjum sem sjá fram á aukinn kostnað vegna breytinganna.

Tekjur verði nýttar til að jafna stöðu ólíkra hópa í orkuskiptunum

Fyrirhugaðar breytingar á tekjuöflun hins opinbera af bifreiðum og notkun þeirra með innleiðingu kílómetragjalds mun leiða til tekjuaukningar upp á 8 milljarða og mun tekjuauki vegna kolefnisgjalds nema um 3,1 milljarði.

Alþýðusamband Íslands kallar eftir því að íslensk stjórnvöld ráðstafi tekjum sínum af kolefnissköttum og uppboðum losunarheimilda í aðgerðir til að takast á við loftslagsvandann og nýti tekjurnar til að dreifa byrðunum af loftslagsvandanum og stuðla að réttlátum umskiptum.

Sé stjórnvöldum alvara með að stuðla að réttlátum umskiptum er nauðsynlegt að ráðist verði í sértækar aðgerðir sem stuðla að því að orkuskiptin verði til hagsbóta fyrir alla hópa óháð stöðu, búsetu eða tekjum.

Aðgerðir stjórnvalda undanfarin ár hafa helst nýst tekjuhærri hópum á meðan þeir hópar sem veikar standa hafa setið eftir.

Finna má fjölmörg fordæmi frá öðrum löndum um aðgerðir sem stuðla að því að orkuskiptin gagnist öllum hópum, bæti lífskjör þeirra og stuðli að jöfnuði. Mikilvægt er að þessum aðgerðum sé blandað saman þar sem þær styðja margar hverjar við hver aðra.

- Hraðari uppbygging hleðslustöðva með áherslu á staðsetningar sem nýtast þeim sem veikar standa í orkuskiptunum vegna stöðu, tekna og/eða búsetu.
- Styrkir til uppsetningar á rafhleðslustöðvum fyrir fjölbýlishús.
- Ívilnanir vegna kaupa á rafbílum verði beint að þeim hópum sem veikar standa í orkuskiptunum vegna stöðu, tekna og/eða búsetu.
- Aukin fjárfesting í bættum almenningssamgöngum og bættu aðgengi að þeim, svo sem með betra leiðakerfi, fleiri ferðum og lægri gjöldum.
- Aðgerðir sem styðja við uppbyggingu deilibílakerfis með félagslegum áherslum sem stuðla að aðgengi viðkvæmra hópa að því.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla (viðurkenning námsbrautalýsinga o.fl.), 154. mál.

24.10.2025

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur fylgst náið með framgangi þessa frumvarps og áður skilað umsögnum þar sem fram kom afstaða sambandsins um mikilvægi þess að styrkja starfsnám, skýra ábyrgð og tryggja gæði vinnustaðanáms.

Í ljósi áframhaldandi samráðs við stjórnvöld og þeirra sjónarmiða sem iðnfélög innan ASÍ hafa lagt fram í sínum umsögnum, telur ASÍ rétt að árétta fyrri afstöðu sambandsins og aðildarfélaga þess.

Umsagnir iðnfélaganna hafa með skýrum hætti bent á mikilvægi þess að tryggja raunhæfa verkaskiptingu milli skóla og vinnustaða, faglega ábyrgð meistara, og að orðalag laganna endurspegli jafnvægi, samstarf og gagnsæi í framkvæmd vinnustaðanáms.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þessar áherslur og ítrekar að lagasetningin verði að byggjast á virku samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, sveigjanleika í útfærslu og tryggu réttindakerfi nemenda.

Að öðru leyti vísar ASÍ til fyrri umsagna sinna.

Umsögn – skilað inn þann 30. apríl 2025:

Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla (þskj. 318, 282. mál)

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar framlagningu frumvarpsins og tekur undir markmið þess um að styrkja lagaumgjörð starfsnáms og skýra ábyrgð við framkvæmd vinnustaðanáms.

Frumvarpið felur í sér mikilvægar breytingar sem geta stuðlað að bættri tengingu náms og atvinnulífs, auk þess að tryggja réttindi nemenda og gæði námsins. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að lagaumgjörð og framkvæmd séu í senn skýr, einföld í framkvæmd og raunhæf fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

ASÍ ítrekar enn fremur þær athugasemdir sem gerðar voru í sameiginlegri umsögn sambandsins, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Samtaka atvinnulífsins fyrr í vetur varðandi sama mál.

Þar var bent á mikilvægi þess að skýra verkaskiptingu, tryggja samræmi milli laga og reglugerða og skapa sveigjanlegt en faglegt umhverfi fyrir mat á hæfni nemenda í starfsnámi.

Helstu atriði sem þar voru sérstaklega dregin fram voru meðal annars:

- Að ábyrgð allra hlutaðeigandi, framhaldsskóla, fyrirtækja og stofnana á framkvæmd vinnustaðanáms sé skýr og afmörkuð.
- Að raunfærnimat geti nýst sem raunhæf leið fyrir nemendur utan hefðbundins skólakerfis.
- Að samræmi ríki milli laga, reglugerða og verklags við mat á hæfni og að lagaumhverfi stuðli að auknu aðgengi að starfsnámi fyrir fjölbreyttan hóp nemenda.

Áherslur um ábyrgð, sveigjanleika og aðgengi að starfsnámi

ASÍ telur brýnt að ábyrgð skóla og vinnustaða sé skýrt afmörkuð í lögum. Hlutverk skólameistara, meistara á vinnustað og nemanda þarf að vera skýrt og samræmanlegt.

Ekki skal gengið út frá því að ábyrgð falli á skóla í málum sem eðlilega tilheyra ráðningarsambandi nemanda og vinnustaðar, líkt og gerð ráðningarsamninga eða rafræn ferilbók.

Sérstaklega er mikilvægt að virða þá sérstöðu iðnnáms sem lýkur með sveinsprófi, sem er þá formlegt lokamat.

Mikilvægt er að tryggja fjölbreytt og sveigjanlegt aðgengi að starfsnámi fyrir ólíka hópa nemenda. Það felur meðal annars í sér að efla kvöld-, dreif- og fjarnám og draga úr hindrunum eins og aldurstakmörkunum sem geta hamlað þátttöku fullorðinna einstaklinga á vinnumarkaði.

Í þessu samhengi gegnir raunfærnimat einnig lykilhlutverki sem leið fyrir fólk með starfsreynslu utan hefðbundins skólakerfis til að fá viðurkenningu fyrir hæfni sína og ljúka formlegu námi.

Frumvarpið þarf að tryggja að ákvæði um mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi heimili slíkar leiðir og takmarki ekki aðkomu annarra en skóla að matsferlinu.

Með hliðsjón af þessu telur ASÍ nauðsynlegt að huga sérstaklega að því hvernig ábyrgð og fyrirkomulag mats er orðað í 12. grein frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi málsliður bætist við 30. grein laganna:

„Mat á hæfni nemanda í vinnustaðanámi er í höndum iðnmeistara, fyrirtækis eða stofnunar, ***undir umsjón skólameistara***.“

ASÍ telur brýnt að þetta orðalag verði endurskoðað. Það verður að koma skýrt fram að „undir umsjón skólameistara“ feli ekki í sér einhliða ákvörðunarvald yfir mati á vinnustaðanámi.

Vinnustaðanám fer fram í ráðningarsambandi þar sem meistari og nemandi starfa saman, og því er eðlilegt að tryggja aðkomu stéttarfélags ef upp kemur ágreiningur milli nemanda og vinnustaðar um mat eða framkvæmd námsins.

Slíkt fyrirkomulag styður réttindi nemenda í starfsnámi, viðheldur trausti á ferlinu og tryggir jafnræði í framvindu námsins.

Þá er mikilvægt að orðalagið verði útfært þannig að það útiloki ekki fjölbreyttar leiðir við mat á hæfni, þar á meðal raunfærnimat.

Tryggja þarf að matsleiðir sem byggja á reynslu nemenda falli innan ramma laganna og nýtist sérstaklega í þeim tilvikum þar sem nám fer fram utan hefðbundins skólaumhverfis, s.s. í raunfærnimati.

Alþýðusamband Íslands styður því þau markmið sem frumvarpið byggir á og leggur áherslu á að framkvæmd vinnustaðanáms verði skýr, sveigjanleg og í takt við raunverulegar aðstæður á vinnumarkaði.

Nauðsynlegt er að tryggja að mat á hæfni nemenda geti farið fram með fjölbreyttum hætti, þar á meðal í gegnum raunfærnimat, og að lagaumgjörðin styðji við jafnt aðgengi og gæði starfsnáms á öllum skólastigum.

Frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar (launavísitala). Mál nr. 155, 157. löggjafarþing.

30.10.2025

ASÍ telur ekki þörf á að breyta lögum þannig að þróun almannatrygginga sé fest við launavísitölu. Aðferðin sem lögð er til með lagabreytingunni rúmast innan núverandi laga.

Alþýðusambandið styður afdráttarlaust stefnu hins opinbera um að uppræta fátækt og lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri lífeyrisþega.

Í samráðsferli síðastliðið vor birti félags- og vinnumarkaðsráðuneytið áform og drög að frumvarpi m.a. varðandi launavísitölutryggingu almannatrygginga og fyrir Alþingi var lagt frumvarp til laga sem Alþýðusambandið fjallaði um í umsögnum.

Sjónarmið ASÍ sem komu fram í fyrri umsögnum eiga eins við um frumvarpið sem er til umsagnar og eru því að hluta endurtekin í þessari umsögn.

Ástæða er þó sérstaklega til að gera athugasemd við umfjöllun um samráð í greinargerð.

Rétt er að benda Alþingi á að umfjöllunin um samráð er ekki lýsandi. Þar segir að „almennt kom fram stuðningur við áformin“ og að „horft var til þeirra sjónarmiða sem fram komu í þeim umsögnum sem bárust að svo miklu leyti sem þótti unnt“.

Hvorki voru umsagnir almennt stuðningur né eru dregin fram sjónarmið umsagnaraðila eða hvernig tillit var tekið til þeirra.

Alþýðusambandið styður markmið og telur eðlilegt að bætur almannatrygginga fylgi þróun lægstu launa til að tryggja að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum.

Í lögum um almannatryggingar 100/2007 segir í 62. gr um árlegar breytingar fjárhæða, að greiðslur almannatrygginga „skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“

Í núverandi löggjöf um almannatryggingar er því að finna ákvæði sem vinnur að sama marki og lagt er upp með í drögum að frumvarpi. Í framkvæmd hefur þó orðið svo að almannatryggingar fylgja launaþróun misvel.

Það að festa lífeyri almannatrygginga við þróun launavísitölu vekur upp spurningar bæði tæknilegs eðlis og hvort aðferðin þjóni markmiðum sínum.

Launavísitölutenging almannatryggingar getur leitt til þess að bætur almannatrygginga dragist aftur úr lágtekjuhópum eins og ASÍ hefur endurtekið vakið athygli á í umsögnum við fjárlög.

Alþýðusamband Íslands er reiðubúið að leggja sitt af mörkum að vinna að framgangi stefnuyfirlýsingar um að útrýma fátækt.

Óvíst er að launavísitölutenging almannatrygginga þjóni þeim tilgangi.

Að framansögðu leggur ASÍ til þess að frumvarpið verði ekki að lögum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um Stéttarfélög og vinnudeilur (staða og valdheimildir ríkissáttasemjara), 13.mál.

6.11 2025

Starfsemi og réttindi frjálsra verkalýðsfélaga

Starfsemi og réttindi frjálsra verkalýðsfélaga eru varin af stjórnarskrá Íslands, Mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98. Verkfallsrétturinn er óaðskiljanlegur hluti þessara réttinda. Allar breytingar sem gerðar eru á löggjöf á þessu sviði þarf því að vanda sérstaklega og gæta þess í hvívetna að ekki sé farið offari. Það hefur ekki verið gert.

Alþýðusamband Íslands er þeirrar skoðunar, nú sem fyrr, að þingmál sem varða grundvallarréttindi verkalýðshreyfingarinnar skuli unnin í samráði við báða aðila vinnumarkaðarins. Svo hefur ekki verið gert með það mál sem nú er flutt né önnur sambærileg mál á síðustu árum.

Hlutverk laga nr. 80/1938 er að tryggja vinnufrið og gilda þau í meginatriðum um almennan vinnumarkað. Verkföll hér á landi eru ekki algeng en athygli vekur að um 40% þeirra tilheyra opinberum vinnumarkaði, sem lýtur annarri löggjöf og telur um það bil þriðjung vinnumarkaðarins hér á landi, miðað við félagsmenn stéttarfélaga á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Frumvarpshöfundar leggja mikla áherslu á að aðlaga þurfi úrræði á íslenskum vinnumarkaði að vinnumarkaði annarra Norðurlanda. Það er lagt til þrátt fyrir að verulega skorti rannsóknir á því hvort betur takist þar til að afstýra verkföllum en hér á landi.

Sem dæmi má nefna að á árunum 2018–2023 töpuðust vegna verkfalla 16.700 vinnudagar í Svíþjóð, 560.000 í Noregi og 1.847.000 í Finnlandi. Áreiðanlegar tölur fyrir Ísland liggja ekki fyrir. Ef litið er til fjölda boðaðra vinnustöðvana eru tölurnar þó mjög svipaðar fyrir Ísland, Danmörku og Svíþjóð, eða um 500 á þessum sex árum. Hins vegar koma þær fæstar til framkvæmda hér á landi.

Þannig voru boðaðar 555 vinnustöðvanir á Íslandi á árunum 2018–2023, þar af 477 á árinu 2020, en einungis sjö komu til framkvæmda. Hagstofa Íslands birtir ekki tölur eftir árið 2006 en á tímabilinu frá 1996, þegar síðasta breyting á lögum nr. 80/1938 var gerð, til ársins 2006, þ.e. á ellefu árum, kom 41 verkfall til framkvæmda hér á landi og stóðu þau almennt ekki lengi.

Dæmi eru hins vegar um verkföll sem staðið hafa í tvö til þrjú ár á hinum Norðurlöndunum, svo sem vinnudeila sænsku verkalýðshreyfingarinnar við sölu- og þjónustuaðila Tesla-bifreiða.

Sé frumvarpinu þannig ætlað að bæta úr einhverjum vanköntum eða óvissu liggur einfaldlega ekki fyrir hvað það er sem bæta þarf. Að því er best verður séð er tilgangur frumvarpsins sá einn að veikja réttarstöðu launafólks og verkalýðsfélaga hér á landi.

Lög nr. 80/1938 mynda grundvöll undir samskipti aðila vinnumarkaðarins, hafa þjónað hlutverki sínu án áfalla um áratugaskeið og skapa traustan grundvöll undir skipulagðan íslenskan vinnumarkað til farsældar fyrir launafólk og atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar.

Tillögur um breytingar, unnar af hópi þingmanna án samráðs við verkalýðshreyf-

inguna og að því er virðist án nægilegrar þekkingar, eru fallnar til þess að raska sátt á vinnumarkaði og samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda hverju sinni.

Athygli er vakin á því að nánast eingöngu er vikið að skyldum stéttarfélaga og verkföllum þeirra, en nánast ekkert að skyldum atvinnurekenda og verkbannsheimildum þeirra. Það varpar skýru ljósi á tilgang frumvarpsins og það sjónarhorn sem haft er við samningu þess.

Eftirfarandi umsögn er ekki ætlað að leiðbeina Alþingi um breytingar á lögum nr. 80/1938. Þvert á móti er henni ætlað að leggja áherslu á hve viðkvæmt og flókið málið er og hve brýnt það er að sú venja verði virt að öll mál sem varða stjórnarskrárvarin grundvallarréttindi launafólks og verkalýðshreyfingar séu unnin í samráði og sátt.

Alþýðusamband Íslands leggst því eindregið gegn bæði efni og afgreiðslu þessa þingmáls.

Um 1. gr. Óheimilt að hefja vinnustöðvun eftir að miðlunartillaga er lögð fram

Sé vinnustöðvun hafin áður en miðlunartillaga kemur fram mun framlagning miðlunartillögu hvorki stöðva vinnustöðvunina né ónýta hana samkvæmt þessu ákvæði.

Athygli vekur að orðalag þeirrar breytingar sem lögð er til á 2. mgr. 29. gr., sbr. 7. gr. frumvarpsins, er annað. Samkvæmt því ákvæði er óheimilt að boða vinnustöðvun eftir að miðlunartillaga hefur „formlega“ verið lögð fyrir aðila. Enga skýringu er að finna í greinargerð á því hver munurinn sé á þessu tvennu, þ.e. að miðlunartillaga sé „lögð fram“ eða „formlega lögð fyrir aðila“.

Í greinargerð með 1. gr. og einnig í greinargerð með 7. gr., hvað varðar 2. mgr. 29. gr., er sérstaklega tekið fram að ákvæðin beri að skilja þannig að óheimilt sé að „viðhalda“ yfirstandandi vinnustöðvun eftir að miðlunartillaga kemur fram.

Sú viðbót á sér enga stoð í texta þeirra lagabreytinga sem frumvarpið geymir. Hún er skýrt dæmi um þau vinnubrögð sem frumvarpshöfundar viðhafa og birtir lögfræðilega vanþekkingu á tveimur óumdeildum staðreyndum: annars vegar að ákvæði laga sem takmarka mannréttindi eru túlkuð þröngt og samkvæmt orðanna hljóðan og hins vegar að áratugahefð er fyrir því að Félagsdómur beiti þröngri og beinni orðskýringu á lögum nr. 80/1938.

Um 2. gr. Sjálfstæði ríkissáttasemjara

Í almennum hluta greinargerðar um hlutverk og stöðu ríkissáttasemjara segir að tilgangur þessarar tillögu sé að gæta þess við skipun að afstaða hans sé óvilhöll.

Þessi tillaga er bæði óviðeigandi og óþörf. Hún breytir engu í gildandi rétti, þar sem ríkissáttasemjari er bundinn sömu skyldum og aðrir embættis- og starfsmenn ríkisins. Ákvæðið er því óþarft og mætti reyndar túlka þannig að ef ekki séu skýr fyrirmæli um sjálfstæði embættismanna ríkisins í lögum um viðeigandi embætti eða stofnun geti viðkomandi embættismenn tekið með lögmætum hætti við fyrirmælum frá „öðrum“.

Engin fordæmi eru fyrir ólögmætum afskiptum af starfi ríkissáttasemjara, sem er ekki einungis embættismaður ríkisins heldur einnig og ekki síður trúnaðarmaður aðila vinnumarkaðarins. Val hans fer fram í samráði við þá og á undanförnum áratugum hefur einungis einu sinni verið farið gegn ráðleggingum þeirra.

Um 3. gr. Sáttastörf og upplýsingar

Við 1. mgr. 22. gr. laganna er því bætt við að sáttameðferð skuli hafa að meginmarkmiði að liðsinna aðilum til þess að forðast deilur og tryggja frið. Líklega telja frumvarpshöfundar að vafi leiki á um hlutverk sáttasemjara, en hafi þetta ekki verið hlut-

verk ríkissáttasemjara kemur það verkalýðshreyfingunni verulega á óvart.

Ef greinargerð með 3. gr. er hins vegar lesin kemur þar fram að mikilvægur hluti vinnufriðar sé að tryggja að kjarabætur einstakra hópa verði ekki langt umfram aðra.

Þetta er ekki sáttameðferð heldur nýtt launalögregluhlutverk til handa ríkissáttasemjara, án þess að það sé tilgreint í lagatexta. Fái ríkissáttasemjari þetta hlutverk er sjálfstæði hans og möguleikum til þess að njóta trausts til að leysa úr deilum kastað fyrir róða.

Vísað er í þessu efni til hlutverks sáttasemjara á hinum Norðurlöndunum. Í almennum hluta greinargerðar með frumvarpinu segir:

„Ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, um hlutverk og ábyrgð ríkissáttasemjara eru mjög rýr í samanburði við vinnulöggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Eina hlutverk ríkissáttasemjara hér á landi er að annast opinber sáttastörf í vinnudeilum, en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur hann jafnframt það hlutverk að standa vörð um þá launastefnu sem mótuð hefur verið í fyrri kjarasamningum og koma þannig í veg fyrir óþarfaátök og höfrungahlaup á vinnumarkaði. Að mati frumvarpshöfunda er aðkallandi að ríkissáttasemjara sé fengið sambærilegt hlutverk."

Þetta er rangt og hafa ber í huga að samningalíkön Norðurlandanna og staða sáttasemjara eru mjög ólík.

Í skýrslu aðila vinnumarkaðarins frá 2013, *Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum*, segir á bls. 17:

„Norræna samningalíkanið byggir á því að ramminn um kjarasamningana er að mestu ákveðinn með samkomulagi heildarsamtaka á vinnumarkaði en ekki með löggjöf. Áratugum saman hafa verið í gildi samningar milli heildarsamtaka á vinnumarkaði um samskiptareglur og meðferð ágreiningsmála, oft nefndir aðalkjarasamningar. Þeir gilda bæði um almenna og opinbera markaðinn. Það er eindreginn vilji aðila á vinnumarkaði að kjör ákvarðist eins mikið og mögulegt er með kjarasamningum og sem minnst með löggjöf, og byggir á langri hefð og víðtækri þátttöku í samtökum atvinnurekenda og launafólks. Í öllum ríkjunum eru í gildi lög um félagsdóm og sáttastörf í vinnudeilum. Náið samstarf er haft við aðila vinnumarkaðarins um breytingar á löggjöf sem varðar vinnumál."

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð ná aðilar samkomulagi um það sem stundum er kallað svigrúm til launabreytinga. Á grundvelli þess næst að jafnaði samkomulag um ráðstöfun svigrúmsins, sem getur verið með ýmsum hætti, til dæmis þannig að sumir hópar fá meira en aðrir, svo sem konur í láglaunastörfum, auk þess sem hluti svigrúmsins er ætlaður vinnustaðasamningum á einstökum vinnustöðum.

Hvernig slíku samkomulagi er síðan framfylgt ef allir eru ekki sáttir er ólíkt eftir löndum. Til dæmis er það gert þannig í Danmörku að stærstu samtökin ná samkomulagi og setja á það stafina sína en undirrita ekki. Það fer ofan í skúffu hjá sáttasemjara sem gefur þeim aðilum sem utan standa tækifæri í nokkrar vikur til þess að ná samkomulagi. Náist það er undirritað en náist það ekki er útbúin miðlunartillaga sem fer í sameiginlega atkvæðagreiðslu þvert á öll samtök á vinnumarkaði, hvort sem þau eiga saman í deilu eða ekki.

Í Noregi fá þau samtök sem ekki vilja una niðurstöðu, eftir að árangurslausar viðræður hafa átt sér stað með aðkomu sáttasemjara, einfaldlega ekki tíma hjá sáttasemjara. Jafnframt ber að hafa í huga að boðun verkfalls er til dæmis hluti viðræðuáætlunar í Danmörku, þ.e. ákveðið er við lok hvers kjarasamnings hvenær verkföll skuli hefjast þegar næsti samningur rennur út.

Þetta skapar mikinn þrýsting því verkföll geta orðið mjög víðtæk ef ekki tekst að ljúka endurskoðun áður en kjarasamningur rennur út. Þessi ólíku vinnubrögð byggja að mestu á samkomulagi aðila, eins og fyrr segir, en ekki löggjöf.

Hvergi á Norðurlöndunum er ríkissáttasemjara falið það vald sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins. Eins og átti við um 1. gr., hvað varðar texta greinargerðar og samhengi lagatexta 3. gr., er ekkert samhengi þar á milli og ákvæðið því næsta marklaust.

Í viðbót við 3. mgr. 22. gr. er lagt til að ríkissáttasemjari safni gögnum um launaþróun, fjölda vinnustöðvana og undirstöður launamyndunar. Gagnaöflun um launaþróun og undirstöður launamyndunar er nú þegar framkvæmd og birt af Hagstofu Íslands og kjaratölfræðinefnd.

Því miður virðist Hagstofa Íslands hafa hætt eftir árið 2006 að safna og birta upplýsingar um vinnustöðvanir og ríkissáttasemjari hefur ekki birt slíkar upplýsingar formlega eftir árið 2020. Ákvörðun um vinnustöðvun ber hins vegar, samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938, að tilkynna til ríkissáttasemjara og því liggja fyrir gögn um boðaðar vinnustöðvanir hjá embættinu.

Í 2. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands segir:

„Hagstofan skal ákveða hagskýrsluverkefni og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar til stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila."

Lagabreytingu þarf því ekki til þess að þessara gagna verði aflað og þau birt, heldur einföld fyrirmæli stjórnvalda.

Um 4. gr. Samninganefndir

Tillagan er sögð gerð til þess að gæta samræmis við ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Svo vill til að sagan er einungis sögð til hálfs.

Í 3. gr. laga nr. 94/1986 eru ákvæði um samninganefndir ríkis og sveitarfélaga og um tilkynningu um þær. Í 4. gr. þessa frumvarps eru þessar skyldur hins vegar einungis lagðar á stéttarfélögin en ekki samtök atvinnurekenda, líkt og lög nr. 94/1986 gera.

Um langt skeið hefur verkalýðshreyfingin gagnrýnt samtök atvinnurekenda fyrir að undirmanna samninganefndir sínar. Í reynd eru það örfáir einstaklingar sem bera ábyrgð á og leiða allar viðræður fyrir þeirra hönd, með þeim afleiðingum að ómögulegt er að koma á samningafundum, hvort sem er fyrir eða eftir að formleg sáttameðferð hefst.

Í því felst bæði vanvirðing og að deilur dragast úr hófi, sem oftar en ekki kallar á undirbúning verkfallsboðunar sem virðist á stundum eina leiðin til þess að ná raunverulegu samtali.

Fjórða grein frumvarpsins samræmir því hvorki reglur á almennum og opinberum vinnumarkaði né bætir nokkru við þá starfshætti sem tíðkast hafa, þar sem skipan samninganefnda er skýr samkvæmt lögum stéttarfélaganna og engin vandamál hafa verið tengd við upplýsingaskort um skipan þeirra.

Tillagan er því enn eitt dæmið um forkastanleg vinnubrögð og þekkingarleysi frumvarpshöfunda.

Um 5. gr. Takmarkanir á efni miðlunartillagna og krafna

Í 1. tölul. er kveðið á um að miðlunartillaga megi aldrei vera samhljóða kröfum samningsaðila á þeim tímapunkti sem hún er kynnt. Samkvæmt greinargerð er tilgangurinn með þessu að binda í lagatexta viðurkennda og eðlilega orðskýringu hugtaksins miðlun.

Ákvæðið bætir því engu við gildandi rétt, þó skynsamlegt kunni að vera að skerpa á þessum skilningi. Lagatextinn fjallar hins vegar ekki um það efni heldur felur í sér einfalda takmörkun á heimildum ríkissáttasemjara.

Í fyrsta lagi leggja atvinnurekendur ekki fram formlega kröfugerð heldur einfalda höfnun á gerðum kröfum, þó ýmislegt verði til í formlegum og óformlegum viðræðum og á oft að fara leynt enda staðan gjarnan flókin og viðkvæm.

Í öðru lagi, þegar reynt hefur á miðlun, hefur staðan á stundum verið sú að niðurstaðan er í reynd fengin en tregða er til staðar hvað undirritun varðar. Niðurstaðan kann að vera í samræmi við kröfur annars hvors aðila og til þess fallin að leysa úr deilu, en með þessu ákvæði er ríkissáttasemjara bannað að leggja fram niðurstöðu sem hann veit að mun leysa deiluna.

Í 2. tölul. er lögð til veruleg takmörkun á frelsi stéttarfélaga og launalögregluhlutverk ríkissáttasemjara, sem áður var fjallað um, er styrkt. Ákvæðið felur einnig í sér verulega mismunun.

Helstu veikleikar gildandi miðlunarheimilda eru þeir að aðilar verða að eiga saman í deilu, þ.e. bannað er að miðla með einni tillögu í mörgum deilum, og einnig að ekki er hægt að miðla milli almenns og opinbers vinnumarkaðar. Tillagan bætir ekki úr þessum veikleikum.

Kjarasamningarnir 2019 og 2024 eru nefndir sem dæmi um stefnumótandi kjarasamninga og nokkur rök eru fyrir því. Hins vegar er alveg ljóst að verkalýðsfélög munu forðast að bindast með formlegum hætti í stór kjarasamningsbandalög ef með því er launalögregluhlutverk fært í hendur ríkissáttasemjara og ýtt undir beitingu miðlunarheimilda gagnvart þeim verkalýðsfélögum sem utan slíkra bandalaga standa. Slíkt myndi svipta þau stjórnarskrárvörðum samningsrétti.

Um 6. gr. Frestunarheimildir ríkissáttasemjara

Nái breyting þessi fram að ganga fær ríkissáttasemjari heimild til þess að fresta vinnustöðvun sem þegar hefur verið boðuð, ekki með því að leggja fram formlega miðlunartillögu heldur ef hann er að hugleiða að leggja hana fram eða telur að viðræður undir hans forsæti, sem hingað til hafa engu skilað, kunni að geta skilað árangri ef kallað verði til fundar í snatri.

Þetta er hins vegar ekki kjarni málsins enda er það atriði býsna rýrt, bæði praktískt og lögfræðilega. Kjarni málsins er að heimild hans er bundin við „almannahagsmuni“ sem í greinargerð eru sagðir lúta að öryggi fólks og efnahagslegum afleiðingum.

Alþingi hefur í nokkrum tilvikum sett lög á verkföll. Af því tilefni hefur íslenska ríkið sætt gagnrýni fyrir brot á grundvallarréttindum launafólks.

Íslenska ríkið bar fyrir sig efnahagslega hagsmuni í kærumálinu nr. 2170 þar sem ASÍ kærði lagasetningu í vinnudeilu sjómanna til ILO. Í málsgrein 891 í niðurstöðunni segir:

„Even if it considers that a work stoppage in the fishing industry can have important consequences on the economy, the Committee considers that such a stoppage does not endanger the life, personal safety or health of the whole or part of the population. For all these reasons, and while noting that the Act gave another two weeks to the parties to reach an agreement before the arbitration process would be set in motion, the Committee considers that the process set up by the law is not consistent with the principle of free and voluntary bargaining. The Committee makes this conclusion with concern since the arbitration body was to decide on the duration of the applicability of the collective agreement reached by the VSFI and the LIU to members in particular of FFSI and SSI.“

Í c-lið 894. málsgreinar var íslenska ríkinu boðin aðstoð til þess að forða inngripum inn í verkföll á grundvelli efnahagslegra raka. Þar segir:

„Deploring that numerous similar cases infringing the provisions of Conventions Nos. 87 and 98 occurred in the past, the Committee requests the Government to change the national machinery and procedures concerning collective bargaining to avoid repetitive legislative interventions in the collective bargaining process in the future; the Committee draws the attention of the Government to the availability of the Office's technical assistance."

Augljóslega hafa þingmenn ekki kynnt sér þessar niðurstöður né margar sambærilegar niðurstöður gagnvart öðrum ríkjum við undirbúning þess þingmáls sem nú er veitt umsögn um. Inngrip af þeim toga sem lögð eru til eru einungis réttlætanleg samkvæmt þeim alþjóðalögum sem Ísland er bundið af ef og aðeins ef lífi, öryggi einstaklinga eða heilsu landsmanna er ógnað.

Um 7. gr. Afgreiðsla miðlunartillögu

Efnislega er hér um að ræða sömu breytingar og lagðar voru til í frumvarpi sem lagt var fram sem 24. mál á 155. þingi, þó þannig að margir þeir annmarkar sem þá var bent á hafa verið lagfærðir.

Fyrr í þessari umsögn hefur verið bent á að bann við boðun verkfalls felur ekki í sér að verkfalli sem hafið er verði ekki framfylgt. Sjá umsögn um 1. gr.

Að lokum skal ítrekað að Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn bæði efni og afgreiðslu þessa þingmáls, sem það telur bæði fela í sér brot gegn réttindum frjálsrar verkalýðshreyfingar og geta raskað verulega vinnufriði og samskiptum á íslenskum vinnumarkaði.

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuviðskipti), 191. mál

12.11.2025

Með frumvarpi þessu leitast stjórnvöld við að setja starfsemi viðskipta með raforku lagalegan ramma þar sem hlutverki og skyldum þeirra sem fara með slíka starfsemi eru settar skorður og mælt er fyrir um eftirlit með viðskiptum með raforku. Lagaumgjörð sem tryggir gagnsæi og góða viðskiptahætti á markaði er nauðsynleg og ASÍ styður slíka viðleitni.

ASÍ gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- ASÍ styður við lagaumgjörð sem stuðlar að góðum viðskiptaháttum en leggur áherslu á virkt eftirlit til að framfylgja því.
- Frumvarpið felur ekki í sér nein ákvæði sem verja heimili og smærri fyrirtæki fyrir verðhækkunum á raforku sem frjáls markaður í lokuðu raforkukerfi getur hæglega leitt til.
- Ekki er ljóst hvort eða að hvaða leyti frumvarpið taki mið af sérstöðu íslensks raforkumarkaðar og hver áhrif frumvarpsins verða á samfélag og efnahagslíf.
- Í frumvarpinu er kveðið á um að bann við markaðsmisnotkun eða tilraun til markaðsmisnotkunar gildi ekki ef aðili sýni fram á lögmætar ástæður sem samræmast „viðurkenndri markaðsframkvæmd". ASÍ gerir athugasemdir við slíka undanþágu en með öllu er óljóst hvaða tilgangi hún þjónar eða hvað sé í raun verið að heimila. Heimildin er ekki hluti af REMIT. Ákvæðið geti opnað fyrir háttsemi á markaði

sem hafi skaðleg áhrif á notendur.
- ASÍ tekur undir athugasemdir Landsvirkjunar við frumvarpið og kallar eftir því að heildstætt mat verði framkvæmt á áhrifum frumvarpsins, áður en það verður samþykkt.

Óljós áhrif af nýju ákvæði um „viðurkennda markaðsframkvæmd“

Í frumvarpinu (20. gr. f og 20. gr. e) er kveðið á um að bann við markaðsmisnotkun eða tilraun til markaðsmisnotkunar gildi ekki ef aðili sýni fram á lögmætar ástæður sem samræmast „viðurkenndri markaðsframkvæmd“. Í framhaldinu er skilgreint hvað telst til „viðurkenndrar markaðsframkvæmdar“ og er Raforkueftirlitinu falið að „líta til“ þessarar skilgreiningar við mat sitt.

ASÍ bendir á að nýtt ákvæði um að háttsemi teljist ekki markaðsmisnotkun ef hún fellur undir „viðurkennda markaðsframkvæmd“ felur í sér grundvallarbreytingu á eðli frumvarpsins sem ekki hefur hlotið efnislega umræðu.

Að mati ASÍ virðist ákvæðið fela í sér undanþáguheimild um „viðurkennda markaðsframkvæmd“ sem gæti gert stórum markaðsaðilum kleift að bera fyrir sig að ákveðin háttsemi sé lögmæt, þrátt fyrir að hún hafi skaðleg áhrif á notendur.

Umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er afar rýr. Í greinargerðinni kemur fram að í REMIT reglugerðinni sé gert ráð fyrir slíkri undantekningarreglu en ekki sé skýrt nánar hvað felist í viðurkenndri markaðsframkvæmd.

Í leiðbeiningaefni ACER og MAR sé þó að finna nánari afmörkun á hugtakinu sem sé stuðst við í frumvarpinu. Að mati ASÍ væri æskilegt að skýra betur hvaða þýðingu leiðbeiningar ACER og reglur sem gilda á fjármálamörkuðum samkvæmt MAR eiga að hafa við mótun íslenskra raforkulaga.

Slíkar leiðbeiningar eru ekki bindandi réttur og ekki hluti af REMIT-skuldbindingum Íslands, og því er mikilvægt að rökstyðja nánar af hverju telja beri að þær eigi við í þessu samhengi.

ASÍ telur því nauðsynlegt að rökstutt verði sérstaklega hvort og hvers vegna þessi undanþága er nauðsynleg við innleiðingu REMIT og hvaða áhrif það hefur að festa slíkt ákvæði í lög.

Mikilvægt er að rýna hvort sambærileg ákvæði hafi verið bundin í lög annars staðar á EES-svæðinu. ASÍ telur að ákvæðið eins og það er fram sett geti verið til þess fallið að grafa undan markmiðum frumvarpsins um gagnsæi, fyrirsjáanleika og vernd gegn markaðsmisnotkun.

ASÍ vill jafnframt benda á að umfjöllun í greinargerð frumvarpsins um fleiri lykilákvæði er fremur takmörkuð. Þegar lög fela í sér ný hugtök eða háttsemi sem ætlað er að vera grundvöllur fyrir túlkun, beitingu og eftirliti af hálfu stjórnvalda er mikilvægt að greinargerð skýri rök, tilgang og eðli viðkomandi ákvæða með skýrum hætti.

Greinargerð er eitt helsta lögskýringargagn löggjafans og því ætti hún að veita skýra leiðsögn um hvernig meta beri og túlka einstök atriði laganna í framkvæmd.

Almenningur og smærri fyrirtæki óvarin gagnvart verðhækkunum á raforku

Alþýðusamband Íslands telur ríka ástæðu til að undirstrika þá staðreynd að **raforka er nauðsynjavara** og lagaumgjörð um ráðstöfun raforku verður að taka mið af því. Raforka er ekki dæmigerð markaðsvara og óheftur raforkumarkaður þjónar hvorki hagsmunum heimila né fyrirtækja.

Sveiflur í verði raforku geta þannig haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu heimila og samkeppnisstöðu fyrirtækja. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er

Ísland frábrugðið öðrum Evrópulöndum að því leyti að raforkukerfi þess er ekki tengt öðrum löndum.

Þetta þýðir að sveiflur í framboði, til dæmis vegna veðurfars eða vatnsstöðu í lónum, geta haft bein og langvarandi áhrif á verð og framboð til almennings og atvinnulífs.

Ólíkt evrópskum markaði er framboð raforku óteygið til skemmri tíma, og því leiða verðhækkanir ekki til þess að framleiðendur geti auðveldlega brugðist við með auknu framboði við ákveðnar aðstæður.

Í ályktun 46. þings ASÍ var skýrt ákall um að orkuöryggi almennings og smærri fyrirtækja verði tryggt og að almenningur búi við lágt og stöðugt raforkuverð.

Verð á raforku hefur hækkað um 47% frá byrjun árs 2020 og er sú þróun til marks um að stjórnvöldum hafi mistekist að búa til kerfi sem tryggir heimilum raforku á viðráðanlegu verði.

Hækkanir á raforkuverði má m.a. rekja til aukinnar eftirspurnar stórnotenda eftir raforku1 og er fyrirkomulag markaðarins eða skortur á viðeigandi lagaumgjörð utan um hann því þegar farin að hafa neikvæð áhrif á heimili og smærri fyrirtæki.

Í tilskipun Evrópusambandsins kemur fram að ríkjum er heimilt að skylda raforkufyrirtæki til að sinna opinberri þjónustu í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna.

Þá er mælt með að ríkin skuli tryggja öllum heimilisnotendum alþjónustu, þ.e. rétt á að fá afhenta raforku af ákveðnum gæðum á sanngjörnu verði sem er gagnsætt, auðveldlega samanburðarhæft og felur ekki í sér mismunun.

Þrátt fyrir að Ísland hafi samþykkt og innleitt orkupakka Evrópusambandsins eru því ríkar heimildir innan hans til þess að tryggja orkuöryggi og verðvernd fyrir heimili og smærri fyrirtæki.

Frumvarpið skautar fram hjá þessum staðreyndum og leggur ofuráherslu á virkni markaðarins á kostnað samfélagslegra markmiða.

Engin ákvæði eru í frumvarpinu sem tryggja að heimili og smærri fyrirtæki njóti verndar gagnvart miklum verðhækkunum á raforku eða að tryggt sé aðgengi að raforku á viðráðanlegu verði.

Ráðist verði í áhrifamat á áhrifum frumvarpsins á samfélag og efnahag

Alþýðusamband Íslands leggur jafnframt ríka áherslu á að Raforkueftirlitinu, sem fer með eftirlit samkvæmt raforkulögum og fær með frumvarpinu aukið og umfangsmeira hlutverk, sé sniðinn stakkur eftir vexti.

Tryggja þarf að það hafi bæði nægan mannafla og fullnægjandi heimildir og úrræði til að sinna eftirlitinu með skilvirkum og trúverðugum hætti.

Frumvarpið markar mikilvægt skref í mótun lagaramma utan um viðskipti með raforku. Í ljósi þess hve veigamikil áhrif slík löggjöf hefur á samfélag og efnahag, lífskjör almennings og rekstrarumhverfi fyrirtækja, telur ASÍ brýnt að framkvæmt verði heildstætt mat á mögulegum áhrifum frumvarpsins, áður en það verður samþykkt.

Að lokum vill ASÍ undirstrika að löggjöf um viðskipti með raforku verði að byggja á þeirri forsendu að raforka sé **nauðsynjavara og hluti af grunnþjónustu við almenning og þjóðhagslega mikilvæg auðlind** — ekki einungis markaðsvara. **Öruggt aðgengi að raforku á viðráðanlegu verði** er ein grundvallarforsenda góðra lífskjara, velferðar almennings og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum (orkuöflunarstefna, aukin skilvirkni o.fl.), 229. mál.

25.11.2025

Helstu atriði umsagnar:

- ASÍ styður skilvirkari stjórnsýslu á sviði orkumála og langtímastefnu um nýtingu og vernd auðlinda.
- Sambandið telur óljóst hvort rétt sé að binda í lög skyldu til reglubundinnar fjögurra ára stefnumótunar um öflun raforku.
- Sambandið hefur ávallt stutt faglegt ferli rammaáætlunar og talið mikilvægt að ákvarðanir um vernd og orkunýtingu séu teknar á grundvelli faglegra sjónarmiða.
- Mikilvægt er að lögin styðji og verndi faglegt og óháð mat rammaáætlunar, sem er grundvöllur þess að hámarka þjóðarhag við vernd og nýtingu auðlinda.
- ASÍ gerir athugasemd við styttingu á tímafresti faghópa (úr 24 mánuðum í 12 mán.). Sambandið telur breytinguna varhugaverða þar sem stytting getur dregið úr gæðum faglegs mats og jafnvel gert það ómögulegt þegar skortur er á gögnum eða þörf á frumrannsóknum.
- ASÍ telur marga þætti frumvarpsins líklega til að bæta skilvirkni, án þess að þrengja faglega vinnu faghópanna.

Stefna stjórnvalda um öflun raforku (11. gr.)

Alþýðusamband Íslands telur jákvætt að stjórnvöld hyggist ráðast í lagabreytingar sem miða að því að stuðla að skilvirkara ferli rammaáætlunar. Sambandið er fylgjandi því að ráðherra setji fram langtímastefnu um nýtingu og vernd auðlinda þar sem langtímasýn stjórnvalda kemur fram. Slík stefna getur skapað mikilvægan fyrirsjáanleika og stöðugleika. Að mati sambandsins er þó vafi undir því hvort binda eigi slíka stefnumótun í lög. Með því væru hendur framkvæmdavaldsins bundnar og svigrúm ráðherra til að móta stefnu í orkumálum á grundvelli breyttra aðstæðna, nýrrar þekkingar eða breyttra samfélagslegra áherslna takmarkað verulega. Í greinargerð með frumvarpinu kemur einmitt fram að stefnumörkun um orkuöflun hljóti að velta á pólitískri afstöðu og verðmætamati. Með hliðsjón af því er að mati sambandsins ekki heppilegt að festa slíka pólitíska ákvarðanatöku í lög, heldur ætti hún fremur að fara fram með þeim sveigjanlega hætti sem þingsályktanir og almenn stefnumótun stjórnvalda bjóða upp á.

Orkuvinnsla hefur lagt grunn að verðmætasköpun og mikilvægum útflutningstekjum síðustu áratugi og stutt við atvinnulíf, ekki síst á viðkvæmum svæðum. Í greinargerð með frumvarpinu er stefna um orkuöflun tengd við aðra stefnumótun stjórnvalda, þ.á m. atvinnustefnu og byggðastefnu. Hafa verður í huga að íslenskt orkukerfi bauð áður upp á meiri miðstýringu í þágu atvinnuuppbyggingar og samfélagslegra markmiða en það gerir nú. Það er ekki sjálfgefið að ákvarðanir á markaðsforsendum leiði til þess að orkuvinnsla skili sér í verkefni og atvinnuuppbyggingu sem samfélagsleg sátt ríkir um. Alþýðusamband Íslands bendir á að stuðningur samfélagsins við aukna orkuöflun veltur á því hvernig orkan er nýtt og hver ábati almennings er af nýtingunni.

Orkuöflun greiðir götu orkuskipta auk þess að geta ýtt undir verðmætasköpun og skapað störf, en ríkir þjóðhagslegir hagsmunir felast einnig í vernd – bæði efnahags-

og umhverfislegir – sem gæta þarf í senn. Sérstaða Íslands vegna gnægðar endurnýjanlegrar orku er mikil en hún felst ekki síður í óspilltri náttúru sem myndar 43% allra ósnortinna víðerna í Evrópu og sem verða sífellt verðmætari vegna aukins ágangs á landsvæði víða um heim. Breytingar sem eru til þess fallnar að stjórnvöld geti, samhliða þeim breytingum sem frumvarp þetta felur í sér, ráðist í frekari úrbætur sem styrkja vernd og sjálfbæra nýtingu landsvæða eru því fagnaðarefni. Eins og kemur fram í skýrslu þeirri sem frumvarp þetta byggir á, þar sem fjallað er um rammaáætlun Norðmanna, sem er fyrirmynd íslensku rammaáætlunarinnar, var ráðist í umfangsmikla vernd landsvæða í Noregi áður en rammaáætlun var sett á fót. Alþýðusamband Íslands er fylgjandi því að ráðist verði kerfisbundið í að skilgreina verndarsvæði landsins og styður lagabreytingar sem stuðla að slíkri vernd.

Rammaáætlun taki mið af stefnu stjórnvalda um öflun raforku (4. gr. (f))

Alþýðusamband Íslands bendir á að ákvæðið um að rammaáætlun skuli taka mið af stefnu stjórnvalda um öflun raforku er óskýrt. Óljóst er hvernig rammaáætlun á að endurspegla slíka stefnu við flokkun virkjanahugmynda eða hvað það nákvæmlega felur í sér. Hætta er á að ákvæðið geti skapað óeðlilegan þrýsting á ferli rammaáætlunar sem hefur það að markmiði að flokka virkjanakosti út frá langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati. Að mati sambandsins er eðlilegt að ferli um vernd og nýtingu byggi áfram á faglegu, gagnsæju og langtímamiðuðu mati á umhverfi, samfélagi og efnahag. Pólitískar áherslur um orkuöflun eigi að koma í framhaldi, þegar flokkun og faglegt mat rammaáætlunar liggur fyrir, en án þess að vegið sé að mati ferlisins sjálfs.

Tímafrestir (9. gr.)

Alþýðusamband Íslands gerir athugasemdir við ákvæði um tímafresti þar sem segir að vinnslutími einstakra tillagna hjá faghópum skuli að jafnaði ekki vera lengri en 12 mánuðir nema verkefnisstjórn fallist á annað. Ekki er ljóst af hverju er miðað við þennan tíma og hvað næst fram með því að setja frest á vinnu faghópa verkefnisstjórnar. Þó ákvæðið gefi rými fyrir lengri úrvinnslutíma, að því gefnu að verkefnisstjórn fallist á það, setur það vinnunni strangari ramma.

Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um rammaáætlun, sem frumvarp þetta byggir að stóru leyti á, kom fram að þær tafir sem orðið hafa á afgreiðslu tillagna verkefnisstjórnar megi að mestu rekja til þinglegrar meðferðar og mögulega sveitarstjórna, ekki vinnu faghópanna. Í skýrslunni kemur fram að framvinda og hraði vinnu faghópanna verði helst fyrir áhrifum af skorti á fyrirliggjandi gögnum og stundum þurfi að ráðast í frumgagnaöflun, úrvinnslu, greiningu og rannsóknir sem geti reynst tímafrekt en ekkert kemur fram um óeðlilegar tafir á vinnu faghópanna. Í raun er tekið fram að meðal helstu kosta rammaáætlunar sé að starf verkefnisstjórnar og vinna faghópa hafi stuðlað að mikilvægum rannsóknum. Í skýrslunni kemur ýmislegt gagnlegt fram en umfjöllun um hvað tryggi faglegt mat á virkjanakostum og hvað megi bæta í því samhengi er afar takmörkuð.

Að mati ASÍ er það ekki hafið yfir vafa að tímafrestir þessir komi niður á faglegu mati á virkjanakostum sem er grundvallarforsenda þess að hámarka margvíslegan og ólíkan ábata þjóðarinnar af vernd og nýtingu auðlinda og þjóna almannahagsmunum. Því telur sambandið mikilvægt að ferli rammaáætlunar sé ekki þrengt með tímapressu sem getur grafið undan gæðum gagna og rannsókna, heldur að skilvirkni og faglegum vinnubrögðum sé náð samhliða nægilegum tíma til vandaðrar og traustrar

úrvinnslu. Önnur ákvæði frumvarpsins, sem beinast að helstu flöskuhálsum í ferlinu, eru að mati sambandsins fullnægjandi til að auka skilvirkni þess, auk þess sem þau byggja á greiningu starfshópsins um hvað raunverulega hefur valdið töfum í meðferð rammaáætlunar.

Breytingar á lögum um vernd og nýtingu styðji við langtímahagsmuni og standist tímans tönn

Að lokum ber að nefna að fjölmargir stórir virkjanakostir eru nú þegar í nýtingarflokki og undirbúningur er hafinn við virkjun margra þeirra. Frumvarpið er ekki til þess fallið að hafa áhrif á öflun raforku til skemmri tíma. Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum sem munu hafa áhrif á alla ákvarðanatöku um vernd og orkunýtingu hér eftir. Tryggja verður að breytingar á lögunum standist tímans tönn og séu til þess fallnar að stuðla að því að almannahagsmunir ráði för við vernd og nýtingu auðlinda, til lengri og skemmri tíma.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (eingreiðsla til elli og örorkulífeyrisþega), 236. mál.

28.11.2025

Alþýðusamband Íslands hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, mál nr. 236. Í frumvarpinu er lagt til að endurtaka sérstaka eingreiðslu, aðgerð stjórnvalda frá tíma heimsfaraldurs. Áhrif aðgerðarinnar á ríkissjóð eru metin 2 milljarðar skv. greinargerð frumvarpsins. Tilefni lagasetningar er sögð að lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri lífeyrisþega. Það sem af er árinu hafa rúmir 73 þúsund lífeyrisþegar fengið lífeyri frá Tryggingastofnun skv. gagnvirkri tölfræði á heimasíðu stofnunarinnar. Í greinargerð frumvarpsins er áætlað að rúm 37 þúsund fái eingreiðslu verði frumvarpið að lögum, ríflega helmingur þeirra sem hafa fengið greiðslur frá Tryggingastofnun á árinu. Þá er áætlað að um 17 þúsund, tæpur fjórðungur lífeyrisþega ársins, fái fulla eingreiðslu. Í greinargerð frumvarps er vísað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar um að grípa til aðgerða til að lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri lífeyrisþega. Frumvarpið samræmist vart því markmiði í ljósi þess til hve stórs hluta lífeyrisþega frumvarpið nær til. Alþýðusamband Íslands vekur athygli á þessu ósamræmi markmiða með frumvarpinu og hvað felst í frumvarpinu verði það að lögum. Sökum þess hve almenn aðgerðin er og umfangsmikil vakna einnig spurningar um markvissa ráðstöfun almannafjár.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris o.fl.), 269. mál.

5.12.2025

- Að leggja af stjórn Tryggingastofnunar er óráðlegt að mati ASÍ, betur færi á því að skilgreina hlutverk stjórnar frekar og rýna hvernig hún er skipuð.
- Æskilegt væri í kjölfar greiningar að rýna heildstætt hvernig bæta megi kjör þeirra sem eiga takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum þegar komið er að ellilífeyrisaldri, hætt er við því að framlenging aldursviðbótar inn á tímabil ellilífeyris búi til nýja mismunun.

- Hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris er ekki markviss leið til að uppræta fátækt og lyfta greiðslum til tekjulægri ellilífeyrisþega. Þeir 5,6 milljarðar króna sem hækkun frítekjumarks er metin upp á renna ekki til tekjulægstu hópsins.
- ASÍ gerir ekki athugasemdir við þær greinar frumvarps sem tryggja skýrari lagastoð fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við framkvæmd á nýju kerfi örorku- og endurhæfingarlífeyris.

Alþýðusamband Íslands hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, mál nr. 269. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið birti áður í samráðsgátt drög að frumvarpi um hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris almannatrygginga, aldursviðbót og vinnslu persónuupplýsinga. Atriði frumvarpsins hafa áður komið til umsagnar hjá ASÍ, bæði gegnum samráð ráðuneytis og frá Alþingi. Í umfjöllun frumvarps um samráð er ekkert komið inn á sjónarmið umsagnaraðila (nú síðast ASÍ, SA, Þroskahjálp og ÖBÍ), eða hvort og hvernig tillit var tekið til þeirra, hvorki frá því þegar atriði í frumvarpi voru til umsagnar í ráðuneyti né umsögnum frá því málin voru í meðförum Alþingis síðastliðið vor. Um samráð segir í greinargerð frumvarps að í ljósi stefnuyfirlýsingar leiddi samráð ekki til breytinga á efni frumvarps en ekkert tekið fram hvað fólst í umsögnum. Ástæða er til að gera athugasemd við umfjöllun um samráð þar sem engin tilraun er gerð til að taka saman sjónarmið umsagnaraðila.

Tillaga um að leggja niður stjórn Tryggingastofnunar er í frumvarpinu. ASÍ tekur undir að það megi skýra stöðu og hlutverk stjórnar ásamt því hvernig hún er skipuð. Í stofnun með eins mikilvægt hlutverk við að tryggja framfærslu landsmanna er aðhald af því að almenningur eigi málsvara. Almannahagsmunastökin ASÍ telja það samræmast hlutverki sambandsins og eru fús að skipa hluta stjórnar. Komið hefur verið inn á að hagræðing hlytist af því að leggja niður stjórn. ASÍ gerir ekki athugasemd við að fella stjórnarlaun niður. Alþýðusamband Íslands styður ekki tillögu um að leggja niður stjórn Tryggingastofnunar. Alþýðusambandið styður afdráttarlaust stefnu hins opinbera um að uppræta fátækt og lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri lífeyrisþega. Í samráðsferli síðastliðið vor birti félags- og vinnumarkaðsráðuneytið áform og drög að frumvarpi um að aldursviðbót örorkutrygginga framlengist inn á tímabil ellilífeyris sem Alþýðusambandið fjallaði um í umsögnum og eins þegar frumvarp þar að lútandi voru lögð fyrir Alþingi. Sjónarmið ASÍ sem komu fram í fyrri umsögnum eiga eins við um frumvarpið sem er til umsagnar og eru því enn endurtekin í þessari umsögn.

Ákjósanlegt væri að kortleggja stöðu og umfang þeirra sem eiga takmörkuð réttindi gegnum vinnumarkaðsþátttöku þegar komið er að töku ellilífeyris. Aldursviðbót greiðist þeim sem gjarnan eiga takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum. Fleiri hópar eiga takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum þegar að töku ellilífeyris kemur en þau sem hafa fengið aldursviðbót. Æskilegt væri að fram færi heildstæð greining á þeim hópum svo ekki sé gert upp á milli hópa þegar kemur að töku ellilífeyris.

ASÍ tekur undir markmið stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar um að grípa til aðgerða til að uppræta fátækt og lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri ellilífeyrisþega. Sjónarmið stjórnarsáttmála var að finna í greinargerðum fyrri frumvarpa um sama mál en er ekki að finna í greinargerð frumvarps sem nú er lagt fyrir Alþingi. ASÍ telur að sú leið sem kynnt er í frumvarpi með hækkun á almennu frítekjumarki ellilífeyris sé ekki markviss leið að því að uppræta fátækt og lyfta greiðslum tekjulægri lífeyrisþega. Hækkun frítekjumarks bætir ekki sérstaklega hag tekjulágra ellilífeyrisþega þar sem hækkað frítekjumark nær til allra ellilífeyrisþega Tryggingastofnunar með aðrar tekjur. Auk þess skilar hækkun frítekjumarks engu til tekjulægsta hópsins, þeirra

sem eingöngu hafa tekjur gegnum lífeyri Tryggingastofnunar. Fram kemur í frumvarpi að mat á kostnaði við hækkun frítekjumarks er áætlaður 5,6 ma. kr. Sú aukning útgjalda ríkissjóðs rennur ekki til hópsins sem hefur engar aðrar tekjur en ellilífeyri almannatrygginga, tekjulægsta hópsins. Árangursríkari leið væri hækkun ellilífeyris samhliða breytingum á samspili ellilífeyris almannatrygginga og annarra tekna. ASÍ telur hækkun almenns frítekjumarks ekki markvissa leið í að uppræta fátækt og lyfta tekjum tekjulægri lífeyrisþega.

ASÍ gerir ekki athugasemdir við þær greinar frumvarps sem tryggja skýrari lagastoð fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við framkvæmd á nýju kerfi örorku- og endurhæfingarlífeyris en halda verður til haga að tryggja verður gott samstarf Tryggingastofnunar við þjónustuaðila, sérstaklega VIRK, varðandi vinnslu og túlkun á þessum gögnum. Mikilvægt er að tryggja samræmda framkvæmd, bætta yfirsýn og skilvirkt samstarf þjónustuaðila án þess að gengið sé lengra en nauðsyn krefur í söfnun og meðferð viðkvæmra gagna.

Alþýðusamband Íslands er reiðubúið að leggja sitt af mörkum í kortlagningu hópa sem eiga takmörkuð réttindi þegar kemur að ellilífeyrisaldri og eins því að vinna að framgangi markmiða og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að útrýma fátækt. Hætt er við að mismunað verði milli hópa við það að aldursviðbót framlengist inn á tímabil lífeyris gagnvart öðrum hópum sem af ýmsum ástæðum geta átt takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum þegar komið er að lífeyristökualdri.

Á grundvelli framangreindra forsendna getur ASÍ ekki stutt frumvarpið í núverandi mynd. Einungis sá hluti þess sem snýr að samstarfi og upplýsingagjöf tengdu nýju kerfi örorku- og endurhæfingarlífeyris er studdur af sambandinu.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (fyrirkomulag greiðslna), 286. mál.

3.12.2025

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi, 286. mál.

ASÍ styður þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu sem hafa að markmiði að tryggja að breytingar á fjárhæðum til foreldra í fæðingarorlofi miði ekki lengur við fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur, heldur ná til allra foreldra sem nýta sér rétt til greiðslna á hverjum tíma. Sambærilegar breytingar eru lagðar til á lögum um sorgarleyfi.

ASÍ vill í þessu samhengi einnig leggja áherslu á að fæðingar- og foreldraorlof eru mikilvæg afkomutryggingakerfi launafólks og nauðsynlegt að fjárhæðir greiðslna úr þeim þróist í takt við launaþróun á vinnumarkaði en sú hefur ekki verið raunin.

Hámarksfjárhæð fæðingarorlofs var lækkuð verulega í kjölfar efnahagshrunsins, tók í kjölfarið hægum breytingum, stóð í stað í 600.000 kr. á árunum 2019–2023 en var síðan hækkuð í áföngum í tengslum við aðgerðir stjórnvalda vegna kjarasamninga vorið 2024. Kaupmáttur hámarksgreiðslna er þrátt fyrir þessar hækkanir nú um 35% lægri en árið 2007.

ASÍ hvetur stjórnvöld til þess að tryggja að afkomutryggingu barnafjölskyldna úr Fæðingarorlofssjóði sé viðhaldið með eðlilegum hætti þannig að fjárhæðir taki reglulegum breytingum í takt við þróun verðlags og launa.

Frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, 265. mál.

9.12.2025

Alþýðusamband Íslands styður skilvirka stjórnsýslu og lagabreytingar sem eru til þess fallnar að styðja við það markmið, svo fremi sem þær hafi ekki neikvæð áhrif á mikilvæga vinnu stjórnvalda eða leiði til þess að almannahagsmunir verði fyrir borð bornir. Frumvarpið felur í sér fjölmargar breytingar á lögum sem ætlað er að stuðla að einföldun og aukinni skilvirkni í ákvarðanatöku og málsmeðferð á sviði umhverfis- og orkumála. Breytingarnar fela meðal annars í sér aukna miðstýringu í málaflokknum þar sem ákvarðanataka og leyfisveitingar verða í auknum mæli í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Þrátt fyrir að breytingarnar geti að einhverju marki aukið skilvirkni er að mati Alþýðusambandsins ekki líklegt að þær leiði til verulegrar styttingar á málsmeðferðartíma þegar litið er til ferlisins í heild. Rannsóknir og þverfaglegt mat á sviði umhverfis- og orkumála eru í eðli sínu tímafrek og sérhæfð verkefni. Til að ná fram raunverulegri styttingu ferla er því árangursríkara að styrkja þær stofnanir sem sinna þessum verkefnum.

Alþýðusamband Íslands hvetur stjórnvöld til að tryggja að allar stofnanir og aðilar sem koma að rannsóknum, mati, afgreiðslu og leyfisveitingum á sviði orku- og auðlindamála séu vel fjármagnaðar og hafi nægan mannafla til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Með því væri dregið úr hættu á að breytingarnar bitni á mikilvægum þáttum ferlisins og grafi undan því markmiði að ákvarðanir byggi á bestu fáanlegu þekkingu og stuðli að almannahagsmunum og hagsmunum komandi kynslóða.

Alþýðusamband Íslands varar einnig við forgangsröðun virkjanakosta umfram önnur leyfisveitingarmál. Slík forgangsröðun getur leitt til þess að mikilvæg mál á öðrum sviðum sitji á hakanum, sérstaklega ef fjármagn í málaflokkinn er takmarkað og mannafli ekki nægur.

Frumvarpið inniheldur jafnframt ákvæði sem þrengja að möguleikum almennings til aðkomu og þátttöku í ákvarðanatöku um umhverfismál. Þannig skerðir frumvarpið beinlínis lýðræðislegan rétt almennings sem stendur nú þegar höllum fæti í þessum efnum samanborið við fyrirtæki og fjársterka aðila. Mikilvægt er að ójafnvægi þetta verði ekki aukið enn frekar.

Að lokum vill Alþýðusamband Íslands leggja áherslu á að sjálfstæði stofnana og armslengdarsjónarmið verði tryggð við ákvarðanatöku. Óháð og fagleg stjórnsýsla er forsenda þess að ákvarðanir byggi á hlutleysi, bestu fáanlegu þekkingu og almannahagsmunum.

Í ljósi þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér – þar sem valdheimildir eru í auknum mæli miðstýrðar og verkefni færð frá öðrum stofnunum yfir til Umhverfis- og orkustofnunar – er sérstaklega mikilvægt að tryggja að slíkt vald verði ekki of mikið í hendi einnar stofnunar.

Því þarf jafnframt að gæta þess að verkferlar, matsaðferðir og ákvarðanatökuferli verði áfram fjölþætt og byggi á ólíkri sérfræðiþekkingu, þannig að faglegt jafnvægi og óháð sjónarmið glatist ekki við aukna miðstýringu. Miðstýringin má ekki ganga gegn markmiðum um armslengd, hlutleysi og jafnvægi milli ólíkra hagsmuna í umhverfis- og orkumálum.

Í þessu samhengi bendir Alþýðusamband Íslands einnig á að sami aðilinn gegnir nú embætti orkumálaráðherra og umhverfisráðherra, sem getur skapað árekstra milli ólíkra hagsmuna á sviði orku- og umhverfismála.

Verði frumvarpið að lögum telur Alþýðusamband Íslands mikilvægt að gripið verði til markvissra mótvægisaðgerða til að tryggja að breytingarnar rýri ekki gæði mats og faglegra vinnubragða.

Frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 306. mál.

16.12.2025

Í húsnæðispakka ríkisstjórnarinnar voru boðaðar breytingar á lögum um hlutdeildarlán ásamt því að framlög yrðu hækkuð úr 4 milljörðum í 5,5 milljarða. Hlutdeildarlánakerfið má rekja til loforða stjórnvalda vegna lífskjarasamninganna árið 2019. Það er mat ASÍ að í grunninn hafi úrræðið gefist vel enda skapi það mikilvæga brú frá leigumarkaði inn á eignamarkað fyrir tekjulága og eignalitla aðila.

Við núverandi aðstæður á húsnæðismarkaði, þ.e. samspil hás húsnæðisverðs og hárra vaxta, er erfitt fyrir einstaklinga að fjárfesta í fasteign. Vísbendingar eru um að aukinn ójöfnuður sé að gera vart við sig á húsnæðismarkaði þar sem fyrstu kaupendur þurfi í auknum mæli að styðjast við stuðning foreldra við fasteignakaup. Þeir sem ekki njóta slíks stuðnings eru í verri stöðu á leigumarkaði, með minna húsnæðisöryggi og í tilfellum hærri húsnæðiskostnað.

Hlutdeildarlán eru mikilvægur þáttur í að stuðla að auknum jöfnuði í þessu samhengi. Greiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar benda til þess að úrræðið hafi ekki orðið til þess að ýta undir verðhækkanir á fasteignum, heldur þvert á móti orðið til þess að smærri og ódýrari eignir hafi verið byggðar.

ASÍ gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- ASÍ telur jákvætt að fyrirsjáanleiki úrræðisins verði aukinn, m.a. með heimildum HMS til samninga við byggingaraðila sem hvetur til þess að hagkvæmar íbúðir séu byggðar inn í kerfið.
- ASÍ fagnar því að fjárhæðir í kerfinu sem snúa að tekjumörkum og hámarksverði séu uppfærðar reglulega í samræmi við aðstæður á markaði. Þar skiptir máli að fjárhæðir í kerfinu stuðli að markmiðum kerfisins.
- ASÍ telur mikilvægt að skýrt sé í reglugerð hvernig forgangsraðað verður við úthlutun þeirra takmörkuðu gæða sem hlutdeildarlán eru. Þetta er sérstaklega brýnt ef hlutfall hlutdeildarlána er aukið, tekjumörk rýmkuð og hlutfall skerðingarmarka vegna eigin fjár er aukið.
- ASÍ geldur varhug við því að hámarks greiðslubyrðahlutföll séu hækkuð umfram 40%, sem er viðmið íþyngjandi húsnæðiskostnaðar til að mæta þeim aðstæðum sem nú eru til staðar á húsnæðismarkaði. Vert er að nefna að til viðbótar við greiðslubyrði bera einstaklingar kostnað af rekstri og viðhaldi húsnæðis. Mikilvægt er að jafnvægi náist á húsnæðismarkaði með auknu framboði, lægra raunverði húsnæðis og lækkun vaxta. Þó ber að hafa í huga að nú þegar eru til staðar undanþáguheimildir frá lánþegaskilyrðum sem heimila undanþágu á allt að 10% af útlánum við hefðbundin fasteignakaup.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa), 316. mál

27.1.2026

Dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem ætlað er að auka skilvirkni og fyrirsjáanleika við afgreiðslu umsókna um tímabundin atvinnu- og dvalarleyfi, auk þess sem kynntar eru breytingar á skilyrðum dvalarleyfa námsmanna.

Drög að frumvarpinu voru lögð í samráðsgátt stjórnvalda í nóvember sl. og ASÍ veitti umsögn sína um þau.

ASÍ ítrekar hér á eftir efnisleg atriði úr umsögn sinni um drögin og sérstaklega það ákall um að útfærsla á upplýsingagjöf Útlendingastofnunar til verkalýðshreyfingarinnar um útgefin atvinnuleyfi verði skýrð og styrkt. ASÍ lýsir sig jafnframt reiðubúið til samtals og samráðs um heppilega útfærslu hvað hana varðar.

Almennt séð styður Alþýðusamband Íslands (ASÍ) aðgerðir sem auka skilvirkni við útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa enda er það launafólki í hag að afgreiðslan gangi hratt fyrir sig, að skilyrðum uppfylltum. Við breytingar á núgildandi kerfi er þó afar mikilvægt að ekki sé dregið úr getu stéttarfélaga og heildarsamtaka launafólks til að hafa eftirlit með kjörum þeirra sem hingað koma til starfa.

Reynsla síðustu missera hefur sýnt að verkalýðshreyfingin gegnir lykilhlutverki í baráttunni gegn misneytingu og félagslegum undirboðum gagnvart launafólki, ekki síst launafólki sem hér dvelur á tímabundnum atvinnuleyfum.

Umsagnarréttur stéttarfélaga

Í frumvarpinu er kveðið á um að stjórnvöldum verði ekki lengur skylt að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags við útgáfu tímabundinna atvinnuleyfa.

Í núgildandi kerfi nýta stéttarfélögin þennan rétt til umsagnar til að:

- gera athugasemdir við ófullnægjandi ráðningarsamninga
- upplýsa launafólk um réttindi sín og hlutverk stéttarfélaga á Íslandi
- miðla upplýsingum um starfshætti fyrirtækja til þeirrar stofnunar sem gefur út atvinnuleyfin

Síðast en ekki síst gefur umsagnarrétturinn stéttarfélögunum og vinnustaðaeftirliti ASÍ og stéttarfélaganna möguleika til að hafa eftirlit með kjörum 3. ríkis borgara eftir að atvinnuleyfi er gefið út.

Þessu eftirliti sinnir verkalýðshreyfingin helst með vinnustaðaheimsóknum en einnig með því að kalla eftir gögnum svo sem launaseðlum frá viðkomandi atvinnurekendum að nokkrum tíma liðnum til að kanna hvort kjör einstaklings séu enn þá í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög.

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við að umsagnarréttur stéttarfélaga sé fjarlægður án þess að fullnægjandi réttur til upplýsinga komi í staðinn.

Líkt og kveðið er á um í frumvarpinu hafa stéttarfélög hingað til haft rúman aðgang að upplýsingum um umsóknir um tímabundin atvinnuleyfi, gegnum ofangreindan umsagnarrétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stéttarfélögum verði, í tengslum við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd eftirlits, heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum um útgefin atvinnuleyfi.

Nauðsynlegar upplýsingar eru í þessu samhengi skilgreindar sem:

- tölulegar upplýsingar um fjölda útgefinna leyfa innan tiltekinnar starfsgreinar
- tölulegar upplýsingar um ríkisfang þeirra sem fá útgefin leyfi

Að auki er tiltekið að stéttarfélögum verði í afmörkuðum tilvikum heimilt að afla persónugreinanlegra upplýsinga í beinum tengslum við eftirlit sem stéttarfélögin sinna.

Með persónugreinanlegum upplýsingum má gera ráð fyrir að vísað sé til nafns, kennitölu og vinnustaðar 3. ríkis borgara — upplýsingar sem stéttarfélögin fá í núgildandi kerfi um hér um bil alla leyfishafa á grundvelli umsagnarréttarins.

Tölulegar upplýsingar um útgefin leyfi gagnast lítt til að halda úti skilvirku eftirliti á vinnumarkaði.

Í núgildandi kerfi fá stéttarfélög upplýsingar um hvar hugsanlega berskjaldaðir einstaklingar starfa og geta skipulagt eftirlit sitt eftir því.

Reynsla verkalýðshreyfingarinnar er að 3. ríkis borgarar á vinnumarkaði, sérstaklega þeir sem eru berskjaldaðir gagnvart misneytingu, eru ólíklegri en annað launafólk til að leita til stéttarfélagsins að fyrra bragði og því mikilvægt að verkalýðshreyfingin geti átt frumkvæði að eftirliti með þeirra kjörum.

Það er mat ASÍ að sú upplýsingagjöf sem lögð er til í frumvarpinu dragi verulega úr getu verkalýðshreyfingarinnar til að viðhafa slíkt eftirlit.

ASÍ kallar eftir því að ofangreindar breytingar verði endurskoðaðar og að ef fjarlægja eigi umsagnarrétt stéttarfélaganna verði tryggt að verkalýðshreyfingin geti áfram sinnt eftirliti sínu með kjörum 3. ríkis borgara og spornað þannig gegn misneytingu og félagslegum undirboðum á vinnumarkaði.

Eigi að fjarlægja skyldu stjórnvalda til að leita umsagnar stéttarfélaga þarf áfram að tryggja að stéttarfélögin fái upplýsingar um:

- nöfn og kennitölur þeirra 3. ríkis borgara sem hingað koma til starfa
- upplýsingar um atvinnurekanda þeirra og starfsstöð

Til stendur að færa útgáfu atvinnuleyfa frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar og vettvangseftirlit til Vinnueftirlitsins.

ASÍ áréttar mikilvægi þess að þekking og fjármunir fylgi þessari yfirfærslu, meðal annars að nægileg þekking á kjarasamningum sé tryggð hjá Útlendingastofnun.

Í 15. grein (lið e) frumvarpsins er kveðið á um að eftirlitsfulltrúum aðila vinnumarkaðarins skuli vera heimilt að krefja starfsmann um skilríki sem staðfesta heimild hans til atvinnuþátttöku.

ASÍ fagnar þessari heimild og kallar á að jafnframt verði tilgreint hvernig eftirlitsfulltrúar geta framfylgt henni, til dæmis með aðstoð lögreglu þegar þarf.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020 (skýrslugjöf um kynbundinn launamun/afnám jafnlaunavottunar), 297. mál.

2.2.2026

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 150/2020. ASÍ hefur áður veitt umsagnir um áform og drög að frumvarpinu á Samráðsgátt stjórnvalda.

Með lögfestingu jafnlaunavottunar árið 2017 voru stigin mikilvæg skref í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Aðilar vinnumarkaðarins áttu þar ríkan þátt og

var jafnlaunavottun hugsuð sem viðbót við gildandi jafnréttislöggjöf, með það að markmiði að tryggja jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Vottunin vakti mikla athygli langt út fyrir landsteinana.

Launamunur kynjanna

Í umræðu um áhrif jafnlaunavottunar hefur verið bent á að launamunur kynjanna hafi ekki breyst verulega frá lögfestingu hennar. ASÍ telur slíkar ályktanir um að engin áhrif megi leiða af henni einfaldaðar og að meta verði áhrifin í víðara samhengi.

Á Kvennaárinu 2025 stóðu ASÍ og BSRB fyrir greinaröð þar sem staða kvenna á vinnumarkaði var greind í víðara samhengi. Þar var m.a. bent á að þótt kynbundinn launamunur sé enn viðvarandi hér á landi og mælist nú 10,4% endurspegli hann samverkandi áhrif kynskipts vinnumarkaðar, vanmats á hefðbundnum kvennastörfum og ólíkrar umönnunarábyrgðar kynjanna.

Launasetning innan einstakra vinnustaða er aðeins einn hluti þeirrar heildarmyndar. Jafnframt er á það bent að frá því jafnlaunavottun var tekin upp hafa ýmsar breytingar, s.s. vegna áhrifa heimsfaraldurs og hraðfara tækniþróunar, haft víðtæk áhrif á vinnumarkaðinn.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur m.a. bent á að tækniþróun muni hafa meiri áhrif á störf kvenna en karla.1 Framangreindir þættir hafa óhjákvæmilega áhrif á þróun launamunar og verður að taka þá með í mati á árangri jafnlaunavottunar og nauðsyn þess að ráðast í breytingar.

Afnám jafnlaunavottunar og hækkun viðmiðunarmarka á starfsmannafjölda

Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér tvær veigamiklar breytingar: annars vegar afnám lagaskyldu um jafnlaunavottun með tilkomu nýs kerfis upplýsingaskila til Jafnréttisstofu og hins vegar verulega hækkun viðmiðunarmarka þeirra gagnaskila frá því sem áður var, þannig að fyrirtæki með 49 starfsmenn eða færri eru alfarið undanskilin slíkum skilum.

Nýtt kerfi gagnaskila mun vera þannig í framkvæmd að fyrirtæki skila upplýsingum um launasetningu og launaákvarðanir í mun einfaldari mynd en er í gildi í dag. Þessar upplýsingar skulu staðfestar af Jafnréttisstofu sem hefur jafnframt eftirlits- og sektarheimildir.

ASÍ hefur ítrekað talað fyrir reglubundinni endurskoðun kerfa sem hafa áhrif á vinnumarkaðinn. Mikilvægt er að jafnlaunavottunin sé endurskoðuð, enda um 9 ár frá lögfestingu hennar.

Breytingar verða þó að vera skýrt rökstuddar og byggðar á meðalhófi til að framfylgja markmiði sínu. Boðaðar breytingar á gagnaskilum með áherslu á starfaflokkun og mat á jafnverðmætum störfum eru jákvæðar og í samræmi við alþjóðleg viðmið, en tryggja verður engu að síður heildstætt mat á störfum sem þó fara ekki gegn markmiðinu um einföldun gagnaskila.

Með því að undanskilja fyrirtæki með 49 starfsmenn eða færri, verður jafnframt stór hluti íslensks vinnumarkaðar undanþeginn kröfum um launagagnsæi.

ASÍ telur að markmiði um einföldun regluverks megi ná með öðrum og vægari hætti. Að mati ASÍ er ósamræmi í því að ætla að létta byrðar atvinnurekenda með því að gera kerfisbreytingu og samhliða setja víðtækar undanþágur frá reglum um gagnaskil.

Ef markmiðið er að draga úr íþyngjandi kröfum er eðlilegra að slíkt fari fram í áföngum og í skýru samhengi við markmið jafnréttislöggjafar.

Heildstæð greining á mati áhrifa breytinga

Heildstæða greiningu skortir á áhrifum breytinganna. Þar á meðal mat á framtíðarhorfum vinnumarkaðarins og samspili við aðra samfélagslega þætti og stöðu kynjajafnréttis almennt.

Þrátt fyrir að gögn sýni fram á að launamunur kynjanna hafi ekki tekið veigamiklum breytingum frá upphafi jafnlaunavottunar, hefur hann á sama tíma ekki aukist svo um munar, að undanskildum störfum hjá ríkisstofnunum.

Tryggja þarf því að boðaðar breytingar verði ekki til þess að aðhald gegn launamuni kynjanna veikist, enda stendur Ísland framarlega á heimsvísu í jafnréttismálum.

Endurskoðun á þriggja ára fresti í ljósi umfangs boðaðra breytinga og örra breytinga á vinnumarkaði gæti reynst of langur tími.

Launagagnsæi

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, skal konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Það er eðlileg krafa að íslenskt atvinnulíf tryggi slíkt. Til þess þarf raunverulegt launagagnsæi, að kröfur nái til sem flestra atvinnurekenda og að starfsfólk hafi virkt aðgengi að upplýsingum og úrræðum til að verja rétt sinn.

Að mati ASÍ nær frumvarpið ekki þessum markmiðum. Með því að undanskilja stóran hluta vinnumarkaðarins og færa eftirlit og upplýsingar fyrst og fremst til eftirfylgni eftir á, eru möguleikar starfsfólks til að fylgjast með stöðu og þróun launasetningar skertir og árangurinn í baráttunni gegn kynbundnum launamun tapast.

ASÍ vill að lokum benda á að Evrópusambandið hefur samþykkt tilskipun nr. 2023/970 um launagagnsæi. Þótt hún hafi ekki enn verið innleidd hér á landi er líklegt að hún verði tekin upp í EES-samninginn.

Mikilvægt er að breytingar á gildandi löggjöf grafi ekki undan markmiðum tilskipunarinnar og að þær taki mið af íslenskum aðstæðum, þar sem atvinnulíf byggist að stórum hluta á smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar og lögum um ófrjósemisaðgerðir (ýmsar breytingar), 328. mál.

6.2.2026

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lögum um ófrjósemisaðgerðir, nr. 35/2019. ASÍ veitti umsögn um frumvarpsdrögin í samráðsgátt stjórnvalda í október sl. Þar sem ekki hefur verið tekið efnislegt tillit til þeirra athugasemda er umsögn þessi að stórum hluta samhljóða fyrri umsögn sambandsins.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) leggur áherslu á að heilbrigðiskerfið tryggi jafnt aðgengi óháð efnahag, aldri og búsetu. Í stefnu ASÍ í heilbrigðismálum er lögð áhersla á að draga úr útgjöldum heimilanna, styrkja opinbera þjónustu og verja sameiginlega sjóði almennings fyrir einkahagsmunum. Þessar áherslur eru grundvöllur umsagnar ASÍ um frumvarpið.

Síðasta sumar birti Ríkisendurskoðun nýja stjórnsýsluúttekt á Sjúkratryggingum Íslands. Þar kom fram að stofnunin hefði ekki burði til að vera sá sterki samningsaðili um kaup á heilbrigðisþjónustu sem nauðsynlegt er. Greiningu og undirbúningi

samninga væri ábótavant, samningsstaðan veik og eftirlit með framkvæmdum brotakennt. Skortur væri á nauðsynlegri þekkingu innan stofnunarinnar og ekki hefði verið brugðist við athugasemdum sem gerðar voru í sambærilegri skýrslu árið 2018.

Árið 2024 fóru 177 milljarðar króna í gegnum Sjúkratryggingar vegna samninga við um 1.500 þjónustuaðila. Séu burðir stofnunarinnar ekki efldir er hætt við sóun á opinberu fé og veruleg áhætta tekin með heilbrigðisþjónustuna sjálfa. ASÍ styður því markmið frumvarpsins um að styrkja lagalegar heimildir Sjúkratrygginga til að gera stofnuninni betur kleift að annast hlutverk sitt sem kaupandi og eftirlitsaðili með þeim samningum sem stofnunin gerir um kaup á heilbrigðisþjónustu.

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands lögð niður

Í 4. grein frumvarpsins er lagt til að stjórn Sjúkratrygginga Íslands verði lögð niður. Rökstuðningur ráðuneytisins byggir á tillögum starfshóps forsætisráðherra sem lagði til að stjórnir almennra stofnana yrðu lagðar niður í nafni hagræðingar, þar sem hlutverk þeirra væri óljóst og hætta á óskýrleika í ábyrgðarskiptum. Útgjöld vegna stjórnar Sjúkratrygginga hafa verið um 7 milljónir króna á ári.

ASÍ gagnrýnir það að leggja eigi stjórn stofnunar niður í hagræðingarskyni, stofnun sem ráðstafar árlega hundruðum milljarða króna af sameiginlegu fé. Stjórnin gegnir hlutverki við að marka langtímastefnu, hafa eftirlit með starfseminni og tryggja að stofnunin sinni lögbundnu hlutverki sínu. Í stað þess að veikja stjórnsýslu og stefnumörkun er brýnt að efla hana, líkt og Ríkisendurskoðun hefur bent á í stjórnsýsluúttekt sinni og hluti lagabreytinga þessa frumvarps leggur áherslu á.

Biðtími eftir sjúkratryggingu styttur

Í 8. grein frumvarpsins er lagt til að biðtími eftir sjúkratryggingu við flutning til landsins verði styttur úr sex mánuðum í þrjá. ASÍ styður breytinguna enda flýtir hún aðgengi fólks að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og styrkir réttindi þeirra sem flytja til landsins.

Aukin gjaldtaka

Í 12. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 29. grein laganna um gjaldtöku. Annars vegar er lagt til að lögfest verði skýr heimild til að innheimta gjald vegna fjarheilbrigðisþjónustu á vegum heilsugæslunnar. Sú þjónusta hefur reynst mikilvæg til að tryggja aðgengi, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem hún hefur bætt aðgengi sjúklinga að heilbrigðisstarfsfólki.

Hins vegar liggur ekki fyrir í frumvarpinu hvernig slík gjaldtaka verði útfærð, heldur er gert ráð fyrir að nánari útfærsla verði sett fram í reglugerð. ASÍ hefur áhyggjur af því að óskýr eða íþyngjandi útfærsla gjaldtökunnar geti grafið undan þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur í notkun fjarheilbrigðisþjónustu og dregið úr aðgengi þeirra hópa sem mest reiða sig á þjónustuna.

Að mati ASÍ er því brýnt að útfærsla gjaldtökunnar fari fram í samráði við helstu hagsmunaaðila, með það að markmiði að tryggja áfram sanngjarnt og jafnt aðgengi að þjónustunni.

Í 12. grein frumvarpsins er jafnframt gert ráð fyrir að heimilt verði að ákveða að tiltekinn kostnaður, eða hluti kostnaðar, falli utan afsláttarstofns greiðsluþátttökukerfisins, þar sem sérstaklega er vísað til þess að sjúkraþjálfun verði samræmd þeirri framkvæmd sem nú þegar gildir um sálfræðiþjónustu.

Með breytingunni er veitt heimild til að láta greiðslur, svo sem komugjöld, falla

utan afsláttarstofns og rökstuðningur er sá að með breytingunum eigi að ná markvissari stjórn á aðgengi að þjónustu og sporna gegn ofnotkun. ASÍ hafnar þessum breytingum.

Engar greiningar liggja þó fyrir sem sýna fram á að um ofnotkun þjónustunnar sé að ræða. Sá áætlaði sparnaður ríkisins sem fram kom í drögum frumvarpsins, um 400–500 m.kr. á ári, færist beint yfir á notendur þjónustunnar og bitnar mest á þeim sem þurfa reglubundna meðferð vegna langvinnra veikinda eða fötlunar.

Slík tilfærsla kostnaðar gengur gegn markmiðum greiðsluþátttökukerfisins, sem ætlað er að verja sjúklinga gegn óhóflegum útgjöldum, og er jafnframt í ósamræmi við yfirlýsta stefnu um að draga úr heilbrigðisútgjöldum heimilanna.

Vernd sjúkratryggðra gegn aukagjöldum í samningsleysi

Í 22. grein frumvarpsins er lagt til að þjónustuveitendum, sem þiggja greiðslur samkvæmt gjaldskrá Sjúkratryggingastofnunar í samningsleysi, verði óheimilt að krefja sjúkratryggða um frekari gjöld en leiðir af gjaldskrá og greiðsluþátttöku. ASÍ fagnar þessari breytingu.

Þetta er mikilvægt skref til að verja sjúklinga fyrir viðbótarkostnaði sem þeir hafa áður staðið frammi fyrir þegar samningar voru ekki í gildi. Á árunum 2018–2023 var enginn samningur milli sérgreinalækna og Sjúkratrygginga og á því tímabili tíðkaðist að rukka sjúklinga um aukagjöld, svo sem sérstök komugjöld.

Slíkar álögur komu sérstaklega illa við fólk með mikla þjónustuþörf og tekjulægri hópa. Með breytingunni er komið í veg fyrir að slík staða endurtaki sig og tryggt að jafnræði ríki í gjaldtöku óháð því hvort samningar séu í gildi eða ekki.

ASÍ styður þær breytingar frumvarpsins sem auka réttindi sjúklinga, bæta aðgengi að þjónustu og efla eftirlit með nýtingu opinbers fjár. Hins vegar er þeim ákvæðum sem auka kostnaðarþátttöku heimilanna eða draga úr réttindum sjúkratryggðra hafnað.

Aðgerðir sem fela í sér tilfærslu kostnaðar yfir á sjúklinga eru andstæðar stefnu ASÍ og meginmarkmiðum félagslegs heilbrigðiskerfis.

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

10.2.2026

ASÍ hefur tekið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsúrræði sem fela í sér verulegar skerðingar á réttindum í atvinnuleysistryggingarkerfinu og breytingar á stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga. Þær veigamestu eru annars vegar stytting bótatímabils úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hins vegar að ávinnslutími réttinda lengist úr þremur mánuðum í 12 mánuði. Stjórnvöld hyggjast þannig spara 6 milljarða króna á ársgrundvelli með því að skerða afkomutryggingu launafólks sem missir atvinnuna.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn fyrirhuguðum breytingum og mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við undirbúning málsins. Verði þær að lögum munu þær **veikja tryggingavernd við atvinnumissi, vinna gegn virkni á vinnumarkaði og auka líkur á að brothættir hópar falli brott af vinnumarkaði**. Áformin verða enn áleitnari í ljósi þess að blikur eru nú á lofti í efnahagslífi og horfur á versnandi atvinnuástandi.

Frumvarpið er lagt fram á Alþingi í fullri andstöðu við afstöðu Alþýðusambands

Íslands sem legið hefur ljós fyrir frá því hugmyndirnar voru fyrst kynntar af þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra vorið 2025. ASÍ hefur síðan ítrekað afstöðu sína við fjölda tilefna, m.a. á fundum með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar, í harðorða umsögnum um áform og frumvarpsdrög í Samráðsgátt, ályktun miðstjórnar ASÍ sem og í blaðagreinum og opinberri umræðu. **Stjórnvöld hafa í þessu grundvallar réttindamáli vinnandi fólks, hins vegar valið að virða athugasemdir verkalýðshreyfingarinnar um efni og aðdraganda málsins að vettugi**. Ekki er minnst einu orði í umfjöllun um samráð í greinargerð frumvarpsins á gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar um málið.

Aðdragandi málsins og vinnubrögð við það ganga þvert gegn áratuga venju á íslenskum vinnumarkaði um þríhliða samtal aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í málum er varða vinnumarkaðinn og réttindi launafólks miklu. **Málið er verulega vanreifað og engar greiningar liggja fyrir** sem styðja nauðsyn þeirra eða leggja mat á áhrif breytinganna á einstaklinga, einstaka atvinnugreinar, önnur afkomutryggingakerfi eða efnahagslífið í heild til skemmri og lengri tíma.

Tillögurnar eru fyrst og fremst settar fram í sparnaðarskyni en þeim fylgja **engar greiningar** sem rökstyðja breytingarnar eða mat á áhrifum þeirra á önnur kerfi. Því er alls óljóst hverjar afleiðingar breytinganna verða og hvort þær leiði í reynd til hagræðingar. Líkur eru á að skert réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu leiði til þess að fólk færist yfir í önnur afkomutryggingakerfi, s.s. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og örorkulífeyriskerfið, með tilheyrandi rofi á tengslum við vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar.

Þá ber að hafa í huga, að atvinnuleysistryggingar eru fjármagnaðar með gjaldtöku á atvinnurekendur í gegnum tryggingagjald. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum árin samið um þessa tryggingavernd í þríhliða samráði og tekið tillit til gjaldsins í kjaraviðræðum. Stytting bótatímabilsins og lengri ávinnslutími mun draga úr þörf fyrir gjaldtöku vegna minni tryggingaverndar en vekur þess í stað kröfu og rétt til hækkunar launa til samræmis við þær fórnir sem færðar hafa verið vegna þessarar ákvörðunar stjórnvalda.

Lenging á ávinnslutíma tryggingarverndar í 12 mánuði mun einkum bitna á hópum sem starfa í sveiflukenndum atvinnugreinum, ungu fólki sem er að fóta sig á vinnumarkaði og þeim sem útsett eru fyrir brotum á vinnumarkaði sem munu síður geta losað sig úr aðstæðum vegna skorts á afkomutryggingu.

Atvinnuþátttaka allra hópa hér á landi er ein sú mesta sem þekkist á alþjóðavísu og atvinnuleysi að jafnaði með minnsta móti, þar með talið langtímaatvinnuleysi. Ekki er því að sjá knýjandi þörf fyrir breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem skerða afkomutryggingu launafólks. Markmið breytinganna er samkvæmt frumvarpinu að stuðla að aukinni virkni en með öllu er óljóst hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuöryggi. **Framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða eru með þeim lægstu sem um getur hér á landi í alþjóðlegum samanburði og frumvarpinu fylgja engin áform um breytingar þar á.**

Líkt og framan greinir er nokkuð langur aðdragandi að því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Áformin voru fyrst sett fram í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor og lýsti ASÍ þá þegar harðri andstöðu og mótmælti þeim.[1] Í byrjun september sl. var svo birt í Samráðsgátt stjórnvalda svokallað áformaskjal þar sem fram kom nánari útfærsla á fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um skerðingu réttinda í atvinnuleysistryggingakerfinu. Af því tilefni ritaði undirritaður grein í félagi við formann BSRB sem bar fyrirsögnina *Sparnaðartillögur á kostnað atvinnulausra* (sjá fylgiskjal 1) og í framhaldinu ályktaði miðstjórn ASÍ um málið (sjá fylgiskjal 2) á fundi sínum 17. september 2025 þar sem segir m.a.:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.

...

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir launafólks eru miklir og kerfið órjúfanlegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnslurétti tryggingarinnar.“

Þrátt fyrir varnaðarorð og ígrundaða gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á áformin og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru af hálfu ráðuneytisins í málinu völdu stjórnvöld áfram að hundsa eðlilega kröfu samtaka launafólks um aðkomu og vönduð vinnubrögð þegar gerðar eru breytingar á grunnréttindum félagsmanna og hafa nú lagt fram frumvarpið í óbreyttri mynd.

ASÍ áréttar hér enn og aftur kröfu sína um að **frumvarpið verði dregið til baka og sameiginlegri nefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem verið hefur starfandi síðustu ár sé gefinn kostur á að ljúka vinnu sinni** og leggja fram heildstæðar breytingatillögur á kerfinu sem tryggi jafnvægi á milli tryggingaverndar við atvinnumissi og stuðnings í formi vinnumarkaðsaðgerða og aðstoðar í atvinnuleit.


Nánari greining:

Atvinnuþátttaka sú mesta og atvinnuleysi lítið í alþjóðlegu samhengi

Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuþátttaka sú hæsta sem um getur og mælist hún hæst á meðal OECD-ríkja. Skýrist þetta einkum af almennt mikilli atvinnuþátttöku kvenna sem og mikilli atvinnuþátttöku bæði ungmenna, eldri aldurshópa og innflytjenda.

Árið 2024 mældist þátttaka fólks á aldrinum 15–64 ára tæplega 89% hér á landi, samanborið við 75,4% að meðaltali í Evrópusambandinu og 74% innan OECD. Ísland er þar í efsta sæti meðal OECD-ríkja, með Holland, Sviss, Svíþjóð, Eistland og Japan í kjölfarið, öll með þátttöku yfir 80%[2]. Þegar litið er lengra aftur í tímann má sjá að atvinnuþátttaka hefur verið meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir sveiflur í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og heimsfaraldursins 2020 hefur atvinnuþátttaka jafnan náð sér hratt aftur og verið meiri en í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Mynd 1: Atvinnuþátttaka í alþjóðlegum samanburði, 2024 (15–64 ára)




Heimild: OECD

Mikilli atvinnuþátttöku og litlu atvinnuleysi má ekki taka sem sjálfgefnum hlut. Virkni á vinnumarkaði ræðst af samspili margra þátta. Kerfislægir þættir og stofnanaumhverfi leika lykilhlutverk í að stuðla að atvinnuþátttöku, sérstaklega meðal viðkvæmra hópa. Þar skiptir fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsúrræða miklu máli.

Atvinnuleysi mælist einnig lítið í alþjóðlegum samanburði, langt undir OECD-meðaltali og minna en á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt gögnum Eurostat er langtímaatvinnuleysi það lægsta á Íslandi meðal Evrópuríkja. Alls hafa 12,1% atvinnulausra verið án atvinnu í meira en eitt ár borið saman við 32,2% innan Evrópusambandsins.

Mynd 2: Hlutfall langtímaatvinnulausra af fjölda atvinnulausra, 2024.




Heimild: Eurostat

Um 63% atvinnulausra eru með erlent ríkisfang. Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð í kjölfar heimsfaraldurs en skömmu eftir hann voru Íslendingar stærri hluti atvinnulausra. Frá þeim tíma hefur hlutur erlendra ríkisborgara vaxið af heild. Vinnumálastofnun áætlar að atvinnuleysi erlendra ríkisborgara sé 10,6% samanborið við

2,7% meðal Íslendinga. Sé samsetning langtímaatvinnulausra skoðað eftir bakgrunni mælist tíðni langtímaatvinnuleysis sambærileg milli hópa. Af atvinnulausum Íslendingum hefur tæplega fimmtungur verið án atvinnu lengur en eitt ár, eða 18,6%. Hlutfallið er um 20,8% hjá erlendum ríkisborgurum. Sé litið á þá sem hafa verið án atvinnu lengur en 24 mánuði er hlutfallið sambærilegt.

Mynd 3: Hlutfall langtímaatvinnulausra eftir bakgrunni, ágúst 2025




Heimild: Vinnumálastofnun

Framangreind tölfræði hlýtur að kalla á áleitnar spurningar um hvers vegna stjórnvöld telja nauðsynlegt að gera umfangsmiklar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Ljóst er að samspil atvinnuþátttöku, afkomutryggingarkerfa og lífsgæða almennt er flóknara en svo að hægt sé að gera stórar breytingar á einstökum þáttum án þess að það hafi áhrif á aðra þætti. **Því telur ASÍ mjög ámælisvert að í frumvarpinu er ekki að finna neina viðleitni til raunverulegs áhrifamats. Breytingarnar eru kynntar og rökstuddar sem hagræðingaraðgerð sem geti sparað ríkissjóði um 3,5–6 milljarða króna á ári.** Alls er óljóst hvort sparnaðurinn náist í raun. Á móti geta breytingarnar ýtt undir kerfislægt atvinnuleysi, aukið brottfall af vinnumarkaði, kallað á aukin útgjöld sveitarfélaga eða leitt til aukinnar endurkomu á atvinnuleysisskrá og aukið örorkutíðni. Ekki er heldur ljóst hvernig stytting bótatímabils ein og sér eigi að stuðla að aukinni virkni atvinnuleitenda þar sem engin áform hafa t.a.m. verið kynnt um aukið fjármagn til virkra vinnumarkaðsaðgerða og eflingu á þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur.

Samhengislaus samanburður við nágrannalöndin

Í frumvarpinu eru tilraunir gerðar til að rökstyðja áformin með vísan í norrænan samanburð á bótatímabilum. Þessi röksemdafærsla er samhengislaus og segir einungis hálfa söguna. Nauðsynlegt er að horfa heildstætt á réttindi og stuðningskerfi vinnumarkaðarins í þeim efnum. Atvinnuleysistryggingakerfin á Norðurlöndum eru ólík, byggjast að hluta á valkvæðum tryggingum en verður einnig að skoða í samhengi við önnur kerfi sem mæta einstaklingum við afkomumissi, t.d. áhrif skattkerfis og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Slíkur samanburður leiðir í ljós að einstaklingur sem er án atvinnu í 36 mánuði er betur varinn gegn afkomumissi í Svíþjóð, þrátt fyrir styttra bótatímabil atvinnuleysistrygginga.

Mynd 4: Tekjuvernd gegn atvinnumissi hjá ólíkum fjölskyldueiningum með 67% af meðaltekjum, % af fyrri tekjum



Heimild: OECD

Til viðbótar er þekkt að í mörgum samanburðarlöndum er mun ríkari ráðningarvernd, lengri uppsagnarfrestur o.s.frv. en þekkist hér á landi. Íslenskur vinnumarkaður einkennist almennt af sveigjanleika og frjálsræði sem undirbyggt er af öryggisneti eins og sterkum almennum atvinnuleysistryggingum sem fjármagnaðar eru með tryggingagjaldi. Þessi sveigjanleiki hefur almennt þótt kostur þar sem hann eykur getu hagkerfisins til að mæta efnahagslegum áföllum. **Boði stjórnvöld einhliða grundvallarbreytingar á því kerfi er ljóst að verkalýðshreyfingin mun þurfa að aðlaga kröfur sínar og áherslur í átt að þeirri festu og öryggi sem þekkist í öðrum löndum**. Heildstæður samanburður á réttindum og afkomuöryggi launafólks á Norðurlöndunum leiðir alls ekki til þess að þau áform sem hér eru boðuð megi réttlæta með hliðsjón af því.

Lengri ávinnslutími bitnar verst á ungu fólki, árstíðarbundnum greinum og berskjölduðum hópum

Í frumvarpinu er lagt til að lengja ávinnslutíma atvinnuleysisbóta úr 3 mánuðum í 12 mánuði sem mun þýða að launafólk er án afkomutryggingar missi það starf sitt fyrsta árið eftir að það kemur inn á vinnumarkaðinn eða hefur fullnýtt rétt sinn. Tilgangur þessarar breytingar er afar óljós en þessi réttindaskerðing mun einkum bitna á hópum sem starfa í sveiflukenndum atvinnugreinum, ungu fólki sem er að fóta sig á vinnumarkaði og hópum sem útsettir eru fyrir brotum á vinnumarkaði og munu síður geta losað sig úr aðstæðum vegna skorts á afkomutryggingu. Hjá starfsfólki í árstíðabundnum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og fiskvinnslu mun reyna verulega á hert ávinnsluskilyrði. **Sá sveigjanleiki í ráðningarfestu sem kjarasamningar í slíkum atvinnugreinum leyfa, m.a. með vísan í öflug afkomutryggingarkerfi eins og atvinnuleysistryggingar, mun ekki geta staðið óhaggaður** verði umrædd áform að veruleika. Frumvarpið og greinargerð þess ávarpa þetta að engu leyti sem geta vart talist góð eða vönduð vinnubrögð.


Þörf á heildstæðri nálgun við breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar

Um árabil hefur ASÍ kallað eftir heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar í ljósi breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaði frá gildistöku þeirra árið 2006. Árið 2021 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd um endurskoðun atvinnuleysistrygginga með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins sem ætlað var að skila ráðherra tillögum að lagabreytingum. ASÍ tók virkan þátt í starfi nefndarinnar og lagði fram áherslur í samræmi við stefnu og sýn sambandsins um að atvinnuleysiskerfið sé einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks og að réttindakerfið eigi fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, veita ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit vinnandi fólks. Áherslur ASÍ lúta að ýmsum veigamiklum atriðum til að bæta kerfið í samræmi við þessar áherslur og snúa m.a. að einföldun tekjuviðmiða og brottfalls tveggja vikna biðtíma eftir tekjutengdum bótum

Lítill stuðningur við atvinnuleitendur og illa fjármagnaðar vinnumarkaðsaðgerðir

Þá hefur ASÍ í samræmi við markmið atvinnuleysistryggingakerfisins og laga um vinnumarkaðsaðgerðir ítrekað bent á nauðsyn þess að vinnumarkaðsúrræði séu nægilega fjármögnuð, vel hönnuð og í ákveðnum tilfellum klæðskerasniðin að tilteknum hópum. Er þar meðal annars horft til tillagna sem fram komu í skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður 2021 þar sem bent var á mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið þróist í átt að aukinni áherslu á virkni atvinnuleitenda. Þar skipti aukið fjármagn í vinnumarkaðsaðgerðir, snemmtæk íhlutun, aukin skimun fyrir áhættuhópum, aukin þjónusta við erlenda atvinnuleitendur og aukin áhersla á hnitmiðuð menntunar- og færniúrræði lykilmáli. Slíkar aðgerðir þjóna bæði hagsmunum einstaklinga og geta leitt til þjóðhagslegs ávinnings og sparnaðar til lengri tíma.

Mynd 5: Hlutfall þátttakenda í úrræðum af atvinnulausum




Heimild: Vinnumálastofnun

Í framangreindri skýrslu var bent á að einungis um þriðjungur þeirra sem voru á atvinnuleysisskrá á árunum 2016–2019 tók þátt í úrræðum Vinnumálastofnunar. Hlutfallið var hæst á árunum eftir fjármálahrunið þegar á bilinu 50–55% atvinnulausra voru þátttakendur í úrræðum. Nýrri gögn um þátttöku í úrræðum eru ekki aðgengileg, sem vekur furðu í ljósi þeirra áforma sem hér eru til umfjöllunar, en í alþjóðlegum samanburði má sjá að Ísland er meðal þeirra landa innan OECD sem ráðstafaði

hvað minnstu fjármagni til vinnumarkaðsaðgerða á árunum 2018–2023 (sjá mynd 6 að neðan). Þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um innihald, gæði, árangur eða þátttöku einstakra hópa í vinnumarkaðsaðgerðum sem hljóta að teljast grundvallarupplýsingar við undirbúning á tillögum líkt og þeim sem hér eru lagðar fram.

Mynd 6: Fjármunir í virkar vinnumarkaðsaðgerðir, meðaltal 2018–2023 (% af VLF)



Heimild: OECD

Dregið úr aðkomu stjórnar og afnám svæðisbundinna vinnumarkaðsráða

Í tillögum er lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður og stjórn hans verði aflögð til samræmis við breytt fyrirkomulag fjármögnunar atvinnuleysistrygginga. Gert er ráð fyrir að skipuð verði stjórn Vinnumálastofnunar, með aðkomu aðila vinnumarkaðarins, sem taki að hluta til við hlutverki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samhliða þessu er lagt til að veikja talsvert aðkomu og umsagnarrétt stjórnar um ýmis mál er varða framkvæmd og virkni atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Þar á meðal verði ráðherra ekki lengur skylt að afla umsagnar stjórnar um reglugerðir sem settar eru í málaflokknum á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar og laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Engin haldbær rök eru færð fyrir þessum breytingum og telur ASÍ hér um mikla afturför að ræða sem draga muni úr samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðkomu þeirra að eftirliti og þróun atvinnuleysistrygginga og stuðningi við atvinnuleitendur sem skipt hefur sköpum fyrir uppbyggingu og sátt um kerfið hér á landi.

Þá er í frumvarpinu lagt til að átta svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem starfrækt eru um land allt verði lögð niður en ráðin hafa m.a. það hlutverk að fylgjast með og fjalla um atvinnuástandið á sínu svæði. Þetta er lagt til með þeim rökum að erfitt hafi reynst að halda úti starfi vinnumarkaðsráða undanfarið. Í þessu samhengi má benda á að eðlilegt má teljast á tímum þar sem atvinnuástandið er gott, líkt og verið hefur víðast hvar á undanförnum árum, sé starfsemi vinnumarkaðsráða minni en ella. Ráðin geta hins vegar haft þýðingarmikið hlutverk þegar atvinnuleysi eykst, ekki síst við að greina svæðisbundin áhrif og leggja til viðeigandi aðgerðir og stuðning við atvinnuleitendur. Það vekur athygli að ekkert samráð virðist hafa verið haft eða álits leitað um tillöguna hjá vinnumarkaðsráðum um landið, en eðlilegt hefði verið að eiga við fulltrúa þeirra samráð og horfa t.a.m. til þess hvort sameina megi ráð og samhliða styrkja starf þeirra og hlutverk.

Lokaorð

Hér hafa verið rakin ýmis sjónarmið sem liggja að baki afstöðu ASÍ um að frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingar á atvinnuleysistryggingum og vinnumarkaðsaðgerðum séu varhugaverðar og illa ígrundaðar.

Mikil almenn atvinnuþátttaka og lítið atvinnuleysi, sem einkennt hefur íslenskan vinnumarkað, er ekki sjálfgefið en sú staða byggir ekki síst á grunni hinnar ríku hefðar sem hér hefur skapast um víðtæka aðkomu aðila vinnumarkaðarins og náið þríhliða samstarf við stjórnvöld um umgjörð og réttindakerfi vinnumarkaðarins.

Sú stefnubreyting stjórnvalda í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins sem birtist í þessu máli er grafalvarleg að mati Alþýðusambands Íslands. Í stað samtals og samvinnu um grundvallarmálefni vinnumarkaðarins er gripið til einhliða valdboða sem grafa undan réttindum launafólks og rjúfa þann félagslega sáttmála sem byggður hefur verið upp í áratugi. Slík skilaboð hafa áhrif og grafa undan mikilvægu trausti sem ríkja þarf í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Krafa ASÍ er líkt og áður einföld. Að frumvarp þetta verði dregið til baka og nefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga verði kölluð saman að nýju. Nefndinni verði falið að ljúka verki sínu og leggja fram heildstæðar tillögur um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem geti orðið grundvöllur lagabreytinga. Þannig sýni stjórnvöld í verki að þau haldi í heiðri leikreglur vinnumarkaðarins um þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í málefnum sem varða grundvallarréttindi launafólks.

Fylgiskjal 1:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ og Sonju Þorbergsdóttur, formanns BSRB, birt á Vísi 9. september 2025

Sparnaðartillögur á kostnað atvinnulausra

Félags- og húsnæðismálaráðherra boðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem til stendur að stytta bótatímabilið úr 30 mánuðum niður í 18 mánuði og herða á ávinnsluskilyrðum. Þessi áform endurspeglast einnig í frumvarpi til fjárlaga sem fjármála- og efnahagsráðherra kynnti í gær. Áætlað er að þessi skerðing á réttindum launafólks muni skila um sex milljarða króna sparnaði á ári þegar hún verður að fullu innleidd.

Atvinnuþátttaka allra hópa á Íslandi er sú mesta innan OECD og atvinnuleysi er einnig með minnsta móti, þar með talið langtímaatvinnuleysi. Ekki er því að sjá að knýjandi þörf sé á breytingum á atvinnuleysistryggingakerfinu og skerðingu á afkomutryggingu launafólks.

Markmið breytinganna er sagt vera að stuðla að aukinni virkni þeirra sem lenda í langtímaatvinnuleysi en óljóst er með öllu hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuöryggi launafólks í viðkvæmri stöðu. Réttara er að kalla breytingarnar því nafni sem þær eru, sparnaðartillögur.

Atvinnuleysistryggingar eru vernd gegn afkomumissi

Atvinnuleysistryggingar varða grundvallarafkomu launafólks og veita vernd við atvinnumissi. Réttindin koma ekki sjálfkrafa heldur safnast upp í gegnum þátttöku á vinnumarkaði. Breyttur vinnumarkaður, tæknibreytingar og minni festa í ráðningarsamböndum sem draga úr afkomuöryggi launafólks minnka síður en svo þörf fyrir

öflugar atvinnuleysistryggingar.

Samið var fyrst um atvinnuleysistryggingar árið 1955 í kjölfar harðra átaka og einhverra lengstu verkfalla sem verið hafa á vinnumarkaði. Í fyrstu var atvinnuleysistryggingasjóður í höndum verkalýðsfélaganna en síðar tóku stjórnvöld yfir sjóðinn og færðu undir Vinnumálastofnun sem einnig tók að sér alla umsýslu vegna hans. Þannig voru það aðilar vinnumarkaðarins sem settu kerfið á fót og hafa breytingar á því hingað til verið gerðar í samráði við þá.

Niðurskurður í dulargervi

Árið 2021 var boðuð endurskoðun á atvinnuleysistryggingalögum og í kjölfarið stofnaði þáverandi félagsmálaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin. Í þeim hópi áttu sæti fulltrúar launafólks ásamt fulltrúum atvinnurekenda og stjórnvalda. Á þeim vettvangi var meðal annars rætt um lengd bótatímabilsins.

Fulltrúar launafólks í starfshópnum lögðu ríka áherslu á að setja þyrfti umræðu um lengd bótatímabilsins í samhengi við þá þjónustu og þau úrræði sem til staðar væru til að aðstoða einstaklinga að komast aftur í starf. Slíkar aðgerðir miða m.a. að því að auðvelda atvinnuleit, tryggja góðar ráðningar, efla færni og getu atvinnuleitenda og tryggja virkni þeirra. OECD hefur einnig lagt áherslu á að atvinnuleysistryggingakerfið þurfi að koma betur til móts við þarfir innflytjenda sem síður hafa tengslanet á vinnumarkaði og þar þurfi úrræði, námskeið og tungumálakennsla að vera betur sniðin að þeirra þörfum.

Fyrir liggur að mun minna er lagt í virk vinnumarkaðsúrræði til að styðja við fólk í atvinnuleit hér á landi en í nágrannalöndunum og ekki er að sjá að áformuð sé stefnubreyting í þeim efnum.

Réttindi launafólks verða varin

Ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur hefur nú ákveðið að virða að vettugi starf þessarar nefndar aðila vinnumarkaðarins og einhliða ákveðið að stytta atvinnuleysisbótatímabilið og herða ávinnsluskilyrðin. Lagt er til grundvallar að fólk sem missi réttinn til atvinnuleysisbóta finni sér bara nýtt starf. Þetta lýsir hroka og miklu þekkingarleysi á stöðu þeirra einstaklinga sem missa starf sitt og eru án atvinnu til lengri tíma. Fólk sem starfar í árstíðabundnum atvinnugreinum mun lenda í vandræðum og ætla má að ásókn vinnandi fólks í þær greinar dragist enn frekar saman.

Að stjórnvöld taki einhliða ákvörðun um breytingar á grundvallarréttindum vinnandi fólks án samráðs við verkalýðshreyfinguna er nánast fordæmalaust og gengur þvert á eðlileg samskipti stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Íslensk verkalýðshreyfing mun ekki sitja hjá og láta þessi vinnubrögð og þá miklu réttindaskerðingu launafólks sem boðuð er óátalin.

Fylgiskjal 2:

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 17. september 2025

Ríkisstjórn Kristrúnar láti aðra en atvinnulausa fjármagna sparnaðinn

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.

Bein réttindaskerðing er ekki hagræðing eða ráðdeild í ríkisfjármálum.

Umrædd áform bætast nú við miður ígrunduð áform ríkisstjórnarinnar um afnám jöfnunarframlags vegna örorkubyrði sem leiðir til beinnar skerðingar réttinda örorku- og ellilífeyrisþega í lífeyrissjóðum.

Atvinnulausir og aldraðir eru ekki breiðu bökin sem sanngjarnt er að beri byrðarnar af hagræðingu í ríkisrekstri.

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir launafólks eru miklir og kerfið órjúfanlegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnslurétti tryggingarinnar.

Atvinnuleysistryggingar eru hluti af réttindum sem launafólk ávinnur sér með þátttöku á vinnumarkaði. Fyrir allan þorra fólks er mikið áfall að missa atvinnuna. Réttindakerfið á því fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit.

Verkalýðshreyfingin er nú sem endranær reiðubúin í viðræður um umbætur á atvinnuleysistryggingakerfinu. Rétt er að minna stjórnvöld á að starfshópur um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins hefur ekki fengið tækifæri til að ljúka vinnu sinni og leggja fram tillögur eins og eðlilegt væri.

Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að falla nú þegar frá einhliða áformum um að skerða réttindi atvinnuleitenda og sýna í verki að hér á landi sé þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda haft í heiðri.

Fylgiskjal 3:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ, birt á Vísi 26. janúar 2026

Samráðsleysi um atvinnuleysistryggingar er feigðarflan

Nýskipaður félagsmálaráðherra, Ragnar Þór Ingólfsson, mun á morgun, þriðjudag, mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þessi ákvörðun ráðherrans veldur miklum vonbrigðum og gefur tilefni til að rifja upp grundvallarstefnu Alþýðusambands Íslands í þessum mikilvæga málaflokki – og ekki síst að gagnrýna það alvarlega samráðsleysi sem hefur einkennt undirbúning málsins.

ASÍ hefur margítrekað mótmælt þessum áformum ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur m.a. með ítarlegri umsögn sem birt var í októbermánuði í fyrra.

Frumvarpið kveður á um að bótatímabil verði stytt úr 30 mánuðum í 18 mánuði og að ávinnslutími réttinda lengist úr þremur mánuðum í 12 mánuði. Með fylgja afar óljósar og óútfærðar hugmyndir um vinnumarkaðsaðgerðir sem eru með öllu ófjármagnaðar. Það er ekki síst þetta síðastnefnda atriði sem veldur því að viðvörunarbjöllur hringja; reynsla verkalýðshreyfingarinnar af slíkum fyrirheitum stjórnvalda er í stuttu máli ekki góð. Vandræðalegar og samhengislausar tilraunir til að rökstyðja þau áform stjórnvalda að draga úr kostnaði með því að skerða einhliða réttindi launafólks eru því miður alltof kunnuglegar.

Hornsteinar velferðar

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum velferðarkerfisins. Þær eru ekki ölmusa heldur trygging sem launafólk greiðir af launum sínum í gegnum vinnumarkaðinn – trygging gegn tekjumissi þegar fólk missir starf sitt, oft með engum fyrirvara. Fyrir ASÍ hefur það alla tíð verið grundvallaratriði að þetta kerfi tryggi raunverulegt afkomuöryggi, styðji við virkni á vinnumarkaði og virði mannlega reisn.

Frumvarp ráðherra boðar hins vegar breytingar sem ganga þvert gegn þessum markmiðum. Með því að stytta réttindatímabil, herða skilyrði og auka óvissu fyrir þá sem missa vinnuna er verið að veikja félagslegt öryggisnet á sama tíma og vinnumarkaðurinn tekur miklum breytingum og eykur óvissu í mörgum hópum launafólks. Breytingarnar sem frumvarpið kveður á um eru í senn félagslega skaðlegar og skammsýnar í efnahagslegu tilliti.

Markvisst samráðsleysi

Auk þess sem innihald frumvarpsins er beinlínis skaðlegt er það ekki síður aðferðin sem stjórnvöld beita við vinnslu þess og framlagningu sem veldur miklum áhyggjum og er í sem stystu máli óboðleg með öllu. Verkalýðshreyfingin hefur ekki verið kölluð að borðinu með raunverulegum hætti. Það víðtæka og markvissa samráð sem eðlilegt er þegar ráðist er í breytingar á kerfi sem snertir lífskjör tugþúsunda heimila hefur ekki farið fram. Þetta er sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að atvinnuleysistryggingar eru órjúfanlegur hluti af heildarskipan vinnumarkaðarins og félagslega samningslíkaninu sem byggir á trausti og samvinnu aðila.

ASÍ hefur ítrekað lagt áherslu á að breytingar á atvinnuleysistryggingum verði að byggja á greiningu, gögnum og sameiginlegum skilningi aðila vinnumarkaðarins á markmiðum kerfisins. Slíkt samráð er ekki formsatriði – það er forsenda þess að niðurstaðan verði réttlát, skilvirk og njóti samfélagslegrar sáttar. Þegar stjórnvöld velja að fara fram hjá verkalýðshreyfingunni er markvisst grafið undan því trausti sem íslenskur vinnumarkaður hefur byggt á um áratugaskeið.

Alþýðusambandið hafnar þeirri nálgun að líta á atvinnuleysistryggingar fyrst og fremst sem útgjaldalið sem þurfi að skera niður. Þær eru fjárfesting í stöðugleika, félagslegu öryggi og virkri þátttöku fólks í atvinnulífinu. Sterkt kerfi atvinnuleysistrygginga styður við hraðari endurkomu fólks til starfa, dregur úr fátækt og minnkar líkur á langtímaatvinnuleysi.

„Illa ígrundað, gallað og gerræðislegt“

Í fyrrnefndri umsögn ASÍ var fullyrt að frumvarpið væri „illa ígrundað, gallað og gerræðislegt“. Því miður stendur sá dómur enn. Þar var einnig bent á að líkur væru til þess að frumvarpið skilaði þveröfugri niðurstöðu við þá sem stefnt væri að; skert réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu muni leiða til þess að fólk færist yfir í önnur afkomutryggingakerfi t.a.m. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og örorkulífeyriskerfið með tilheyrandi rofi á tengslum við vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar.

Stjórnvöld virði grundvallarreglur vinnumarkaðar

ASÍ hvetur félagsmálaráðherra til að hverfa frá þessu frumvarpi og hefja raunverulegt samráð við verkalýðshreyfinguna og aðra hagaðila. Umbætur á atvinnuleysistryggingum geta verið nauðsynlegar – en þær verða að vera til bóta fyrir launafólk og

samfélagið í heild, ekki til að velta kostnaði yfir á þá sem standa höllum fæti.

ASÍ bendir á, að bætur atvinnuleysistrygginga eru fjármagnaðar með gjöldum á atvinnulífið, gjöldum sem renna til atvinnuleysistryggingasjóðs í stað þess að renna í vasa launafólks sem hluti þess svigrúms sem kann að vera til kjarabóta. Einhliða breytingar á afkomutryggingum launafólks fela því í sér bein afskipti ríkisstjórnar af kjarasamningum á vinnumarkaði og munu óhjákvæmilega framkalla viðbrögð við endurskoðun og endurnýjun kjarasamninga.

Enn má velja aðra leið. En þá þurfa stjórnvöld að virða þá grundvallarreglu sem íslenskt vinnumarkaðslíkan byggir á: að stórar ákvarðanir um lífskjör fólks séu teknar í samráði, ekki einhliða.

Fylgiskjal 4:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ, birt á Vísi 2. febrúar 2026

Valdboð í stað samtals – Hættulegur tíðarandi

Íslenskt samfélag hefur lengi byggt styrk sinn á samtali, samráði og gagnkvæmri virðingu á vinnumarkaði. Sú hefð hefur verið hornsteinn stöðugleika, félagslegs öryggis og trausts milli aðila. Nú blasir hins vegar við alvarleg stefnubreyting. Stjórnvöld virðast hafa ákveðið að samtal við verkalýðshreyfinguna sé ekki lengur nauðsynlegt. Í stað þess er gripið til einhliða valdboða sem grafa undan réttindum launafólks og rjúfa þann félagslega sáttmála sem byggður hefur verið upp í áratugi.

Skýrt dæmi um þennan hættulega nýja tíðaranda er frumvarp stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Frumvarpið felur í sér verulegar skerðingar á réttindum launafólks, eykur óöryggi og flytur ábyrgð og áhættu af samfélaginu yfir á einstaklingana sjálfa – án raunverulegs samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Engin andstaða – pólitískur samhljómur

Þann 27. janúar mælti Ragnar Þór Ingólfsson ráðherra fyrir frumvarpinu á Alþingi. Enginn setti fram efnislega gagnrýni. Enginn spurði hver bæri byrðarnar. Enginn velti fyrir sér félagslegum afleiðingum breytinganna og enginn vakti athygli á hversu illa málið er unnið.

Eftir ræðu ráðherrans kom í pontu þingmaður Sjálfstæðisflokksins – sem minnt skal á að er í stjórnarandstöðu – og fékk vart hamið sig vegna kæti yfir því að málið væri komið fram, frumvarp sem viðkomandi lýsti yfir stuðningi við af heilum huga. Þessi uppákoma segir meira en mörg orð um þann pólitíska samhljóm sem ríkir um að ganga gegn réttindum launafólks, óháð því hvort menn sitja í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu.

Fyrir utan verkalýðshreyfinguna heyrðist enginn mótmæla. Sú þögn er ekki merki um styrk frumvarpsins heldur veikleika umræðunnar – og veikleika Alþingis. Sú þögn segir meira en mörg orð um augljósan skort á þinglegu aðhaldi.

Í frumvarpinu er vísað til óskýrra og óútfærðra hugmynda um svokallaðar vinnumarkaðsaðgerðir sem eiga að vega upp á móti skerðingum á réttindum launafólks. Þessar aðgerðir eru hvorki skilgreindar með skýrum hætti né studdar fjármagni. Þrátt fyrir það er lagt til að ráðist verði í róttækar kerfisbreytingar án þess að fyrir liggi trúverðug útfærsla eða heildstæð greining á félagslegum og efnahagslegum áhrifum þeirra. Þetta eru kunnugleg vinnubrögð: að fela kostnaðarlækkun á bak við einhliða skerðingu á réttindum launafólks, án rökstuðnings eða ábyrgðar.

Hvar eru fulltrúar launafólks?

Sérstaka athygli vekur að stjórnmálamenn sem kenna sig við „félagshyggju“, „jafnaðarmennsku“ og segjast jafnvel vera málsvarar „fólksins“ virðast hafa misst allan áhuga þegar kemur að því að verja grundvallarréttindi almennings. Sömu aðilar sem tala fyrir jöfnuði og félagslegu réttlæti í kosningabaráttum sitja nú annaðhvort hljóðir eða styðja beinlínis frumvarp sem felur í sér skerðingar á félagslegum réttindum.

Vaknar þá óhjákvæmilega spurningin: Á launafólk á Íslandi enga raunverulega fulltrúa á Alþingi? Ef svo er, hvers vegna ákveða þeir sem segjast vera það að þegja þegar mest á reynir og jafnvel að styðja þess aðför? Hvers vegna er þögnin valin í stað þess að standa vörð um almannahagsmuni og félagslegan stöðugleika?

Réttindi gerð tortryggileg

Sama hugmyndafræði birtist nú í umræðunni um veikindarétt og réttindi opinberra starfsmanna. Þar hafa atvinnurekendur og talsmenn þeirra – ekki síst innan Viðskiptaráðs, áróðursstofu íslenskrar nýfrjálshyggju, – haldið því fram að svindl og skipulögð misnotkun fái þrifist. Þessir ósönnu sleggjudómar eru látnir standa óátaldir.

Á sama tíma áforma stjórnvöld með „jafnaðarmenn“ og fulltrúa „fólksins“ í broddi fylkingar að ráðast á samningsbundin réttindi með afnámi áminningarskyldu gagnvart ríkisstarfsmönnum. Þetta eru ekki tilviljanakenndar aðgerðir heldur hluti af samfelldri og skipulagðri atlögu að réttindum launafólks. Hér er um að ræða bein og með öllu óásættanleg afskipti stjórnvalda af málefnum vinnumarkaðarins. Vitanlega þarf að leiða mál sem þetta til farsælla lykta með samráði og samningum.

Atvinnuleysistryggingar sem kerfi aga og refsingar

Atvinnuleysistryggingar eru ekki góðgerðarstarfsemi. Þær eru tryggingakerfi sem launafólk hefur sjálft greitt fyrir; byggðar á þeirri grundvallarsýn til samfélags og meðborgara að fólk eigi rétt á afkomu og reisn þegar það missir vinnuna. Að breyta atvinnuleysistryggingum í kerfi aga og refsinga sem byggir á tortryggni, skerðingum og þvingunum er bæði rangt og skammsýnt.

Slík stefna leiðir ekki til virkari vinnumarkaðar heldur aukins óöryggis og þrýstings á önnur velferðarkerfi samfélagsins.

Varðstaða um almannahagsmuni

ASÍ mun ekki sætta sig við þessa þróun. Við munum halda áfram að verja samningsbundin réttindi launafólks, krefjast raunverulegs samráðs og benda af festu á afleiðingar þeirra ákvarðana sem nú eru teknar í skjóli þagnar, samhljóms og pólitísks ábyrgðarleysis. Verkalýðshreyfingin getur ekki brugðist hlutverki sínu með því að þegja þegar ráðist er á grunnstoðir vinnumarkaðarins. Hennar pólitík er aðeins ein: að standa vörð um almannahagsmuni.

Valdboð í stað samtals er ekki leiðin fram á við – þau eru atlaga að lýðræðinu, að vinnumarkaðnum og að grundvallarréttindum launafólks. Slík stefna er ekki til farsældar fallin. Hún getur af sér sundrungu og rof á samfélagssáttmálanum.

Frumvarp til laga um búvörulög (framleiðendafélög), 374. mál.

30.1.2026

Aðdraganda málsins má rekja til lagabreytinga sem tóku gildi í mars 2024 og fólu í sér að afurðastöðvum voru veittar rýmri undanþágur frá samkeppnislögum en þekkjast í okkar nágrannaríkjum. Alþýðusambandið mótmælti þeim breytingum harðlega í yfirlýsingu og taldi að breytingarnar myndu skerða kjör launafólks og neytenda. Sambandið taldi jafnframt gagnrýnivert að svo víðtækar væru gerðar á frumvarpinu í meðförum nefndar og án alls samráðs við hagsmunaaðila eða eftirlitsstofnanir.

Í upphaflegum frumvarpsdrögum á 154. löggjafarþingi var lagt til að heimila fyrirtækjum í eigu eða undir meirihlutastjórn frumframleiðenda (þ.e. bænda) að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndum. Markmið þessara breytinga var einkum að styrkja stöðu bænda. Þær breytingar sem gerðar voru í meðförum þingnefndar gengu mun lengra en í frumvarpsdrögum en þar var ekki gerð krafa um meirihluta eignarhald eða stjórn bænda í framleiðendafélögum. Í raun var öll kjötframleiðsla gerð undanþegin samkeppnislögum en líkt og segir í greinargerð eru það öll félög og samtök félaga sem eru fyrstu framleiðendur kjötafurða, afleiddra afurða og annast slátrun og vinnslu. Sjónarmið um að með þessu hefðu framleiðendur setið við sama borð og framleiðendur í Evrópu eiga að mati ASÍ ekki við rök að styðjast, enda gengu breytingarnar bæði lengra en í nágrannalöndum ásamt þeirri staðreynd að íslenskur landbúnaður býr við meiri tollvernd heldur en í samanburðarlöndum. Breytingarnar myndu því ýta undir aukna fákeppni á innanlandsmarkaði á sama tíma og erlend samkeppni er takmörkuð með tollvernd. Ekki var gert ráð fyrir að samrunaeftirlit myndi virkjast í kjölfar lagabreytinga og ekki tryggt að opinber verðlagsákvörðun yrði til staðar líkt og þekkist í mjólkuriðnaði.

Verðlag á Íslandi er hátt og með því hæsta sem þekkist innan ríkja Evrópu. Verð á matvöru er að jafnaði 42% hærra á Íslandi en í ríkjum Evrópusambandsins. Munurinn er meiri þegar horft er á verð á búvöru en verð á kjöti er um 64% hærra en í ESB og mjólkurvara 68% dýrari. Vert er að nefna að verð á kjötvöru hefur hækkað um 11,8% frá því undanþágur frá samkeppnislögum voru heimilaðar í mars 2024, borið saman við 7,3% hækkun vísitölu neysluverðs. Margar ástæður geta útskýrt hærra verðlag á Íslandi en í ríkjum Evrópusambandsins, s.s. smæð og staða landsins, launamunur eða ólík tollvernd milli ríkja. Samkeppni eða öllu heldur skortur á henni hefur einnig tilfinnanleg áhrif á vöruverð. Enda er munur á verðlagi að jafnaði meiri í þeim flokkum þar sem tollvernd er há og fákeppni til staðar.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gerð tilraun til að draga úr þeim víðtæku undanþágum sem lögfestar voru á 154. löggjafarþingi. Í frumvarpinu eru undanþágur frá samkeppnislögum einungis bundnar við 10. og 12. Gr. laganna og ná einungis yfir tilteknar afurðir. Jafnframt tekur samrunaeftirlit gildi að nýju og heimildir Samkeppniseftirlitsins til eftirlits eru auknar. Þessar breytingar eru til bóta frá núverandi kerfi.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt 3. október síðastliðinn en í þeim voru undanþágur frá samkeppnislögum einungis veittar félögum í eigu eða undir stjórn bænda í takt við upphafleg markmið frumvarpsins. ASÍ tekur undir áhyggjur Samkeppniseftirlitsins og annarra umsagnaraðila af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á málinu frá því drög voru birt í samráðsgátt en þær felast m.a. í því að undanþágur eru rýmkaðar og munu ná til afurðastöðva sem ekki eru undir yfirráðum bænda. Í greinargerð er ekki að finna skýran rökstuðning fyrir breytingunum. ASÍ

telur einnig ástæðu til þess að taka undir ábendingar sem snúa að fyrirkomulagi útboðs tollkvóta og telur nauðsynlegt að það sé tekið til endurskoðunar þannig að ábati af tollfrjálsum kvótum skili sér til neytenda en nýtist ekki framleiðendum sem njóta undanþága frá samkeppnislögum.

Breyting á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 (hækkun stofnframlaga ríkisins o. fl.), 510. mál.

24.3.2026

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir. Reglugerð um almennar íbúðir setur leigufélögum þröngar skorður þar sem byggja þarf innan skilgreinds hámarks byggingarkostnaðar. Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu reynist það óhagnaðardrifnum leigufélögum umtalsverð áskorun að byggja innan hámarksbyggingarkostnaðar á tímum verðbólgu og hárra vaxta. Er þetta ein af ástæðum þess að eftirspurn eftir stofnframlögum hefur dregist saman.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra fái heimild til að ákveða í reglugerð hvert hlutfall stofnframlaga ríkisins verði, innan þess ramma sem markaður er í 1. mgr. 11. gr. laganna, þ.e. *allt að 23% af stofnvirði almennrar íbúðar*. Í því samhengi tekur ASÍ undir umsögn Bjargs íbúðafélags um að skýra þurfi að átt sé við að stofnframlag sé að lágmarki 18% og að ráðherra hafi heimild til að ákveða að stofnframlag geti verið á bilinu 18–23%.

ASÍ gerir ekki athugasemd við breytinguna en telur ástæðu til að benda á að með hækkun hlutfalls stofnframlags sé vissulega stuðlað að því að fjármunir nýtist við núverandi aðstæður hárra vaxta en breytingin geti líka orðið til þess að færri íbúðir séu byggðar innan almenna íbúðakerfisins á ári. Því þurfi að tryggja að fjármagn til stofnframlaga sé nægjanlegt til að markmið um fjölda íbúða byggðar eru innan almenna íbúðakerfisins náist en ekki síður að tryggja lóðaframboð með samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga.

Í því samhengi er vert að benda á að nú tíu árum eftir að lög um almennar íbúðir tóku gildi hefur stofnframlögum verið úthlutað til uppbyggingar á ríflega 4.000 íbúðum, þar af hefur einungis um 1.100 stofnframlögum verið úthlutað til uppbyggingar á íbúðum miðuðum að tekju- og eignalitlum á vinnumarkaði, þ.e. rétt um 100 íbúðir á ári. Sú uppbygging er víðs fjarri þeim fyrirheitum sem verkalýðshreyfingunni var lofað í tengslum við kjarasamninga 2019, 2022 og 2024. Í dag er umfang Bjargs íbúðafélags einungis um 1% af íbúðamagni í Reykjavík en til samanburðar var verkamannabústaðakerfið um 11% af íbúðum í Reykjavík þegar það var lagt niður.

Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 516. Mál.

7.4.2026

Ákvörðun um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu varðar grundvallarhagsmuni þjóðarinnar. Alþýðusamband Íslands telur rétt að sú ákvörðun verði lögð i dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Verði niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar á þann veg að aðildarviðræðum skuli framhaldið mun ASÍ yf-

irfara og greina kafla samningsins með tilliti til hagsmuna launafólks og skilgreina samningsmarkmið og áherslur sínar innan þeirra. ASÍ leggur á það ríka áherslu að ef til viðræðna kemur verði náið samráð og samvinna haft við fulltrúa samtaka launafólks við undirbúning samningsmarkmiða og aðildarviðræðna. Verkalýðshreyfingin hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að gæta hagsmuna launafólks í víðum skilningi og hefur víðtæka reynslu og þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins. Að auki á verkalýðshreyfingin í miklu alþjóðlegu samstarfi bæði við systursamtök sín og í þríhliða samráði með atvinnurekendum og fulltrúum stjórnvalda þar sem sækja má mikilvæga þekkingu og fordæmi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningar o.fl.), 536. mál.

9.4.2026

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn þegar drög að frumvarpi þessu lágu fyrir í Samráðsgátt stjórnvalda. Veigamesta breytingin lýtur að afnámi áminningarskyldu stjórnvalda.

Hluti 9. kafla laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um starfslok er tekinn upp í kjarasamninga við ríkið og þær skyldur og þau réttindi sem þar eru geymd eru hluti þeirra. Kjarasamningar eru nú undir friðarskyldu sem felur í sér þá mikilvægu en einföldu skyldu að báðum aðilum ber að virða efni kjarasamninga allt þar til niðurstaða hefur tekist um breytingar í viðræðum um endurnýjun þeirra.

ASÍ telur að málsmeðferð við undirbúning málsins og framlagning þessa frumvarps feli í sér alvarlegt brot á þeim lögum, leikreglum og viðmiðum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, þar sem breytingar á kjarasamningsbundnum réttindum launafólks skuli undirbúnar og gerðar í kjaraviðræðum en ekki einhliða með inngripi löggjafans, sem í þessu tilviki er einnig viðsemjandi verkalýðshreyfingarinnar og launagreiðandi.

Samkvæmt samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um félagafrelsi og kjarasamningsrétt nr. 87 og 98, er réttur til kjarasamninga og frjálsra samningaviðræðna hornsteinn félagafrelsis og forsenda farsælla samskipta á vinnumarkaði. Í framkvæmd ILO hefur ítrekað verið áréttað að stjórnvöld skuli stuðla að frjálsum kjarasamningum og samningaviðræðum en ekki koma í þeirra stað með einhliða lagasetningu um starfskjör, hvað þá þegar stjórnvöld eiga sjálf í hlut sem launagreiðendur. ASÍ vekur athygli á því, að einhliða, alvarlegt inngrip og brot á gildandi kjarasamningum af hálfu annars samningsaðila kann að leiða til þess að kjarasamningum megi rifta.

Hvað varðar tillöguna um afnám áminningarskyldu sem slíka þá er tilgangur og tilefni sagt vera að bæta þjónustu, efla mannauð, skapa jákvæðar aðferðir til að leiðbeina starfsfólki, byggja upp heilbrigt og öruggt starfsumhverfi og tryggja skilvirkni og árangur í ríkisrekstri. Óljóst er hvernig framangreint réttlæti inngrip í kjarasamninga með lagasetningu og er rökstuðningi verulega áfátt í því efni.

Rík áhersla er lögð á að í stað áminningar komi ólögfest leiðbeinandi samtal yfirmanna. Sú skoðun að slíkt samtal komi í stað áminningar sýnir skort á skilningi á tilgangi kjarasamninga, réttindaverndar og kjarasamningsbundnum réttindum launafólks. Leiðbeinandi samtöl eru algeng við mannauðsstjórnun og er það vel. Áminningarskylda er hins vegar hluti réttindaverndar launafólks til að tryggja réttláta meðferð við starfslok og veita starfsfólki raunverulegt tækifæri til úrbóta.

Með engu móti er hægt að sjá að afnám lögbundinna réttinda og tilkoma ólögfestra og óskýrra vinnureglna geti réttlætt einhliða inngrip með lagasetningu, geti stuðlað

að þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu.

ASÍ leggst af ofangreindum ástæðum eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál.

10.4.2026

Til umsagnar er frumvarp til laga um lagareldi. Alþýðusamband Íslands telur jákvætt að setja eigi ný heildarlög fyrir greinina en heildstæðu lagaumhverfi, stjórnsýslu og eftirliti hefur verið verulega ábótavant hingað til, eins og fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2023. Frumvarpið felur í sér ýmsar úrbætur sem eru til þess fallnar að styrkja umgjörð greinarinnar og skýra ábyrgð. Engu að síður eru verulegir annmarkar á frumvarpinu, einkum hvað varðar sjókvíaeldi, en ASÍ telur að stóru álitaefnin í frumvarpinu lúti fyrst og fremst að sjókvíaeldi og þeim grundvallarbreytingum sem þar eru lagðar til.

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir harðlega að stjórnvöld hyggist ekki draga lærdóm af reynslu okkar af ágöllum kvótakerfisins í sjávarútvegi né reynslu Norðmanna af gjaldtöku í sjókvíaeldi við mótun lagaumgjarðar fyrir sjókvíaeldi. Í stað þess að tryggja þjóðinni réttlátan arð af nýtingu fjarða landsins, styðja við sjálfbæra auðlindanýtingu og stuðla að samfélagslegri sátt festir frumvarp þetta í sessi fyrirkomulag sem tryggir þjóðinni ekki sanngjarnan auðlindaarð, hyglir fyrirtækjum sem þegar hafa hafið starfsemi og stuðlar að því að ákvarðanataka um auðlindanýtingu byggi ekki á bestu fyrirliggjandi vísindum heldur markist af ógagnsæi, mismunun og geðþóttaákvörðunum.

Helstu atriði umsagnar:

- Gjaldtaka af sjókvíaeldi skv. frumvarpinu er ekki til þess fallin að tryggja þjóðinni eðlilega og réttláta hlutdeild í arði af nýtingu sameiginlegrar auðlindar.
- Fara á að fordæmi Norðmanna við fyrirkomulag gjaldtöku af sjókvíaeldi þar sem aðgangur að auðlindinni er verðlagður með útboði á leyfum þar sem hæsta boð gildir og yfirhagnaður er skattlagður sérstaklega með auðlindaskatti.
- Verulegir ágallar eru á útboði í frumvarpinu. Ákvæðið þarfnast breytinga þar sem hæsta boð á að ráða för við úthlutun smitvarnarsvæða, en ekki matskenndir þættir sem veikja verðmyndun og ýta undir geðþóttaákvarðanir og ógagnsæi. Þá ætti að kveða á um lágmarksverð í lögunum.
- Ákvæði um framsal og leigu laxahluta, ásamt veikri nýtingarskyldu, skapa hvata til að safna heimildum, ýta undir samþjöppun og draga dám af kvótakerfinu í sjávarútvegi.
- Of víðtækar reglugerðarheimildir veikja fyrirsjáanleika, færa veigamiklar ákvarðanir frá lögum yfir í framkvæmd og auka hættu á geðþóttaákvörðunum.
- ASÍ gagnrýnir harðlega að opna eigi allt landið fyrir sjókvíaeldi, nema sérstaklega sé ákveðið að banna það, sem gengur gegn varúðarnálgun og veikir vernd vistkerfa.
- Þrátt fyrir jákvæð áhrif sjókvíaeldis á atvinnutækifæri í tilteknum byggðum hníga sterk rök að því að takmarka frekari útbreiðslu greinarinnar í ljósi neikvæðra umhverfisáhrifa og skorts á samfélagslegri sátt. Alþýðusamband Íslands harmar að falla eigi frá lögfestingu banns við sjókvíaeldi.

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir harðlega að sambandinu hafi ekki borist umsagnarbeiðni frá Alþingi um frumvarpið þrátt fyrir að málið varði sameiginlega auð-

lind þjóðarinnar og atvinnugrein þar sem fjöldi launafólks starfar. Sama á við um drög að frumvarpinu í samráðsgátt og samráðsfundi með hagsmunaaðilum við mótun stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis. Það er miður ef núverandi ríkisstjórn og stjórnvöld telja ekki tilefni til samráðs við fulltrúa launafólks um atvinnuuppbyggingu og auðlindanýtingu á sama tíma og talin er þörf á að hafa samráð við hagsmunasamtök fyrirtækja.

Gjaldtaka í frumvarpinu tryggir ekki sanngjarna, eðlilega hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentu af sjókvíaeldi

Alþýðusamband Íslands telur að gjaldtaka samkvæmt frumvarpinu tryggi ekki með fullnægjandi hætti að samfélagið fái eðlilega og réttláta hlutdeild í þeim arði sem skapast við nýtingu fjarða landsins. Fyrirtæki í sjókvíaeldi byggja starfsemi sína á nýtingu takmarkaðrar auðlindar, þ.e. fjarða landsins. Í stefnu ASÍ er rík áhersla lögð á að við nýtingu náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar sé hugað að jafnvægi milli atvinnuuppbyggingar, samfélagslegra hagsmuna og umhverfisverndar. Náttúruauðlindir eru eign þjóðarinnar og nauðsynlegt er að tryggja henni réttláta hlutdeild í þeim arði sem skapast við nýtingu þeirra.

Í fyrsta lagi felur frumvarpið í sér breytingar á framleiðslugjaldi þar sem gjaldið miðast við afkomu rekstraraðila en ekki veltu eins og gjaldið gerði áður. Slík breyting hefur þau áhrif að gjaldtaka leggst ekki jafn þungt á fyrirtæki á uppbyggingarstigi þegar fjárfesting er mikil og hagnaður lítill. Afkomutengt gjald í stað veltutengds gjalds leiðir þó til þess að tekjur ríkissjóðs verða takmarkaðar á fyrstu stigum og meiri óvissa verður um tekjur ríkisins af starfseminni til lengri tíma. Afkomutengt framleiðslugjald fangar því betur þann arð sem myndast í rekstri fyrirtækja í lagareldi en veltutengt framleiðslugjald, en hvorki veltutengt né afkomutengt tryggir að þjóðin fái eðlilega hlutdeild í auðlindaarði. Að mati ASÍ er einnig hætta á að fyrirkomulagið skapi hvata til að lækka skattstofn, svo sem með tilfærslu kostnaðar innan samstæðna, milli landa eða móður- og dótturfélaga, þar sem kostnaður er færður þangað sem það hentar út frá skattalegum og rekstrarlegum sjónarmiðum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir útboðskenndu fyrirkomulagi við úthlutun smitvarnarsvæða. Slík nálgun getur í grundvallaratriðum verið skilvirk leið til að tryggja verðmyndun fyrir aðgang að takmarkaðri auðlind. Hins vegar er fyrirkomulagið í frumvarpinu ekki útfært sem raunverulegt útboð. Ekki er kveðið á um lágmarksfjárhæð, hæsta boð ræður ekki niðurstöðu og við mat á tilboðum geta fjölmörg önnur matskennd viðmið ráðið för við úthlutun. Þetta felur í sér að hvorki er tryggt að hæsta verð fáist né að lágmarksverð sé uppfyllt. Afleiðingin er sú að verðmyndun verður óljós og óvíst er að endurgjald fyrir aðgang að auðlindinni endurspegli raunverulegt virði hennar.

Í þriðja lagi nær útboðsleiðin einungis til nýrra svæða. Núverandi rekstraraðilar halda áfram nýtingu án sambærilegrar verðmyndunar fyrir aðgang sinn að auðlindinni. Þetta leiðir til þess að verulegur hluti auðlindarinnar er nýttur án þess að markaðsverð sé greitt fyrir nýtingarrétt á takmarkaðri auðlind. Þegar þetta er lagt saman blasir við að hvorki framleiðslugjaldið né útboðsleiðin tryggja, hvort heldur sem er sjálfstætt eða samanlagt, að samfélagið fái eðlilega hlutdeild í auðlindarentu.

Samanburður við Noreg

Í Noregi er gjaldtaka af sjókvíaeldi með þeim hætti að svæði eru boðin út (með lágmarksverði þar sem hæsta boð gildir) og þar sem umframhagnaður (m.ö.o. auð-

lindarenta) er skattlagður sérstaklega með auðlindagjaldi. Slíkt kerfi leiðir til þess að tekjur ríkisins eru lægri í upphafi rekstrar, þegar fjárfesting er mikil og hagnaður lítill, en tryggir hins vegar verulega hlutdeild þjóðarinnar í arði þegar hann myndast. Í fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar hvorki tryggt að tekjur fáist í upphafi né að ríkið fái sambærilegan hlut í umframhagnaði síðar. Afleiðingin getur orðið sú að dregið sé úr tekjum ríkisins án þess að hlutdeild almennings í auðlindarentu sé tryggð til lengri tíma. Að mati ASÍ er því hætta á að fyrirkomulag gjaldtöku í fyrirliggjandi frumvarpi leiði til þess að arður af nýtingu íslenskra hafsvæða renni að verulegu leyti til rekstraraðila, á meðan samfélagið situr eftir með takmarkaðar og óvissar tekjur.

Úthlutun smitvarnarsvæða – matskennd viðmið og veik verðmyndun

Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að úthlutun smitvarnarsvæða fari fram með fyrirkomulagi sem minnir um margt á útboð en er það ekki alfarið í reynd. Ákvæði þetta er nýmæli og felur í sér úthlutun réttinda til nýtingar sameiginlegrar auðlindar. Skv. ákvæðinu eru smitvarnarsvæði úthlutunareiningar sem takmarka fjölda rekstraraðila á hverju svæði og fela í sér að aðgangur að nýtingu fjarða er skammtaður og að nýir aðilar geta ekki fengið aðgang nema heimildir losni. Eftir að smitvarnarsvæði hefur verið skilgreint og burðarþol svæðisins ákveðið auglýsir ráðherra svæðið til úthlutunar og umsækjendur gera tilboð í smitvarnarsvæði. Skv. ákvæðinu er „m.a." litið til eftirfarandi þátta við mat á tilboðum:

- fjárhæðar tilboðs,
- reynslu,
- fjárhagslegs styrks,
- fyrri nýtingar leyfa
  og umhverfissjónarmiða.

Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að ávallt sé heimilt að víkja frá hæsta boði ef aðrir þættir en tilboðsfjárhæð mæla með því að öðru tilboði sé tekið. Að mati Alþýðusambandsins eru matsviðmið sem liggja að baki ákvarðanatöku ráðherra við mat á tilboðum víð og óskýr sem getur valdið ógagnsæi og skapað hættu á geðþóttaákvörðunum og mismunun. Þá liggur í hlutarins eðli að útboðin ná ekki til þeirra aðila sem hafa þegar hafið starfsemi.

Alþýðusamband Íslands undirstrikar einnig að ákvæðið felur ekki í sér skyldu til að setja lágmarksfjárhæð þegar farið er í útboð og er það ólíkt því fyrirkomulagi sem er í Noregi. Þegar hvorki er tryggt að hæsta boð ráði né að lágmarksverð fáist verður verðmyndun fyrir aðgang að auðlindinni óljós. Þetta er frábrugðið fyrirkomulagi í Noregi þar sem skýr verðmyndun gegnir lykilhlutverki. Þótt ekki sé kveðið á um formlegt útboð felur 26. gr. í sér skömmtun aðgangs að verðmætum svæðum sem eru forsenda rekstrarleyfa. Þetta færir kerfið nær kvótahugsun en áður var, án þess þó að setja skýrar reglur um verðmyndun, jafnræði eða endurgjald fyrir aðgang að auðlindinni. Ákvæðið felur því í sér úthlutun á aðgangi að takmarkaðri náttúruauðlind (eldissvæðum í sjó) sem er innleidd með tilboðsferli sem líkist útboði, án þess þó að settar séu skýrar reglur um verð eða endurgjald.

Afsláttur af gjaldtöku vegna rannsókna skapar neikvæða hvata og rýrir arð þjóðarinnar af auðlindinni

Alþýðusamband Íslands gerir athugasemdir við að fyrirtækjum verði heimilt að draga kostnað við grunnrannsóknir frá tilboðsfjárhæð við úthlutun smitvarnarsvæða. Þótt jákvætt sé að stuðla eigi að auknum rannsóknum og þekkingaruppbyggingu, fel-

ur þetta í sér að verð fyrir aðgang að auðlindinni lækkar í reynd. Að mati ASÍ getur þetta raskað jafnræði umsækjenda, þar sem stærri og fjársterkari aðilar hafa meiri möguleika á að fjármagna slíkar rannsóknir og þannig styrkja stöðu sína í útboði. Jafnframt verður verðmyndun óskýrari þar sem tilboðsfjárhæð í smitvarnarsvæði endurspeglar ekki lengur eingöngu greiðslu fyrir aðgang að auðlindinni.

Með fyrirkomulaginu tekur ríkið á sig hluta kostnaðarins ef fyrirtækin fá smitvarnarsvæðum úthlutað án þess að hafa nokkra stjórn á framkvæmd rannsókna, gæðum eða vali á rannsóknum út frá raunverulegu virði. Þá er hætta á að fyrirkomulagið skapi hvata til of mikillar eða ómarkvissrar fjárfestingar í rannsóknum, þar sem kostnaðurinn lækkar í reynd greiðslu fyrir afnot af auðlindinni til ríkisins. Með þessu er verið að blanda saman fjármögnun rannsókna og gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindar, sem getur dregið úr gagnsæi, veikt tekjustofna ríkisins og lækkað greiðslu fyrir afnot af auðlindinni. Afslátturinn lækkar þannig greiðslu til ríkisins fyrir aðgang að auðlindinni án þess að tryggt sé að ríkið njóti góðs af stuðningnum sem afslátturinn felur í sér seinna meir.

Minni gjaldtaka af íslenskum sjókvíaeldisfyrirtækjum en norskum

Alþýðusamband Íslands bendir á að gjaldtaka samkvæmt frumvarpinu geti haft áhrif á samkeppnishæfni Íslands. Í ljósi þess að stærstu aðilar í greininni eru alþjóðlegir, að mestu norskir, er eðlilegt að gjaldtaka sé sem sambærilegust milli landa. Í Noregi er auðlindarenta skattlögð til að tryggja þjóðinni hlutdeild í arði greinarinnar þegar vel gengur. Gjaldtaka af sjókvíaeldi í fyrirliggjandi frumvarpi felur ekki í sér sambærilega auðlindarentu og í Noregi, sem getur leitt til þess að hlutfallslega stærri hluti arðs sitji eftir hjá rekstraraðilum. Að mati ASÍ getur þetta skapað hvata fyrir norsk fyrirtæki til að sækja frekar í rekstur hér á landi þar sem skattlagning á auðlindarentu er lægri. Þótt slíkt fyrirkomulag geti aukið fjárfestingu og atvinnu til skemmri tíma stuðlar það ekki með sama hætti að því að arður af nýtingu íslenskra hafsvæða renni til þjóðarinnar. Með lægri rentutöku getur Ísland orðið samkeppnishæft í rekstrarlegum skilningi, en á kostnað þess að stærri hluti arðs af auðlindinni renni úr landi.

Stór hluti hafsvæða við landið ekki lengur verndaður fyrir sjókvíaeldi

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir harðlega að opna eigi fyrir sjókvíaeldi á öllu landinu í fyrirliggjandi frumvarpi. Þetta felur í sér grundvallarbreytingu frá núverandi nálgun þar sem sjókvíaeldi er leyft á takmörkuðum svæðum á meðan önnur svæði sem eru talin sérlega viðkvæm, eru friðuð. Í dag er sjókvíaeldi einungis heimilt á Vestfjörðum, Austfjörðum, í Eyjafirði og Öxarfirði en bannað á öðrum svæðum1. Bannið nær til um 58% af hafsvæðum Íslands á meðan núverandi eldissvæði ná til 0,25% hafsvæðanna. Markmið bannsins hefur m.a. verið að draga úr hættu á erfðablöndun við villta stofna og lágmarka útbreiðslu sjúkdóma, og á það sér stoð í gildandi regluverki, m.a. auglýsingu nr. 460/2004.

Með frumvarpinu er þessari varúðarnálgun í reynd snúið við. Í stað þess að nýting krefjist mats á hvort forsendur séu fyrir að opna ákveðin svæði fyrir sjókvíaeldi verður allt landið opið fyrir sjókvíaeldi nema ráðherra ákveði sérstaklega að banna það. Alþýðusamband Íslands telur þetta óásættanlega breytingu sem veikir vernd vistkerfa og gerir hana háða tímabundnu mati stjórnvalda hverju sinni. Að mati Alþýðusambands Íslands er þetta afturför frá frumvarpi fyrri ríkisstjórnar2 sem fól í sér lögfestingu gildandi friðunarsvæða samkvæmt fyrrgreindri auglýsingu. Með því frumvarpi var einnig lagt til að felld væri úr gildi heimild ráðherra til að takmarka eða

banna fiskeldi á ákveðnum svæðum.

Jákvæð áhrif sjókvíaeldis fyrir atvinnuuppbyggingu í brothættum byggðum en beita þarf varúðarnálgun við ákvarðanir um frekari útbreiðslu sjókvíaeldis

Sjókvíaeldi hefur án efa styrkt stoðir atvinnulífs á viðkvæmum svæðum og fjölgað störfum í brothættum byggðum. ASÍ leggur ríka áherslu á uppbyggingu fjölbreyttra starfa um land allt og er meðvitað um þau jákvæðu áhrif sem greinin hefur haft að þessu leyti, þar sem hún hefur fest rætur. Þrátt fyrir það hníga sterk rök að því að takmarka frekari útbreiðslu sjókvíaeldis til annarra svæða. Neikvæð umhverfisáhrif sjókvíaeldis eru vel þekkt, einkum hvað varðar áhrif á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Sérstaklega á þetta við um opnar sjókvíar, sem eru ráðandi framleiðsluaðferð. Dæmi eru um strok eldisfisks sem hefur haft áhrif á villta stofna og kallað á umfangsmiklar aðgerðir af hálfu stjórnvalda og veiðiréttarhafa.

Þá getur starfsemin skapað árekstra við aðra nýtingu hafsvæða og haft áhrif á almenningsálit. Fyrir liggur að veruleg andstaða er meðal þjóðarinnar við frekari uppbyggingu sjókvíaeldis. Samkvæmt nýlegum könnunum er meirihluti landsmanna neikvæður gagnvart laxeldi í opnum sjókvíum. Það er mikilvægt að nýting sameiginlegra auðlinda, eins og fjarða og hafsvæða, njóti samfélagslegrar sáttar. Þó að ákveðinn skilningur sé fyrir því sjókvíaeldi sem þegar hefur byggst upp er ekki sami stuðningur við frekari útbreiðslu greinarinnar. Einnig þarf að taka inn í myndina neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar.

Sjókvíaeldi hefur undanfarinn áratug styrkt stoðir atvinnulífs á viðkvæmum svæðum og í brothættum byggðum. Tilkoma nýrra starfa í tengslum við sjókvíaeldi hefur því verið kærkomin fyrir þessar byggðir sem hér um ræðir. Þrátt fyrir þessi jákvæðu áhrif sjókvíaeldis á atvinnutækifæri fólks í þeim byggðum þar sem sjókvíaeldið hefur skotið rótum hníga sterk rök að því að takmarka eigi áfram sjókvíaeldi annars staðar á landinu. ASÍ leggur áherslu á að sjálfbær nýting náttúruauðlinda feli í sér jafnvægi milli umhverfis-, atvinnu- og samfélagssjónarmiða. Að mati sambandsins er eðlilegt að setja sjókvíaeldi skýran og traustan lagaramma þar sem starfsemin er þegar til staðar, en ekki að opna allt landið fyrir frekari uppbyggingu án þess að fyrir liggi vísindalegt áhrifamat og að samfélagsleg sátt ríki um frekari nýtingu á þessari sameiginlegu auðlind.

Nýtt kvótakerfi með framsali og leigu á heimildum í sjókvíaeldi

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við ákvæði um framsal og flutning á svonefndum laxahlut (39. og 40. gr.) sem fela í sér að hægt verði að framselja og leigja heimildir. Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé kveðið á um að úthlutun myndi ekki eignarrétt mun frumvarpið, verði það að lögum, felur hún í sér eignarréttarlega stöðu í framkvæmd. Með frumvarpinu munu fyrirtæki geta tryggt sér leyfi og haldið í þau án þess að nýta þau sjálf og leigt þau í stað þess út. Þannig myndast fjárhagslegir hvatar til að safna leyfum og sameina þau á fárra hendur. Leyfin geta með þessu orðið sjálfstæð fjárhagsleg verðmæti hjá fyrirtækjum, trygging fyrir lánsfjármögnun og/eða hluti af markaðsvirði fyrirtækja.

Þegar leyfilegt er að framselja og leigja heimildir skapast markaður með réttindi þar sem verðmæti þeirra mótast af eftirspurn, en ekki ákvörðunum stjórnvalda. Þetta felur í sér að raunveruleg verðmyndun og arður af nýtingu auðlindarinnar færist frá hinu opinbera yfir til markaðarins og einstakra fyrirtækja. Þá leiðir heimild til leigu laxahluta til þess að eigendur slíkra réttinda geta haft tekjur af þeim án þess að stunda

sjálfir rekstur, sem dregur enn frekar úr tengingu milli nýtingar og ábyrgðar.

Alþýðusamband Íslands telur að þetta fyrirkomulag dragi dám af kvótakerfinu - þar sem nýtingarheimildir eru ekki skilgreindar sem eignarréttur en eru það í reynd og varar stjórnvöld eindregið við því að festa í sessi slíkt kerfi í þessari grein.

Mögulegt að sitja á leyfum án þess að nýta þau

Frumvarpið kveður á um að heimildir, eða hlutar þeirra, geti fallið niður séu þær hvorki nýttar né leigðar út innan tiltekins tíma. Með þessu er leitast við að koma í veg fyrir að leyfi séu geymd ónotuð og tryggja að þær heimildir sem úthlutað er nýtist raunverulega í starfsemi, sem er í sjálfu sér jákvætt. Að mati ASÍ eru ákvæði frumvarpsins sem snúa að þessum þáttum ekki til þess fallin að ná þessum markmiðum. Rekstrarleyfi eru veitt til allt að 16 ára og telst leiga á laxahlut fullnægjandi nýting í skilningi ákvæðisins. Þetta felur í sér að aðili sem hefur tryggt sér leyfi/heimild getur viðhaldið leyfum til langs tíma án þess að nýta þau sjálfur með því að leigja heimildir áfram til annarra aðila. Óljóst er hvaða áhrif slík háttsemi hefur á mögulega endurnýjun leyfis að gildistíma loknum.

Ekki verður séð annað en að þetta fyrirkomulag skapi fjárhagslega hvata til að safna saman leyfum/heimildum og halda þeim til langs tíma, hvort sem er til eigin nýtingar eða útleigu, og safna þeim á fárra hendur – enda geta leyfi/nýtingarheimildir orðið sjálfstæð verðmæti í rekstri, trygging fyrir lánsfjármögnun og aukið markaðsvirði fyrirtækja. Þetta ýtir undir samþjöppun og hyglir stærri og fjársterkari aðilum á kostnað smærri aðila og nýliðunar.

Í 56. gr. frumvarpsins er jafnframt gert ráð fyrir mjög lágri nýtingarskyldu þar sem rekstrarleyfishafa ber einungis að nýta að lágmarki 20% af hámarkslífmassa einu sinni á fimm ára tímabili. Að mati Alþýðusambands Íslands er óljóst á hvaða forsendum þetta viðmið byggir og telst það óeðlilega lágt. Ekki er ljóst af hverju er miðað við svo lága nýtingu en að mati ASÍ dregur þetta verulega úr virkni ákvæða um afturköllun heimilda og getur leitt til þess að fyrirtæki sitji á leyfum án þess að nýta þau sem er ekki í samræmi við hagkvæma nýtingu á auðlindum. Þá vekur það athygli að skilyrði fyrir rekstrarleyfum og mögulegri afturköllun þeirra séu að verulegu leyti háð reglugerðarsetningu ráðherra, fremur en skýrum lagaákvæðum. Þetta eykur hættu á geðþóttaákvörðunum og ósamræmi í framkvæmd.

Reglugerðarheimildir og hætta á geðþóttaákvörðunum

Að mati Alþýðusambands Íslands eru í frumvarpinu of víðtækar heimildir til að útfæra veigamikil atriði í reglugerðum. Þetta á sérstaklega við um ákvæði sem snúa að úthlutun og nýtingu takmarkaðra auðlinda, þar sem gera verður ríkar kröfur til gagnsæis, jafnræðis og fyrirsjáanleika. Afleiðingin er sú að grundvallaratriði sem varða réttindi og skyldur rekstraraðila eru ekki skýr í lögum heldur háð framkvæmd hverju sinni. Þetta eykur vald ráðherra, dregur úr fyrirsjáanleika og skapar hættu á geðþóttaákvörðunum og mismunun. Þetta birtist m.a. í því að ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um:

- auglýsingu og úthlutun smitvarnarsvæða,
- skilmála úthlutunar,
- hvað teljist hagstæðasta tilboð,
- afturköllun tilboða,
- afslátt af tilboðsfjárhæð

• og endurgreiðslu tilboðsfjárhæðar.

Að mati ASÍ eru þetta lykilatriði sem ættu að koma skýrt fram í lögum, enda ráða þau í reynd hverjir fá aðgang að auðlindinni og á hvaða forsendum. Sama mynstur kemur fram í ákvæðum um rekstrarleyfi og afturköllun þeirra, þar sem skilyrði um nýtingu og forsendur fyrir afturköllun eru að verulegu leyti háð reglugerðarsetningu ráðherra. Í ljósi þess að lágmarksnýting er jafnframt mjög takmörkuð getur þetta leitt til þess að heimildir haldist í gildi án raunverulegrar starfsemi.

Þá er sérstaklega gagnrýnisvert að ráðherra sé í bráðabirgðaákvæði veitt heimild til að ákveða skiptingu hafsvæða í smitvarnarsvæði án aðkomu fagstofnana á borð við Hafrannsóknastofnun og Matvælastofnun. Slík heimild, sem varðar grundvallarskiptingu aðgangs að auðlindinni, ætti að byggja á skýrum lagaákvæðum og faglegu mati en ekki einhliða ákvörðunum framkvæmdarvalds.

Ákvæði til bráðabirgða

Alþýðusamband Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við að í 1. ákvæði til bráðabirgða sé ráðherra veitt heimild til að ákveða skiptingu hafsvæða í smitvarnarsvæði án aðkomu eða umsagna Hafrannsóknastofnunar til ársins 2031. Þrátt fyrir að heimildin sé tímabundin nær hún yfir lykiltímabil í uppbyggingu kerfisins og getur því haft varanleg áhrif á skipulag og nýtingu auðlindarinnar. Skipting hafsvæða í smitvarnarsvæði hefur afgerandi áhrif á aðgang að auðlindinni og þar með á verðmætasköpun og auðlindarentu. Að mati ASÍ er ákvæðið til þess fallið að veikja vísindalegan grundvöll ákvarðana og draga úr trausti á stjórnsýslu. Í sama ákvæði er kveðið á um að fyrirtæki í sjókvíaeldi sem hafa nú þegar fengið rekstrarleyfi geti fært leyfi sín á milli á grundvelli samkomulags þeirra á milli. Ákvæðið skapar hættu á að aðilar sem eru þegar inni í kerfinu geti endurskipulagt aðgang að auðlindinni sín á milli án þess að greiða fyrir hann eða sæta sambærilegri málsmeðferð og nýir aðilar. Ákvæðið opnar því fyrir að aðgangur að auðlind sé endurúthlutaður utan þeirra leikreglna sem frumvarpið setur sjálft.

Landeldi

Alþýðusamband Íslands telur jákvætt að frumvarpið taki með skýrari hætti til landeldis og styðji við þróun greinarinnar sem valkost við sjókvíaeldi, enda hefur landeldi almennt minni áhrif á villta stofna og vistkerfi sjávar. Á sama tíma bendir ASÍ á að fyrirkomulag gjaldtöku af landeldi er takmarkað í frumvarpinu og tryggir ekki að samfélagið fái hlutdeild í þeim verðmætum sem verða til við nýtingu náttúruauðlinda, svo sem vatns og lands. Þá má ekki vanmeta umhverfisáhrif landeldis og ágang starfseminnar á náttúru og lífríki. Landeldi byggir á umfangsmikilli nýtingu ferskvatns, sem er takmörkuð auðlind. Mikil óvissa er um hvort grunnvatnskerfi landsins þoli slíka nýtingu til lengri tíma og því brýnt að gæta varúðar og tryggja fullnægjandi vöktun á áhrifum.

Að mati ASÍ er jafnframt mikilvægt að líta til þess að þegar nýting ferskvatns fer fram í svo stórum stíl og í atvinnuskyni er um að ræða nýtingu takmarkaðrar náttúruauðlindar, óháð því að hún fari fram á einkalandi. Nýting ferskvatns hefur áhrif á grunnvatnsstöðu og vistkerfi og getur haft áhrif langt út fyrir mörk lóða. Eignarhald á landi ætti því ekki að jafngilda ótakmörkuðum rétti til að nýta undirliggjandi auðlindir án skilyrða eða endurgjalds. Í því ljósi er ástæða til að endurskoða hvort fyrirkomulag gjaldtöku og skilyrða í landeldi, sem og við nýtingu ferksvatns og raforku, endur-

spegli nægjanlega þá samfélagslegu hagsmuni sem í húfi eru.

Þá þarf einnig að líta til mengunar frá landeldi sem felst t.d. í miklu magni úrgangs frá starfseminni. Í ljósi þessa telur ASÍ mikilvægt að gera ríkar kröfur til rekstraraðila til að lágmarka neikvæð áhrif auk þess að tryggja vöktun og öflugt eftirlit. Þá vakna jafnframt spurningar um hvort núverandi fyrirkomulag tryggi nægjanlega að samfélagið fái endurgjald fyrir þá umhverfisáhættu sem starfsemin felur í sér.

Lokaorð

Alþýðusamband Íslands telur þetta mál og þetta frumvarp sem snýr að lagaumgjörð um eina af okkar takmörkuðu auðlindum, af þeirri stærðargráðu að óábyrgt sé að gefa því ekki meira rými til þinglegrar meðferðar og samfélagslegrar umræðu. Þó frumvarpið feli í sér ýmsar betrumbætur frá núverandi lagaumgjörð er það, í núverandi mynd, ekki nægjanlega vandað til að mynda grundvöll að réttlátri, sjálfbærri og samfélagslega ásættanlegri umgjörð um nýtingu sameiginlegrar auðlindar þjóðarinnar.

Frumvarp til laga um stofnun innviðafélags, 545. mál.

15.4.2026

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um stofnun innviðafélags.

Að mati ASÍ er óljóst af frumvarpinu hvert umfang uppbyggingar og gjaldtöku af innviðum eigi að vera og þær heimildir sem ráðherra og félaginu eru veittar of rúmar til að sambandið geti stutt málið í óbreyttri mynd. Sambandið telur þurfa að bregðast við eftirfarandi:

- Að mati ASÍ á eignarhald samfélagslegra innviða að vera í höndum hins opinbera. Rökstuðning skortir fyrir því hvers vegna valin sé önnur leið en í þeim nágrannalöndum sem miðað er við.
- ASÍ geldur varhug við opnum heimildum til að félagið útvisti og útfæri verkefni sem einkaframkvæmd. Skýr rammi og viðmið þurfa að liggja til grundvallar slíkum ákvörðunum.
- Umfang fjárfestinga og gjaldtöku er óljóst. ASÍ getur ekki stutt frumvarpið þegar ekki liggur fyrir hver áhrif verða á endanum á gjaldtöku og samgöngukostnað heimila.

Í fjármálaáætlun 2026–2030 er boðað að farnar verði nýjar leiðir í fjármögnun innviðafjárfestinga. Í áætluninni segir að vegna þröngrar stöðu ríkisfjármála sé takmarkað svigrúm til þess að ráðast í stórar framkvæmdir á næstu árum og af þeim sökum þurfi að horfa til nýrra leiða við fjármögnun innviða.

Alþýðusamband Íslands tekur undir mikilvægi þess að ráðist verði í markvissar aðgerðir til að stuðla að innviðafjárfestingum en ljóst er að fólksfjölgun, aukinn fjöldi ferðamanna og lítil fjárfesting hins opinbera á árunum eftir fjármálahrun hefur leitt til mikillar uppsafnaðrar fjárfestingarþarfar í innviðum. Uppsöfnuð viðhaldsskuld hefur verið metin á um 680 milljarða króna, þá mest í samgönguinnviðum, eða um 200 milljarðar1.

Það er full ástæða að skoða með hvaða hætti hægt sé að hraða nauðsynlegri opinberri fjárfestingu. Í framangreindu frumvarpi er lagt til að stofnað verði innviðafélag í ríkiseigu sem hefði það markmið að hrinda í framkvæmd stórum þjóðhagslega mikilvægum samgönguverkefnum og tryggja fjármögnun og hraðari framvindu slíkra framkvæmda. Fyrirkomulagið felur í sér að skuldbindingu getur verið haldið utan

A-hluta ríkissjóðs. Ráðherra væri heimilt að leggja félaginu til eignir og félagið hefði jafnframt heimild til að innheimta veggjöld vegna notkunar samgönguinnviða.

Eignarhald félagsins eigi að vera í höndum ríkisins

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að horft sé til sambærilegs fyrirkomulags og þekkist á Norðurlöndunum þar sem innviðafélög í ríkiseigu hafa byggt upp samgönguinnviði með markaðsfjármögnun og veggjöldum. Þar er m.a. vísað til Sund og Bælt Holding í Danmörku og Nye Veier AS í Noregi.

Í frumvarpinu er að finna heimildir til að afla hlutafjár með sölu á hlutum í félaginu, þó þannig að ríkið fari alltaf með ráðandi hlut í því. Lítinn rökstuðning er að finna í greinargerð hvers vegna þörf er á þeirri heimild en hún er ekki í samræmi við það fyrirkomulag á Norðurlöndum sem frumvarpið byggir á. Í því samhengi er vert að nefna að Sund og Bælt Holding er að fullu í eigu danska ríkisins.

Afstaða Alþýðusambandsins er skýr hvað þennan þátt varðar. Samfélagslegir innviðir, þ.m.t. samgönguinnviðir, eigi að vera í eigu hins opinbera. Öll frávik, t.d. tiltekin verkefni í einkaframkvæmd, eigi að vera útfærð með þeim hætti að eignarhald verði að fullu í höndum ríkisins eftir skilgreindan tíma.

Félaginu veittar heimildir til einkaframkvæmda

Félaginu er ætlað að leggja mat á fýsileika þess að verkefni verði framkvæmd sem PPP verkefni, þ.e. einkaframkvæmd einnig þekkt sem samvinnuverkefni, en þá yrði framkvæmd, fjármögnun, áhætta og rekstur í höndum einkaaðila. ASÍ geldur varhug við þessum heimildum.

Að mati ASÍ er frumforsenda þess að ráðist sé í einkaframkvæmd að eignarhald á fjárfestingunni færist alltaf yfir til hins opinbera eftir skilgreindan tíma, að ráðist sé í arðbær verkefni, forgangsröðun verkefna taki mið af ábatagreiningum og skýrt sé að samstarf við einkaaðila skili ábata umfram hefðbundna opinbera fjárfestingu eða fjárfestingu á vegum félags í eigu ríkisins. Í drögunum er ekki að finna nein viðmið um hvernig staðið sé að ákvörðun um hvort innviðafélagið sjálft ráðist í framkvæmdir eða hvort verkefni verði fært til einkaaðila sem PPP verkefni.

Ákvörðun um hvort einkaframkvæmd verði fyrir valinu verður að grundvallast á því hvort samstarf opinberra og einkaaðila skili ábata umfram hefðbundna opinbera fjárfestingu. Sá ábati er ekki sjálfgefinn og felst m.a. í því hvort einkaaðilar geti náð fram skilvirkni sem vegur upp hærri kostnað við fjármögnun og hvort viðunandi samkeppni sé milli framkvæmdaaðila þannig að hagkvæmni náist. Fjölmörg dæmi eru um að fyrrgreind skilyrði séu ekki uppfyllt og að einkaframkvæmdir hafi á endanum leitt til aukins kostnaðar eða minni gæða1. Önnur dæmi eru um að óarðbær og áhættusöm verkefni hafi verið sett í einkaframkvæmd þar sem verulegur kostnaður fellur að lokum á hið opinbera, en ljóst er að hið opinbera ber að endingu alltaf ábyrgð og áhættu við uppbyggingu nauðsynlegra innviða á borð við samgöngumannvirki.

Framangreindir fyrirvarar koma einnig fram í meginreglum OECD um PPP verkefni sem vísað er til í greinargerð. Þar segir að ákvörðun um einkaframkvæmd eigi ekki að leiða af fjárhagslegum takmörkunum við hefðbundna opinbera fjárfestingu heldur eigi einungis að horfa til þess að hún skili ábata (e. value for money) umfram hefðbundna fjárfestingu. Erfitt geti reynst að ná slíkum ábata ef stofnanir búi ekki yfir viðeigandi þekkingu við ferlið2. Í meginreglum OECD segir: *„OECD work demonstrated that it can be difficult to get value for money out of PPPs if government*

agencies are not equipped to manage them effectively. Moreover, PPPs can obscure real spending and make government actions untransparent, using offbudget financing. This means PPPs are potentially risky for fiscal sustainability, possibly leading to credit rating downgrades.“

Umfang fjárfestinga og gjaldtöku óljóst

ASÍ gerir einnig athugasemdir við hversu óljóst er hvaða fjárfestingar ætlunin er að ráðast í og hvert umfang gjaldtöku á vegum verður. Af þeim sökum er ómögulegt fyrir aðila að leggja mat á áhrif frumvarpsins. Í frumvarpinu er ráðherra veitt heimild til að leggja félaginu til eignir og félagið hefði þar með það hlutverk að innheimta veggjöld vegna bæði nýrra og fyrirliggjandi samgönguinnviða. Þó slíkur tilflutningur geti styrkt tekjugrunn félagsins þarf að mati ASÍ að liggja fyrir hvert umfang fjárfestinga verður og þar með umfang gjaldtöku. Þar þarf að horfa til sjónarmiða um hvort almenningur hafi val um aðrar ferðaleiðir og hvernig gjaldtaka leggst á ólíka hópa eða ólíkar byggðir.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta getur ASÍ ekki stutt frumvarpið í óbreyttri mynd.

Umsögn ASÍ og SA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 567. mál.

16.4.2026

Aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins, hafa tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Meginefni frumvarpsins er aukið vægi skynsemisreglu við eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða og að sama skapi að dregið verði úr vægi magnbundinna takmarkana.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa verið jákvæðir gagnvart breytingum í átt að aukinni beitingu skynsemisreglunnar í stað magnbundinna takmarkana. Innleiðing skynsemisreglu styður við sveigjanlegri fjárfestingarheimildir og gerir lífeyrissjóðum betur kleift að nýta þau tækifæri sem skapast til að ávaxta fé sjóðfélaga með hagkvæmum og árangursríkum hætti. Þannig getur aukin beiting skynsemisreglu styrkt félagslegt hlutverk sjóðanna við að tryggja afkomu launafólks þegar starfsævinni lýkur.

Aðilar eru jafnframt einhuga um mikilvægi þess að standa vörð um stjórnskipan lífeyrissjóða. Því leggja aðilar vinnumarkaðarins áherslu á að frjálsir kjarasamningar séu virtir, þar á meðal það stjórnskipulag lífeyrissjóða sem mótað hefur verið á grundvelli þeirra.

Að því leyti taka aðilar undir meginefni frumvarpsins en vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Um viðbót við upphaf 1. gr. frumvarpsins

Frá því að drög frumvarpsins voru í samráðsferli hefur setningu verið skeytt framan við b-lið 1. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo:

„Stjórn lífeyrissjóðs ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.“

Í núgildandi lögum, nánar tiltekið í 2. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, kemur fram að stjórn annist meðal annars:

„að ákveða hvernig innri endurskoðun skuli háttað, annaðhvort með því að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila."

Það mun ekki auka skýrleika laganna að sams konar ákvæði sé að finna á tveimur stöðum. ASÍ og SA leggja því til að þessi þáttur greinarinnar verði ekki lögfestur.

Um starfsmann sem sinni ráðgjöf til stjórnar um fylgni við lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðum verði skylt að hafa sérstakan starfsmann sem sé hæfur til þess að annast ráðgjöf til stjórnar varðandi fylgni við lög um lífeyrissjóði og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru á grundvelli þeirra, auk þess að meta áhrif lagabreytinga á starfsemi lífeyrissjóða.

Starfsemi lífeyrissjóða grundvallast á fjölmörgum lögum en hingað til hafa stjórnir sjóða sameiginlega tekist á við það verkefni að hafa yfirsýn og tryggja fylgni við lög og stjórnvaldsfyrirmæli með stuðningi starfsfólks lífeyrissjóða og, eftir atvikum, annarra sérfræðinga.

Almennt hefur það verklag gefist vel og vandséð er að skilgreining eins tiltekins starfsmanns sem hæfs til að annast ráðgjöf til stjórnar varðandi fylgni við lög og stjórnvaldsfyrirmæli geri annað en að skapa ásýnd aukins öryggis, á meðan ábyrgðin liggur áfram réttilega hjá stjórn.

Þá er viðbúið að rekstrarkostnaður lífeyrissjóða aukist vegna breytingarinnar.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leggja því til að c-liður 1. gr. frumvarpsins verði ekki lögfestur.

Að öðru leyti leggja aðilar vinnumarkaðarins til að frumvarpið verði að lögum.

Frumvarp til laga um ráðstöfun viðbótariðgjalds til séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána (varanleg heimild), 564. mál.

21.4.2026

Frá árinu 2014 hefur lántökum húsnæðislána verið heimilt að nýta séreignarsparnað til greiðslu inn á höfuðstól húsnæðislána. Úrræðið hefur verið nýtt í miklum mæli en um 45 þúsund nýttu skattfrjálsa ráðstöfun á árinu 2021 af um 132 þúsund eigendum séreignarsparnaðar. Frá því heimild um ráðstöfun séreignarsparnaðar var lögfest hefur húsnæðisstuðningur eigenda tekið miklum stakkaskiptum.

Árið 2013 nam beinn fjárhagslegur stuðningur við heimili í formi vaxtabóta 9,3 milljörðum króna en árið 2020 höfðu útgjöld ríkisins vegna þessa lækkað um 75% sökum þeirrar stefnubreytingar að innleiða stuðning í formi skattaívilnunar vegna ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á fasteignalán. Vaxtabætur eru tekju- og eignatengdar þannig að ungt og tekjulágt fólk nýtur meiri vaxtabóta í hlutfalli við vaxtagjöld.

Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar er ekki tekjutengd en hámark er á útgreiðslunni. Hvernig útgreiðslan dreifist eftir tekjum og aldri veltur því á því hverjir nýta sér ráðstöfunina. Gögnin sýna að meirihluti af skattaívilnun vegna ráðstöfunar séreignarsparnaðar nýtist tekjuhærri heimilum. Árið 2020 nutu tekjuhæstu 10% þeirra sem eru með íbúðalán um helming stuðnings skattaívilnunar. Á móti fá tekjuhæstu 10% að jafnaði um 1–3% vaxtabóta.

Af ofantöldum ástæðum hefur ASÍ talið mikilvægt að stjórnvöld ráðist í heildar-

endurskoðun á húsnæðisstuðningi til eigenda með það að markmiði að gera stuðninginn skilvirkari og markvissari. Þar þurfi að horfa á virkni bæði vaxtabótakerfisins og skattaívilnana. Í tengslum við undirritun kjarasamninga 2024 gáfu stjórnvöld fyrirheit um að sett yrði á fót nefnd með aðkomu stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lánastofnana, Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóðanna sem geri úttekt á húsnæðislánakerfinu hér á landi og að nefndin greini jafnframt fyrirkomulag húsnæðisstuðnings og geri tillögu að framtíðarfyrirkomulagi. ASÍ telur það mikil vonbrigði að sá þáttur sem snýr að húsnæðisstuðningi hafi aldrei farið af stað en stefnt var að að nefndin myndi skila niðurstöðum í lok árs 2024.

Í stefnu ASÍ um húsnæðismál er lögð áhersla á að húsnæðisstuðningur hins opinbera eigi fyrst og fremst að nýtast þeim tekjulægri, fyrstu kaupendum og þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Í ályktun 46. þings ASÍ var jafnframt kallað eftir því að áfram yrði heimilt að ráðstafa séreignarsparnaði inn á höfuðstól fasteignalána. Í frumvarpi er lagt til að heimildin verði gerð varanleg en að nýting hennar verði tímabundin, að hámarki í 10 ár, og upp að hámarki 500 þúsund árlega á einstakling. Með þessu mun skattaívilnunin fremur nýtast yngri aldurshópum á skilgreindu tímabili eftir fyrstu kaup, en í dag fer stærstur hluti skattaívilnunar til einstaklinga á aldrinum 40–49 ára. Áfram mun fjármagn vegna ívilnunar nýtast tekjuhærri hópum sem geta fullnýtt heimildina sem jafnframt eru tekjuhópar þar sem þátttaka í séreignarsparnaði er mikil. Í því samhengi nýtir um þriðjungur í efstu tekjutíund ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán borið saman við um 3% í fimmtu tekjutíund. Ívilnunin mun áfram vera óháð því hvort aðilar búi við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Jafnframt er lagt til að ívilnunin taki reglulegum verðlagsuppfærslum ólíkt því sem þekkist í öðrum stuðningskerfum.

ASÍ ítrekar þá skoðun að réttast væri að heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar á höfuðstól húsnæðislána væri tekin til skoðunar í víðara samhengi samhliða endurskoðun á húsnæðisstuðningskerfum eigenda.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og samkeppnislögum (skatthlutfall eldsneytis), 607. mál.

22.4.2026

Alþýðusamband Íslands fagnar þeirri viðleitni sem stjórnvöld sýna með framlagningu frumvarpsins. Staða á eldsneytismörkuðum er viðsjárverð og áhrif þróunarinnar á almenning fyrirsjáanleg.

Líkt og fram kemur í umsögn Samkeppniseftirlitsins og greiningum Verðlagseftirlits ASÍ einkennist sala á bifreiðaeldsneyti af fákeppni. ASÍ telur því þær heimildir sem frumvarpið veitir Samkeppniseftirlitinu nauðsynlegar til að markmið þess nái fram að ganga og styður þær eindregið.

ASÍ gerir þó fyrirvara við þann tímaramma sem lagður er til í frumvarpinu, en samkvæmt því falla lækkun virðisaukaskatts og sérstakar heimildir Samkeppniseftirlitsins niður 31. ágúst 2026. Í greinargerð frumvarpsins eru þessi tímamörk rökstudd sem tímabundið viðbragð við utanaðkomandi kostnaðarhækkunum og verðsveiflum á alþjóðlegum orkumörkuðum. Óvíst er þó að ytri aðstæður, eða innlendar samkeppnisaðstæður, hafi batnað með fullnægjandi hætti fyrir þann tíma. ASÍ leggur því til að gildistími heimilda frumvarpsins verði endurskoðaður með hliðsjón af þróun aðstæðna og að frekari viðbrögð verði undirbúin á grundvelli greininga Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaði

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. (vindorka og verndarflokkur) 565. mál

24.4.2026

Alþýðusamband Íslands vísar til umsagnar sinnar1 um drög að frumvarpi þessu og ítrekar þær athugasemdir sem þar komu fram þar sem þær eiga enn við. Takmarkaðar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það birtist í Samráðsgátt og fela sumar þessara breytinga í sér afturför frá fyrra frumvarpi. Alþýðusamband Íslands gagnrýnir harðlega að stjórnvöld hafi ekki ráðist í heildstæða stefnumótun um nýtingu vindorku hér á landi. Slík stefnumótun ætti að vera undirstaða og grundvöllur lagasetningar, stjórnsýslu og aðgerða um vindorkumál. Alþýðusamband Íslands styður meginmarkmið frumvarpsins en telur útfærsluna ekki ná þeim markmiðum. Ekki hefur farið fram sambærilegt heildrænt mat á landsvæðum og verndargildi þeirra og gert var í Noregi áður en uppbygging vindorku hófst þar. Nauðsynlegt er að taka tillit til þess hér á landi til að tryggja faglega og upplýsta ákvarðanatöku og stuðla að sátt um nýtingu auðlinda. Að mati sambandsins er rammaáætlun (verndar- og orkunýtingaráætlun) mikilvægt ferli til að tryggja jafnvægi milli verndar og nýtingar náttúruauðlinda. Brýnt er að ekki sé dregið úr vægi hennar né sjálfstæði og að breytingar á þeim lögum sem starf hennar tekur mið af séu í takt við það.

Afturför að fallið sé frá vernd miðhálendisins

Alþýðusamband Íslands telur það verulega afturför að fallið hafi verið frá því að undanskilja svæði innan miðhálendislínu frá vindorkunýtingu. Miðhálendið er eitt stærsta samfellda svæði ósnortinna víðerna í Evrópu og ein mesta sérstaða Íslands sem ber að standa vörð um. Að mati sambandsins ætti vernd miðhálendisins ásamt öðrum svæðum með hátt verndargildi og mikla sérstöðu að vera í forgangi að minnsta kosti þangað til ráðist hefur verið í heildrænt mat á neti verndarsvæða á landinu. Slíkt mat hefur ekki farið fram og skortur á því torveldar upplýsta forgangsröðun og getur grafið undan sátt um nýtingu auðlinda til lengri tíma. Á meðan nær öll landsvæði eru til skoðunar fyrir orkuöflun en aðeins takmarkaður hluti þeirra nýtur verndar er hætta á að átök skapist um hvern einstakan orkukost. Slíkt fyrirkomulag stuðlar hvorki að fyrirsjáanleika né trausti. Af þessari ástæðu telur Alþýðusamband Íslands að þau svæði sem eru undanskilin í frumvarpinu séu of takmörkuð og að mikilvægt sé að undanskilja einnig þau svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að njóti aukinnar verndar.

Aflmörk skapi hvata til uppbyggingar fleiri og smærri vindorkuvera

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að vindorkukostir séu undanskildir ferli rammaáætlunar á grundvelli uppsetts afls og telur að öll vindorkuverkefni eigi að fara í gegnum rammaáætlun.

Með því að undanskilja vindorkuver undir 10 MW er verið að búa til hvata til að byggja upp fleiri og minni vindorkuver sem gengur gegn markmiðum um að lágmarka neikvæð áhrif á náttúru og samfélag. Vindmyllur í vindorkuverum með 10 MW uppsettu afli eða minna geta verið mjög stórar en algeng heildarhæð vindmyllna í slíkum vindorkuverum á landi í Noregi er 120–180 metrar með spöðum. Þá ber að taka fram að stór hluti vindorkuvera í Noregi falla utan þessara 10 MW viðmiða og fela þessi mörk því í sér mjög litlar takmarkanir.

Alþýðusamband Íslands ítrekar að rökstuðning skorti fyrir þessu viðmiði. Í greinargerð með frumvarpinu er eina röksemdin sú að með því að miða við þetta afl sé verið að samræma gildissvið vindorku við aðra orkukosti laganna. Sambandið telur að þessi rök standist ekki. Vindorka er í eðli sínu afar frábrugðin vatnsaflsvirkjunum sem þessi viðmið gilda um. Vindmyllur hafa veruleg sjónræn áhrif sem ná langt út fyrir það svæði sem virkjað er á og geta haft áhrif á landslag, náttúru og upplifun, jafnvel þótt uppsett afl sé lágt.

Ferli rammaáætlunar er faglegt heildrænt mat á orkukostum þar sem tekið er tillit til áhrifa á náttúru, samfélag og efnahag. Þar er kostum forgangsraðað þar sem ákveðin heildarsýn næst um nýtingu lands og auðlinda. Með því að undanskilja vindorkuver undir 10 MW færist matið frá miðlægu og heildstæðu mati yfir í dreift ferli þar sem hvert verkefni er metið fyrir sig án þess að tekið sé tillit til heildaráhrifa.

Líkja má áhrifum þessa við ef engin skipulagsstefna væri í gildi við uppbyggingu húsa, þar sem hvert hús væri reist án tillits til byggðar sem fyrir er eða áhrifa einstakra bygginga á umhverfi sitt. Ekki væri gert ráð fyrir grænum svæðum né heildstæðu hverfisskipulagi sem styður við lífsgæði og vellíðan. Afleiðingin væri sundurleit og ósamræmd uppbygging þar sem heildarsýn vantar og langtímahagsmunir víkja fyrir skammtímasjónarmiðum.

Afleiðingin af því að undanskilja vindorkukosti, sem hafa jafn víðtæk áhrif og raun ber vitni, getur orðið sú að uppsöfnuð áhrif margra verkefna á náttúru og landslag verða ekki metin í heild. Þá er hætta á að heildarhagsmunir, svo sem vernd víðerna og líffræðilegrar fjölbreytni, víki fyrir staðbundnum eða skammtímalegum sjónarmiðum.

Hlutverk verkefnisstjórnar (5. gr.)

Alþýðusamband Íslands styður það faglega og miðlæga mat sem fer fram innan rammaáætlunar en telur að frumvarpið feli í sér of víðtæk og matskennd sjónarmið sem verkefnisstjórn skuli horfa til við mat á virkjanahugmyndum til nýtingar á vindorku.

Mat á byggðaþróun og atvinnuáhrifum er í eðli sínu pólitískt og ætti að vera á ábyrgð kjörinna fulltrúa, einkum sveitarfélaga, að loknu faglegu mati rammaáætlunar. Þar að auki hefur uppbygging vindorkuvera takmörkuð áhrif á atvinnutækifæri í dreifðari byggðum til lengri tíma (að uppbyggingu undanskilinni).

Hvað varðar raforkuöryggi bendir Alþýðusamband Íslands á að um sé að ræða afar vítt og matskennt hugtak sem tekur til margra þátta orkukerfisins, svo sem framleiðslugetu, flutningskerfis, dreifingar og eftirspurnar. Slíkt mat er kerfislægt og stefnumótandi í eðli sínu og ætti því fremur að fara fram á vettvangi orkustefnu stjórnvalda og áætlana um uppbyggingu flutningskerfis raforku, en ekki sem hluti af mati á einstökum virkjunarhugmyndum innan rammaáætlunar.

Alþýðusamband Íslands setur einnig spurningarmerki við að verkefnisstjórn verði gert að vega og meta sjónarmið sveitarfélaga með þeim hætti að óljóst verði hver beri endanlega ábyrgð á ákvarðanatöku. Rökréttara væri að sveitarfélög komi að ákvarðanatöku eftir að virkjanahugmyndir hafa farið í gegnum ferli rammaáætlunar en með því að færa sjónarmið sveitarfélaga inn í mat verkefnisstjórnar er verið að blanda saman tveimur ólíkum hlutverkum: faglegu mati annars vegar og lýðræðislegri ákvarðanatöku hins vegar.

Nauðsynlegt er að hlutverk verkefnisstjórnar og þau viðmið sem henni er ætlað að byggja á séu skýr, afmörkuð og byggi á faglegum forsendum sem tengjast beint áhrifum framkvæmda á náttúru, samfélag og efnahag. Of víð og matskennd viðmið geta

leitt til þess að matið verði ófyrirsjáanlegt og að ólík og ósambærileg sjónarmið vegist á innan sama ferlis án skýrra leiðbeininga um vægi þeirra.

Endanleg ákvarðanataka liggi hjá sveitarfélögum

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að niðurstaða rammaáætlunar verði bindandi fyrir skipulagsvald sveitarfélaga, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Vindorka hefur víðtæk og staðbundin áhrif á landslag og nærumhverfi. Áhrifin eru mjög sýnileg, ná yfir stór svæði og geta haft áhrif á aðra landnýtingu, svo sem ferðaþjónustu og útivist. Af þeim sökum er eðlilegt að sveitarfélög hafi endanlegt ákvörðunarvald um uppbyggingu vindorku innan sinna marka, eftir að vindorkukostir hafa farið í gegnum ferli rammaáætlunar. Reynsla frá Noregi bendir til þess að aukin aðkoma sveitarfélaga og skýr ábyrgð í ákvarðanatöku sé lykilatriði til að tryggja sátt um uppbyggingu vindorku.

Að því sögðu telur Alþýðusamband Íslands að skoða þurfi hvort eðlilegt sé að einungis það sveitarfélag þar sem vindorkuver rísa komi að ákvarðanatöku enda gætir áhrifa vindorkuvera mun víðar en á þeim stað sem þau rísa. Þetta er eitt af þeim atriðum sem Alþýðusamband Íslands telur að stjórnvöld þurfi að leggjast betur yfir í heildarstefnumörkun um vindorku.

Eins og Alþýðusamband Íslands benti á í umsögn sinni um drög að frumvarpinu er mikilvægt að stutt verði við faglega, gagnsæja og lýðræðislega umræðu og ákvarðanatöku innan sveitarfélaga þegar kemur að orkunýtingu.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna launa þjóðkjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna (viðmið uppfærslu launa), 632. mál.

4.5.2026

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambandsins um ofangreint mál, viðmið uppfærslu launa þjóðkjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna. ASÍ átti fulltrúa í starfshópnum sem lagði fram tillögurnar sem frumvarpið byggir á. Sambandið styður málið og telur mikilvægt að það verði afgreitt með lögum á vorþingi.

Nýtt fyrirkomulag um breytingu launa þjóðkjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna var lögfest árið 2019 í kjölfar brottfalls laga um kjararáð. Fyrirkomulagið byggði á ítarlegri vinnu starfshóps með þátttöku fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins lagði starfshópurinn til að breytingar á kjörum hópsins þróuðust í takt við meðaltal reglulegra launa ríkisstarfsmanna. Sú aðferðarfræði hafði augljósa kosti umfram fyrri framkvæmd þar sem kjör hópsins tóku óreglulegum breytingum, jafnan í stórum skrefum. Starfshópurinn taldi á sínum tíma jafnframt mikilvægt að viðmiðið byggði á meðaltali reglulegra launa frekar en launavísitölu en með því viðmiði héldust kjör hópanna betur í takt við launastig ríkisstarfsmanna og áhrif ýmissa þátta, t.d. starfsaldursbreytinga eða styttingar vinnustunda kæmu ekki sjálfkrafa til hækkunar.

Árið 2022 áttu sér stað mistök við uppfærslu launa hópsins þegar þau voru uppfærð miðað við launavísitölu ríkisstarfsmanna en ekki meðaltal reglulegra launa líkt og ætlunin var með kerfisbreytingunni 2019. Í kjölfarið gerði Fjársýslan kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra launa sem síðar leiddi til þess að dómari höfðaði mál sem lauk með dómi Hæstaréttar Íslands 22. desember 2023.

Í júlí 2025 skipaði forsætisráðherra starfshóp sem ætlað var að leggja mat á gildandi viðmið um þróun launa þjóðkjörinna og æðstu embættismanna og gera drög að

lagafrumvarpi um skipun til framtíðar. Starfshópurinn tók einnig til skoðunar tillögur starfshóps sem skilaði áfangaskýrslu um sama efni 2024 án þátttöku aðila vinnumarkaðarins.

Frá því dómur Hæstaréttar féll hafa laun hópsins verið uppfærð miðað við launavísitölu ríkisstarfsmanna en ekki breytingu meðaltals reglulegra launa. Líkt og ítarlega er rakið í skýrslu starfshópsins sem skipaður var 2025 hefur það viðmið leitt til þess að laun hópsins hafa hækkað verulega umfram það viðmið sem löggjafinn lagði upp með árið 2019. Þannig hefur launavísitala ríkisstarfsmanna hækkað um 58% frá ársbyrjun 2019 borið saman við 38,4% hækkun á meðaltali reglulegra launa ríkisstarfsmanna. Raunverulegur munur á launabreytingum hópanna og hlutfallslegum breytingum viðmiðsins er þó minni sökum inngripa löggjafans í launahækkanir hópsins i tengslum við kjarasamninga.

Meginniðurstaða starfshópsins var að æskilegt sé að miða við breytingar á meðaltali reglulegra launa fullvinnandi ríkisstarfsmanna, líkt og lagt var upp með árið 2019.

Hópurinn skoðaði einnig hvort framkvæmanlegt væri að launabreytingar kæmu oftar fram og þá í minni skrefum. Að mati hópsins væri það framkvæmanlegt samhliða ársfjórðungslegri útgáfu tölfræði um meðaltal launa og þá byggt á hlaupandi meðaltali tveggja ársfjórðunga.

Sú aðferðafræði hefði þann kost að launabreytingar byggðu á nýlegri gögnum og myndu haldast betur í samræmi við launaþróun á vinnumarkaði á hverjum tíma. Þó ber að hafa í huga að fjölgun launabreytinga gengur gegn þeirri venju í kjarasamningum að laun séu hækkuð árlega.

Einnig myndi sú aðferð ekki leiða til sömu hækkana á dagatalsári og árleg uppfærsla, þar sem ólík tímabil liggja til grundvallar útreikningum. Til lengri tíma litið ættu aðferðirnar þó að skila sambærilegri launaþróun.

Ljóst er að innleiðing á nýju fyrirkomulagi mun taka tíma þar sem Hagstofa Íslands birtir ekki ársfjórðungsleg gögn um launaþróun. Í frumvarpinu er lagt til að á því tímabili verði laun hópsins hækkuð um 3,5% á árunum 2026 og 2027 og að hámarki 3,5% á árinu 2028.

Hækkanir verði þannig í samræmi við almennar prósentuhækkanir kjarasamninga.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029, 597. mál.

5.5.2026

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar því að lögð sé fram ný framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029. Mikilvægt er að tímasett áætlun í málaflokknum liggi fyrir og að markvisst sé unnið að inngildingu, jöfnum tækifærum og virkri þátttöku fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.

ASÍ veitti umsögn um málið í Samráðsgátt á fyrri stigum og ítrekar hér þau sjónarmið sem fram komu í umsögn sambandsins um drög að áætluninni, enda eru meginatriði hennar óbreytt. Til mikilla bóta er að í framlagðri tillögu er nú að finna áætlaðan kostnað við hverja aðgerð. Forsendur þessa kostnaðarmats liggja hins vegar ekki fyrir og óljóst er á hverju það byggir og hversu raunhæft það er. Þá er nauðsynlegt að fjármögnun umræddra verkefna verði tryggð í fyrirliggjandi fjármálaáætlun til næstu fimm ára og í fjárlögum komandi ára.

ASÍ hefur áður bent á að framkvæmdaáætlanir í málaflokknum þurfi að byggja á samþykktri og heildstæðri langtímastefnumótun stjórnvalda í málefnum innflytj-

enda. Stefna mótar sameiginlega framtíðarsýn, skilgreinir grunngildi og markar forgangsröðun til lengri tíma. Framkvæmdaáætlun er hins vegar tímabundið verkfæri, til fjögurra ára, um hvernig útfæra eigi einstaka þætti og innleiða á tímabili áætlunarinnar. ASÍ telur því eðlilegra að mótuð verði langtímastefna áður en farið er í gerð ítarlegrar framkvæmdaáætlunar.

Að öðru leyti beinist umsögn ASÍ að efni og útfærslu þeirrar tillögu að framkvæmdaáætlun sem nú liggur fyrir.

Íslenskunám sem lykilforsenda þátttöku (liður 1)

Áætlunin hefst á aðgerðum sem lúta að íslenskunámi og notkun tungumálsins í daglegu lífi (liðir 1.1–1.5). ASÍ tekur undir að færni í íslensku geri fólki kleift til virkrar þátttöku í samfélaginu og greiði fyrir samskiptum á vinnumarkaði. Sambandið fagnar því sérstaklega að stefnt sé að lögfestingu réttar innflytjenda til íslenskunáms og að brugðist sé við þeim hindrunum sem launafólk af erlendum uppruna mætir þegar það reynir að læra tungumálið, svo sem hvað varðar aðgengi að námi, sveigjanleika og kostnað.

ASÍ leggur þó áherslu á að samkvæmt hugmyndafræði inngildingar er virkt og innihaldsríkt samskiptaumhverfi lykilþáttur að samfélagsþátttöku og jafnframt mikilvæg forsenda hvata til tungumálanáms. Sameiginlegt tungumál auðveldar slík samskipti, en inngilding er gagnkvæmt ferli sem krefst einnig aðlögunar, ábyrgðar og virkni af hálfu móttökusamfélagsins.

Ljóst er að ávallt verður til staðar hópur innflytjenda sem hefur ekki öðlast fullnægjandi færni í íslensku. Sumir komu til landsins áður en markviss uppbygging og fjölbreytni í íslenskunámi var til staðar, aðrir dvelja hér tímabundið vegna starfa eða verkefna. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi raunhæfar leiðir til að ná til þessara hópa, tryggi aðgengi að upplýsingum og stuðningi og geri fólki kleift að taka þátt í samfélaginu, óháð tungumálakunnáttu.

Þessi gagnkvæma ábyrgð birtist meðal annars í því að skapa raunhæfar aðstæður til samskipta og fjárfesta markvisst í öflugu, fjölbreyttu og aðgengilegu íslenskunámi. Slík uppbygging styður bæði við tungumálanám og þátttöku í samfélaginu í víðara samhengi.

Áhersla á fjölbreytt námsframboð, stöðupróf, starfstengda fræðslu og aðgengi um land allt er jákvæð og í samræmi við það ákall sem lengi hefur verið, bæði frá innflytjendum og atvinnulífi. Hins vegar vekur athygli að þrátt fyrir ítarlega umfjöllun um þróun námsleiða, stöðupróf og stafræna miðlun skortir sérstakar aðgerðir um eflingu kennaramenntunar í íslensku sem öðru máli.

Markmið um gæði og aðgengi að námi verða ekki að veruleika nema samhliða verði ráðist í markvissar aðgerðir í samstarfi við háskólastigið um menntun, sérhæfingu og starfsþróun kennara á þessu sviði. Án slíkrar faglegrar uppbyggingar er hætta á að framboð aukist án þess að gæði og samfella fylgi.

Í a-lið 1.1 er vísað til ábyrgðar innflytjenda á að ljúka íslenskunámi.

ASÍ telur mikilvægt að áhersla á ábyrgð innflytjenda sé studd skýrum og sýnilegum hvötum. Reynslan bendir til þess að árangur í tungumálanámi ráðist fremur af því hvort námið tengist betri tækifærum, svo sem bættri stöðu á vinnumarkaði, formlegri viðurkenningu á færni og raunhæfum möguleikum til starfsþróunar.

Sé áherslan fyrst og fremst á skyldur án þess að tryggð séu markviss og raunhæf úrræði og jákvæðir hvatar er hætta á að það dragi úr virkni og veiki þannig markmið um raunverulega inngildingu.

Mat á menntun og raunfærni sem nýting samfélagsauðs (liður 2)

Í framhaldinu fjallar áætlunin um mat á námi og þátttöku á vinnumarkaði (liðir 2.1–2.3). ASÍ fagnar því að leitast sé við að bæta verklag við mat á erlendri menntun og þróa raunfærnimat. Það felur í sér mikilvæg skref í átt að fjölbreyttari tækifærum til starfa í samræmi við hæfni, enda er það samfélagslega óhagkvæmt þegar menntun og starfsreynsla innflytjenda nýtist ekki til fulls.

Til að aðgerðirnar nái tilgangi sínum þarf þó að skýra betur hvaða leiðir opnast í kjölfar mats á menntun og raunfærni. Mikilvægt er að settir verði mælikvarðar og fylgst markvisst með árangri, svo sem hversu margir hljóta starfsréttindi, hefja frekara nám eða komast í störf sem samræmast menntun og reynslu.

Án slíkrar eftirfylgni er óljóst hver áhrif aðgerðanna verða á raunverulega stöðu fólks á vinnumarkaði.

Nauðsynlegt er að samþætta þessar aðgerðir með skýrari hætti við íslenskunám og starfsþróun. Mat á færni hefur takmarkað gildi nema því fylgi raunhæf leið áfram, svo sem aðgangur að viðeigandi tungumálastuðningi og úrræðum sem gera fólki kleift að uppfylla faglegar og formlegar kröfur sem upp á vantar.

Að öðrum kosti er hætta á að niðurstöður matsins skili sér ekki í bættri stöðu á vinnumarkaði.

Upplýsingaþjónusta og raunverulegt aðgengi (liður 3)

Þriðji kafli áætlunarinnar fjallar um upplýsingaþjónustu, samfélagsfræðslu og þátttöku (liðir 3.1–3.2). Þar er lögð áhersla á stafrænar lausnir og miðlæga upplýsingagjöf. ASÍ telur mikilvægt að slíkar lausnir séu þróaðar og aðgengilegar. Þó er ljóst að stafrænar leiðir einar og sér nægja ekki.

Reynsla stéttarfélaga innan ASÍ sýnir að einstaklingar sem standa frammi fyrir flóknum aðstæðum eða eru í viðkvæmri stöðu leita fremur til annarra einstaklinga en eingöngu að vefsíðum. Því er verulegur annmarki að áætlunin kveði ekki skýrt á um formlegan „fyrsta viðkomustað“ – svonefndan First/One Stop Shop – þar sem tryggð er samræmd, persónuleg og heildstæð ráðgjöf.

ASÍ hefur áður lagt áherslu á mikilvægi slíkrar þjónustu og telur að án hennar verði markmið um raunverulegt aðgengi að upplýsingum og þjónustu ekki að fullu náð.

ASÍ vekur athygli á lið 3.2 þar sem fjallað er um eflingu fræðsluhlutverks Vinnumálastofnunar. Sambandið bendir á að Vinnumálastofnun telst ekki viðurkenndur fræðsluaðili. ASÍ hefur áhyggjur af því að stofnuninni sé ætlað að sinna bæði þarfagreiningu einstaklinga og útvistun fræðslu til aðila sem eru jafnvel viðurkenndir fræðsluaðilar.

Í þessu samhengi telur ASÍ mikilvægt að skýr ábyrgð liggi fyrir varðandi bæði þarfagreiningu og framkvæmd fræðslu, til að tryggja gæði, samræmi og yfirsýn þjónustunnar. Slík ábyrgð er forsenda þess að fræðsla nýtist markhópnum og stuðli að raunverulegri þátttöku í samfélaginu.

ASÍ lýsir jafnframt áhyggjum af því að upplýsingaþjónusta sé að verulegu leyti falin Vinnumálastofnun. Alþjóðleg viðmið og reynsla benda til þess að upplýsingagjöf um réttindi og skyldur eigi að vera á vegum óháðs aðila, en ekki sömu stofnunar og tekur ákvarðanir um bótarétt og beitir stjórnsýsluúrræðum.

Slíkt fyrirkomulag getur dregið úr trausti og haft áhrif á hvort fólk leiti sér aðstoðar.

Aðgerðir um sérstaklega viðkvæma hópa (liður 4)

Fjórði kafli áætlunarinnar fjallar um aðgerðir til stuðnings viðkvæmum hópum, þar á meðal flóttafólki. Þar er lögð áhersla á menningarnæmi, áfallamiðaða nálgun og valdeflingu. Á undanförnum árum hefur víða skort nægilegan og markvissan stuðning við flóttafólk sem taki mið af aðstæðum þess og raunverulegri getu til þess að nýta sér úrræði.

ASÍ fagnar þeim áherslum sem fram koma í kaflanum hvað varðar stuðning til handa viðkvæmum hópum, einkum flóttafólki. Mikilvægt er að þjónusta sé sniðin að þörfum hópsins og byggist á valdeflandi stuðningi á jafningjagrundvelli, með menningarnæmi og áfallamiðaða nálgun að leiðarljósi.

Þá er það sérstakt fagnaðarefni að þjálfun og handleiðsla fagfólks sem veita á gagnreynda meðferð við áfallastreituröskun verði tryggð. Mikilvægt er að vanda vel til verka hvað það varðar, sbr. lið 4.4.

Kröfur, tímarammar og jafnvægi

Í heild sinni leggur áætlunin áherslu á virkni, þátttöku og skýrari kröfur. ASÍ tekur undir mikilvægi virkrar þátttöku en bendir á að jafnvægi verði að ríkja milli krafna og raunhæfra úrræða.

Ef tímarammar eru of þröngir og skilyrði hert án þess að aðgengileg og faglega uppbyggð úrræði fylgi, er hætta á að þeir sem standa höllum fæti sitji eftir og lagskipting aukist.

ASÍ minnir á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi menningarmun og ólík viðhorf til vinnu og vinnumarkaðar í huga við mótun aðgerða sem eiga að styðja við viðkvæma hópa.

Reynslan sýnir að sumir, þó alls ekki allir, flóttamenn frá ríkjum í Suðvestur-Asíu þar sem meirihluti íbúa eru múslimar, eru vanir öðru skipulagi vinnu en tíðkast hér á landi og leita því frekar í sjálfstæðan rekstur. Sýnt hefur verið fram á slíka þróun í nágrannaríkjum okkar, meðal annars í Noregi.

Slíkt getur endurspeglað menningu, trúarbrögð og viðhorf til vinnumarkaðar, en gæti einnig endurspeglað takmarkað aðgengi að hefðbundnum störfum. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi sérstakan stuðning og fræðslu við flóttafólk sem vill stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða stofna fyrirtæki, en skoði jafnframt hvernig tryggja megi aukið aðgengi að hefðbundnum vinnumarkaði.

Markmið um jöfn tækifæri nást aðeins ef ábyrgð samfélagsins og ábyrgð einstaklinga haldast í hendur.

Fjármögnun og framkvæmd

Að lokum leggur ASÍ áherslu á að heildstætt kostnaðarmat liggi fyrir vegna þeirra aðgerða sem lagðar eru til í framkvæmdaáætluninni og að fyrirhuguð fjármögnun sé í samræmi við umfang og þörf.

ASÍ fagnar því að í uppfærðri tillögu hafi verið leitast við að setja fram kostnaðarmat fyrir einstakar aðgerðir. Það er jákvætt skref sem eykur gagnsæi og skýrleika í framsetningu áætlunarinnar.

Sambandið telur þó að forsendur kostnaðarmatsins séu óljósar og kunni í ákveðnum tilvikum að vera óraunhæfar og endurspegli fremur lágmarksfjármögnun en raunverulega þörf ef markmið áætlunarinnar eiga að nást að fullu.

Umfang þeirra aðgerða sem lagðar eru til, ekki síst á sviði íslenskunáms, mats á

menntun og upplýsingaþjónustu, er slíkt að veruleg hætta er á að árangur verði takmarkaður nema tryggð sé fullnægjandi og stöðug fjármögnun.

ASÍ bindur því vonir við að kostnaðarmat verði endurmetið í framkvæmd, að fjármögnun verði tryggð í samræmi við raunverulegt umfang verkefnanna og að aðgerðirnar fái nauðsynlegt svigrúm til að skila þeim samfélagslega ávinningi sem stefnt er að.

ASÍ lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi samstarfs við stjórnvöld á grunni þríhliða samstarfs með aðilum vinnumarkaðarins um útfærslu og framkvæmd aðgerða með það að markmiði að tryggja raunverulegt jafnrétti og virka þátttöku allra í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði.

Þá vísar ASÍ einnig til sameiginlegrar umsagnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (tímabundin vernd vegna fjöldaflótta o.fl.), mál nr. 60

8.5.2026

ASÍ telur brýnt að halda á lofti þeirri staðreynd að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér munu hafa í för með sér verulega réttarskerðingu fyrir þann hóp einstaklinga sem hefur fengið dvalarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar samkvæmt 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 (hér eftir útl. eða lög um útlendinga) frá því að innrásarstríðið hófst í febrúar 2022.

Verði frumvarpið að lögum verður ekki lengur heimild til að sækja um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða sbr. 74. gr. útl. sem, að ári liðnu, getur orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis, þegar heimild til virkjunar ákvæðis um sameiginlega vernd fellur úr gildi. Enn á tíminn eftir að leiða í ljós hvort að sú heimild fellur úr gildi fimm árum eftir virkjun greinarinnar eins og núgildandi lög kveða á um eða hvort að heimildin verði framlengd, vegna áframhaldandi stríðsátaka í Úkraínu.

Um er að ræða mikinn fjölda einstaklinga sem hefur á undanförnum árum flúið stríðsástand sem ekki sér fyrir endann á, og komið hingað til lands til að byggja upp líf sitt og upplifa öryggi á nýjan leik. Þá hefur mikill meirihluti tekið virkan þátt á íslenskum vinnumarkaði. Þetta hefur fólk gert í þeirri trú að það eigi raunhæfan möguleika á því að gera Ísland að sínum samastað til framtíðar, kjósi það svo. Þá er hér á landi fjöldi barna af úkraínskum uppruna sem hafa á undanförnum árum sótt hér leikskóla, skóla og tómstundir og lært tungumálið, sum jafnvel ekki þekkt annað föðurland. Í þessu samhengi má benda á að samkvæmt tölfræði útgefinni af Útlendingastofnun komu hingað til lands 973 úkraínsk börn á grundvelli fjöldaflótta á árunum 2022-2025, en mikill meirihluti þeirra, eða 792 komu á fyrstu tveimur árunum.

ASÍ telur mikilvægt að löggjafinn hafi ávallt hugfastar meginreglur um réttaröryggi og fyrirsjáanleika í lagasetningu og framkvæmd laga. Mörg þeirra sem hér um ræðir tóku ákvarðanir um flótta hingað til lands á grundvelli gildandi laga og þeirrar skýru heimildar að eftir að dvalartíma undir sameiginlegri vernd sleppti, gæfist þeim tækifæri til þess að sækja um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarástæðna skv. 74. gr. útl. með gildistíma til eins árs og sótt um ótímabundið dvalarleyfi í kjölfarið. Hefur þessi heimild verið til staðar frá upphafi og eðlilegt að fólk taki mið af þeim upplýsingum varðandi val á áfangastað og framtíðartilhögun.

Þrátt fyrir að löggjafanum sé heimilt að breyta lögum til framtíðar og að markmið stjórnvalda um að samræma reglur um útlendinga við það sem þekkist í Evrópu sé að

einhverju marki skiljanlegt verður að mati ASÍ að gæta sérstaklega að áhrifum slíkra breytinga á þá sem þegar hafa byggt upp réttmætar væntingar á gildandi lagaumhverfi.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að benda á að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) hefur lýst yfir verulegum áhyggjum af fyrirhuguðum takmörkunum á réttindum einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar samkvæmt frumvarpi þessu. Stofnunin hefur sérstaklega varað við því að slíkar ráðstafanir grafið undan jafnræði umsækjenda um alþjóðlega vernd og farið gegn alþjóðlegum skuldbindingum ríkja, þar á meðal samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur UNHCR jafnframt lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggja stöðu viðkvæmra hópa, svo sem barna og fjölskyldna, og að breytingar á regluverki taki mið af mannúðarsjónarmiðum og réttmætum væntingum þeirra sem þegar hafa byggt upp líf sitt í viðtökuríki.

Er því ljóst að áhyggjur ASÍ eru ekki úr lausu lofti gripnar. Að mati ASÍ er hætta á að fyrirhuguð breyting, eins og hún er lögð fram, raski verulega stöðu fólks sem hefur þegar fest hér rætur og annað hvort getur ekki eða vill ekki snúa aftur til Úkraínu. Þá ber einnig að huga að því hvaða áhrif það hefur ef stríðið dregst enn frekar á langinn og sú tímabundna vernd sem hópurinn hefur verður framlengd enn frekar án vonar um varanlega lausn.

ASÍ hefur í gegnum tíðina leiðbeint skjólstæðingum sínum í málum er varðar atvinnuleyfi og dvalarleyfi á þeim grundvelli og hefur því nokkra reynslu af þeirri framkvæmd. Þegar sótt er um dvöl í landinu á grundvelli atvinnu er byggt á „mannaflaþörf", sem er skilyrði sem getur verið túlkað þröngt. Tekur það ekki mið af þeirri staðreynd að einstaklingur hefur þegar verið virkur þátttakandi á íslenskum vinnumarkaði um árabil. Í þessu almenna umsóknarferli þarf að auglýsa eftir starfskrafti á öllu evrópska efnahagssvæðinu áður en hægt er að veita ríkisborgara þriðja ríkis leyfi á þeim grundvelli. Það verður því ekki séð að raunhæfur möguleiki sé fyrir hendi fyrir þennan hóp að fara þá leið og telur ASÍ mikilvægt að ávarpa það með skýrum hætti og vinna að mannúðlegum lausnum í því sambandi.

Án skýrra og raunhæfra leiða til áframhaldandi dvalar skapast langvarandi óvissa sem hefur neikvæð áhrif á ákvarðanir fólks um t.a.m. atvinnuþátttöku, menntun og inngildingu í íslensku samfélagi. Slík óvissa getur grafið undan markmiðum um virka þátttöku á vinnumarkaði. ASÍ bendir á að umræddur hópur hefur orðið mikilvægur hluti íslensks vinnumarkaðar á undanförnum árum. Verði niðurstaðan sú að stór hópur fólks neyðist frá að hverfa og yfirgefa landið vegna þess að hann uppfyllir ekki þröng skilyrði atvinnuleyfakerfisins, mun það hafa veruleg áhrif á atvinnurekendur og starfsemi í fjölmörgum greinum.

ASÍ leggur áherslu á að ef löggjafinn hyggst breyta reglum um réttaráhrif sameiginlegrar verndar verði jafnframt að tryggja:

1. Skýrar og gagnsæjar leiðbeiningar um hvaða úrræði standi raunverulega til boða að vernd lokinni til að eyða óvissu eftir fremsta megni.
2. Sérstakt tillit verði tekið til barnafjölskyldna, sem hafa fest hér rætur.
3. Að tryggt verði að fram fari einstaklingsbundið og heildstætt mat á aðstæðum þeirra sem sækja um áframhaldandi dvöl.

ASÍ hvetur því til þess að frumvarpið verði endurskoðað með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum, þannig að tryggt verði að þeir sem raunverulega hafa fest hér rætur og vilja setjast hér að til lengri tíma eigi raunhæfan kost á því.

Umsögn ASÍ, BSRB, BHM og KÍ um frumvarp til laga um loftslagslög, 595. mál.

8.5.2026

ASÍ, BHM, BSRB og KÍ fagna því að í drögum að frumvarpi til laga um loftslagsmál sé lögð áhersla á meginregluna um réttlát umskipti. Að mati samtakanna hafa frumvarpsdrögin tekið jákvæðum breytingum frá því að þau voru fyrst lögð fram og er það sérstaklega fagnaðarefni að tekið hafi verið tillit til margra þeirra athugasemda sem samtökin komu á framfæri varðandi réttlát umskipti í umsögn sinni um drögin.

Þar ber hæst að breytingar hafa verið gerðar á markmiðsákvæðum laganna þannig að áhersla er lögð á að draga úr losun í samræmi við markmið Parísarsamningsins, með réttlát umskipti að leiðarljósi. Þessar breytingar, ásamt breytingum í öðrum ákvæðum frumvarpsins, fela meðal annars í sér að loftslagsstefna Íslands skuli taka mið af því hvernig markmiðum um réttlát umskipti verði náð. Þá hefur skilgreiningu á réttlátum umskiptum verið bætt við greinargerð frumvarpsins, sem samtökin telja mikilvægt skref til að skýra betur markmið og inntak hugmyndafræðinnar og stuðla að samræmdri nálgun við framkvæmd hennar.

Frumvarpið felur þó ekki í sér ákvæði sem tryggja raunverulega og formlega aðkomu launafólks, atvinnulífs og almennings að stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni í tengslum við réttlát umskipti. Réttlát umskipti fela ekki eingöngu í sér markmið um samdrátt í losun heldur einnig hvernig þeim markmiðum er náð, hvaða áhrif aðgerðir hafa á störf, atvinnugreinar og byggðir og hvernig tryggja megi samfélagslega sátt um breytingarnar.

Að mati samtakanna munu þau markmið sem frumvarpið leggur upp með ekki nást nema þau séu undirbyggð með virku þríhliða samráði og samtali stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og atvinnulífsins. Slíkt samtal er forsenda þess að móta megi raunhæfa og félagslega réttláta stefnu sem nýtur trausts og stuðnings launafólks og atvinnulífs til lengri tíma.

Helstu athugasemdir umsagnar

- Samtökin fagna því að meginreglan um réttlát umskipti hafi verið styrkt í frumvarpinu og að loftslagsstefna og aðgerðaáætlanir stjórnvalda eigi að taka mið af markmiðum um réttlát umskipti.
- Samtökin telja þó að frumvarpið tryggi ekki með fullnægjandi hætti raunverulega og formlega aðkomu launafólks, atvinnulífs og almennings að stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni loftslagsaðgerða.
- Samtökin leggja áherslu á að komið verði á fót varanlegum þríhliða samráðsvettvangi um réttlát umskipti þar sem stjórnvöld, atvinnulíf og aðilar vinnumarkaðarins móti sameiginlega raunhæfar leiðir að loftslagsmarkmiðum á grundvelli rannsókna, greininga og félagslegs samtals.
- Mikilvægt er að loftslagsstefna taki mið af sérstöðu Íslands, þar sem tæknilegar og efnahagslegar forsendur atvinnugreina eru ólíkar og raunhæfir valkostir til losunarsamdráttar ekki til staðar í öllum geirum.
- Samtökin telja nauðsynlegt að tryggja að Loftslagsráð verði áfram sjálfstætt og faglega óháð og að skýrar verði kveðið á um í lögum hvaða þverfaglega sérþekking skuli vera til staðar í ráðinu.
- Samtökin leggja áherslu á að fjármögnun loftslagsaðgerða verði tryggð með skýrari hætti í frumvarpinu, meðal annars með rekjanlegri fjármögnun aðgerðaáætlunar

og skýrri ráðstöfun tekna af ETS og kolefnisgjöldum til loftslagsaðgerða, rannsókna og nýsköpunar.
- Samtökin fagna því að hugtakið réttlát umskipti sé skilgreint í greinargerð og að vísað sé til skilgreininga samtakanna á hugmyndafræðinni. Mikilvægt er að skilgreiningin taki með skýrum hætti mið af leiðbeiningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um félagslegt samtal, mannsæmandi störf og félagslega vernd.

Réttlát umskipti eru forsenda samstöðu

Réttlát umskipti fela í sér að samhliða samfélagsbreytingum vegna loftslags- og tæknibreytinga sé afkoma launafólks og almennings tryggð og vinnumarkaðstengd réttindi varin, að breytingar leiði ekki til aukins ójöfnuðar og að launafólki sé gert kleift að sækja sér menntun og þjálfun til að takast á við ný eða breytt störf. Stefnumótun og aðgerðir í anda réttlátra umskipta byggi þannig á félagslegu réttlæti, skapi ný tækifæri í atvinnulífinu, ýti undir verðmætasköpun og auki velferð og lífsgæði launafólks og almennings.

Forsenda þess að sátt ríki um aðgerðir í umhverfismálum og að þær skili árangri er að þær standist kröfur Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Slík nálgun er félagslega réttlát og efnahagslega skynsamleg auk þess sem hún stuðlar að velferð launafólks, atvinnugreina og byggðarlaga um allt land.

Þetta á sérstaklega við í litlu og opnu hagkerfi á borð við það íslenska þar sem tæknilegar og efnahagslegar forsendur eru mjög mismunandi milli atvinnugreina. Þá skiptir máli að greina áhrif aðgerða á viðkvæma hópa, störf og atvinnugreinar og tryggja að launafólk hafi tíma, stuðning og úrræði til að aðlagast breytingum.

Í þessu samhengi er viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) mikilvægt og gagnlegt stjórntæki. Skynsamleg nálgun felst þó ekki í því að veikja kerfið eða grafa undan því, heldur að styðja virkni þess með miðlun þekkingar til atvinnulífs og almennings ásamt markvissum aðgerðum, sérstaklega á þeim sviðum þar sem tæknilega valkosti skortir enn sem komið er.

Þar skiptir máli að tryggja:

- markvissa fjárfestingu í rannsóknum og þróun,
- stuðning við tilraunaverkefni og innleiðingu nýrra lausna,
- samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um aðlögun á meðan tæknin þroskast.

Jafnframt þarf að tryggja að tekjur af losunargjöldum renni með skýrum hætti til loftslagsaðgerða, rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Slík ráðstöfun eykur bæði skilvirkni aðgerðanna og traust almennings á kerfinu.

Framkvæmd réttlátra umskipta krefst þess að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins komi sameiginlega að stefnumótun og mati á áhrifum aðgerða. Reynslan sýnir að loftslagsaðgerðir sem byggja fyrst og fremst á auknum álögum á almenning og fyrirtæki auka ójöfnuð og geta leitt til hærra vöru- og þjónustuverðs, minni umsvifa fyrirtækja og færri atvinnutækifæra án þess að samsvarandi losunarsamdrætti sé náð.

Aðgerðir sem þessar geta haft neikvæð áhrif á launafólk og almenning, atvinnulíf og efnahag. Slík þróun grefur undan trausti og stuðningi samfélagsins við loftslagsstefnu til lengri tíma. Réttlát umskipti snúast því ekki einungis um markmiðin sjálf heldur einnig um réttlátar leiðir að þeim, þar sem tækifærum og byrðum af umskiptunum er skipt með réttlátum hætti.

Samráðsvettvangur um réttlát umskipti forsenda samfélagslegrar sáttar

Þetta undirstrikar mikilvægi þríhliða samtals stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um hvernig réttlát umskipti líta út í íslensku samhengi. Þrátt fyrir að markmið réttlátra umskipta séu skýr liggur ekki fyrir ein algild leið að þeim markmiðum.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sérstaklega bent á að ekki sé til nein „one size fits all"-nálgun þegar kemur að réttlátum umskiptum heldur þurfi stefna og aðgerðir að taka mið af aðstæðum í hverju landi, efnahag, samsetningu atvinnulífs, svæðisbundnum áskorunum og stöðu vinnumarkaðarins.

Hagsmunir stjórnvalda, atvinnulífs, launafólks og samfélagsins í heild eru samofnir. Af þeim sökum er mikilvægt að mótuð verði sameiginleg sýn á það hvernig réttlát umskipti eigi að líta út í íslensku samfélagi og hvaða leiðir séu farsælastar til að ná þeim markmiðum.

Að mati samtakanna er varanlegur samráðsvettvangur um réttlát umskipti lykilforsenda þess að slíkt samtal geti átt sér stað með markvissum hætti. Vettvangur sem þessi myndi stuðla að því að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér saman um leiðina fram á við með greiningum og rannsóknum, mati á áhrifum ólíkra aðgerða og mótun raunhæfra og réttlátra leiða að loftslagsmarkmiðum.

Samráðsvettvangur um réttlát umskipti myndi stuðla að breiðri samfélagslegri sátt um raunhæfar og réttlátar leiðir að loftslagsmarkmiðum, skapa nauðsynlegt traust og stuðla að gagnsæi í stefnumótun stjórnvalda. Með slíkum vettvangi yrði betur tryggt að ákvarðanir um loftslags- og atvinnustefnu byggist á félagslegu samtali, rannsóknum og heildstæðu mati á áhrifum aðgerða á atvinnulíf, störf og samfélag í heild.

Vettvangur þessi gæti einnig nýst sem grundvöllur samráðs verkefnisstjórnar loftslagsaðgerða við hagaðila, eins og kveðið er á um í 10. gr., og jafnframt stutt við það markmið að loftslagsaðgerðir byggi á bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni.

Jafnframt væri slíkur vettvangur í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um hlutverk stjórnvalda við að stuðla að félagslegu samtali á öllum stigum stefnumótunar, frá hönnun aðgerða til innleiðingar, eftirfylgni og mats á árangri þeirra.

Loftslagsráð

Burtséð frá áformum um að breyta ráðinu í sérfræðingaráð árétta heildarsamtök launafólks mikilvægi þess að það sé sjálfstætt og óháð í störfum sínum, eins og kveðið er á um í 16. gr. frumvarpsins.

Sú ráðstöfun að ráðherra skuli skipa í ráðið á grundvelli auglýsingar er að mati samtakanna ekki til þess fallin að styðja við sjálfstæði og óhæði ráðsins. Nauðsynlegt er að gagnsæi ríki um skipan ráðsins og að nánar verði kveðið á um í lögum hvernig fulltrúar ráðsins eru valdir.

Í greinargerð frumvarpsins er vísað til greiningar á hlutverki Loftslagsráðs varðandi aðferðir við skipan ráðsins. Í skýrslunni eru tvær leiðir lagðar til við skipun í ráðið: annars vegar að valnefnd leggi fram tillögu til ráðherra um nýja meðlimi í ráðið á grundvelli hæfnisskilyrða og forsendna um rétta samsetningu ráðsins, hins vegar að ráðið endurnýi sig sjálft og tilnefni eftirmenn sína sem ráðherra skipar síðan. Í frumvarpinu er hvorug þessara leiða farin og er því ekki fylgt þeim ráðleggingum sem fram koma í skýrslunni.

Þá telja samtökin mikilvægt að skýrt verði kveðið á um í lögum hvaða sérþekking skuli vera til staðar í ráðinu og að hæfnisreglur í reglugerð taki mið af því. Þótt fulltrúar launafólks, atvinnulífs og umhverfissamtaka sitji ekki lengur í ráðinu þarf

að tryggja að fulltrúar í Loftslagsráði búi yfir þekkingu og reynslu sem endurspeglar áhrif loftslagsaðgerða á atvinnulíf, vinnumarkað, heimili og samfélag í heild.

Slík skýr lagastoð styrkir faglegt sjálfstæði ráðsins og dregur úr hættu á að skipan þess ráðist af pólitísku mati hverju sinni.

Í samanburðarlöndum á borð við Bretland, Írland og Ástralíu er almennt gert ráð fyrir að loftslagsráð samanstandi af einstaklingum með þverfaglega sérþekkingu, meðal annars á loftslagsvísindum, sjálfbærni, vistfræði/líffræði, hagfræði, vinnumarkaðsmálum og réttlátum umskiptum, orkumálum, umhverfisstefnu, landbúnaði og fjármálum.

Reynsla undirritaðra samtaka af setu í ráðinu hefur sýnt að fjölbreytt fagþekking og ólík sjónarmið stuðla að vandaðri greiningu, betri stefnumótun og auknu trausti á störfum ráðsins.

Skilgreining á réttlátum umskiptum í greinargerð

Samtökin fagna því að hugtakið réttlát umskipti sé skilgreint í greinargerð og að vísað sé til skilgreininga samtakanna á hugmyndafræðinni. Skilgreiningar samtakanna sem vísað er til í greinargerðinni byggja á skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á hugtakinu og er því einnig viðeigandi að vísað sé til hennar í greinargerðinni.

Alþjóðavinnumálastofnunin (e. International Labour Organization, ILO) er sérstofnun Sameinuðu þjóðanna sem gegndi lykilhlutverki við mótun alþjóðlegrar nálgunar um réttlát umskipti í aðdraganda Parísarsamningsins. Leiðbeiningar stofnunarinnar um réttlát umskipti[3] („Guidelines for a Just Transition towards environmentally sustainable economies and societies for all“) eru orðnar grundvallarviðmið við stefnumótun ríkja, alþjóðastofnana og aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði og er almennt vísað til þeirra við skilgreiningu á réttlátum umskiptum.

Fjármögnun loftslagsaðgerða – vantar skuldbindingu

Frumvarpið mælir fyrir aðgerðum sem hafa veikan fjárhagslegan grundvöll. Í greinargerð kemur fram að hverjum ráðherra sé ætlað að standa straum af kostnaði vegna loftslagsaðgerða „eftir því sem fjárheimildir leyfa“. Slík framsetning veitir í raun enga raunverulega tryggingu fyrir framkvæmd aðgerðaáætlunar.

Loftslagsaðgerðir sem eru háðar óljósum fyrirheitum um fjárheimildir verða í reynd valkvæðar frekar en lögbundnar skylduaðgerðir. Samtökin telja þennan veikleika í frumvarpinu vera einn alvarlegasta galla þess.

Samtökin leggja til að frumvarpið verði styrkt með tvennum hætti:

- með ákvæði um að aðgerðaáætlun skuli fylgja fjármögnunaráætlun sem lögð er fyrir Alþingi;
- með sérstökum kafla í fjárlögum þar sem greint er með rekjanlegum og gagnsæjum hætti hvernig fjárframlög styðja við loftslagsmarkmið hvers árs.

Tekjur af ETS-losunarheimildum og kolefnisgjöldum ættu að renna með skýrum hætti til loftslagsaðgerða, rannsókna og þróunar og þar með gefa til kynna að kerfið skili raunverulegum ávinningi aftur til þjóðfélagsins.

Samfélagsleg sátt sem forsenda árangurs

Til að ná breiðri og varanlegri sátt um loftslagsaðgerðir þarf að leggja aukna áherslu á fræðslu, miðlun upplýsinga, gagnsæi og traust. Mikilvægt er að skýra með aðgengilegum hætti hvaða aðgerðir skila raunverulegum árangri, hvar tæknin er til staðar og hvar hún er það ekki og hvers vegna ákveðnar leiðir eru valdar fram yfir aðrar.

Þótt tilteknar loftslagsaðgerðir verði ekki innleiddar nema með reglusetningu og gjaldtöku þurfa forsendur þeirra að vera skýrar og öllum ljósar. Samstaða byggist á því að fólk upplifi breytingarnar sem sanngjarnar, skiljanlegar og raunhæfar og að ávinningurinn skili sér í betra og tryggara samfélagi til lengri tíma.

Grundvöllur slíkrar samstöðu er þríhliða samtal stjórnvalda, atvinnulífs og launafólks þar sem leiðir að loftslagsmarkmiðum eru ræddar í samhengi við íslenskan raunveruleika.

Lokaorð

Samtökin telja að frumvarpið marki mikilvægt skref fram á við með aukinni áherslu á réttlát umskipti. Til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga í framkvæmd þarf þó að tryggja með skýrari hætti félagslegt samtal, formlega aðkomu aðila vinnumarkaðarins raunhæfa fjármögnun aðgerða og stofnanalegan farveg fyrir samráð og eftirfylgni.

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031, 577. mál.

10.5.2026

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031. Á undanförnum árum hefur Alþýðusambandið í umsögnum sínum um opinber fjármál stutt meginstefnumörkum opinberra fjármála um stöðvun hallareksturs og skuldasöfnunar ríkissjóðs. Mikilvægt er að fjármál hins opinbera stuðli að efnahags- og verðstöðugleika og hafi svigrúm til að mæta ytri áföllum í þjóðarbúinu. ASÍ telur þó gagnrýnivert að afkomumarkmiðum eigi einkum að ná með hagræðingaraðgerðum og almennu aðhaldi sem leggjast þungt á viðkvæma hópa, t.d. atvinnuleitendur, barnafjölskyldur og notendur viðkvæmrar þjónustu.

Áætlunin byggir á brothættum markmiðum og er háð forsendum sem mikil efnahagsleg óvissa er um. Að mati ASÍ er um aðhaldssama fjármálaáætlun að ræða. Ákjósanlegt væri að forgangsröðun útgjaldasvigrúms miði að því að styðja við almannaþjónustu, velferð og sértækar aðgerðir til stuðnings viðkvæmum hópum. Hefur sambandið áður bent á að almennar aðgerðir, t.d. hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris og launavísitölutenging bóta séu bæði kostnaðarsamar og ómarkvissar aðgerðir til að ná markmiðum um að draga úr fátækt meðal lífeyrisþega.

Sú tekjuöflun sem boðuð er mun hafa bein áhrif á mælda verðbólgu á tímabili áætlunar. Áhrif af ólögfestum skattbreytingum eru metin á 23–57 milljarða og skýrast af stærstum hluta af auknu umfangi gjaldtöku á akstur og ökutæki. Að mati sambandsins vinnur slík tekjuöflun gegn markmiðum kjarasamninga um lækkun verðbólgu og getur einnig stuðlað að auknum ójöfnuði. Aðrar tekjuráðstafanir eru ýmist smávægilegar eða óútfærðar.

Helstu atriði:

- Hætta er á því forsendur kjarasamninga bresti þegar þær koma til endurskoðunar í september 2026.
- Mikilvægt er að áætlanagerð ríkisfjármála og tekjuöflun stuðli að því að markmið kjarasamninga um lækkun verðbólgu og vaxta náist.
- Viðvarandi verðbólga og hátt vaxtastig leggja þungar byrðar á tekjulág heimili. Forgangsröðun þarf að miða að því að tryggja félagslegan stöðugleika.
- Tryggja þarf að stuðningur við barnafjölskyldur, leigjendur og aðra viðkvæma hópa

haldi raungildi.
- Gert er ráð fyrir lækkun á stofnframlögum á tímabili áætlunar. ASÍ hvetur til þess að fjármögnun stofnframlaga verði tryggð þannig að markmið um uppbyggingu almennra íbúða fyrir lágtekjufólk náist. ASÍ fagnar áformum um að nýta ríkislóðir til uppbyggingar en kallar eftir frekara samráði ríkis og sveitarfélaga sem tryggir að markmið húsnæðisstefnu og rammasamnings um aukið framboð íbúða á árunum 2023–2032 raungerist.
- ASÍ mótmælir harðlega fyrirhugaðri veikingu á atvinnuleysistryggingum án samráðs og ítrekar kröfu sína um að málið verði dregið til baka og unnið frá grunni í eðlilegu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Verðbólga ógnar kjarasamningum

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru í mars 2024 höfðu það að meginmarkmiði að stuðla að lækkun verðbólgu og skapa skilyrði til vaxtalækkana og auka kaupmátt. Verðbólga mældist 6,8% við gerð samninga og var ári síðar komin niður fyrir efri vikmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans og mældist við 2,5% verðbólgumarkmið ef horft var fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar. Aðgerðir stjórnvalda í tengslum við samningana voru mikilvægar til að styðja markmið samninganna og fólust í sértækum aðgerðum sem studdu við viðkvæma hópa við erfiðar aðstæður í efnahagsmálum og fyrirheitum um að ríki og sveitarfélög myndu halda aftur af gjaldahækkunum til að stuðla að því að markmið samninganna næðu fram að ganga.

Ákveðið bakslag í hjöðnun verðbólgunnar gerði vart við sig á síðasta ári. Rekja má þróunina til ólíkra þátta, m.a. innlendrar (t.d. hækkun á matvöruverði) og alþjóðlegrar þróunar (áhrif olíuverðhækkana). Verðhækkanir á ábyrgð hins opinbera hafa jafnframt verið miklar, bæði vegna gjaldahækkana ríkis og sveitarfélaga og vegna gjaldskrárhækkana opinberra aðila, t.d. á rafmagni og hita.

Verðbólga hefur mælst yfir 5% frá ársbyrjun og á breiðari grunni. Áhrif olíuverðhækkana komu þungt fram í verðbólgumælingu í apríl og skýrðu meira en helming hækkunar mánaðarins. Mæling Hagstofunnar í apríl dregur fram bein áhrif af hækkunum olíuverðs sem fram koma í smásöluverði á bensíni.

Þann 1. maí tóku gildi tímabundnar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á verðbólgu. Aðgerðin sem fólst í lækkun virðisaukaskatts á eldsneyti, úr 24% í 11% hefur þegar leitt til verðlækkana á eldsneyti og áhrifin gætu numið allt að 0,2 prósentum til lækkunar á verðbólgu.

Ljóst er að vaxandi líkur eru á að forsendur kjarasamninga bresti þegar þær koma til skoðunar í september síðar á þessu ári. ASÍ telur mikil vonbrigði að í fjármálaáætlun sé ekki að finna viðleitni til að styðja við þá hópa sem verður fyrir þyngstum áhrifum af verðbólgu og háu vaxtastigi. Að mati ASÍ er áætlunin í andstöðu við markmið og aðgerðir kjarasamninga þar sem mikilvæg tilfærslukerfi rýrna að raunvirði með neikvæðum áhrifum á sömu hópa.

Húsnæðismál

Þung áhersla var lögð á húsnæðismál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. voru boðaðar bráðaaðgerðir á húsnæðismarkaði, breyttar reglur um skammtímaleigu, uppbygging á færanlegu húsnæði, aukin nýting ríkislóða til uppbyggingar, aðgerðir til að minnka vægi verðtryggingar, aðgerðir til að styrkja stöðu leigjenda og aukinn stuðningur við óhagnaðardrifin húsnæðisfélög. ASÍ fagnar þessum áhersl-

um en sér þess ekki stað að þær endurspeglist í fjármálaáætlun. Gert er ráð fyrir að stofnframlög til almennra íbúða lækki um 3,6 ma. kr. frá og með árinu 2028. Jafnframt stendur ekki til að verðbæta húsnæðisbætur eða vaxtabætur.

Í nýlegri greiningu ASÍ og BSRB er dregin fram þung staða tekjulágra á húsnæðismarkaði. Stór hópur fólks er settur í ómögulega stöðu á húsnæðismarkaði. Við hátt húsnæðisverð, háa vexti og þröng lánþegaskilyrði er tekjulágum gert nær ókleift að fjárfesta í fasteign. Einungis 2,5% af seldum íbúðum á árunum 2025–2026 hefðu samræmst kaupgetu einstaklings með hámarkstekjur í almenna íbúðakerfinu að því gefnu að hann eigi 10% eigið fé. Eini valkostur tekjulágra verður því leiga á markaðsforsendum þar sem tæplega helmingur leigjenda býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað, eða sem nemur yfir 40% af ráðstöfunartekjum. Uppbygging almennra íbúða sem tryggja húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað er því eitt stærsta velferðar- og kjaramál sem við stöndum frammi fyrir.

ASÍ hefur þungar áhyggjur af því hversu erfiðlega ríki og sveitarfélögum hefur tekist að eiga samvinnu um að tryggja fullnægjandi uppbyggingu húsnæðis í takt við fólksfjölgun og breytt fjölskyldumunstur. Með rammasamkomulagi um aukið framboð íbúða á árunum 2023–2032 voru stigin skref með það að markmiði að uppbygging verði í samræmi við þörf og að skilgreint hlutfall nýrra íbúða verði félagslegt og hagkvæmt húsnæði. Markmið stjórnvalda var að byggja 4.000 íbúðir á ári á fyrstu fimm árum samkomulagsins og 3.500 á ári á síðari fimm. Af þeim yrðu 30% innan almenna íbúðakerfisins og 5% félagslegt húsnæði.

Að mati ASÍ þarf uppbygging hagkvæmra íbúða í almenna íbúðakerfinu að vera áfram í forgangi en mun hægar hefur gengið að byggja upp íbúðir í því kerfi en áætlanir gerðu ráð fyrir þrátt fyrir að fyrir liggi stofnframlög ríkisins til uppbyggingaraðila. Líkt og bent er á í fyrrgreindri greiningu ASÍ og BSRB hefur verkalýðshreyfingunni á síðustu 10 árum í tengslum við kjarasamninga verið gefin fyrirheit um stofnframlög fyrir uppbyggingu um 7 þúsund almennra íbúða. Á þeim tíu árum frá því kerfinu var komið á fót hefur einungis tekist að reisa 4 þúsund almennar íbúðir og af þeim eru einungis um 1.100 ætlaðar tekjulágu fólki á vinnumarkaði. Þetta er óviðunandi árangur og leggja þarf alla áherslu á að hraða uppbyggingu almennra íbúða á næstu árum.

Í því samhengi er húsnæðiskostnaður enn ráðandi þáttur í verðbólgu. Kraftmikil uppbygging íbúða er því ekki einungis velferðar- og lífskjaramál heldur grundvöllur verðstöðugleika hér á landi. Fjármögnun stofnframlaga og skilvirkt samstarf ríkis og sveitarfélaga er enn brýnna við þær aðstæður sem eru að teiknast upp í mannvirkjagerð, þar sem hægari umsvif munu hafa áhrif á atvinnustig og draga úr framboði.

Atvinnuleysistryggingar

Alþýðusambandið mótmælir harðlega fyrirhugaðri skerðingu á atvinnuleysistryggingum. Aðgerðin er án samráðs og sérstaklega gagnrýniverð við núverandi aðstæður í efnahagslífi og vaxandi atvinnuleysi. Atvinnuleysi mælist nú 4,8% miðað við skrá Vinnumálastofnunar. Tölur VMST byggja á rétti til atvinnuleysisbóta en sé miðað við könnun Hagstofunnar mælist atvinnuleysi um 6,3%. Á báða mælikvarða hefur atvinnuleysi aukist skarpt frá síðasta ári.

Líkt og ítarlega er rakið í umsögn ASÍ um málið mun lagabreytingin veikja tryggingavernd við atvinnumissi, vinna gegn virkni á vinnumarkaði og auka líkur á að brothættir hópar falli brott af vinnumarkaði3. Markmið breytinganna er samkvæmt frumvarpinu að stuðla að aukinni virkni en með öllu er óljóst hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuöryggi. Framlög til virkra vinnu-

markaðsaðgerða eru með þeim lægstu sem um getur hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Ekki verður annað séð en að aðgerðin sé hrein og klár hagræðingaraðgerð þar sem atvinnuleitendur eru látnir bera byrðarnar af stöðu ríkisfjármála.

Hafa ber í huga, að atvinnuleysistryggingar eru fjármagnaðar með gjaldtöku á atvinnurekendur í gegnum tryggingagjald. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum árin samið um þessa tryggingavernd í þríhliða samráði og tekið tillit til gjaldsins í kjaraviðræðum. Stytting bótatímabilsins og lengri ávinnslutími mun draga úr þörf fyrir gjaldtöku vegna minni tryggingaverndar en vekur þess í stað kröfu og rétt til hækkunar launa til samræmis við þær fórnir sem færðar hafa verið vegna þessarar ákvörðunar stjórnvalda.

Menntun og atvinnustefna

Ríkisstjórnin kynnti nýverið atvinnustefnu til ársins 2035 og aðgerðaáætlun. ASÍ tekur í meginatriðum undir markmið og framtíðarsýn stefnunnar um aukna verðmætasköpun knúna áfram af fjölbreyttum útflutningi, aukinni framleiðni og samkeppnishæfni. Sú áhersla á byggðasjónarmið sem birtist í stefnunni með auknum atvinnutækifærum og byggðaþróun um land allt er jákvæð. Að mati ASÍ krefst atvinnustefna framsýni og samstilltra aðgerða sem hugsaðar eru til langs tíma. Þær aðgerðir þurfa að endurspeglast í stefnumörkun ólíkra málaflokka og fá farveg í fjármálaáætlun. Það felst í að tryggja fjárfestingu í mikilvægum innviðum og mannauði.

Það er mat ASÍ að stjórnvöld eigi að setja fram metnaðarfull markmið um árangur í menntakerfinu og skýra aðgerðaáætlun sem stuðli að því að íslenskir nemendur séu í fremstu röð og nái marktækum árangri í alþjóðlegum samanburði. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því að útgjaldaramma á sviði menntamála sé þröngur stakkur sniðinn en gert er ráð fyrir að framlög til framhaldsskóla dragist saman á tímabili áætlunar og framlög til háskóla standi í stað. ASÍ fagnar þó áherslum á uppbyggingu verknáms um allt land og stuðli þannig að jafnvægi milli framboðs og þarfa vinnumarkaðar. Mikilvægt er að þeim áherslum sé fylgt eftir með fjármagni.

Í umsögn ASÍ um atvinnustefnu benti sambandið á að engin umfjöllun eða aðgerðir væru um menntun og færni fullorðinna á vinnumarkaði. Slíkar aðgerðir eru ekki einungis mikilvægar til að bæta framleiðni og verðmætasköpun heldur einnig til að gera atvinnulífi og launafólki kleift að bregðast við kvikum breytingum sem stafa m.a. af áföllum í þjóðarbúskap, tæknibreytingum og áskorunum í umhverfismálum og stuðla að réttlátum umskiptum. Framlög til annarra skólastiga, þ.e. fullorðinsfræðslu, sí- og endurmenntunar lækka þannig um fimmtung á tímabili áætlunar. Hér er boðaðri sókn ekki fylgt eftir með fjármagni og óvíst hvernig stefnt verður að því að tryggja fullorðnu fólki grunnfærni og auka tækifæri innflytjenda til íslenskunáms.

Nauðsynleg jöfnun á örorkubyrði

Að óbreyttu fellur framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða niður frá árinu 2027. Niðurfelling jöfnunarframlags felur í sér tilfærslu á ábyrgð á framfærslu öryrkja frá ríki til sjóðfélaga lífeyrissjóða, einkum sjóði launafólks sem sinnir erfiðustu störfunum og fremur reynir á örorkutryggingar. Halda verður til haga að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði var upphaflega komið á með samkomulagi við ASÍ og SA til að tryggja jafnræði milli sjóða og koma í veg fyrir að ólíkt umfang örorku innan lífeyrissjóða legðist þyngra á ákveðna hópa launafólks.

Yfirstandi eru viðræður milli aðila vinnumarkaðar, bakhjarla lífeyrissjóðakerfisins, um breytt fyrirkomulag afkomutrygginga launafólks sem missir starfsorku vegna

veikinda og slysa með áherslu á aukið vægi starfsendurhæfingar og endurkomu til vinnu. Í sameiginlegri yfirlýsingu ASÍ, SA og fjármála- og efnahagsráðuneytis 17. desember síðastliðinn var jöfnunarframlag tryggt fyrir árið 2026 til að skapa svigrúm á meðan niðurstaða fæst í samtali aðila um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Í samtalinu er m.a. haft til hliðsjónar að finna niðurstöðu í gagnvirkni víxlverkunar milli almannatrygginga og lífeyrissjóða líkt og fram kemur í yfirlýsingunni. Til mikils er fyrir lífeyriskerfið allt, bæði hjá lífeyrissjóðum og hinu opinbera, að farsæl langtímaniðurstaða fáist í yfirstandandi vinnu. Alþýðusamband Íslands benda því áfram á mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við viðræður og að framlagið sé tryggt þar til um annað fyrirkomulag hefur verið samið til að jafna örorkubyrði.

Framlagið á rætur að rekja til samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á árinu 2005 vegna vaxandi örorkubyrðar. Umfang örorku er mest í lífeyrissjóðum verkafólks og sjómanna innan ASÍ sem hefur áhrif á ellilífeyri sjóðfélaga þeirra. Samkomulagið tryggði að föst hlutdeild af tryggingagjaldsstofni hvers árs skyldi renna til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Samkomulagið hefur verið rofið án þess að forsendur hafi breyst eða samið hafi verið um annað fyrirkomulag sem tryggi jöfnun á örorkubyrði sem raski ekki getu sjóðanna til þess að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart sjóðfélögum.

Alþýðusamband Íslands ítrekar mikilvægi þess að stjórnvöld standi við það samkomulag sem gert var um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða þar til um annað fyrirkomulag hefur verið samið sem tryggir fullnægjandi jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku nr. 90/2004. Mál nr. 596.

12. 5. 2026

Kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mun hærri á landsbyggðinni en í þéttbýli og hefur kostnaðurinn farið hækkandi á undanförnum árum eins og farið er yfir í greinargerð með frumvarpinu. Hár kostnaður við flutning og dreifingu raforku hefur neikvæð áhrif á afkomu og lífsgæði heimila, sérstaklega þar sem raforka er nauðsynjavara og stór hluti af reglubundnum útgjöldum margra fjölskyldna. Þá dregur hár kostnaður jafnframt úr samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni og veikir forsendur atvinnu- og verðmætasköpunar um land allt.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að stjórnvöld leiti leiða til að draga úr kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli og styðja þannig við heimili og fyrirtæki sem búa og starfa við há gjöld fyrir sjálfsagða grunnþjónustu. Brýn þörf er á að bæta aðgengi landsbyggðarinnar að grunnþjónustu og draga úr kostnaði við hana og jákvætt og eðlilegt er að stjórnvöld leiti leiða til þess. Raforka er nauðsynjavara og er það hlutverk stjórnvalda að tryggja stöðugt aðgengi að raforku á viðráðanlegu verði, sér í lagi í landi sem býr yfir gnægð endurnýjanlegrar raforku.

Alþýðusamband Íslands styður heilshugar við það markmið að draga úr kostnaði við flutning og dreifingu raforku í dreifbýli. Sambandið hefur þó áhyggjur af að valin sé leið sem felur í sér auknar álögur á heimili og fyrirtæki í þéttbýli og leggst hlutfallslega þyngra á þau sem nota minni raforku. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til minnisblaðs1 þar sem skoðaðir voru aðrir valkostir til fjármögnunar, meðal annars með ráðstöfun arðs frá Landsvirkjun eða eftir atvikum framleiðenda, sem gætu verið ákjósanlegri en sú leið sem lögð er til í frumvarpi þessu. Raforka er grunnþjónusta

og sameiginleg auðlind þjóðarinnar og að mati sambandsins er eðlilegra að nýta arð af orkuauðlindum í almannaþágu til að jafna kostnað milli landshluta, fremur en að auka álögur á almenning.

Hækkun á jöfnunargjaldi hefur þau jákvæðu áhrif að draga úr kostnaði landsbyggðarinnar við flutning og dreifingu raforku. Á sama tíma hefur það þau neikvæðu áhrif að kostnaður fólks og fyrirtækja í þéttbýli fyrir sömu þjónustu hækkar. Markmiðið hlýtur að vera að lækka kostnað þar sem hann er hæstur, fremur en að jafna stöðuna með hækkunum annars staðar í kerfinu.

Að mati sambandsins þarf að rýna hvort hagfelldari leiðir séu betur til að ná sama markmiði, án þess að auka frekari álögur á orku. Það er samfélagslegt verkefni og hlutverk stjórnvalda að tryggja aðgengi að grunnþjónustu á viðráðanlegu verði á landsbyggðinni og styðja þannig við velferð landsbyggðarfólks, atvinnu- og verðmætasköpun og búsetu um allt land. Slík verkefni á að fjármagna með samfélagslegum sjóðum og nýta til þess arð af sameiginlegum orkuauðlindum fremur en aukinni skattheimtu sem leggst hlutfallslega þyngra á þau sem nota minni raforku.

Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna

	2025					2026	
	Okt. 15.	Nóv. 5.	Nóv. 19.	Des. 3.	Des. 17.	Jan. 7.	Jan. 21.
Miðstjórn							
Andri Reyr Haraldsson		x		x	x		
Berglind Kristófersdóttir	x	x		x	x	x	x
Eiður Stefánsson	x	x		x	x	x	x
Finnbjörn A. Hermannsson	x	x	x	x	x	x	x
Gabríel Benjamín		x		x	x	x	x
Guðbjörg Kristmundsdóttir	x	x	x	x	x	x	x
Halla Gunnarsdóttir		x	x	x	x	x	x
Hilmar Harðarson	x	x	x	x	x	x	x
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir	x		x	x	x	x	x
Jónas Yngvi Ásgrímsson	x	x	x	x	x	x	x
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir	x	x					
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson		x		x	x	x	x
Sólveig Anna Jónsdóttir	x	x	x	x	x	x	x
Valmundur Valmundsson	x	x	x	x	x	x	x
Vilhjálmur Birgisson	x		x		x	x	x
Varamenn							
Anna Júlíusdóttir	x						x
Bjarni Þór Sigurðsson	x						
Eyrún Björk Jóhannsdóttir				x			
Eyþór Árnason							
Finnbogi Sveinbjörnsson							
Guðmundur Helgi Þórarinsson			x				
Guðrún Elín Pálsdóttir		x	x				
Jennifer Schröder							
Jón Bjarni Jónsson			x				
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir			x				
Markús Örn Friðrikisson							
Selma Björk Grétarsdóttir							
Trausti Jörundarson							
Vignir Smári Maríasson							
Með seturétt (málfrelsi og tillögurétt)							
Jakob Tryggvason	x	x	x	x	x	x	x
Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir	x	x	x	x	x	x	x

2026											
Feb. 4.	Feb. 18.	Mars 4.	Mars 18.	Apríl 1.	Apríl 15.	Maí 6.	Maí 20.	Júní 3.	Júní 16.	Sept. 2.	Okt. 7.
x	x	x	x	x	x	x				x	
x	x	x			x	x	x		x	x	x
x	x	x	x	x	x	x			x	x	x
x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x
x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
	x		x	x	x	x		x	x	x	x
	x	x			x	x	x	x	x	x	
x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	
x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
				x	x	x	x		x	x	x
x		x	x	x		x		x	x		
x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
x	x	x			x	x			x		x
x	x	x	x		x		x				x
	x					x					
			x	x			x	x		x	
							x	x		x	
		x					x	x			
			x				x				
x		x									x
			x								
x											
							x				
x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	
x	x	x	x	x				x	x	x	x

Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum

Félags- og vinnumarkaðsmál

Ábyrgðasjóður launa
Aðalmaður: Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir
Varamaður: Magnús M. Norðdahl
Skipunaraðili: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Tilnefning: Október 2024
Skipunartími : 10. október 2028

Atvinnuleysistryggingasjóður
Aðalmenn: Helga Ingólfsdóttir og Hilmar Harðarson
Varamenn: Halldóra Sveinsdóttir og Eiður Stefánsson
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Tilnefning: Janúar 2023
Skipunartími: Janúar 2027

Stjórn Vinnumálastofnunar
Aðalmenn: Henný Hinz og Eiður Stefánsson
Varamenn: Guðbjörg Kristmundsdóttir og Róbert Farestveit
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Tilnefning: September 2026
Skipunartími: Til fjögurra ára

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins
Aðalmenn: Björn Ágúst Sigurjónsson og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Varamenn: Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, Ragnar Ólason
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Tilnefning: Maí 2024
Skipunartími: 31. maí 2028

Stjórn Vinnuverndarsjóðs
Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Tilnefning: Apríl 2023
Skipunartími: Ótilgreindur

Félagsdómur
Aðalmaður: Karl Ó. Karlsson
Varamaður: Eva Dís Pálmadóttir
Tilnefning: September 2025
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skipunartími: September 2028

Félagsdómur iðngreina
Fulltrúar ASÍ í Félagsdómi á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938, með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.
Tilnefning: September 2025
Skipunartími: September 2028

Raf- og tækniiðngreinar:
Aðalmaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir.
Til vara: Eiríkur Jónsson.

Málmiðnaðar- og vélstjórnargreinar:
Aðalmaður: Halldór Arnar Guðmundsson.
Til vara: Jóhann Rúnar Sigurðarson.

Matvælaiðnaður og framreiðsla:
Aðalmaður: Óskar Hafnfjörð Gunnarsson.
Til vara: Benóný Harðarson.

Bókagerðargreinar:
Aðalmaður: Haraldur Örn Arnarson.
Til vara: Erna Kristjánsdóttir.

Bílgreinar:
Aðalmaður: Helgi Ólafsson.
Til vara: Erlendur K. Ólafsson.

Byggingariðnaður, garðyrkja, málun, píulagnir, hársnyrting og aðrar iðngreinar sem falla undir iðnaðarlög og ekki eru nefndar hér að framan:
Aðalmaður: Sigmundur Kristberg Arnarson.
Til vara: Þorsteinn Kristmundsson

Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar
Aðalmaður: Magnús M. Norðdahl
Varamaður: Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Tilnefning: 31. mars 2021
Skipunartími: Ótilgreindur

Velferðarvaktin
Tilnefning: Febrúar 2025
Aðalmaður: Sólveig Anna Jónsdóttir
Skipunartími: Ótilgreindur

Skjól – fulltrúaráð
Sigurður Sigfússon
Guðmundur Helgi Þórarinsson
Georg Páll Skúlason
Skipunartími: Maí 2026

Öldrunarráð
Þorbjörn Guðmundsson
Tilnefning: Júní 2026
Skipunartími: Ótilgreindur

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar
Grétar Þorsteinsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Sólveig Anna Jónsdóttir
Tilnefning: Júní 2026
Skipunaraðili: Miðstjórn ASÍ
Skipunartími: Júní 2027

Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Finnbjörn A. Hermannsson og Eyrún B. Valsdóttir
Tilnefning: 2025
Skipunaraðili: Miðstjórn ASÍ
Skipunartími: Til aðalfundar 2027

Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði
Aðalmaður: Halldóra Sveinsdóttir
Varamaður: Steinunn Bragadóttir (tiln. júní 2026)
Tilnefning: Febrúar 2023
Skipunaraðili: Dómsmálaráðherra
Skipunartími: Ótilgreindur

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt
Aðalmaður: Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Tilnefning: Desember 2024
Skipunartími: Desember 2028 (4 ár)

Vinnuhópur félagsmálaráðuneytisins um innleiðingu ILO 190
Aðalmaður: Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir
Varamaður: Magnús Norðdahl
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Tilnefning: Maí 2026
Skipunartími: Ótilgreindur

Samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði
Aðalmaður: Saga Kjartansdóttir
Varamaður: Kristjana Fenger
Tilnefning: Ágúst 2024
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Skipunartími: Maí 2028

Samráðsvettvangur gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði
Saga Kjartansdóttir og Kristjana Fenger
Tilnefning: Maí 2025
Tilnefningaraðili: Vinnueftirlitið
Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðshópur um mansal
Aðalmaður: Saga Kjartansdóttir
Varamaður: Kristjana Fenger
Tilnefning: 7. september 2022
Tilnefningaraðili: Dómsmálaráðherra
Skipunartími: Ótilgreindur

Lífeyrismál og starfsendurhæfingarmál

Stjórn VIRK
Aðalmenn: Henný Hinz og Georg Páll Skúlason
Varamenn: Ragnar Ólason og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Tilnefning: Apríl 2026
Skipunartími: 2026–2027

Fulltrúaráð Virk
Tilnefning: 2026–2027

Félög með beina aðild:
Berglind Kristófersdóttir

Landssamband íslenskra verzlunarmanna
Þórarinn Þórsson
Jennifer Schröder
Júlíana Einarsdóttir

Rafiðnaðarsamband Íslands
Sigrún Sigurðardóttir

Samiðn, samband iðnfélaga
Ólafur Sævar Magnússon

Sjómannasamband Íslands
Valmundur Valmundsson

Starfsgreinasamband Íslands
Guðbjörg Kristmundsdóttir

Halldóra Sveinsdóttir
Þórarinn Sverrisson

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda
Aðalmaður: Steinunn Bragadóttir
Skipunaraðili: Fjármála- og efnahagsráðherra
Tilnefning: Febrúar 2025
Skipunartími: 30.6. 2028

Grænbók um heildarendurskoðun lífeyriskerfisins
Aðalmenn: Finnbjörn A. Hermannsson og Þórir Gunnarsson
Tilnefning: Október 2022
Skipunaraðili: Fjármála- og efnahagsráðherra
Skipunartími: Ótilgreindur

Kjaramál

Kjaratölfræðinefnd
Þórir Gunnarsson
Tilnefning: 2023
Skipunaraðili: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Skipunartími: 2027 (4 ár)

Framkvæmdanefnd starfsmats
Tilnefning: September 2022
Aðalmaður: Ragnar Ólason
Varamaður: Bergdís Linda Kjartansdóttir
Skipunartími: Ótilgreindur

Stýrihópur um virðismat starfa í þágu launajafnréttis
Aðalmaður: Steinunn Bragadóttir
Varamaður: Henný Hinz
Tilnefning: Júní 2026
Skipunaraðili: Dómsmálaráðherra
Skipunartími: Árslok 2026

Fagleg stjórn vegna þróunar nýs virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu
Aðalmaður: Ragnar Ólason
Varamaður: Steinunn Bragadóttir
Tilnefning: Maí 2025
Skipunartími: Ótilgreindur

Efnahags- og verðlagsmál

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs (Nefnd um aðferðafræði við útreikning vísitölu neysluverðs)
Aðalmaður: Ágúst Arnórsson
Varamaður: Róbert Farestveit
Tilnefning: Júní 2025
Tilnefningaraðili: Hagstofa Íslands
Skipunartími: Ótilgreindur

Stjórn Nýsköpunarsjóðsins Kríu
Aðalmaður: Róbert Farestveit
Varamaður: Eyrún B. Valsdóttir
Tilnefning: Ágúst 2024
Tilnefningaraðili: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra
Skipunartími: Ágúst 2027

Verðlagsnefnd búvara
Aðalmaður: Steinunn Bragadóttir
Varamaður: Róbert Farestveit
Tilnefning: Nóvember 2024
Skipunaraðili: Atvinnuvegaráðherra
Skipunartími: Nóvember 2026

Húsnæðismál

Stjórn Bjargs
Aðalmenn: Finnbjörn A. Hermannsson (2025), Þorbjörn Guðmundsson, Gundega Jaunlinina, Sólveig Anna Jónsdóttir
Varamenn: Selma Björk Grétarsdóttir, Björg Bjarnadóttir
Tilnefning: Maí 2024
Skipunartími: Maí 2028

Fulltrúaráð Bjargs
Finnbjörn A. Hermannsson, Hörður Guðbrandsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson
Tilnefning: Maí 2024
Skipunartími: Maí 2028 (4 ár)

Úrskurðarnefnd Bjargs
Aðalmaður: Vilhjálmur Birgisson
Varamaður: Jakob Tryggvason (tiln. júní 2026)
Tilnefning: 21. nóvember 2018
Skipunartími: Ótilgreindur

Mennta- og menningarmál

Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu
